**HÚS OG HEIMILI**

*Gott athvarf*

Sérblað um húsgögn og húsbúnað

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**



**BUBBI MORTHENS**

*Kóngurinn fimmtugur*

Þriggja tíma tónleikar í Höllinni

**FÓLK 62**






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. maí 2006 — 120. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

### Spáir sjálfri sér sigri



Silvía Night er sigurviss fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Hún ætlar að láta fegurðina flæða um sálina á sér á sviðinu í Aþenu en hefur neyðst til að leggja íslenskuna á hilluna í bili.

**VIÐTAL 30**

### Spáði í stöðugleikann

Kunnur hagfræðiprófessor, Frederic Mishkin, vann skýrslu um fjármálastöðugleika íslenska hagkerfisins. Niðurstaðan er að íslenskt efnahagslíf standi traustum fótum, þrátt fyrir tímabundið ójafnvægi. Mishkin telur einnig ólíklegt að neikvæð umræða ein og sér geti valdið fjármálakreppu á Íslandi. Til þess séu undirstöðurnar of góðar.

**VIÐSKIPTI 32**

### Lykillinn að sumarsmelli



Ekkert nema guðleg íhlutun getur komið í veg fyrir að Da Vinci lykillinn slái í gegn í bíóhúsum í sumar.

**KVIKMYNDIR 44**

### Sverrir til Gummersbach



Skammt er stórra högga á milli hjá Sverri Björnssyni. Hann varð Íslandsmeistari með Fram á dögunum en er nú á leiðinni til þýska stórliðsins Gummersbach í atvinnumennskuna.

**ÍÞRÓTTIR 56**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BLÍÐSKAPARVEÐUR** Í dag verður yfirleitt góðviðri. Bjartviðri norðan og austan til og bjart með köflum vestan til. Stöku skúrir með suður-ströndinni, einkum síðdegis og gæti vætan þá náð til höfuðborgarinnar. Hiti 10-18 stig.

**VEÐUR 4**




# Verkalýðsforingjar heimta skýringar

**Verkalýðsforingjar á landsbyggðinni eru ósáttir við neikvæða umsögn ASÍ um Nýsköpunarmiðstöð á Sauðárkróki og skort á samráði við landsbyggðina. Þeir óska eftir skýringum. „Örfáir stjórna öllu,“ segir formaðurinn á Akranesi.**

**BYGGÐAMÁL** Verkalýðsforingjar á landsbyggðinni eru ósáttir við umsögn ASÍ um Nýsköpunarmiðstöð og staðsetningu hennar á Sauðárkróki og hafa sent Alþýðusambandi Íslands bréf og hringt og óskað eftir skýringum. Þórarni Sverrissyni, formanni Stéttarfélagsins Öldunnar á Sauðárkróki, er heitt í hamsi.

„Ég er vonsvikinn og ósáttur við umsögn ASÍ. Ég er líka undrandi á því að þeir sendi hana ekki til umsagnar hjá þeim aðilum úti á landi sem málið varðar áður en umsögnin er látin fjúka,“ segir hann.

Þórarinn er hlynntur Nýsköpunarmiðstöð á Sauðárkróki og telur að það hefði í för með sér atvinnusköpun á svæðinu. „ASÍ ályktar eins og þeim komi aðstaða okkar ekki við. Hagfræðilegir útreikningar mega ekki eingöngu ráða för, pólitíkin verður að ráða líka. Með þessari umsögn dregur ASÍ tennurnar úr mönnum.“

Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, hefur óskað skýringa hjá ASÍ. Hann segir að umsögnin hafi komið sér verulega á óvart. „Við trúum ekki öðru en að þetta hafi gerst fyrir klaufaskap og að þetta sé ekki stefna ASÍ því að hún er algjörlega á skjön við verkalýðsfélögin á landsbyggðinni. Mér er fúlasta alvara,“ segir hann.

„Þau eru nú orðin mörg málin sem ASÍ hefur afgreitt án nokkurs samráðs við sín aðildarfélög. Þetta eru óþolandi vinnubrögð. Örfáir einstaklingar stjórna öllu í hreyfingunni,“ segir Vilhjálmur E. Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir umsögnina byggjast á stefnumótunarvinnu ASÍ og telur reynsluna sýna að Byggðasjóður hafi litlu skilað til að bæta stöðu félagsmanna eða tryggja atvinnuöryggi þeirra.

„Við hjá ASÍ teljum að skynsamlegra væri að leggja peningana í aukna endurmenntun og starfsmenntun íbúanna frekar en að sólunda þeim í mismunandi vel heppnuð verkefni,“ segir hann og telur málið ekki snúast um afstöðu til Sauðárkróks.

- ghs



**KRAKKAR Á RÚLLANDI FERÐ** Nú þegar vorið er gengið í garð hafa krakkarnir í Melaskóla tekið fram hjólin og línuskautana. Þeir þeystust um skólalóðina í gær og átti ljósmyndari fótum fjör að launa til að verða ekki fyrir hjálmbúnum línuskautadrengjum. Um helgina er spáð blíðskaparveðri og því líklegt að fleiri krakkar nýti tækifærið og þeysist um á einhverju sem rennur jafn létt og fararskjótar þessara pilta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rússneskir fjölmiðlar æfir vegna ummæla Dicks Cheney um Rússland:

# Segja nýtt kalt stríð hafið

**RÚSSLAND, AP** Hörð gagnrýni Dicks Cheney, varaforseta Bandaríkjanna, á stjórnarfarið í Rússlandi, sem hann lét falla á ráðstefnu í Litháen á fimmtudaginn, hafa farið mjög fyrir brjóstið á fjölmiðlum og stjórnmálaskýrendum í Rússlandi.

Viðskiptablaðið Kommersant segir ummæli Cheneys marka „upphafið að nýju köldu stríði“ og rifjaði í því samhengi upp fræga ræðu Churchills um „Járntjaldið“.

Cheney hafði í ræðu sinni sakað rússnesk stjórnvöld um að fótumtroða bæði trúarleg og pólitísk réttindi þegna sinna.

Opinber viðbrögð stjórnvalda í Kreml hafa verið hófstillt. Sergei Lavrov utanríkisráðherra gagnrýndi þó harðlega ráðstefnuna, þar sem saman voru komnir leiðtogar nokkurra fyrrverandi Sovétlýðvelda, sem eiga það sameiginlegt að hallast frekar að Vesturlöndum en Rússlandi.

Á fundinum gagnrýndu sumir þessara leiðtoga Rússa harkalega. Til dæmis sagði Mikhaíl Saakashvili, forseti Georgíu, að Rússar reyndu að grafa undan bæði fullveldi og hagvexti ungu lýðræðisríkjanna, sem enn eru að reyna að ná fótfestu eftir fall Sovétríkjanna.

- gb



**Á RÁÐSTEFNUNNI Í LITHÁEN** Dick Cheney var hugsi á fimmtudaginn áður en hann hélt ræðu sína, sem vakið hefur hörð viðbrögð í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HJÓLAÐ Í RIGNINGUNNI** Kínverjar kunna ráð til að búa til regn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Kínverjar bregðast við þurrki:

## Bjuggu til regn yfir Peking

**KÍNA, AP** Kínverskir veðurfræðingar deyja ekki ráðalausir þegar rigningin lætur á sér standa. Í gær gerðu þeir sér lítið fyrir og framkölluðu regn yfir höfuðborginni Peking. Borgarbúar voru orðnir langþreyttir á þurrkunum.

Þeir skutu sjö eldflaugum upp í himininn. Í eldflaugunum voru 163 hylki með silfurjoðíni, sem áður hefur verið notað í Kína til þess að framkalla rigningu. Afraksturinn í gær var úrkoma sem nam 11,2 millimetrum, mesta úrkoma sem orðið hefur í borginni á þessu ári.

- gb

Starfsfólk Varnarliðsins á fund:

## Púlsinn tekinn og málin rædd

**VARNARLIÐIÐ** Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, hefur boðað starfsfólk Varnarliðsins til fundar á mánudag. Geir H. Haarde utanríkisráðherra mun einnig sækja fundinn.

Árni segir að fundurinn sé til ræða starf ráðgjafarstofunnar sem var stofnuð. „Við ætlum að fjalla um námskeiðin sem haldin hafa verið, til dæmis þátttökuna í þeim. Einnig verður fjallað um störf sem bjóðast í gegnum ráðgjafarstofuna.“ Árni segir að utanríkisráðherra mæti á fundinn til að fara yfir lögin um rekstur flugvallarins og greina frá því hvernig hann sér framhaldið.

- shá





## SPURNING DAGSINS

*Steinar, kanntu líka að laða að furðufugla?*

Í slíkum tilfellum gildir lögmálið: líkur sækir líkan heim.

Steinar Björgvinsson garðyrkjufræðingur heldur námskeið á morgun þar sem hann kennir fólki að laða að fugla í garða.

Héraðsdómur framlengdi gæsluvarðhald yfir fíkniefnasmyglurum:

# Fimm áfram í einangrun

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhald var í gær framlengt um hálfan mánuð yfir fjórum mönnum sem sitja inni vegna tilraunar til smygls á á fjórða tug kílóa fíkniefna sem falin voru í bensíntanki bifreiðar.

Fíkniefnasmyglararnir fjórir, þeir Ólafur Ágúst Ægisson, Ársæll Snorrason, Hörður Eyjólfur Hilmarsson og Hollendingurinn Johan Handrick, þurfa að sæta gæsluvarðhaldi til 19. maí samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Þrír þeirra, Ólafur Ágúst, Ársæll og Hollendingurinn, voru staðnir að verki að kvöldi skírdags, þegar þeir voru að losa fíkniefnin úr bensíntanki bifreiðar í iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi. Bifreiðin hafði verið flutt frá Hollandi, en starfsmaður Tollgæslunnar fann efnin í henni við eftirlit í Sundahöfn 3. apríl. Bifreiðin var síðan tollafgreidd 11. apríl og þremur dögum síðar gómaði lögreglan mennina þrjá. Hinn fjórði, Hörður Eyjólfur, var handtekinn síðar um kvöldið í heimahúsi í borginni. Sá fimmti, Herbjörn Sigmarsson, var svo handtekinn í tengslum við málið og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 9. maí.

Rannsókn málsins hefur miðað vel, samkvæmt upplýsingum lögreglu. Brotið er það stórt að gera má ráð fyrir að mennirnir sitji inni þar til dómur gengur í máli þeirra. **- jss**



**SUNDAHÖFN** BMW-bifreiðin sem efnin voru falin í beið í rúma viku í bílaflotanum í Sundahöfn áður en hún var tollafgreidd.

Borgfirðingar efla menntun:

# Stofna nýjan menntaskóla

**BORGARFJÖRÐUR** Nýr menntaskóli, Menntaskóli Borgarfjarðar, hefur verið stofnaður. Menntaskólinn, sem verður einkaskóli, verður reistur á gamla íþróttavellinum í Borgarnesi þar sem tjaldsvæði hefur verið síðustu árin. Ráðgert er að framkvæmdir við byggingu nýja skólans hefjist síðla sumars.

Stefnt er að því að kennsla hefjist haustið 2007. Námið verður einstaklingsmiðað og stefnt er að nánu samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Nemendur verða 150 talsins og ljúka þeir námi á þremur árum. **- ghs**

Ritstjóri Börsen á Íslandi:

# Mjúk lending sögð líklegust

**VIÐSKIPTI** „Mjúk lending hagkerfisins er langlíklegust,“ segir Leif Beck Fallesen, ritstjóri og framkvæmdastjóri Danska viðskiptablaðsins Börsen. Fallesen flutti erindi á ársfundi Útflutningsráðs Íslands sem haldinn var í Salnum í Kópavogi í gær.



**LEIF BECK FALLESEN**

Fallesen segir harkalega lendingu hins vegar ekki útilokaða en ólíklega vegna þess hve staðan í efnahagsmálum heimsins sé góð. Hann segir nokkuð mikið gert úr fjárfestingum Íslendinga í Danmörku því þær nemi ekki nema um þremur prósentum af heildarfjárfestingum útlendinga í landinu en hrósar Íslendingum fyrir góðan árangur í fyrirtækjarekstri ytra. **- óká**

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006**

# Frambjóðendur svara lesendum

**KOSNINGAR** Fréttablaðið og vefurinn visir.is bjóða kjósendum að leggja spurningar fyrir frambjóðendur flokkanna sem bjóða fram í Reykjavík fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar 27. maí.

Sérstakur kosningavefur hefur verið opnaður á visir.is þar sem hægt er að koma á framfæri spurningum um hvað eina sem skiptir borgarbúa máli.

Nú gefst tækifæri til að spyrja frambjóðendur beint. Svörin birtast síðan í Fréttablaðinu og vefnum visir.is. **- ssal**

# Tap Ríkisútvarpsins nam 196 milljónum

**Tap Ríkisútvarpsins í fyrra er þrefalt hærra en árið áður og samanlagt tap stofnunarinnar síðustu sex ár nemur rúmum 1,1 milljarði króna. Eigið fé var neikvætt í fyrsta skipti um síðustu áramót.**

**FJÖLMIÐLAR** Ríkisútvarpið skilaði 196 milljóna króna tapi á síðasta ári, sem er þrefalt hærri upphæð en árið áður. Stofnunin hefur verið í rekstrarvandræðum allan þennan áratug og tapað samanlagt 1.143 milljónum króna frá ársbyrjun 2000.

Frá árslokum 2000 hefur eigið fé stofnunarinnar farið úr því að vera jákvætt um 893 milljónir í það að vera neikvætt um 186 milljónir króna í árslok.

Guðmundur Gylfi Guðmundsson, framkvæmdastjóri fjármáladeildar RÚV, bendir á að hluti rekstrarhalla hafi fallið til vegna atriða sem hafi verið utan áætlana og nefnir þar úrskurð skattayfirvalda vegna verktakagreiðslna og fyrirséðar afskriftir. „Þegar tekið hefur verið tillit til þessara atriða hafa útgjöld ekki verið að hækka meira en sem nemur almennum verðhækkunum.“

Rekstrartekjur RÚV voru 3.555 milljónir króna á síðasta ári og hækkuðu um rúm fjögur prósent á milli ára. Afnotagjöld voru 2.469 milljónir króna, auglýsingar og kostun 971 milljón og aðrar tekjur 116 milljónir. Auglýsingatekjur hækkuðu um rúm sex prósent á milli ára.

**TAPREKSTUR RÚV 2000-2005 ***

| Rekstrarár | Rekstrartap | Eigið fé í árslok |
|---|---|---|
| 2005 | -196 | -186 |
| 2004 | -50 | 10 |
| 2003 | -314 | 82 |
| 2002 | -188 | 396 |
| 2001 | -303 | 658 |
| 2000 | -92 | 893 |
| **Heildartap** | **-1.143** | |

* Upphæðir í milljónum króna



**ÚTVARPSHÚSIÐ EFSTALEITI** Dagskrárgerð var langstærsti útgjaldaliðurinn, um 72 prósent útgjalda. Samkvæmt ársreikningi voru útistandandi afnotagjöld 128 milljónir um áramótin.

Rekstrargjöld stofnunarinnar námu um 3,3 milljörðum króna, sem er tæplega níu prósenta aukning milli ára. Dagskrárgerð var langstærsti útgjaldaliðurinn, um 72 prósent útgjalda. Guðmundur Gylfi getur ekki gefið upp kostnað vegna afnotadeildar en segir hann hafa hækkað vegna aukins bankakostnaðar. Samkvæmt ársreikningi voru útistandandi afnotagjöld 128 milljónir króna um áramótin.

Eignir RÚV voru 4,7 milljarðar króna um síðustu áramót og drógust saman um 1,1 prósent frá sama tímabili í fyrra. Langímaskuldir lækkuðu en skammtímaskuldir hækkuðu.

Guðmundur Gylfi segir að Ríkisútvarpið standi á tímamótum. Til standi að bæta eiginfjárstöðu þess og endurmeta eignir þess í tengslum við áform stjórnvalda um að breyta því í hlutafélag um mitt ár. **- eþa**



**KOSNINGAR** Idriss Deby, forseti Tsjad, og kona hans, Hinda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Tsjad:

# Deilt um hversu margir kusu

**TSJAD, AP** Þó að flest virðist benda til þess að forseti Tsjad, Idriss Deby, hafi sigrað í forsetakosningunum sem fram fóru þar í landi á miðvikudag greinir ríkisstjórnina og andstæðinga hennar gríðarlega á um tölur yfir kosningaþátttöku. Stjórnarandstaðan hvatti fólk til þess að sniðganga kosningarnar.

Talsmaður kosningaeftirlitsins í Tsjad, Ahmad Mahamat Bashir, sagði AP-fréttastofunni á fimmtudag að minnst 75 prósent skráðra kjósenda hefðu kosið, en Ibni Oumar Mahamat Saleh, talsmaður stjórnarandstöðunnar, sagði þátttökuna hafa verið innan við tíu prósent. **- smk**

## EVRÓPUSAMBANDIÐ

**Reglur um rafhlöður** Evrópusambandið hefur samþykkt nýjar reglur um endurvinnslu á rafhlöðum. Hvert land verður að hafa hleypt af stað verkefni fyrir árið 2008, sem ætlað er að minnka mengun sem stafar af rafhlöðum á ruslahaugum. Söluaðilum verður jafnframt gert að taka við ónýtum rafhlöðum án endurgjalds.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Slapp ómeiddur** Bíll valt við Ísafjarðardjúp í gær en ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, slapp ómeiddur. Ökumaður hafði misst stjórn á lítilli jeppabifreið í beygjunni við brúna yfir Botnsá.






Íslendingar þurfa að gefa út upplýsingar og bæta kennslu meðal útlendinga:

# Kostar 70 milljónir á ári

**VINNUMARKAÐUR** Íslendingar þurfa að taka saman og gefa út upplýsingar á 15-20 tungumálum um vinnumarkað og samfélag, bæta íslensku- og samfélagskennslu, bæta þjónustu túlka og taka saman upplýsingar um réttindi og skyldur þannig að fólk geti sjálft gætt hagsmuna sinna.

Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, segir að þetta verði að gera kerfisbundið í samvinnu milli stjórnvalda, atvinnurekenda, verkalýðshreyfingar og sveitarfélaga. Kostnaðurinn geti numið um 70 milljónum króna á ári ef vel eigi að vera.

Stjórnvöld hafa lítið sem ekkert gert til að búa sig undir frjálst flæði vinnuafls á næstu vikum og mánuðum en sumir verkalýðsforkólfar spáðu fólksflóði inn í landið í ræðum sínum 1. maí.

Fréttablaðið hafði samband við Útlendingastofnun, embætti Ríkisskattstjóra og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og kom þar í ljós að ekki hefði verið gripið til sérstakra ráðstafana ef fólk flæddi inn í landið og talið hugsanlegt að þess gerðist ekki þörf.



**MÓTTÖKU ÚTLENDINGA ÁBÓTAVANT** Íslendingar þurfa að taka sig verulega á í að taka á móti útlendingum, stórefla upplýsingar og bæta íslensku- og samfélagskennslu.

Félagsmálaráðherra hefur hins vegar stofnað vinnuhóp til að styrkja reglur á vinnumarkaði og fara yfir stöðu útlendinga til að treysta stöðu þeirra og réttindi. Hópurinn á að ljúka störfum fyrir 1. nóvember. **- ghs**



4.-8. maí

# Snyrtidagar

## í Smáralind

**Sumarið er komið!** Nú er frábært tækifæri til að kynna sér sumarvörurnar í snyrtivöruverslunum í Smáralind.

Kíktu á frábær tilboð á Snyrtidögum hjá eftirfarandi verslunum:

DEBENHAMS | HAGKAUP *Skemmtilegast að versla* | HYGEA | byggtogbúið Smáralind Kringlunni | ORMSSON SMÁRALIND | THE BODY SHOP | LYFJA Lyf á lágmarksverði

Kópavogsdagar 2006

## Kópavogsbær býður til fjölskylduskemmtunar

**Allir velkomnir í Vetrargarðinn!**

**Komdu á fjölskylduskemmtun í Vetrargarðinum** í Smáralind laugardaginn **6. maí kl. 13-16**.

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00 | **Felix Bergsson** setur skemmtunina |
| Kl. 13.05 | **Skólahljómsveit Kópavogs** |
| Kl. 13.25 | **Íþróttafélagið Gerpla.** Fimleikadeildin sýnir listir sínar |
| Kl. 13.45 | **Skólakórar frá grunnskólum Kópavogs** |
| Kl. 14.05 | **Idolstjarna 2006.** Snorri Snorrason syngur undir stjórn Vignis Snæs úr Írafári |
| Kl. 14.25 | **Jazzballetskóli Báru í Kópavogi.** Nemendur sýna atriði úr sýningum |
| Kl. 14.40 | **Sigurvegarar úr söngkeppni Samfés 2006** |
| Kl. 14.50 | **Bárður úr Stundinni okkar** skemmtir yngstu kynslóðinni |
| Kl. 15.20 | **Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar** |
| Kl. 15.35 | **Lög úr Rocky Horror Picture Show** í flutningi Sauðkindarinnar, leikfélags Menntaskólans í Kópavogi |

















Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 05.05.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 71,70 | 72,04 |
| Sterlingspund | 132,61 | 133,25 |
| Evra | 90,92 | 91,42 |
| Dönsk króna | 12,19 | 12,262 |
| Norsk króna | 11,687 | 11,755 |
| Sænsk króna | 9,744 | 9,80 |
| Svissneskur franki | 58,21 | 58,53 |
| SDR | 106,1 | 106,74 |

*Gengisvísitala krónunnar*
126,0492

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Seðlabankinn telur heimilin geta staðið af sér efnahagsleg áföll:

# Greiðslubyrðin jókst ekki

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn telur óvíst að geta heimilanna til að standa af sér áföll í efnahagslífinu hafi versnað eins mikið og skuldaaukning heimilanna í fyrra gæti gefið til kynna. Greiðslubyrðin virðist ekki hafa aukist á heildina litið.

Rekstrarskilyrði heimilanna voru afar góð á síðasta ári. Kaupmáttur launa jókst um 2,5 prósent og kaupmáttur ráðstöfunartekna um átta prósent, atvinna jókst, atvinnuleysi minnkaði og vextir voru minni en þeir hafa lengi verið. Heimilin höfðu greiðan aðgang að lánsfé.

Skuldir heimilanna hafa aukist verulega. Þær nema nú tvöföldum ráðstöfunartekjum heimilanna og hafa aldrei vaxið meira en árið 2005. Greiðslubyrði heimilanna hefur ekki vaxið þó að skuldirnar hafi aukist verulega en lánstíminn hefur lengst og vextir lækkað.

Í skýrslu Seðlabankans, Fjármálastöðugleiki 2006, segir að eignir heimilanna hafi aukist umfram skuldir á síðasta ári og þar með hrein eign þeirra. Þetta sé meðal annars vegna hærra fasteignaverðs og umtalsverðrar fjárfestingar. - ghs



**DAVÍÐ ODDSSON SEÐLABANKASTJÓRI** Í skýrslu bankans segir að eignir heimilanna hafi aukist umfram skuldir á síðasta ári og þar með hrein eign þeirra.

Félag ábyrgra feðra:

## Karlar gefa út jafnréttisblað

**JAFNRÉTTISMÁL** Blað sem er helgað jafnréttisbaráttu karla kom í fyrsta sinn út á Íslandi í gær. Blaðið ber nafnið „Ábyrgir feður“ og er gefið út af Félagi ábyrgra feðra.

Félagið var stofnað árið 1997 og formaður þess er Gísli Gíslason. „Okkar starfsemi hefur verið ráðgjöf í gegnum síma og á netinu. Við gáfum út bók í fyrra sem vakti mjög mikla athygli og blaðið núna er hugsað sem framhald af því starfi.“ Gísli segir að karlmenn séu í mörgum tilfellum félagslega einangraðri en konur og því leiti þeir oft til félagsins. - shá

Nýjung í Bretlandi:

## Nýtt fréttablað ætlað börnum

**LONDON, AP** Fyrsta eintakið af nýju vikublaði sem ætlað er börnum á aldrinum níu til tólf ára kom út á Bretlandi í gær.

Blaðið heitir First News, eða Fyrstu fréttir, og verður til að byrja með prentað í 350 þúsund eintökum. Ritstjórar eru Piers Morgan og Nicky Cox, báðir þekktir fjölmiðlamenn í Bretlandi.

Adrian Monck, fjölmiðlafræðingur í London, segir hins vegar að markhópur blaðsins sé ekki börnin, heldur foreldrar þeirra sem hafi áhyggjur af því að börnin horfi of mikið á sjónvarp. - gb

Uppstokkun heldur áfram:

## Yfirmaður CIA segir af sér

**BANDARÍKIN, AP** Porter Goss, yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA, sagði af sér í gær.



**PORTER GOSS**

George W. Bush skipaði Goss í þetta embætti í ágúst árið 2004, en þá var skammt í forsetakosningar í Bandaríkjunum. Goss fékk það verkefni að gera viðamiklar endurbætur á leyniþjónustunni.

Leyniþjónustan hafði sætt mikilli gagnrýni, bæði vegna þess að henni tókst ekki að koma í veg fyrir árásir hryðjuverkamanna 11. september árið 2001, og vegna þess að upplýsingar frá henni, sem notaðar voru til að réttlæta innrásina í Írak, þóttu engan veginn áreiðanlegar. - gb

**LÓÐAÚTBOÐ**

**143 kauptilboð** Rúmlega 140 kauptilboð bárust í byggingarétt fyrir tíu einbýlishúsalóðir í Úlfarsdal. Tilboðin bárust frá sautján bjóðendum.

# Strákar sækja meira í klám

**Meira en helmingur stráka á framhaldsskólaaldri horfir á klámefni einu sinni í viku eða oftar. Þetta kemur fram í niðurstöðum viðamikillar könnunar sem gerð var meðal nemenda í öllum framhaldsskólum landsins. Tölur um tíðni kynferðislegrar misnotkunar eru hins vegar lægri en áður hafði verið talið.**

**BARNAVERND** Strákar í framhaldsskólum hér á landi eru „á kafi“ í klámefni á internetinu. Þetta kom fram í máli Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, þegar kynntar voru í gær fyrstu niðurstöður viðamikillar könnunar á kynlífshegðun ungmenna og líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Könnunin var gerð meðal allra framhaldsskóla á landinu og er samstarfsverkefni Barnaverndarstofu og Rannsókna og greiningar.

Bragi telur mikilvægustu þætti könnunarinnar frá sjónarhóli Barnaverndarstofu í fyrsta lagi umfang kynferðisbrota gagnvart börnum. Samkvæmt niðurstöðum megi leiða líkur að því að um tíu prósent barna á framhaldsskólaaldri hér á landi hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Þá séu einnig teknir með inn í dæmið þeir jafnaldrar sem voru utan framhaldsskóla af einhverjum ástæðum þegar könnunin var gerð. Í umræðunni undanfarin ár hafi þessi tala verið umtalsvert hærri, allt að sautján prósent barna að meðaltali.

„Mín tilgáta er að inni í hærri tölunni sé ekki einungis kynferðisleg misnotkun heldur einnig kynferðisleg áreitni af einhverju tagi,“ segir hann en leggur áherslu á að þessar nýju tölur séu grafalvarlegt mál þótt þær sýni lægri tíðni en áður hafi verið talað um.

Varðandi kynferðislegan lögaldur kveðst Bragi þeirrar skoðunar nú að hækka eigi þau aldursmörk. Það telji hann rétt í ljósi niðurstaða könnunarinnar þar sem fram komi að meirihluti stúlkna vilji hærri aldursmörk og sé þar með að biðja um aukna vernd.

Þriðja atriðið sem Bragi nefnir er neysla á klámi. Meira en helmingur drengja noti klámefni einu sinni í viku eða oftar.

„Ég held að það sé klárt tölfræðilegt samhengi á milli þeirrar klámnotkunar sem þarna mælist annars vegar og hins vegar viðhorfs drengja til kynlífs, að það sé í lagi að vera með mörgum sama kvöldið, að hafa kynmök án þess að tilfinningar spili inn í og í lagi sé að veita kynferðislega þjónustu til að komast inn í partí og svo framvegis.“

Bragi leggur á það þunga áherslu að þarna þurfi foreldrar að grípa inn í, ekki með boðum og bönnum heldur með samtölum og upplýsingum. Margrannsakað sé að mikil neysla klámefnis leiði til mjög greinilegra hugmynda um samskipti kynjanna og standi að auki í beinu samhengi við kynferðisbrot. Sé klámvæðingin látin afskiptalaus náist ekki árangur í baráttunni við kynferðisbrot gegn börnum.

jss@frettabladid.is



**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR** Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsókna og greiningar, og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir félagsfræðingur kynntu frumniðurstöður könnunarinnar á fundi með fréttamönnum.



**DRENGUR SKOÐAR KLÁM** Ný könnun leiðir í ljós að ríflega helmingur stráka á framhaldsskólaaldri horfir á klámefni minnst vikulega.

**NEYSLA KLÁMEFNIS**

16-19 ára




**GREIÐSLA FYRIR KYNMÖK**

**16-19 ÁRA**

| | |
|---|---|
| STELPUR | 1,7% |
| STRÁKAR | 3,7% |

**FÓRNARLÖMB**

Kynferðisleg misnotkun fyrir 18 ára aldur

| | Stelpur | Strákar |
|---|---|---|
| 13 ÁRA EÐA YNGRI | 7,4%* | 2,0% |
| 14-17 ÁRA | 6,2% | 0,8% |
| **SAMTALS** | **13,6%*** | **2,8%** |






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞARF LÍTIÐ TIL AÐ GLEÐJAST**

Enda þótt Ísland sé dýrt land í mörgum skilningi þá held ég svei mér þá að menn svekki sig meira yfir leiðinlegri veðráttu en verðlaginu. Allavega finn ég fyrir því. En það er svo skrítið að eftir leiðinlega tíð með tilheyrandi pirringi getur góðviðriskafli snar snúið við viðhorfinu til veðursins hér á landi. Tveir góðir dagar gera flesta voða ánægða. Ja, það þarf ekki mikið til að gleðja landann!!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæglætisveður og bjart með köflum. Milt.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Norðaustlæg átt 3-10 m/s, hvassast suðaustan til.

*» mánudagur*




Hæg, breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C hálfskýjað | London | 17°C skúrir | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Billund | 19°C heiðskírt | París | 23°C skúrir | Róm | 20°C skúrir |
| Osló | 22°C hálfskýjað | Frankfurt | 22°C heiðskírt | New York | 21°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C heiðskírt | Madríd | 22°C skúrir | San Francisco | 17C hálfskýjað |
| Gautaborg | 18°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 19°C skúrir | Orlando/Flórída | 32°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


PERLAN VESTFIRÐIR
Velkomin í Perluna um helgina
og kynnist undrum Vestfjarða!
Allir velkomnir – Enginn aðgangseyrir
Opið kl. 11.00-17.00 laugardag og sunnudag
VESTFIRÐIR – ANNAÐ ÍSLAND!
130 sýnendur af öllum Vestfjörðum
Gísli Súrsson
vestfirskt handverk
leiklist
galdrar
refir
tónlist



## KJÖRKASSINN

*Stendur íslenskt efnahagslíf traustum fótum?*

| | |
|---|---|
| Já | 45% |
| Nei | 55% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að flytja Árbæjarsafn út í Viðey?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Framkvæmdastjóri Hreyfils-Bæjarleiða um siðareglur leigubílstjóra:

# Mega ekki snerta farþega

**LÖGREGLUMÁL** „Þessum ungu bílstjórum sem leysa af hjá okkur er kennt það að undir engum kringumstæðum megi þeir koma við farþega, alveg sama hverjar aðstæðurnar eru,“ segir Sæmundur Kr. Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri bifreiðastöðvarinnar Hreyfils-Bæjarleiða.

„Þeir eiga að leita til lögreglu ef eitthvað óvenjulegt kemur upp,“ bætir hann við og segir að allir bílstjórar stöðvarinnar séu fullkomlega meðvitaðir um þetta.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að farþegi, Aldís Þorbjarnardóttir að nafni, hefði talið leigubílstjóra verið valdan að því að hún hefði tvíbrotnað á læri þegar hann hefði hrint sér. Hún hefði verið á leið inn til sín til að sækja greiðslukort til að greiða það sem vantað hefði upp á fargjaldið þegar hann hefði stjakað við sér með ofangreindum afleiðingum.



**LEIGUBÍLAR** Ákveðnar siðareglur gilda hjá leigubílstjórum.

Sæmundur kveðst hafa rætt við viðkomandi bílstjóra. Þarna hefðu orðið mistök af hans hálfu og atvik af þessu tagi væru óþekkt í sögunni.

„Vissulega á umrædd kona alla mína samúð og þetta er sorgarsaga,“ segir Sæmundur. Hann segir umræddan bílstjóra hafa verið í afleysingum hjá leyfishafa á stöðinni. Afleysingabílstjórinn sé miður sín eftir þetta atvik. **- jss**

Óhugguleg aftaka:

# Drengur tekur morðingja af lífi

**SÓMALÍA** Sextán ára gamall sómalskur unglingspiltur tók nýverið morðingja föður síns af lífi í opinberri aftöku sem íslamskur réttur hafði fyrirskipað, samkvæmt frétt breska ríkisútvarpsins, BBC.

Drengurinn stakk morðingjann til bana með nokkrum hnífstungum í háls hans og höfuð.

Dómstólar þessir hafa komið eins konar ró á í Mógadisjú, höfuðborg landsins, þótt þeir séu mjög umdeildir. Samkvæmt íslömskum lögum ber að refsa morðingjum með því að taka þá af lífi opinberlega, en þetta er í fyrsta sinn í áratug sem það er gert. **- smk**





MUNDU MANCHESTERTÓNLEIKANA

Í LAUGARDALSHÖLL 6. MAÍ
FRÁ KL. 17:30–00:00

2.600 KR. Í STÆÐI, 3.700 KR. Í STÚKU
Miðasala á midi.is, í BT
og í verslunum Skífunnar.

WWW.ICELANDAIR.IS


# Neitar að hafa stýrt skemmtibátnum

**Jónas Garðarsson segist ekki hafa verið við stýri þegar skemmtibátur hans fórst á Viðeyjarsundi í fyrra. Jónas er ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Hann hefur játað að hafa verið undir áhrifum áfengis þegar bátur hans steytti á skeri.**

**DÓMSMÁL** Jónas Garðarsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, neitar því að hafa verið undir stýri þegar skemmtibátur hans, Harpa, steytti á Skarfaskeri aðfaranótt 11. september í fyrra, með þeim afleiðingum að Friðrik Á. Hermannsson og sambýliskona hans, Matthildur V. Harðardóttir, létust.

Jónas er ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Hann er í ákæru sagður hafa stýrt báti sínum, undir áhrifum áfengis, á Skarfasker á Viðeyjarsundi með fyrrgreindum afleiðingum. Jónas og kona hans slösuðust mikið í slysinu en sonur þeirra slapp lítið meiddur.

Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík komst að þeirri niðurstöðu að Jónas hefði verið við stýri þegar slysið varð en áverkar sem hann hlaut á læri og úlnliðum eru í skýrslu lögreglu sagðir benda sterklega til þess að svo hafi verið. Þetta staðfesti rannsóknarlögreglumaður sem bar vitni fyrir dómi í gær.

Við aðalmeðferð málsins sagðist Jónas hafa „orðið við beiðni Friðriks um að leyfa Matthildi að stýra bátnum,“ en Jónas hafði stýrt bátnum fyrr í sjóferðinni, sem hófst í bryggjuhverfinu við Grafarvog.

Jónas sagðist hafa drukkið lítilræði af hvítvíni og gini í sjóferðinni. Tveimur og hálfum tíma eftir slysið var tekið blóðsýni úr honum og mældist hann þá með 1,07 prómill af áfengi í blóðinu. Til samanburðar er ólöglegt að aka bifreið ef meira en 0,5 prómill af áfengi mælist í blóðinu.

Slysið varð rétt eftir hálftvö aðfaranótt 12. september. Slæmt veður var á Viðeyjarsundi þegar slysið varð auk þess sem skyggni var lítið. Björgunaraðgerð lögreglu og björgunarsveita var viðamikil á vettvangi en samtals voru um fimmtán kafarar að störfum þegar mest var.


**JÓNAS Í HÉRAÐSDÓMI** Jónas sést hér ásamt verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni. Jónas sagðist fyrir dómi ekki muna hvernig atburðarásin var þegar slysið varð í september í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kona Jónasar bar við minnisleysi eftir að siglt hafði verið út úr bryggjuhverfinu en staðfesti að Jónas hefði verið undir stýri í upphafi siglingarinnar. Braut hún tíu rif í slysinu auk þess sem annað lunga hennar féll saman.

Bæklunarlæknir sem bar vitni fyrir dómi í gær sagði líklegt að Jónas hefði fengið högg á utanvert lærið en við það tvílærbrotnaði hann. Læknirinn sagði „ekki víst að hann hefði hlotið áverkana þegar hann sat við stýrið“.

Samtals fara tveir synir Matthildar fram á tíu milljónir króna í bætur, auk einnar milljónar vegna útfararkostnaðar. Foreldrar hennar fara fram á liðlega sex milljónir króna í bætur.

Hæstu kröfuna um bætur gerir sonur Friðriks en hún nemur samtals um 12,3 milljónum króna.

**magnush@frettabladid.is**


Samfylkingin | Reykjavík 2006




*Stefán Jóhann Stefánsson*
*48 ára hagfræðingur, 8. sæti*

BÍLL DAGSINS
NISSAN PATROL ELEGANCE 33”
Nýskr 10.00 - Sjálfskiptur - Ekinn 103 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar fundu skipsflak í mynni Arnarfjarðar:

# Talið vera af skútunni Gyðu

**SJÁVARÚTVEGUR** Rannsóknarmenn frá Hafrannsóknastofnuninni fundu skipsflak í minni Arnarfjarðar fyrir skemmstu og er talið líklegt að það sé af seglskútunni Gyðu sem sökk með átta manna áhöfn árið 1910.

„Við vorum í veiðarfæraleiðangri að prófa nýjan myndavélabúnað okkar til að rannsaka troll þegar við allt í einu rekumst á flakið,“ segir Haraldur Einarsson, leiðangursstjóri á Árna Friðrikssyni.


**SKIPSFLAKIÐ** Mynd af flakinu úr neðansjávarmyndavél.

Haraldur segir að flakið sé á svipuðum stað og mastur skútunnar hafi fundist en það kom í troll hjá rækjubátnum Frigg árið 1953.

Gyða var í eigu Péturs Thorsteinssonar sem var athafnamaður á Bíldudal en þegar veldi hans var sem mest voru um 20 fiskiskip í hans eigu.

Haraldur segir að flakið sé á 55 metra dýpi og að lega þess sé þannig að vörpur fari auðveldlega yfir það og hugsanlega sé það ástæðan fyrir því að það hafi ekki fundist fyrr. Það var einnig til þess að engar skemmdir urðu á trollinu sem verið var að rannsaka en það fór yfir flakið. Hins vegar segir Haraldur að það hafi verið einskær heppni að neðansjávarmyndavélin skyldi hafa verið beint yfir stefninu á sama augnabliki og farið var yfir flakið. **- jse**


**HARALDUR EINARSSON LEIÐANGURSSTJÓRI** Neðansjávarmyndavél var slakað niður í Arnarfirði. Það var mikil heppni að myndavélin skyldi fara beint yfir flakið.

# 20-50% afsláttur af öllum grillum

## Þú færð grillið samsett og heimsent þér að kostnaðarlausu*



Grandhall Professional



BBQ Master 2301



BBQ Master 2300



Grandhall Premium



Broil King Regal 20XL



Sterling 2555



Sterling 1714



Grillino Champ



Sterling 1104



Fire Friend ferðagasgrill

*Gildir fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og Akureyri, heimsendingar eiga ekki við um Fire Friend eða Grillino Champ.

Gildir til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað heitir maðurinn sem var dæmdur vegna árásanna 11. september 2001?*

2 *Hvaða starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa fengið ofgreidd laun í nokkra mánuði?*

3 *Hvar var valinn mikilvægasti leikmaður DHL-deildarinnar í handbolta karla?*

Alþjóðahúsið stendur fyrir kosningafundum:

# Fundir á ellefu tungumálum

**STJÓRNMÁL** Fulltrúar stjórnmálaflokkanna hafa undanfarna daga kynnt stefnu sína fyrir útlendingum hér á landi á sérstökum kosningafundum sem Alþjóðahúsið stendur fyrir.

Alls verða fundirnir ellefu og verða þeir túlkaðir á jafn mörg tungumál. Hingað til hafa fjórir fundir verið haldnir en Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, segir að hann hafi vænst betri þátttöku en reyndin varð á þessum fundum. Innan við tíu manns mættu á fundinn sem túlkaður var á ensku. „Þess vegna höfum við ákveðið að breyta forminu á fundunum þannig að þetta verði frekar samræður en fundir með kynningarræðum,“ segir hann.



**HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR OG BJÖRK VILHELMSDÓTTIR** Björk kynnti stefnu Samfylkingarinnar fyrir spænskumælandi fundargestum fyrir skemmstu og Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent í spænsku við Háskóla Íslands, fylgdist með.

Hinn 11. þessa mánaðar verðu svo haldinn kosningafundur í Ráðhúsinu þar sem oddvitar flokkana í Reykjavík munu kynna stefnu sína. Verða ræður þeirra og svör túlkuð á ensku.

Um fjögur þúsund útlendingar búsettir hér á landi eru með kosningarétt.

Þetta er í fyrsta sinn sem slíkir kosningafundir eru haldnir fyrir sveitarstjórnarkosningar en Alþjóðahúsið hefur einnig látið gefa út sérstakt kosningablað fyrir útlendinga þar sem stefnur flokkanna eru reifaðar. **- jse**

Alcoa-Fjarðaál:

# Uppfylla kröfur um loftgæði

**IÐNAÐUR** Gunnar Guðni Tómasson, verkefnisstjóri við mat á umhverfisáhrifum álvers Alcoa-Fjarðaáls, segir að þurrhreinsun verði alltaf til staðar í álverinu á Reyðarfirði og svo snúist umræðan um að bæta vothreinsun við.

Gunnar segir að Alcoa-Fjarðaál uppfylli allar kröfur um loftgæði á Reyðarfirði. Samkvæmt reglugerð megi fara yfir viðmiðun á umhverfismörkum 24 sinnum á ári en aðeins verði farið allt að fimm sinnum á ári á nokkrum stöðum í firðinum, hvergi í þéttbýli. Þá bendir Gunnar á að reglur um styrk brennisteinsdíoxíðs séu strangari á Íslandi en í Noregi. **- ghs**




**Til sölu glæsilegt og vandað sumarhús/ heilsárshús í landi Miðengis, Grímsnesi**

- Húsið er 105,7 m². Þrjú svefnherbergi, stór stofa, eldhús, baðherbergi og geymsla.a
- Verönd er 160 m². Gert er ráð fyrir heitum potti
- Kjarri vaxið eignarland 7500 m².
- Mjög góð staðsetning. Í um það bil 1 klst akstursfjarlægð frá Reykjavík
- Húsið er klætt að utan með Duropal plötum og harðviði.
- Gluggar og útihurðir úr mahony.
- Hitalagnir í gólfplötu.

Húsið afhendist fokhelt og fullfrágengið að utan eða fullklárað utan sem innan.

Upplýsingar í síma 894-0105 eða á www.vidar-smidar.is

MSc NÁM Í BYGGINGARVERKFRÆÐI og BYGGINGARTÆKNIFRÆÐI

Kynningarfundur mánudaginn 8. maí kl. 17 í HR Ofanleiti 2



**Boðið er upp á þrjú sérsvið:**

- Framkvæmdir og framkvæmdastjórnun
- Mannvirki og mannvirkjahönnun
- Concrete Technology
  *(Efnisfræði steinsteypu er kennd á ensku)*

Á fundinum verður námið kynnt og nemendur segja frá reynslu sinni.

Nánari upplýsingar eru á www.ru.is og hjá Ingunni Sæmundsdóttur, ingunn@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is


# Tony Blair rak tvo ráðherra úr starfi

**Miklar sviptingar urðu í breskri pólitík í gær í kjölfar lélegs árangurs Verkamannaflokksins. Telja fréttaskýrendur að Tony Blair forsætisráðherra sé að reyna að sanna styrk sinn innan stjórnarinnar.**

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, rak Charles Clarke innanríkisráðherra úr starfi í gær í kjölfar slaks árangurs Verkamannaflokksins í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru í landinu á fimmtudag. Jack Straw utanríkisráðherra var jafnframt gert að segja af sér og gerður forseti neðri deildar þingsins en John Prescott varaforsætisráðherra fær að sitja áfram, þó að valdsvið hans verði þrengt.

Blair tilkynnti um uppstokkunina eftir að ljóst varð að flokkur hans hefði lent í þriðja sæti í kosningunum, sem varð til þess að sumir þingmenn stjórnarandstöðunnar fóru inn og aftur fram á afsögn forsætisráðherrans.

Fréttaskýrendur telja að með uppstokkuninni reyni Blair að sanna að hann hafi enn fullt vald yfir umsetinni ríkisstjórn sinni eftir mikil hneykslismál undanfarnar vikur.

Clarke hefur sætt miklum ásökunum seinustu dagana eftir að upp komst að yfir þúsund glæpamenn af erlendum uppruna hefðu verið leystir úr haldi á Bretlandi á árunum 1999-2006 eftir afplánun dóma sinna, en yfirvöldum láðist að ígrunda hvort vísa bæri þeim úr landi.

Blair studdi Clarke í fangamálinu en sagði í gær að hann teldi að það myndi reynast Clarke erfitt að halda áfram starfi sínu. Clarke sjálfur sagðist hafa hafnað öðrum stöðum og ákveðið að vera bara óbreyttur þingmaður.

Varnarmálaráðherrann John Reid mun taka við störfum Clarkes og Des Browne aðstoðarfjármálaráðherra verður varnarmálaráðherra.

Í stað Straws verður Margaret Beckett utanríkisráðherra og er hún fyrsta konan sem gegnir því starfi. Geoff Hoon, fyrrum varnarmálaráðherra, verður aðstoðarráðherra Evrópumála innan utanríkisráðuneytisins.



**JACK STRAW** Fyrrverandi utanríkisráðherra.

**CHARLES CLARKE** Fyrrum innanríkisráðherra.

**TONY BLAIR** Forsætisráðherra Bretlands mætir á kjörstað á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**MARGARET BECKETT**



**JOHN PRESCOTT**

Þó að Prescott fái að halda stöðu sinni sem aðstoðarforsætisráðherra þykir fækkun ábyrgðarstarfa hans benda til refsingar, en Prescott viðurkenndi nýverið að hafa í tvö ár haldið framhjá eiginkonu sinni með samstarfskonu sinni.

Lítil þátttaka var í kosningunum á fimmtudag, en samkvæmt bráðabirgðatölum fékk Verkamannaflokkur Blairs 1.385 sæti í sveitarstjórnum og tapaði þar með 317, en Íhaldsflokkurinn styrkti stöðu sína um jafn mörg sæti og hlaut 1.830 sæti.

Kosið var í 176 sveitarstjórnir, sem er tæpur helmingur sveitarstjórna á Englandi, en þegar þessar tölur voru birtar síðdegis í gær var talningu enn ólokið í

Þrír Akureyringar ákærðir fyrir að veitast að lögreglumönnum:

# Kæra lögregluna á móti

**LÖGREGLUMÁL** Þrír ungir Akureyringar hafa verið ákærðir fyrir að hafa gert aðsúg að lögreglumönnum og neitað að hlýta fyrirmælum lögreglu á brunavettvangi þegar eldur var kveiktur við hraðbanka KB banka á Akureyri í febrúar í fyrra. Einum þeirra er jafnframt gefið að sök að hafa slegið lögreglumann, klórað og rekið fingur í auga hans og hótað tilteknum lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra líkamsmeiðingum og lífláti.

Allir piltarnir neita sakargiftum og einn þeirra segist harðákveðinn í að kæra lögregluna fyrir ofbeldi og tilefnislaust harðræði við handtöku. Annar íhugar að leggja fram kæru.

Við aðalmeðferð málsins fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær kom fram að til átaka hefði komið á brunavettvangi á milli piltanna og tveggja lögreglumanna. Þrjár tennur eins piltsins sködduðust í þeim átökum og annar kvendi sér ýmissa eymsla.

Allir piltarnir báru fyrir dómi að annar lögreglumannanna hefði sýnt þeim ógnandi tilburði með snjóskóflu, áður en til átaka kom, og upptök átakanna mætti rekja til þess að lögreglumaður sleit hálsfesti eins piltsins. **- kk**

# Kópavogsdagar

## 4.-11. maí 2006

## Fjölskylduskemmtun
### í Vetrargarðinum í Smáralind
### Laugardaginn 6. maí kl. 13-16













**Kl. 13:00** **Felix Bergsson** kynnir hátíðina.

**Kl. 13:05** **Skólahljómsveit Kópavogs** leikur undir stjórn Össurar Geirssonar.

**Kl. 13:25** **Íþróttafélagið Gerpla**. Hópur frá fimleikadeild Gerplu sýnir listir sínar.

**Kl. 13:45** **Skólakórar frá grunnskólum Kópavogs**. Digranesskóli, Hjallaskóli, Kársnesskóli, Lindaskóli, Salaskóli, Snælandsskóli og Vatnsendaskóli. Samsöngur kóranna undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur.

**Kl. 14:05** **Idol stjarna 2006**. Snorri Snorrason syngur við undirleik Vignis Snæs Vigfússonar úr Írafári.

**Kl. 14:25** **Jazzballettskóli Báru** í Kópavogi.
Vorhreingerningar - eftir Irmu Gunnarsdóttur.
10-11 ára nemendur sýna.
Bugsy Malone - eftir Írisi Maríu Stefánsdóttur.
13-15 ára nemendur sýna atriði úr væntanlegri sýningu.

**Kl. 14:40** **Sigurvegarar úr söngkeppni Samfés 2006**. Kristín Inga Jónsdóttir og Kristjana Arnarsdóttir frá félagsmiðstöðinni Ekkó í Kópavogi syngja.

**Kl. 14:50** **Bárður úr Stundinni okkar** skemmtir yngstu kynslóðinni.

**Kl. 15:20** **Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar** taka lagið.

**Kl. 15:35** **Lög úr Rocky Horror Picture Show** í flutningi Sauðkindarinnar, leikfélags Menntaskólans í Kópavogi.

**Velkomin á Kópavogsdaga**
**Kynntu þér spennandi dagskrá á www.kopavogur.is**

AP almannatengsl / H2 hönnun



**LIFANDI TEIKNIMYNDAFÍGÚRA** Ferðamennirnir stóðu afar kurteisir í biðröð til að fá að taka mynd af þessari ungu stúlku, sem var klædd eins og japönsk teiknimyndafígúra á teiknimyndahátíð sem haldin var í Tókýó fyrir helgi. Þúsundir manna sóttu hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrjú árásarmál hjá lögreglunni í Reykjavík enn óupplýst:

# Ofbeldismenn eru ófundnir

**LÖGREGLUMÁL** Leit lögreglu að gerendum í þremur ofbeldismálum gegn ungum stúlkum hefur enn engan árangur borið, að sögn Harðar Jóhannessonar yfirlögregluþjóns í Reykjavík.

Í einu málanna varð fimmtán ára stúlka fyrir hrottalegri árás við Holtaveg í Laugardal. Árásarmaðurinn var vopnaður hafnaboltakylfu og lét höggin dynja á stúlkunni, meðal annars höfði hennar. Stúlkan féll til jarðar, þegar maðurinn réðst á hana og hrifsaði af henni svarta íþróttatösku sem hún hafði meðferðis. Í töskunni voru einungis íþróttaföt. Hann flúði síðan á hlaupum í átt að skautahöllinni Laugardal. Stúlkan var flutt á sjúkrahús til skoðunar og reyndist hún óbrotin en talsvert marin.



**VESTURLANDSVEGUR** Ein stúlknanna var á leið í Mosfellsbæ þegar ráðist var á hana.

Í öðru málanna var um að ræða 19 ára stúlku, sem ber að tveir menn hafi stöðvað hana á leið hennar til Mosfellsbæjar um mánaðamótin mars/apríl. Annar þeirra hafi rotað hana og hafi hún vaknað við að hann var að reyna að nauðga henni í aftursæti bifreiðarinnar meðan hinn maðurinn ók henni út fyrir bæinn.

Í þriðja tilvikinu var um að ræða stúlku sem var að bíða eftir strætó á Sogavegi, þegar maður veittist að henni og áreitti hana alvarlega, áður en hún slapp frá honum.

- jss

Allur er varinn góður:

# Stoltenberg stöðvar netleka

**NOREGUR, AP** Norsk stjórnvöld hafa keypt lénsnafnið smk.no af stjórnmálamanninum Allan Strand til þess að koma í veg fyrir að viðvæmar uplýsingar, sem ætlaðar eru forsætisráðherranum Jens Stoltenberg, lendi í tölvupóstfangi Strands.

Strand, sem er félagi í norska Framfaraflokknum, á fyrirtæki sem heitir Skandinavisk Miniatyr Kulelager og notar veffangið smk.no, en skrifstofa forsætisráðherrans, eða „Statsministerens kontor," er með vefslóðina smk.dep.no.

Strand hefur í það minnsta einu sinni lekið trúnaðarupplýsingunum til fjölmiðla.

- gb

## SIGLUFJÖRÐUR/ ÓLAFSFJÖRÐUR

Nýtt sveitarfélag verður til í sumar með sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar. Samhliða kosningunum 27. maí næstkomandi verður gerð skoðanakönnun á meðal íbúa sveitarfélaganna varðandi nafn á sameinað sveitarfélag en ekki liggur fyrir hvaða nöfn verða í boði.

Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaganna hinn 1. desember síðastliðinn var 2.298.

**ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002**

Á Siglufirði fékk S-listinn, Siglufjarðarlistinn, hreinan meirihluta; fimm bæjarfulltrúa. D-listi Sjálfstæðisflokks hlaut þrjá bæjarfulltrúa og B-listi Framsóknarflokks einn.

Í Ólafsfirði voru einungis tveir framboðslistar: K-listi sjálfstæðismanna og annarra framfarasinnaðra Ólafsfirðinga og Ó-listinn, óháð framboð. Ó-listinn hlaut fjóra bæjarfulltrúa en K-listinn þrjá.

**Bæjarfulltrúar Siglufirði:**
**B-listi:**
**Skarphéðinn Guðmundsson**

**D-listi:**
**Haukur Ómarsson**
**Unnar Már Pétursson**
**Margrét Ósk Harðardóttir**

**S-listi:**
**Ólafur Kárason**
**Guðný Pálsdóttir**
**Sigurður Egill Rögnvaldsson**
**Guðrún Árnadóttir**
**Sigurður Jóhannesson**

**Bæjarstjóri: Runólfur Birgisson**

**Bæjarfulltrúar Ólafsfirði:**
**K-listi:**
**Ásgeir Logi Ásgeirsson**
**Snjólaug Ásta Sigurfinnsdóttir**
**Helgi Jónsson**

**Ó-listi:**
**Rögnvaldur Ingólfsson**
**Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir**
**Gunnar Reynir Kristinsson**
**Júlíanna Ingvadóttir**

**Bæjarstjóri: Stefanía Traustadóttir**

**KOSNINGAR 2006**

**Efstu menn B-listans:**
**1. Hermann Einarsson, innkaupastjóri Siglufirði.**
**2. Birkir J. Jónsson, alþingism. Siglufirði.**
**3. Helga Jónsdóttir, starfsmaður Hornbrekku Ólafsfirði.**
**4. Katrín Freysdóttir, fulltrúi Siglufirði.**
**5. Ásdís Pálmadóttir, umsjónamaður dagvistar Ólafsfirði.**

**Efstu menn H-listans:**
**1. Jóna V. Héðinsd., aðst.skólastj. Ólafsf..**
**2. Sigurður Egill Rögnvaldsson, símsmíðameistari Siglufirði.**
**3. Bjarkey Gunnarsdóttir, kennari Ólafsf.**
**4. Ólafur Kárason, byggingarm. Siglufirði.**
**5. Runólfur Birgisson, bæjarstjóri Siglufirði**

**Efstu menn D-listans:**
**1. Jónína Magnúsdóttir skólastj. Siglufirði.**
**2. Þorsteinn Ásgeirsson aðalbókari**

Siglfirðingar og Ólafsfirðingar kjósa saman í sveitarstjórn:

# Sameinuð stöndum við

**KOSNINGAR** Meirihluti íbúa Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar samþykkti í vetur sameiningu sveitarfélaganna. Íbúafjöldi nýja sveitarfélagsins verður um 2.300 en þar af munu um 1.350 búa á Siglufirði og um 950 í Ólafsfirði.

Framboðslistarnir eru þrír: B-listi, listi Framsóknarflokks, H-listi, listi félagshyggjufólks og óháðra, og D-listinn, listi Sjálfstæðisflokks.

Kynjahlutföll og skipting milli byggðarkjarna eru eins jöfn og frekast er unnt hvað varðar efstu sætin en á meðal fimm efstu frambjóðendanna af öllum listunum eru sjö konur og átta karlar; sjö Ólafsfirðingar og átta Siglfirðingar.

Fólksfækkun og tekjusamdráttur í kjölfarið hefur verið eitt helsta vandamál beggja sveitarfélaga undanfarna áratugi. Á hálfum öðrum áratug, frá 1990 til 2005, fækkaði íbúum Siglufjarðar um tæplega fjórðung; úr 1.815 í 1.352. Á sama árabili fækkaði íbúum Ólafsfjarðar um tæp tuttugu prósent; úr 1.171 í 946.

Bæði sveitarfélögin eru töluvert skuldsett en skuldir beggja lækkuðu þó í fyrra og bæði skiluðu rekstrarafgangi.

Væntingar íbúanna til sameinaðs sveitarfélags eru miklar og því mikilvægt að sameiningarferlið gangi áfallalítið fyrir sig. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri hefur lagt til að miðstöð stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi verði á Siglufirði og þar verði skrifstofa bæjarstjóra og flestra lykilstarfsmanna sveitarfélagsins. Engir ásteytingarsteinar komu fram í undanfara sameiningarkosninganna og nýrrar bæjarstjórnar bíður það verk að tryggja að þeir líti ekki dagsins ljós.

- kk




**SIGLUFJÖRÐUR** Miðstöð stjórnsýslu hins nýja sameinaða sveitarfélags Siglufjarðar og Ólafsfjarðar verður að öllum líkindum á Siglufirði.




VIÐ BJÓÐUM TIL VEISLU!

Kópavogsbúar!
Samfylkingin í Kópavogi opnar kosningamiðstöð sína í Hamraborg 10 kl. 15.00 í dag laugardag.




allir með

Samfylkingin | Kópavogur 2006 | Sveitarstjórnarkosningar 27 mai


Hermann Einarsson B-lista:

## Í framboði fyrir fólkið



Hermann Einarsson, innkaupastjóri á Siglufirði, leiðir lista Framsóknarflokksins. Hann flutti til Siglufjarðar á ný fyrir tveimur árum. „Þegar ég kom aftur sá ég að ýmislegt mætti betur fara í stjórn bæjarins. Þess vegna fór ég í framboð og ætla að leggja mitt af mörkum til að bæta þar úr."

Hann segir framsóknarmenn leggja höfuðáherslu á atvinnumál í kosningunum, ásamt því að sameiningin gangi áfallalaust fyrir sig. „Við viljum auka fjölbreytni í atvinnulífinu og viljum tryggja að hagsmunir íbúa beggja sveitarfélaga verði hafðir að leiðarljósi. Við erum í framboði til að vinna fyrir og með fólkinu á báðum stöðum en á það hefur töluvert vantað, að minnsta kosti hér á Siglufirði," segir Hermann.

Jóna V. Héðinsdóttir H-lista:

## Viljum fá framhaldsskóla



Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Ólafsfirði, er í efsta sæti H-lista, lista félagshyggjufólks og óháðra, en hún skipaði efsta sæti Ó-listans í Ólafsfirði 2002. Hún segir listann leggja mikla áherslu á að efla atvinnulíf á báðum stöðum. „Við viljum fá framhaldsskóla í sveitarfélagið en það yrði mikilvæg þjónustubót og myndi fjölga störfum." Jóna segir rekstur beggja sveitarfélaga hafa batnað á undanförnum árum og segir H-listann stefna á að gera enn betur í þeim efnum. „Þar til göngin verða tekin í notkun viljum við að Vegagerðin tryggi að Lágheiði verði greiðfær eins og frekast er unnt. Þá vill H-listinn bæta nýtingu íþróttamannvirkja og forðast að byggja upp svipuð mannvirki á báðum stöðum."

Jónína Magnúsdóttir D-lista:

## Sameiningin mun efla okkur



Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri á Siglufirði, er efst á lista Sjálfstæðisflokksins. Hún var ekki í framboði 2002. Hún segir stærsta verkefni nýrrar bæjarstjórnar að tryggja snurðulausa sameiningu. „Framundan eru möguleikar til hagræðingar í rekstri og aukinnar þjónustu. Mikilvægt er að við tileinkum okkur þá hugsun að samhliða sameiningunni verði samfélagsbreyting sem nær að fullu fram að ganga þegar göngin verða opnuð. Hugarfar okkar þarf að vera jákvætt því sameiningin á eftir að efla okkur á margan hátt."

Atvinna er undirstaða byggðar og sjálfstæðismenn ætla að stuðla að því að skapa atvinnulífinu aðstæður til að blómstra. „Án atvinnu vill enginn búa á þessum stöðum," segir Jónína.


UTANGARÐSMENN
EGO
DAS KAPITAL
MX-21
GCD
BUBBI 06.06.06
AFMÆLISTÓNLEIKAR 6. JÚNÍ Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Fram koma helstu hljómsveitir Bubba í gegnum tíðina: Utangarðsmenn, EGO, Das Kapital, MX–21, GCD og svo hann sjálfur með kassagítarinn. Einnig koma fram aðrir þekktir listamenn sem munu taka lög eftir afmælisbarnið. Ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðburði!
Forsala miða í dag í verslun Og Vodafone, Síðumúla 28, opið kl. 10–16.
Miðaverð: 5.900 kr. í sæti og 4.900 kr. í stæði.
Nánari upplýsingar á www.ogvodafone.is , þjónustuver 1414
GLITNIR
og vodafone
Heyrumst!
„Sá sem alltaf hækkar flugið hlýtur einhverntíma að hrapa"
Að sjúga rokk og ról
Gaman að byrja
Bubbi kóngur markaðshyggjunnar
Bubbi, rokkari eða trúbadúr?
Engir venjulegir tónleikar ...

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.504 **+0,79%** **Fjöldi viðskipta:** 324 **Velta:** 3.215 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +5,15% | **Marel** | -1,13% |
| **Actavis** | +2,50% | **Dagsbrún** | -0,57% |
| **FL Group** | +1,65% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 61,50 +2,50% ... Alfesca 3,82 +0,26%... Atorka 5,80 +0,00% ... Bakkavör 49,30 +0,20% ... Dagsbrún 5,27 -0,57% ... FL Group 18,50 +1,65% ... Flaga 3,98 +0,00% ... Glitnir 16,90 +0,00% ... KB banki 746,00 +0,40% ... Kögun 74,00 +0,00% ... Landsbankinn 21,20 +0,95% ... Marel 69,90 -1,13% ... Mosaic Fashions 17,60 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,90 +1,20% ... Össur 112,50 +5,15%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

### Hver er hræddur við Mishkin?

Carsten Valgreen, aðalhagfræðingur greiningardeildar Danske Bank, er hvergi banginn við niðurstöðu skýrslu bandaríska hagfræðiprófessorsins Frederics Mishkin. „Það eru engar nýjar tölur í þessari skýrslu og það sem deila má um eru niðurstöðurnar. Það getur enginn sagt hvort okkar niðurstöður eða hans verða réttar," sagði Carsteen í spjalli við Peningaskápinn. Hann segir það ráðast af gæðum eigna bankanna og Carsten efast um að svo sé í ljósi mikils vaxtar þeirra. „Spurningin er hversu mikið hægir á og það ræðst af því hvernig bankarnir munu standa. Carsten viðurkennir að bankarnir hafi varið sig gegn lækkun krónunnar. „Það sem veldur mér áhyggjum er að bankarnir hafi tekið of mikla áhættu." Nýjar skýrslur virðast því ekki breyta trú Danske Bank og Mishkin vekur þeim engan ótta.



### Krónugrill á Norðurlöndum

Danske Bank hefur ráðlagt viðskiptavinum að taka stöðu gegn krónunni og gerir ráð fyrir veikingu hennar. Margt bendir til þess að krónan sé að finna sér stað í bili þar sem virði evru er milli 90 og 95 krónur. Danske Bank spáði evrunni í hundraðkalli innan þriggja mánaða og margir sem veðjuðu á að hún færi þangað hratt og örugglega.

Á markaði er talað um að stöðutaka gegn krónunni hafi verið talsverð frá Norðurlöndunum. Haldist krónan í núverandi stöðu er ljóst að Skandinavarnir tapa peningum. Reyndar tala menn um það á markaði að gjaldeyrismarkaðurinn hafi þegar grillað nokkra sem stukku á hana nálægt lægsta gildinu frá áramótum.

## MARKAÐSPUNKTAR...

...107 milljóna króna tap var á rekstri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum á fyrsta fjórðungi ársins. Á sama tímabili á síðasta ári var 459 milljóna króna hagnaður af rekstri fyrirtækisins.

...Greiningardeild Landsbankans hefur endurskoðað verðbólguspá sína fyrir maímánuð sökum mikilla verðhækkana, sér í lagi á bensíni og bifreiðum. Gerir hún nú ráð fyrir 1,1 prósents hækkun verðbólgu í stað 0,8 prósenta hækkun.

...Olíuframleiðendur hagnast á markaðsaðstæðum þar sem verð á olíu er í hæstu hæðum um þessar mundir. Olíuframleiðendurnir Shell, Total og Hydro skiluðu hverjir á fætur öðrum mjög góðum uppgjörum á fyrsta ársfjórðungi.



**HJÚKRUNARFRÆÐINGAR AÐ STÖRFUM** Tekjur LSR og LH af fjárfestingum voru 81 milljarður á þremur árum.

# 81 milljarður í tekjur

Tekjur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) af fjárfestingum hafa numið 81 milljarði króna á síðustu þremur árum. Þetta kemur fram á vef sjóðanna. Á síðasta ári voru fjárfestingatekjur 38,6 milljarðar króna. Á sama tíma hafa samanlagðar eignir LSR og LH aukist úr 127 milljörðum króna í 246 milljarða, eða nær tvöfaldast. Á undanförnum áratug hafa eignir sjóðanna sjöfaldast.

**- eþa**

# Sex milljarða samdráttur í innflutningi

Vörur voru fluttar hingað til lands fyrir 27 milljarða króna í síðasta mánuði ef marka má bráðabirgðatölur um innheimtu virðisaukaskatts. Þetta kemur fram í Vefriti Fjármálaráðuneytisins í dag. Þetta er 6 milljörðum krónum minna en í mars.

Í vefritinu segir að breytingar á milli mánaða megi að stórum hluta rekja til minni eldsneytiskaupa auk annarra liða. Innflutningur á fólksbílum dróst mikið saman á milli mánaða en marsmánuður var stór hvað bílainnflutning varðar. Innflutningur á bílum í apríl var umtalsvert minni en staðvirtur meðalmánaðarinnflutningur síðasta árs. Innflutningsverðmæti annarra neysluvara á borð við varanlegar neysluvörur (ísskápa, sjónvörp o.fl.) og hálf-varanlegar neysluvörur (t.d. fatnað) minnkaði einnig á milli mánaða.

Þá kemur fram að innflutningur á fjárfestingar- og rekstrarvörum jókst en það má rekja til stóriðjuframkvæmda.

**- jab**

# Marel undir væntingum

**Hagnaður Marels á fyrsta ársfjórðungi var 143 milljónir íslenskra króna sem var vel undir spám greiningardeilda bankanna. Góðar horfur eru fyrir seinni hluta ársins, verkefnastaða hefur aldrei verið betri og rekstrarumhverfi hefur batnað með veikingu krónunnar.**



**HÖRÐUR ARNARSON, FORSTJÓRI MARELS** Segir afkomu fyrsta ársfjórðungs hafa verið slaka en horfurnar séu góðar fyrir seinni hluta árs.

Hagnaður Marels dróst saman á fyrsta ársfjórðungi og nam 0,6 milljónum evra eða 43 milljónum íslenskra króna, samanborið við 1,8 milljónir evra eða 143 milljónir íslenskra króna á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Þetta er vel undir spám greiningardeilda bankanna. Landsbankinn spáði 1,2 milljóna evru hagnaði en KB banki og Glitnir 0,8 milljónum evra. Ebitda, rekstrarhagnaður án afskrifta, var jafnframt mun lægri en spár gerðu ráð fyrir, eða 1,9 milljónir evra. Skýrist það helst af því að kostnaður vegna skipulagsbreytinga við flutninga Carnitech, dótturfélags Marels, frá Danmörku til Slóveníu var allur gjaldfærður á tímabilinu.

Í tilkynningu til Kauphallar Íslands er haft eftir Herði Arnarsyni, forstjóra Marel, að afkoma ársfjórðungsins hafi verið slök sem sé í samræmi við það sem tilkynnt var í tengslum við uppgjör síðasta árs. Hann hafi einkennst af tregðu í pöntunum framan af, erfiðu gengisumhverfi og því að skipulagsbreytingar hjá Carnitech voru í hámarki á tímabilinu. Horfur fyrir seinni hluta ársins séu mjög góðar og verkefnastaða hafi aldrei verið betri. Þá hafi rekstrarumhverfi fyrirtækisins breyst mjög til batnaðar með veikingu íslensku krónunnar frá áramótum.

**- hhs**

# Avion byggir upp í Þýskalandi

Dótturfélag Avion Group, Star Europe, hefur hafið starfsemi í Þýskalandi. Í sumar verður félagið með þrjár Airbus 320 flugvélar í rekstri. Flogið verður frá Dusseldorf, Frankfurt, Köln og Stuttgart til áfangastaða í Suður- og Austur-Evrópu auk Mið-Austurlanda. Í fréttatilkynningu frá Avion Group segir að allt að 10 milljónum evra verði varið til að byggja upp starsemina í Þýskalandi. Star Europe komi til með að styrkja leiguflugs- og ferðaþjónustuhluta Avion Group sem nú hefur yfir að ráða flugrekstrarleyfum í Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi. Haft er eftir Magnúsi Þorsteinssyni, stjórnarformanni Avion Group, að þekkingin úr rekstri Excel Airways Group verði nýtt til að byggja upp svipaða starfsemi í Þýskalandi enda séu ferðavenjur Þjóðverja og Breta svipaðar.

**- hhs**





1. útdráttur
á þriðjudaginn

# Glæsilegt happdrættisár framundan!

Vertu með
frá byrjun!

Aðalvinningar á einfaldan miða:
6 Hummer H3 jeppabifreiðar
6 vinningar á 5 milljónir hver
20 vinningar á 3 milljónir hver
72 vinningar á 2 milljónir hver
Heildarfjöldi vinninga 26.134

Aðalvinningar á tvöfaldan miða:
6 Hummer H3 jeppabifreiðar
+ 5 milljónir í skottinu
10 vinningar á 6 milljónir hver
36 vinningar á 4 milljónir hver
Heildarfjöldi vinninga 52.268

Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. Kauptu miða í Happdrætti DAS. Miðinn kostar aðeins 1.000 kr. á mánuði eða 230 kr. fyrir hvern útdrátt. Og þú átt von á góðum vinningi.

773 skattfrjálsar milljónir á árinu

Hringdu núna
**561 7757**

Kíktu á netið
**www.das.is**

HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku

Bílainnflytjandi
ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR

Opið í aðalumboði um helgina frá 10 - 20 og mánudag frá 8 - 20.
Síminn er 561 7757 eða pantið á das.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DAS 30944 05/2006

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Fátt er leiðinlegra en langdregin og staglkennd stjórnmálaumræða.

# Ánægjuleg tillitssemi við kjósendur

Í dag eru réttar þrjár vikur til kjördags í sveitarstjórnarkosningum um land allt. Kosningabaráttan lætur þó enn lítið yfir sér. Varla er hægt að merkja að flokkarnir séu farnir að hita upp fyrir komandi átök að neinu marki, fyrir utan örfáar og frekar meinleysislegar gusur.

Þetta er nokkuð óvænt og ánægjuleg tillitssemi við kjósendur og ef til vill til marks um að íslenskt stjórnmálalíf sé að þroskast í rétta átt. Fátt er leiðinlegra en langdregin og staglkennd stjórnmálaumræða, sérstaklega þegar mönnum brennur ekki þeim mun meira á hjarta.

Ekki er þó eins og hér sé á ferðinni eintóm góðmennska við kjósendur, heldur er hitt nokkuð víst að kosningamaskínur flokkanna hafa gert sér grein fyrir því að það er ekki endilega svo sniðugt að æða snemma af stað upp úr startholunum. Hættan við að hefja baráttuna of snemma er að fólk fái leið á þeim boðskap sem á afla atkvæða og athyglin flökti annað.

*Ekki er þó eins og hér sé á ferðinni eintóm góðmennska við kjósendur, heldur er hitt nokkuð víst að kosningamaskínur flokkanna hafa gert sér grein fyrir því að það er ekki endilega svo sniðugt að æða snemma af stað upp úr startholunum.*

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík virðist hins vegar hafa litlar áhyggjur af mögulegum athyglisbresti kjósenda, því flokkurinn hóf massíva auglýsingaherferð í blöðum, sjónvarpi og á netinu fyrir allnokkru síðan. Andlitið á Birni Inga Hrafnssyni, efsta manni lista Framsóknar, er úti um allt og flokkurinn ætlar augsýnilega að freista þess að sama ofboðlega auglýsingamennska og skilaði þeim svo góðum árangri í síðustu alþingiskosningum, virki jafn vel í vor.

Ekki hefur þó betur tekist til en svo að eitt helsta kosningamál Framsóknar í Reykjavík, nýr innanlandsflugvöllur á Lönguskerjum, er orðið að innanbúðardeilumáli þar sem meðlimir þingflokksins senda samherjum sínum í borgarstjórnarflokknum kaldar kveðjur. Það verður spennandi að sjá hvort Framsókn nái aftur vopnum sínum í höfuðborginni, en ekki er útlitið sérlega bjart.

Eins og staðan er núna benda skoðanakannanir til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hafi örugga forystu á Samfylkinguna í borginni. Það er aftur á móti athyglisvert að kannanirnar sýna líka að Dagur B. Eggertsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, efstu menn listanna, njóta nánast sama stuðnings þegar spurt er um hvern fólk vilji sjá í stól borgarstjóra. Má því gera ráð fyrir að Samfylkingin telji sig eiga enn töluvert inni.

Sú þokkalega stilla sem ríkir á milli stóru flokkanna í Reykjavík er örugglega lognið á undan storminum. Lítil hætta er á öðru en að frambjóðendur séu að brýna stóru sverðin og framundan sé snörp og hressilega barátta. Hins vegar ber ekki svo mikið á milli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar þannig að stóra spurningin er við hvaða mál átakalínan verður dregin.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Er okkur alveg sama?

Nýlega sagði marókkósk kona sem vinnur á krabbameinsdeild Landspítalans frá því í viðtali í Fréttablaðinu að hana tæki sárt að sjá menn deyja þar eina þar sem ættingjar kæmu stundum ekki fyrr enn sjúklingurinn væri allur. Einnig þótti henni sárt til þess að vita að aldraðir væru vistaðir á stofnunum. Þetta viðgengist ekki í hennar landi, sagði hún.
Hér dvelja þeir jafnvel á spítölum þar sem ekki er pláss fyrir þá á dvalar- og hjúkrunarheimilum.
Er það svo, þegar öllu er botninn hvolft, að bæði almenningi og yfirvöldum hér á landi standi á sama um fólk þegar það er ekki lengur í blóma lífsins?



### Hinir jákvæðu skilja kerfið

Erlendir fræðimenn og sérfræðingar hafa misgóðan skilning á efnahagslífi okkar Íslendinga. Sérfræðingar hjá Morgan Stanley og Danske Bank virðast ekkert botna í því ef marka má svör forsvarsmanna KB banka og annarra sem verjast harðri gagnrýni þeirra. Það hefur hins vegar enginn, svo vitað sé, sakað Frederic Mishkin, prófessor frá Columbiaháskóla í Bandaríkjunum, um að hafa takmarkaðan skilning á því enda sagði hann íslenskt hagkerfi standa traustum fótum.



### Sálfræðingar hagkerfisins

Aðrir sem örugglega eiga í erfiðleikum með að átta sig á því hvernig íslenska hagkerfið virkar nú til dags eru eldri borgarar. Áður fyrr fór það meira og minna eftir því hvernig bar í veiði hvort vel áraði í efnahagslífinu eða ekki. Nú veltur þetta meira og minna á því orðspori sem fer af hagkerfinu.
Það er engu líkara en kerfið hafi öðlast eigið líf og fjármálaspekingar og viðskiptajöfrar verði að peppa upp sjálfstraust þess og séu því smátt og smátt að verða að eins konar sálfræðingum.

jse@frettabladid.is

# Vinstri, hægri, fram og aftur

Í DAG
STJÓRNMÁLAHUGTÖK



SVERRIR JAKOBSSON

*Það ætti ekki að koma neinum á óvart að á Vesturlöndum sé íhaldssemi miðjunnar nú allsráðandi, en í þriðja heiminum leiti fólk frekar í smiðju útópískra framfarasinna, eða þá afturhaldsmanna.*

Allt frá dögum frönsku byltingarinnar hefur verið hefð fyrir því að skilgreina stjórnmál sem eins konar dans eða handbolta þar sem meginhreyfingarnar eru til vinstri og hægri en hreyfingarleysið er á miðjunni. Þessi flokkun hefur ýmsa kosti en einnig verulega galla. Mér finnst það t.d. verulegur galli á henni að hún er ósöguleg, tekur ekki tillit til hugmynda um þróun og framfarir.

Af þeim sökum bætir það nokkru við skilning að líta einnig á stjórnmálin sem hreyfingu fram og aftur. Meginandstæðurnar eru þá á milli afturhaldsmanna, íhaldsmanna og framfarasinna. Eftir sem áður eru sömu meginandstæðurnar í stjórnmálum, en hafa nú sögulega vídd og hægt er að leggja á þær mælikvarða þróunar og jafnvel framfara.

Samkvæmt þessu væru hægrimenn þá afturhaldsmenn og á það nokkuð vel við þegar litið er til pólítískrar orðræðu þeirra á hverjum tíma. Á 19. öld litu hægrimenn í Frakklandi t.d. með söknuði til tímans fyrir frönsku byltinguna og vildu endurreisa konungsveldið. Á 20. öld horfðu hægrimenn hins vegar til 19. aldar sem gullaldar borgarastéttarinnar en höfnuðu sósíalískum hreyfingum samtímans. Hugmyndafræðingar þeirra voru karlar frá 17. og 18. öld, menn eins og John Locke, Edmund Burke og Adam Smith, en þeir höfðu óbeit á fremstu hugsuðum samtímans. Fyrir nokkrum dögum mátti t.d. lesa pistil eftir klassískan afturhaldsmann í Blaðinu þar sem skammast var út í kanadíska hagfræðinginn John Kenneth Galbraith, en pistillinn hefði alveg eins getað snúist um Jean-Paul Sartre, Michel Foucault eða Noam Chomsky.

Undanfarinn aldarfjórðungur hefur verið „endurreisnarskeið“ í augum afturhaldsmanna, ekki þó konungsveldisins heldur „alþjóðavæðingar“ í anda heimsvaldastefnu 19. aldar. Hvað mun afturhaldsmenn dreyma um á 21. öld? Það getum við auðvitað ekki séð fyrir en mér finnst líklegt að gullöld þeirra verði þá 20. öldin með óheftri orkusóun, einkabílum og stórvirkjunum. Afturhaldsstefna framtíðarinnar er í mótun í þessum orðum töluðum.

Miðjumenn eru á hinn bóginn íhaldsmenn í klassískum skilningi. Stefna þeirra er þróuð með markaðsrannsóknum í þeim tilgangi að fanga tíðarandann og elta það sem er vinsælt hverju sinni. Þeir líta til samtíðar en ekki framtíðar, sem kemur m.a. fram í tilhneigingu til að kalla sig „nútímalega“. Miðjan hafnar valkostum, hvort sem stefnt er fram eða aftur, og heldur alltaf með sigurliðinu í ágreiningsmálum fortíðarinnar. Hættur miðjustefnunnar felast í því að miðjumönnum hættir til að líta á nútímann sem besta mögulega veruleikann að hætti meistara Altungu í skáldsögu Voltaires, en upplýsingarmaðurinn franski skapaði þá persónu sem paródíu á íhaldsmenn síns tíma.

Vinstrimenn eru hins vegar framfarasinnar. Þeir trúa á betri heim og eru afar gagnrýnir á eigið samfélag, benda á aðra valkosti og lausnir sem eru umfram allt nýjar, jafnvel draumalönd og útópíur, en í augum íhaldsmanna eru þeir „fúlir á móti“. Vinstrimenn trúa á möguleika mannsins til að bæta sig og fullkomna og þeim er það eiginlegt að freistast til að hanna söguleg módel þar sem þróun í átt til framfara verður nánast óhjákvæmileg samfara breyttum þjóðfélagsháttum. Vinsældir marxismans meðal vinstrimanna eru engin tilviljun.

Frjó hugsun og sprengikraftur einkennir framfarasinna umfram afturhalds- og íhaldsmenn en í framfarastefnunni felast líka ýmsir pyttir. Framfarahugtakið er erfitt viðureignar og engin ein skilgreining til á því hvað telst til framfara og hvað ekki. Þess vegna er hið alræmda sundurlyndi vinstrimanna eðlilegur fylgifiskur framfarahyggju þeirra, þar sem margir hópar geta boðið fram sína útgáfu af framtíðinni. Þá er eðlilegt að veruleiki hins óþekkta hræði marga sem kjósi frekar þekkta fortíð eða samtíð.

Hér ætla ég ekki að leggja mat á það hvort sé í eðli sínu betra eða verra, afturhald, stöðugleiki eða framfarir. Það hlýtur að sumu leyti að ráðast af skapferli hvers og eins hvað honum finnst best: Kunnugleg fortíð, örugg samtíð eða óviss framtíð. Þá geta hagsmunir fólks verið misjafnir eftir stöðu þess í samtíðinni. Það ætti ekki að koma neinum á óvart að á Vesturlöndum sé íhaldssemi miðjunnar nú allsráðandi, en í þriðja heiminum leiti fólk frekar í smiðju útópískra framfarasinna, eða þá afturhaldsmanna. Mistök Vesturlanda í stefnu sinni gagnvart þriðja heiminum felast ekki síst í þeirri trú að ef sósíalískum framfarasinnum í Austurlöndum nær yrði útrýmt myndi fólk í þessum fátæku löndum upp til hópa gerast þægir íhaldsmenn. Þess í stað hefur það leitað í smiðju manna sem vilja endurreisa kalífaríki miðalda. Þegar ein leið úr óbærilegum samtíma lokast þá opnast önnur í staðinn.





**Toyota Land Cruiser 100**

**Nýskráður 29.1.2003**

Turbo Disel, 35″ breyting, bakkskynjari, sóllúga, vindskeið, dráttarbeisli, leðuráklæði, 7 mann, o.fl o.fl.

**Ásett verð kr. 5.900.000,-**

**Tilboð kr. 5.590.000,-**

Bílabúð Benna
Notaðir Bílar - Bíldshöfða 10
587-1000 - Bílasalan Skeifan

MARKAÐURINN

**Mest lesna viðskiptablaðið**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



Marineruð lúðusteik
FROSNAR marineraðar lúðusteikur
1198 kg KR.
frá Norðanfiski
Nýtt í Bónus!
Frosnar túnfisksteikur, fínar á grillið eða pönnuna!
TÚNFISK
FROSIN TÚNFISKSSTEIK
99 KR.
250g
Marineraður beinlaus lax
LAX Á GRILLIÐ
998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN
bonus.is
BÓNUSFETI
199 KR.
250g
BÓNUS FETA
Gott við garðvinnuna!
3 XL rúllur
298 KR.
3 risa eldhúsrúllur
XL
MAGIC DÓS
97 KR.
EUROSHOPPER Í KÍLÓPOKUM
BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA
198 KR.
HEILT KÍLÓ!
10 RUSLAPOKAR - klárir í garðvinnuna!
10 pokar
95 KR.
2 LÍTRAR
98 KR.
Coca-Cola light
Einfalt og þægilegt
EKKERT BRUÐL
BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599KR.
TÓMATSÓSA
98 KR.
KÍLÓ!
Tomatketchup
Tomaattiketsuppi
Tomato ketchup
1 kg
Ferskir Bónus Floridasafar
APPELSÍNUSAFI
149 KR.
LÍTRI
TRÖNUBERJASAFI
259 KR.
LÍTRI
Florida
25% BERJAINNIHALD
Enginn viðbættur sykur
Crisp fried onion
STEIKTUR LAUKUR
69 KR.
200g
www.bonus.is




MAÐUR VIKUNNAR

# Sérviturt gæðablóð

LOGI GEIRSSON
HANDKNATTLEIKSMAÐUR

Logi Geirsson varð á dögunum Evrópumeistari félagsliða með þýska liðinu Lemgo. Logi er lykilmaður í liðinu sem ýmist hornamaður eða skytta og er feikilega vinsæll með meðal áhangenda liðsins. Logi er uppalinn í FH og lék með öllum yngri flokkunum ásamt meistaraflokki áður en hann hélt í atvinnumennsku. Logi þykir mjög góður liðsfélagi og hikar ekki við að hrósa mönnum þegar þeir gera eitthvað gott. Hann er sagður klókur handknattleiksmaður þrátt fyrir ungan aldur og góður í því sem hann tekur sér fyrir hendur enda ákaflega metnaðarfullur. Þá er hann bæði jákvæður og skemmtilegur náungi.

Logi er Hafnfirðingur og handknattleikurinn er honum í blóð borinn. Faðir hans er Geir Hallsteinsson, sem af mörgum er talinn vera einn besti handknattleiksmaður Íslands, og afi Loga er Hallsteinn Hinriksson, sem er ósjaldan kallaður faðir handknattleiksins hérlendis. Logi byrjaði ungur að kasta bolta, aðeins fimm ára að aldri. Í fyrstu var það faðir hans sem kenndi honum undirstöðuatriðin í íþróttinni og fylgdi honum úr hlaði. Logi er næstyngstur fjögurra systkina og hefur jafnan komið vel saman við þau auk þess sem samband hans við foreldranna var alltaf gott. Prakkarinn var þó aldrei langt undan og Logi var grallarinn í norðurbænum.

Íþróttir leika stórt hlutverk í lífi fjölskyldunnar en Logi lét áhuga sinn á þeim ekki bitna á náminu. Hann gekk í Engidalsskóla fram að unglingadeildinni en síðan í Víðistaðaskóla þaðan sem hann lauk grunnskólaprófi. Þeir sem til þekkja segja Loga skipulagðan, agaðan og reglusaman. Hann ætlaði sér snemma að verða afreksmaður í íþróttum og segir sagan að Logi hafi verið tólf ára þegar hann ákvað að ganga til liðs við Lemgo. Þá hafði hann fylgst með miðjumanninum Daniel Stephan og ákveðið að senda honum tölvupóst. Þegar leikmaðurinn svaraði honum ekki sagði Logi við systkini sín að hann skyldi fara til liðsins og slá þennan Stephan út úr liðinu. Logi beitti mörgum óhefðbundnum aðferðum við að ná þessu takmarki sínu. Hann æfði yfirleitt á kvöldin og á nóttunni en innan fjölskyldunnar er sagan af einu aðfangadagskvöldi sennilega hvað frægust. Eftir matinn ákvað Logi að fara og lyfta í æfingasal FH-inga í Kaplakrika enda mátti hann engan tíma missa.



Skortur á sjálfstrausti hefur aldrei háð Loga en mörgum kann að þykja hann montinn í fyrstu. Þegar fólk kemst í betri kynni við hann kemur þó annað á daginn. Logi er mikill vinur vina sinna og hefur stórt hjarta. Gestir hans til Þýskalands fara til að mynda aldrei í heimsókn til hans án þess að koma heim með fulla ferðatösku af hlutum til að gefa en sjálfur á Logi mjög erfitt með að þiggja. Logi hefur alltaf verið mikill snyrtipinni og hárið hefur alltaf skipt hann miklu máli og tók hann sér því góðan tíma í að finna rétta rakarann í Þýskalandi. Logi er að sögn þeirra sem til þekkja svolítið sérvitur drengur sem vill öllum vel. Logi slær oft á létta strengi þótt ekki þyki öllum það skemmtilegt. Hann segir skemmtilegar sögur, þykir hálfklikkaður náungi sem hægt er að hafa gaman af en allir eru sammála um að Logi er umfram allt mikið gæðablóð.

# Slúður af Blaðinu

**UMRÆÐAN**
NFS OG BLAÐIÐ



**RÓBERT MARSHALL**
FORSTÖÐUMAÐUR NFS

*Það er eitthvað mjög undarlegt í gangi á Blaðinu þegar NFS er annars vegar.*

Það er brostinn á flótti meðal blaðamanna Blaðsins enda munu þeir ósáttir við slakt gengi í lestrarkönnunum. Það mun stjarna blaðsins, Kolbrún Bergþórsdóttir, hugsa sig tvisvar um áður en hún mætir til vinnu á morgnana. Og Andrés ekkert ferlega hress heldur. Þar á bæ segja menn þess ekki lengi að bíða að blaðið verði lagt niður. Hefur dagsetningin 15. ágúst verið nefnd í því samhengi.

Ekkert af ofangreindu hef ég reyndar fengið staðfest en heyrt það flest. Nema þetta með 15. ágúst. Það las ég í Blaðinu í vikunni að væri hugsanlegt dánardægur NFS. Og finnst þetta orðið ágætt.

**67% áhorf**

Tilefni þessara skrifa Blaðsins er nýleg áhorfskönnun Gallup sem nú mældi áhorf NFS í fyrsta sinn. Í Blaðinu sagði að niðurstaðan væri fyrir neðan allar hellur fyrir fréttastöðina. Á föstudag sagði Blaðið hana hraksmánarlega. Samt erum við á NFS mjög ánægð með þessa könnun. Það eru bara nokkrar vikur í að næsta skref í dreifingu stöðvarinnar verði tekið og með því verður öll dagskrá NFS opin öllum almenningi á suðvesturhorni landsins án afruglara. Með því munu 85% heimila á landinu ná útsendingu NFS. Hún bara birtist í sjónvarpinu, si svona.

Könnunin sýndi að það munar sex prósentum á áhorfi fólks á aldrinum 12 til 80 ára á kvöldfréttir NFS og RÚV. Þessi munur var 12 prósent í janúar. Hún sýndi enn fremur að aðeins 3 prósent skilja að áhorf fólks undir fimmtugu á kvöldfréttir NFS og RÚV. Könnunin sýnir að 67% Íslendinga horfa á NFS í viku hverri. Hvernig getur það verið ósigur fyrir sjónvarpsstöð sem hefur verið starfrækt í hálft ár?

**Neitar að birta dagskrá NFS**

Blaðið var að vísu ekki eitt fjölmiðla til að kynna niðurstöður Gallup með þessum hætti. Aðrir fjölmiðlar hafa ekki reiknað heildaráhorf á fréttir og fréttatengda þætti NFS heldur einungis þá áhorfendur sem horfa á útsendingar á Stöð 2. Þeir reikna ekki með áhorfendum sem horfa á kvöldfréttir á rás NFS eða Sirkus. Kvöldfréttirnar eru sendar út á þremur sjónvarpsrásum samtímis, frá sama myndverinu. Könnun Gallup sýnir svo ekki verður um villst að NFS er, þvert á fullyrðingu Blaðins, í stórsókn.

Það er eitthvað mjög undarlegt í gangi á Blaðinu þegar NFS er annars vegar. Þar hefur því verið haldið blákalt fram að lykilfólk væri á leiðinni frá stöðinni; að fólksflótti sé brostinn á á NFS. Samt hafa fleiri starfsmenn Blaðsins sótt um vinnu á NFS en „flúið“ hafa NFS. Blaðið rangtúlkar áhorfskannanir og neitar að birta dagskrá NFS. Slúðrar bara þegar kemur að NFS. Hverslags blað er það?




# ÚTSALA ÚR EINUM GÁMI

## ÓÚTLITSGALLAÐAR ÞVOTTAVÉLAR!

### ÓDÝRUSTU ÞVOTTAVÉLAR Á ÍSLANDI Í DAG

**Whirlpool** 1400 SNÚNINGA ÞVOTTAVÉL

**Whirlpool AWM5140**
1400 snúninga og 5kg ÞVOTTAVÉL með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi, rafeinda-/mekanískum kerfisveljara, hitastilli 30-95°, 1400 snúninga hámarksvindu, tekur 5kg af þurrum þvotti, ullarvöggu, silkiþvottakerfi, hraðkerfi 30 mín., þvotthæfni A, orkunýtingu A og vinduhæfni B.

**TILBOÐ**
**39.995**
FULLT VERÐ **64.995**

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ / ÍSLENSKUR LEIÐARVÍSIR

**BEKO**

**Beko WMD25100T**
1000 snúninga og 5kg ÞVOTTAVÉL með 500 og 1000 snúninga vindingu, 30-90° hitastilli, 30sm hurðaopnun, ullarkerfi, skolstoppi, hraðkerfi, þvotthæfni A, orkunýtni A of vinduhæfni C.

**TILBOÐ**
**29.995**
FULLT VERÐ **44.995**

ÍSLENSKUR LEIÐARVÍSIR FYLGIR

**Barkalausir þurrkarar einnig á tilboði!**




**Fyrstu 100 VÉLUNUM fylgir Ariel Sensitive fljótandi þvottaefni!**

***FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!***

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HUGVERKAsmiðja

# Einkabréf til 1. þingmanns Reykjavíkur

*Í Dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað er um auðgunarbrot í Íran, hábítur er snæddur í góðra vina hópi, og birt einkabréf til fyrsta þingmanns Reykjavíkur um heilsuna hjá lýðræði og stjórnarháttum í höfuðborginni.*



Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

**FÖSTUDAGUR, 28. APRÍL**

## Síðasta æviskeiðið



Við Sólveig brugðum undir okkur betri fætinum og fórum og skoðuðum hús úti í sveit. Nú erum við komin á þann aldur að við förum að huga að síðasta æviskeiðinu. Það verður vonandi langur og góður skeiðsprettur.

**LAUGARDAGUR, 29. APRÍL**

## 9 ár, 2 mánuðir, 25 dagar



Vísindamenn hafa reiknað út að venjulegur einstaklingur eyði að meðaltali 9 árum, 2 mánuðum og 25 dögum í heimilisstörf. Verst að hafa ekki haldið þessu saman því að ég er viss um að ég er búinn með kvótann.

Kvöldverðarboð hjá Lenu og Árna. Gerard nágranni minn sem varð okkur samferða í matarboðið sagði að jakkinn minn væri púkalegur. Ég bað hann að endurtaka það í eyru Sólveigar svo að hún fengi að vita hver í fjölskyldunni hefði mesta þörf fyrir nýjan fatnað. Spjallaði mest við Gunnar Kvaran en við höfum verið vinir síðan við vorum smástrákar. Blini, rússnesku pönnukökurnar hennar Lenu eru guðdómlegar.

Núna er alltaf verið að skrifa um að Íranir séu að auðga úran. Bandaríkjamenn flokka þetta undir auðgunarbrot. Vonandi hafa þeir á að skipa hæfari efnahagsbrotadeild en við hérna á Íslandi, þar sem menn sem hafa þegar verið sýknaðir eru ákærðir aftur og menn sem hafa játað eru ekki ákærðir.

**SUNNUDAGUR, 30. APRÍL**

## Hábítur



Fengum góða gesti í hábít – sem er samsettur af árbít og hádegisverði. Ég ætla ekki að nafngreina gestina, kúltíverað fólk getur fengið illt orð á sig fyrir að umgangast mig.

Fórum austur að Kaldbak að hitta vini okkar Sigríði og Viðar – og heilsa upp á gömlu klárana, Hnokka og Rökkva. Rökkvi er 29 vetra. Hnokki 26. Þetta verður trúlega síðasta sumarið þeirra. En hvernig í dauðanum á ég að fara að því að taka ákvörðun um að fella þessa höfðingja? Getur maður deytt vini sína?

Las í Fréttablaðinu að Sólheimaleikhúsið væri að leita að kvikmyndagerðarmanni og handritshöfundi til samstarfs. Það var eins og ég yrði fyrir rafstraum: Loksins fékk ég aftur áhuga á kvikmyndagerð. Ég sendi þeim tölvupóst og vona að þau vilji vinna með mér.

**MÁNUDAGUR, 1. MAÍ**

## Hamingjudagur



Lá í leti frá morgni til kvölds. Frídagur verkalýðsins.

**ÞRIÐJUDAGUR, 2. MAÍ**

## Veitingablaðamaður

Bauð Lísu vinkonu minni út að borða í hádeginu. Var að byrja feril minn sem veitingablaðamaður og vildi hafa veitingahúsavana manneskju mér til halds og trausts. Lísa stakk upp á því að byrja mjúklega með því að fara á Ósushi í Iðuhúsinu við Lækjargötu. Það var sosum ágætishugmynd, þannig lagað séð.

Fékk tölvupóst, svar frá Sólheimaleikhúsinu. Fólkið er reiðubúið að vinna með mér. Frábært. Ég hef aldrei lofað því að vera hættur í kvikmyndagerð. Svanasöngurinn er eftir.

**MIÐVIKUDAGUR 3. MAÍ**

## Teikningar á náðhússnagla



Skrifaði mína fyrstu veitingahúsagagnrýni. Settist við kl. 9 og sendi hana frá mér kl. 4. Svo halda menn að það sé sældarlíf að vera blaðamaður. Mestur tíminn fór auðvitað í að stytta þetta niður í 3.000 slög. Langhundar eru bannaðir í Fréttablaðinu, en það er tímafrekt að skrifa stuttan texta. Móses var í 40 daga að punkta hjá sér boðorðin tíu. Enda væru margir gagnorðari ef þeir þyrftu að klappa texta sinn í stein.

Skrifaði Össuri Skarphéðinssyni fyrsta þingmanni Reykvíkinga bréf um Hlaðvarpamálið í tölvupósti. Bréf sem send eru í tölvupósti hafa einkennilega tilhneigingu til að lenda í fjölmiðlum svo að kannski er best að birta þetta strax:

*Sæll og blessaður kæri fyrsti þingmaður Reykvíkinga.*

*Manni skilst að það sé gegndarlaus yfirvinna í þinginu þessa dagana og spurning hvort ekki væri betra að taka upp bónus-kerfi eða að minnsta kosti vaktafyrirkomulag.*

*Villi Þ. heimsótti mig um helgina og hlustaði af mikilli athygli á skelfingarsöguna af byggingarframkvæmdum ... hérna í næsta húsi. Það byrjaði að rigna meðan Villi stóð við hjá mér svo að ég gaf honum regnhlíf og bað hann að bóka hana sem framlag mitt í kosningasjóð; menn vita þá hvaðan þessi regnhlíf kom þegar bókhald stjórnmálaflokkanna verður loksins opnað almenningi.*

*Eitt langar mig til að spyrja þig um svo vel verseraður sem þú ert í íslenska stjórnkerfinu: Hvernig er það þegar embættismenn sveitarfélaga (í þessu tilviki byggingarfulltrúinn í Reykjavík) svara ekki fyrirspurnum frá almenningi (í þessu tilviki mér), hvern getur maður þá fengið til að taka í lurginn á þeim?*

*Ekki segja mér að klaga hann fyrir borgarstjóranum því að ég held að það sé ekki á raunir þeirrar blessuðu manneskju bætandi.*

*Eitthvert stjórnvald annað en Guð almáttugur hlýtur að standa fyrir ofan sveitarstjórnir og aðgæta hvort grundvallarreglur þjóðfélagsins séu virtar í einstökum sveitarfélögum.*

*Ekki segja mér samt að í þessu tilviki sé það umhverfisráðherrann því að blessaða prestsmaddömuna vildi ég ekki trufla fyrir nokkurn mun svo að hún villist ekki út af skrifstofunni og týnist í óbyggðum.*



*Er ekki til einhver hlutlaus aðili svo sem umboðsmaður almennings eða eitthvað í þá veru sem maður getur snúið sér til þegar maður þarf að kvarta undan brútalíteti embættismanna og sveitarstjórna?*

*Þessi Hlaðvarpabygging er samkvæmt mælingum byggingarfulltrúans í Reykjavík 60 sentimetrum hærri en teikningar, grenndarkynning og samþykktir leyfa. Niðurstaða hans var að a) reyna að flækja málið með því að halda því fram að hæð bygginga fari eftir því hvernig mælingaraðferðir séu notaðar á þær (sem er alveg dásamleg lógík og sýnir að maðurinn hefur þó altént húmor) og b) að skuggavarp af umfram hæð (sem er engin samkvæmt hans eigin reikningsbókum) sé óverulegt og því sé ekki ástæða til að hlusta á kvartanir nágranna.*

*Mér persónulega er nokkuð sama um hvað R-listagengið telur skynsamlegt að bæta mörgum hótelherbergjum ofan á friðuð hús í miðbænum; það sem pirrar mig er framkoma embættismanna og sveitarstjórnarinnar sem ekki hafa manndóm í sér til að svara fyrirspurnum eða kvörtunum – sem eru lögmætar – heldur þröngva ólögmætum aðgerðum í gegn með þumbarahætti og yfirlæti.*

*Mér er líka slétt sama í hvaða stjórnmálaflokkum það fólk þykist vera sem kemur svona fram; svona framkoma er ólýðræðisleg og í mínum munni heita þeir ... fasistar sem stjórna með ólýðræðislegum hætti.*

*Af því að þú ert sósjaldemókrat í merg og bein og fyrsti þingmaður Reykvíkinga datt mér í hug að vekja athygli þína á þessu máli. Það merkilega við þetta, fyrir utan dólgslega framkomu embættismanna og stjórnvaldsins, er að héðan í frá er komið fordæmi sem gerir byggingaraðilum auðvelt að byggja eftir sínu eigin höfði og varðveita samþykktar teikningar á nagla á starfsmannasalerninu.*

*Ég er í sjálfu sér ekki að ætlast til þess að þú aðhafist eitt eða neitt, kannski ertu alveg jafn ráðalaus og ég sjálfur í þessu máli.*

*En ég vildi þó að minnsta kosti vekja athygli þína á heilsufarinu hjá lýðræði og stjórnarháttum hérna í kjördæminu.*

*Vertu svo ævinlega kært kvaddur,*

*þinn vinur Þráinn Bertelsson*
*Fischerssundi 3, 101 R*



**FIMMTUDAGUR, 4. MAÍ**

## Viðtal við skólablað

Fór að hitta krakka í Laugarnesskóla. Þau vildu taka viðtal við mig og þar var ekki verið að kasta til höndunum. Gaman að sjá hvað þau voru glöð og upplitsdjörf. Flottir krakkar. Ekki var ég svona á þeirra aldri. Ef einhver hefði komið með sextugan rithöfund þegar ég var í tíu ára bekk og sagt mér að taka viðtal við hann hefði ég hoppað út um gluggann.


OPIÐ ELDHÚS
sýningarhelgi

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 11-17
OG SUNNUDAG FRÁ 13-17

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800



- HTH eldhús eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.

VELKOMIN Í GLÆSILEGAN SÝNINGARSAL OKKAR AÐ LÁGMÚLA 8

Ef þú ert að huga að nýju eldhúsi er upplagt að skoða kosti HTH. Í glæsilegum sýningarsal okkar sérðu allt það nýjasta í eldhústækjum frá AEG fléttað saman við innréttingar frá HTH. Þetta samspil HTH og AEG er ekki bara fallegt og vandað heldur er heildarlausn af þessu tagi á góðum kjörum hjá Bræðrunum Ormsson.

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI






HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535


Í DAG
SUMAR
SPORTBÍLASÝNING
FRUMSÝNING Á
CARRERA GT
www.Live2Cruize.com
FÉLAGAR ÚR SPORTBÍLAKLÚBBNUM Live2Cruize MÆTA Á SVÆÐIÐ Á SPORTBÍLUM SÍNUM
TOYOTIRES
20% afsláttur
HRAÐAKSTUR AF GÖTUNUM
SCOOBY
VAGNHÖFÐI 23
Sportbílasýning
FLOTTUSTU SPORTBÍLAR LANDSINS
+ mótorhjól
Bílabúð Benna
Porsche
GILDIR BARA Í DAG
20% afsláttur
m.v. staðgreiðslu GILDIR BARA Í DAG
á ýmsum vörum í verslun
Auto Meter
sparco
K&N
MSD IGNITION
MÓTORHJÓLAVÖRUR
TOYOTIRES
VAGNHÖFÐI

LAUGARDAG KL. 12-16

# HÁTÍÐ!

## KYRON JEPPANUM

Við hjá Bílabúð Benna erum í **sumar**skapi og bjóðum **þér** í dag, laugardag, til SUMAR**HÁTÍÐAR** í húsakynnum okkar **Tangarhöfða 8-12** og **Vagnhöfða 23**.




TANGARHÖFÐI 8-12

## Frumsýnum

SSANGYONG




KYRON X-TRANSITION



Vél er 141 hestafl við 4000 sn/mín. Tog er 310 Nm.



Fáguð innrétting.



KYRON er fullvaxinn jeppi, byggður á grind og með hátt og lágt drif.

**SSangYong KYRON**

Nýr fjórhjóladrifinn jeppi, KYRON, frá SsangYong í Suður-Kóreu er um margt nýstárlegur. Hann dregur greinilega dám af evrópskum lúxusjeppum með sportlegar ávalar línur.

**Sjón er sögu ríkari!**

Veitingar fyrir gesti
*Börnin fá blöðrur*

Bílabúð Benna

**Vagnhöfða 23 og Tangarhöfða 8-12**
s. 590 2000 • fax 590 2099 • benni@benni.is

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Það skyldi þó aldrei vera að þessi stöðugi neikvæði tónn stjórnarandstöðunnar sé farinn að vigta inn í verðbólguna. Þess vegna styð ég forseta í því, verðbólgunnar vegna, að efna ekki til þessarar umræðu enn einu sinni í dag.“*

***Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, um kröfur stjórnarandstæðinga um efnahagsmálaumræðu fyrir frestun þingstarfa.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

# *Úr bakherberginu...*

**Boðarnir framundan**

Þrátt fyrir mikla siglingu fjármálakerfisins og glímu við ójafnvægi í þjóðarbúskap næstu árin er fjármálakerfið traust að mati Seðlabankans. Það stendur óbreytt að mati Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra, „en boðarnir framundan eru nú sýnilegri og meiri“.

Í janúar 2002 hafði gengi krónunnar lækkað um fjórðung hið minnsta og verðbólga stóð hættulega nærri tíu prósentum. Þá stóð þessi sami Davíð í sporum forsætisráðherra, önugur vegna rauðra strika í kjarasamningum, en virtist vita upp á hár hverjir boðarnir voru þá: Hækkun matvöruverðs átti sök á tveimur þriðju verðbólgunnar. Í umræðum á Alþingi 22. janúar sagði hann meðal annars: „Auðvitað á að fylgja því eftir að stórir aðilar séu ekki að misnota aðstöðu sína. Auðvitað er 60 prósenta eignaraðild í matvælafyrirtækjum, verslunarfyrirtækjum í matvælaiðnaði, allt of há hlutdeild. Auðvitað er það uggvænlegt og sérstaklega þegar menn hafa á tilfinningunni að menn beiti ekki því mikla valdi sem þeir hafa þar af skynsemi. Auðvitað hlýtur að koma til greina af hálfu ríkisins og Alþingis að skipta upp slíkum eignum ef þær eru misnotaðar.“

Davíð var þarna að tala um Baug, hvattur af Össuri Skarphéðinssyni, þingmanni Samfylkingarinnar.



**Hver er bestur?**

Matvöruskýringin reyndist að vísu röng hjá Davíð þegar upp var staðið. Viðurkennt var að aðrar hækkanir, meðal annars af hálfu hins opinbera, hefðu átt mun drýgri þátt í verðbólgunni. Um þetta má meðal annars lesa í útgefnu efni Seðlabankans frá þessum tíma.

Davíð seðlabankastjóri gæti seilst lengra aftur í tímann um ráð til að endurheimta stöðugleika. Hæg eru heimatökin þar sem Hannes Hólmsteinn Gissurarson frjálshyggjumógúll situr í bankaráði Seðlabankans. Hannes vitnaði á árum áður í Jón Þorláksson, stofnanda Sjálfstæðisflokksins. Meðal annars í þetta: „Ef peningamálin væru í fullkomnu lagi, ætti tiltekin peningaupphæð að samsvara sama verðmæti fjármuna ár eftir ár. Þetta er samskonar óbreytileiki á verðmælingum, sem nú er heimtaður af lengdarmælitækjum, þyngdarmælitækjum og öðrum tækjum sem notuð eru til að mæla aðra eiginleika munanna en verð þeirra.“

Þetta þarf vitanlega að taka upp á fundi bankaráðsins með Davíð. vegna gengisfellinga. Um fjármálastöðugleikann sagði Davíð einnig fyrir helgina: „Vettvangur athafna er markaðskerfi með umgjörð stjórnvalda sem er sambærileg við það sem best gerist í Evrópu.“ - Var hann að hæla umgjörð sem forsætisráðherrann fyrrverandi skóp?

## VIKA Í PÓLITÍK

JÓHANN HAUKSSON

# *Þverrandi vald*



Talsvert mikið er til í því þegar ráðherrar bera því við að þeir ráði litlu. Vald þeirra er minna en áður. Að þessu leyti var það rétt sem sagt var um Davíð Oddsson, þegar hann sté af stóli forsætisráðherra fyrir einu og hálfu ári, að hann hefði hlutast til um að takmarka vald stjórnmálamanna. Dreifa því.

Þetta stenst skoðun að því leyti að einkavæðing ríkisbankanna, símþjónustunnar og margra annarra ríkisfyrirtækja takmarkar sjálfkrafa áhrifavald stjórnmálamanna.

Halldór Hermannsson, útvegsmaður á Ísafirði, hélt fram skoðunum sem þóttu djarfar fyrir fjórtán árum, þegar umræða stóð sem hæst um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Halldór hélt því opinberlega fram að best væri að sækja strax um aðild að Evrópusambandinu án millilendingar á Evrópska efnahagssvæðinu. Ávinningurinn væri margvíslegur. Í fyrsta lagi mundi þjóðin losna undan geðþóttavaldi íslenskra stjórnmálamanna. Í öðru lagi væri ekkert athugavert við það þótt til dæmis stórfyrirtæki á borð við Nestlé eða Tesco fjárfestu í íslenskri sjávarréttaverksmiðju á Ísafirði eða Húsavík. Í þriðja lagi taldi Halldór að atvinnulíf á landsbyggðinni yrði betur sett með aðild að Evrópusambandinu með ýmsum þeim stuðningi sem sambandið veitir norðlægum byggðum til aðstöðujöfnunar á markaði.

Halldóri hefur að einu leyti orðið að ósk sinni. Áhrif ráðherranna, til dæmis á stjórn efnahagsmála, eru minni en áður. Réttur borgaranna er í æ ríkara mæli varinn í krafti EES-samningsins eða annarra alþjóðlegra sáttmála. Að öðru leyti kunna vonbrigði hans að vera mikil. Með þverrandi valdi ráðherranna hefur nefnilega ekki rofað til í byggðamálum með þeim hætti sem Halldór dreymdi um að orðið gæti með aðild að Evrópusambandinu og stuðningi þess við byggðir á norðlægum slóðum. Hvað þá að erlend fyrirtæki megi óhindrað fjárfesta í íslenskum sjávarútvegi. Þess í stað lýsa stjórnvöld æ oftar yfir áhrifaleysi til lands og sjávar.

Nú þegar farið er að gæta jákvæðra afleiðinga af minnkandi áhrifum íslenskra ráðherra ætti þjóðin að snúa sér að því að ná síðari tveimur stefnumiðum Halldórs Hermannssonar í höfn.

# Vont að missa jafnvægið

**Gengið krónunnar er fallið og verðbólga er yfir viðmiðunarmörkum. Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna, gagnrýndi hart, áður en þingstörfum var frestað, að ekki skyldi gefið svigrúm til umræðu um óstöðugleika í íslensku efnahagslífi.**



**BYGGINGAKRANAR Í REYKJAVÍK** „Mikil lækkun eignaverðs, gengislækkun krónunnar og hækkun erlendra vaxta samtímis myndi leiða til snarpari aðlögunar en ella.“

„Krónan hefur fallið hraðar og meira en spáð hafði verið,“ segir Steingrímur. „Árni Mathiesen fjármálaráðherra viðurkennir að spá ráðuneytisins sé úrelt því allt væri þetta meira en spáð hafði verið. Verðbólgan er utan viðmiðunarmarka Seðlabankans og flestir ef ekki allir búast við verulegu verðbólguskoti núna. Ríkisstjórnin viðurkennir þetta jafvægisleysi þegar kemur til dæmis að útflutningsfyrirtækjunum. Fjármálaráðherra lagði fram frumvarp í vikunni um að hlífa þeim við skattfærslu gengishagnaðar og þeim erfiðleikum sem þessar miklu sveiflur valda í atvinnulífinu. En ríkisstjórnin lyftir ekki litla fingri gagnvart heimilunum og launamönnum. Þó er alveg ljóst að kaupmáttur mun skerðast verulega á næstu mánuðum. Sérstaklega verður þetta tilfinnanlegt með hækkun verðtryggðra lána. Skuldir heimilanna taka stökk upp á við og verðbætur og afborganir sömuleiðis. Það örlar ekki á neinni viðleitni af hálfu ríkisstjórnarinnar til að takast á við þetta og verja kjör hinna lakast settu gegnum þetta öldurót.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FORMAÐUR VG** „En ríkisstjórnin lyftir ekki lítla fingri gagnvart heimilunum og launamönnum.“

Því vil ég spyrja forsætisráðherra í fyrsta lagi hvort til standi að grípa til einhverra ráðstafana til að reyna að ná aftur efnahagsstöðugleika. Hvort gripið verði til aðgerða til að hlífa launamönnum, einkum þeim lægst launuðu og þá heimilunum eftir föngum. Ég minni á það sem Atli Gíslason, þingmaður VG, vakti athygli á í þinginu hvernig stjórnvöld hafa í raun rústað vaxtabótakerfinu. Ráðherrarnir eru með allt niður um sig í þessu efni og hafa ekkert fram að færa.“

**Stóriðjubindindi**

„Okkur er ekkert að vanbúnaði að leiðbeina ríkisstjórninni. Við höfum flutt um það tillögur í þinginu. Við leggjum til stóriðjubindindi og að skattalækkunum verði slegið á frest um næstu áramót, enda koma þær þeim tekjuhæstu mest til góða. Það á að gera ráðstafanir til þess að hægja á og treysta stöðuna í fjármálakerfinu eins og Seðlabankinn er að gera núna. Eini aðilinn sem ekki viðurkennir vandann og setur hausinn undir sig er ríkisstjórnin. Hún hefur sagt að helstu óvinir þjóðarinnar undanfarnar vikur séu erlendir efnahagsspámenn og álit þeirra. Það hefur byggst á því að þeir væru okkur ekki velviljaðir, þekktu ekki til mála og svo framvegis. Svo finna þeir einn prófessor vestur í Bandaríkjunum og kaupa hann til að halda erindi. Þá er hann alveg óskeikull, hlutlaus og veit allt um þetta. Sem sagt: Ef útlendingar segja eitthvað neikvætt er ekkert mark á þeim takandi. En höfuðsnillingar heita þeir ef þeir segja eitthvað jákvætt,“ segir Steingrímur J. Sigfússon.

**Í kröppum dansi**

Um stöðugleika og efnahagslíf segir í nýrri skýrslu Seðlabankans, að ójafnvægi í þjóðarbúskapnum geti grafið undan stöðugleika. Snöggar gengisbreytingar í kjölfar mikils viðskiptahalla og verðlækkun eigna gætu haft töluverð áhrif á skuldsett heimili og fyrirtæki og á rekstrarskilyrði íslenskra fjármálafyrirtækja.

Seðlabankinn segir að gengið hafi fallið fyrr og hraðar en vonast var til. „Til lengri tíma litið er sú breyting holl, enda var gengið orðið töluvert hærra en samrýmst gat jafnvægi í þjóðarbúskapnum.“

Enn fremur segir í innangi skýrslunnar: „Verulegur samdráttur í efnahagslífinu gæti dregið úr stöðugleika fjármálakerfisins. Mikil lækkun eignaverðs, gengislækkun krónunnar og hækkun erlendra vaxta samtímis myndi leiða til snarpari aðlögunar en ella.“

**Viðskiptahalli án hliðstæðu**

Staldrað er við hátt fasteignaverð og það að skuldir einstaklinga, fyrirtækja og þjóðarbúsins í heild hafi aldrei aukist jafn hratt og á síðasta ári. Einkaneyslan jókst um sjö prósent árin 2004 og 2005 en heil 12 prósent í fyrra. Á sama tíma nam viðskiptahallinn meira en 16 prósentum af landsframleiðslu.

Seðlabankinn kallar niðursveifluna, sem hafin er, aðlögunarferli. „Aðlögunarferlið virðist raunar þegar hafið, öllu fyrr en flestir höfðu vænst, með umtalsverðri gengislækkun krónunnar. Nær undantekningalaust lýkur tímabilum mikils viðskiptahalla tiltölulega fljótlega með nokkrum samdrætti. Í ljósi þess að viðskiptahallinn er til muna meiri en nokkurt OECD-ríki hefur áður þurft að glíma við í sögu þeirra samtaka mætti ætla að samdráttur gæti orðið nokkuð harkalegur.“

Seðlabankinn segir fullum fetum að aðlögunin eða samdrátturinn verði á innflutningshlið, en innflutningurinn sé afar næmur fyrir miklum gengisbreytingum.

johannh@frettabladid.is


**Opnir kynningarfundir**

**Vaxtarsamningar, alþjóðavæðing, klasar og samkeppnishæfni**

**Ifor Flowcs-Williams,**
**forstjóri, Cluster Navigator og alþjóðlegur ráðgjafi,**

mun halda fyrirlestra um alþjóðavæðingu, samkeppnishæfni og klasa. Ifor mun fjalla um alþjóðleg verkefni á sviði klasa og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði. Ifor hefur m.a. unnið fyrir fjölda landa, OECD, Alþjóðabankann o.fl.

Opnir kynningarfundir á eftirtöldum stöðum vikuna 8. - 12. maí n.k.:

**Egilsstaðir, mánudaginn 8. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Hérað Egilsstöðum**
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Austurlands

**Ísafjörður, þriðjudaginn 9. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Ísafjörður, Ísafirði**
Fundur á vegum Vaxtarsamnings Vestfjarða

**Sauðárkrókur, miðvikudaginn 10. maí, kl. 12:00 - 14:00, Kaffi Krókur, Sauðárkróki**
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Norðurlands vestra

**Akureyri, fimmtudaginn 11. maí, kl. 12:00 - 14:00, Alþýðuhúsið, Skipagata 14, 4. hæð, Akureyri**
Aðalfundur Vaxtarsamnings Eyjafjarðar

**Akranesi, föstudaginn 12. maí, kl. 11:00 - 12:30, Garðakaffi, Byggðasafninu á Görðum, Akranesi**
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Vesturlands

**Fundirnir verða auglýstir nánar á viðkomandi landssvæðum.**

Fundirnir eru hluti af stefnumörkun stjórnvalda og iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, um eflingu byggðakjarna og vaxtarsvæða, m.a. með uppbyggingu Vaxtarsamninga, er stuðla eiga að aukinni samkeppnishæfni og vexti atvinnulífs og svæða.

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið,**
**nefndir um Vaxtarsamninga viðkomandi svæða, Atvinnuþróunarfélög viðkomandi svæða**

# Afnemum VSK
## af öllum Prostyle hágæða hjólum

## 26"hjól
City Cruiser




## 12"hjól 3-5 ára — Champion

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.



## 12"hjól 3-5 ára — Girl

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.



# Afnemum VSK
## af öllum hjólum um helgina

## 16"hjól 5-7 ára

Bre
að f
að a
Hjól
ped
aftan
lás, b
að aft
frama
keðjuh
hjálpa
dekk.



## 16"h... — ...ss

keðjuhlíf.



## 20"hjól 7-9 ára — Eos Fatboy

**Bremsur:** Handbremsur að aftan og að framan
**Dekk:** Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krómbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.



## 20"hjól 7-9 ára — Queen

**Gírar:** 6 gíra.
**Tegund gíra:** Shimano grip shift.
**Bremsur:** Handbremsur að framan og að aftan.
**Hjólinu fylgir:** Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að framan og að aftan.



Gildir 11. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**MARLENE DIETRICH (1901-1992) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Glamúr er það sem ég sel, eins og hlutabréf á markaði.“*

*Þýska leikkonan Marlene Dietrich gerði glamúrnum hátt undir höfði.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 6. MAÍ 1937

# *Hindenburg brotlendir í New Jersey*



LOFTFARIÐ HINDENBURG

Loftfarið Hindenburg brotlenti við bandarísku flotastöðina í Lakehurst í New Jersey þennan dag árið 1937. Hindenburg var að lenda í Bandaríkjunum eftir sextíu daga ferð frá Frankfurt í Þýskalandi. Á þessum tíma tók það loftför þrjá daga að fara yfir Atlantshafið, sem var styttri tími en skip þurftu.

Loftför nutu mikillar hylli á þriðja og fjórða áratugnum en fyrsta farið var hannað árið 1852. Þau voru oft nefnd Zeppelin-för eftir Þjóðverjanum Ferdinand von Zeppelin. Hindenburg var stærsta loftfarið sem byggt hefur verið og var rúmir 24 metrar að lengd. Það náði 137 km hraða á klukkustund og hélst uppi af vetnisgasi, sem er mjög eldfimt.

Farþegar voru 36 og 61 í áhöfn. Skipið var að lenda í Lakehurst þegar skyndilega kviknaði í því og það féll til jarðar. 36 létust í slysinu, þar af þrettán farþegar, 21 úr áhöfn og einn úr áhöfn á jörðu. Notkun loftfara varð óvinsæl eftir slysið og engin loftskip voru eftir við lok síðari heimsstyrjaldarinnar.

## MERKISATBURÐIR

**1889** Eiffelturinn er opnaður almenningi á heimssýningunni í París.

**1912** Mjög stór jarðskjálfti á Suðurlandi og íbúðarhús og útihús hrynja. Stærð skjálftans hefur verið áætluð 7 stig á Richter-kvarða.

**1954** Hinn 25 ára Roger Bannister er fyrsti maðurinn semhleypur eina mílu á minna en fjórum mínútum.

**1981** Bandaríski framhaldsþátturinn Dallas er í fyrsta sinn á dagskrá Sjónvarpsins.

**1986** Hornsteinn er lagður að húsi Seðlabankans.

**1994** Ermarsundsgöngin opnuð.

**1995** Átján skólabörn frá Breiðdalsvík slasast þegar rúta fer af vegi.

## AFMÆLI



**Einar Sigurbjörnsson** guðfræðingur er 62 ára.



**Guðmundur Pétursson,** lögfræðingur og fyrrverandi markvörður, er sextugur.



**Geir Svansson** myndlistarmaður er 51 árs.



**Reinhard Reynisson** bæjarstjóri á Húsavík er 46 ára.



**Margrét Sigurðardóttir** (Magga massi) er fertug.

## ANDLÁT

**Guðrún Sigurbergsdóttir**, Rauðarárstíg 9, lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 2. maí.

**Geir Garðarsson**, Skálateigi 1, áður Ægisgötu 3, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 3. maí.

**Ingibjörg Ólafsdóttir** lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 23. apríl. Útför fór fram í kyrrþey.

**Laufey Pálsdóttir** frá Fossi á Síðu, Dvergabakka 12, Reykjavík, lést á Landspítala Fossvogi miðvikudaginn 3. maí.

**Sigríður Ólafsdóttir**, Mánatúni 4, Reykjavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 3. maí.

**Sigríður Þorsteinsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður Álfheimum 26, lést miðvikudaginn 3. maí.

**Sólveig Guðrún Halldórsdóttir** hjúkrunarkona, áður til heimilis í Ljósheimum 10a, Reykjavík, lést á dvalarheimilinu Seljahlíð þriðjudaginn 2. maí.

## JARÐARFARIR

10.30 **Valdimar Guðmundsson**, verður jarðsunginn frá Landakirkju í Vestmannaeyjum.

11.30 **Gunnar Ásberg Helgason**, Lambhaga, Rangárvöllum, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju. Jarðsett verður að Keldum á Rangárvöllum.

13.00 **Rúnar Jón Ólafsson**, Vogatungu 105, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

13.30 **Jón Skagfjörð Stefánsson** fyrrverandi útgerðarmaður frá Brúarlandi, Dalvík, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju.

14.00 **Guðmundur Lúðvíksson**, Bakkasíðu 10, Akureyri, verður jarðsunginn frá Raufarhafnarkirkju.

14.00 **Jón Guðmundsson** frá Sjólyst í Vestmannaeyjum verður jarðsunginn frá Landakirkju.



BJARNI HAFSTEINN GEIRSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI HAUKA Haukar halda upp á 75 ára afmæli félagsins í dag. Á afmælisdaginn var afhjúpað stuðlabergsverk fyrir framan Haukaheimilið úr þrettán stuðlabergssteinum til heiðurs stofnendum félagsins sem voru þrettán talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## BJARNI HAFSTEINN GEIRSSON: 75 ÁRA AFMÆLI HAUKA

# Hátíðlegur Haukadagur

Í dag er Haukadagurinn haldinn hátíðlegur með pompi og prakt. Tilefnið er 75 ára afmæli félagsins. Opið hús verður að Ásvöllum í Hafnarfirði og eru allir velkomnir til veislunnar.

„Við erum sérstaklega að reyna að höfða til unga fólksins með þessum degi og einnig til íbúanna í nýja Vallarhverfinu,“ segir Bjarni Hafsteinn Geirsson, framkvæmdastjóri Hauka en dagskráin er bæði skemmtileg og fjölbreytt. Veltibíllinn verður á staðnum og teflt verður í skák. Einnig verður þrautabraut og Björgvin Franz skemmtir gestum ásamt því að deildir félagsins munu kynna starfsemi sína. „Haukabandið, sem er hljómsveit sem er að láta að sér kveða, ætlar að spila nokkur lög. Í Haukabandinu eru strákar úr fótboltadeildinni og þeir eru nokkuð góðir tónlistarmenn,“ segir Bjarni stoltur af sínu fólki. „Að sjálfsögðu bjóðum við upp á veitingar allan daginn fyrir gesti og gangandi. Vöfflur með rjóma og kakó og nammi fyrir börnin.“

Haukar halda úti öflugu íþróttastarfi þar sem boðið er upp á handbolta, fótbolta, körfubolta, karate, skíðadeild og skákdeild sem er nú komin í fyrstu deild og orðin liðtæk í Evrópumót. „Félagið hefur eflst mikið síðustu árin og þá sérstaklega eftir að við komum að Ásvöllunum í nýja húsið,“ segir Bjarni. „Framundan eru fyrirhugað að byggja nýjan sal við húsið.“ Haukar halda þó fast í rætur sínar enda er mikilvægt öllum að halda tengslum við sögu sína. „Hér er starfandi öldungaráð en í því eru okkar elstu félagar, sem eru á aldur við Haukafélagið, sá elsti 92 ára og er hann einn af stofnendum félagsins. Öldungaráðið hittast hér einu sinni í mánuði og spila. Þetta er góður hópur sem reynist Haukum vel.“

12. apríl var afmælisdagur félagsins en þá var haldin vegleg afmælishátíð. „Á afmælisdaginn var afhjúpaður minnisvarði framan við húsið sem táknar stofnun félagsins og stofnendurnar,“ segir Bjarni en Haukahátíðin er einskonar framhaldsafmælishátíð þar sem hátíðleikinn víkur ögn fyrir meiri gleði og fjöri.

-jóa



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingunn Helgadóttir**

til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Eir, (áður Kambsvegi 4)

sem lést föstudaginn 28. apríl verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 8. maí kl. 13.00.

**Helga A. Einarsdóttir** **Marteinn Jakobsson**
**Halldór Einarsson** **Brigitte Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigríður Ólafsdóttir**

Mánatúni 4, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 3. maí.

**María Friðjónsdóttir** **Ástmundur Kristinn Guðnason**
**Ólafur Héðinn Friðjónsson** **Auður Gunnarsdóttir**
**Kristín Lára Friðjónsdóttir** **Erlendur Helgason**
**og barnabörn.**

# *Ævintýri í Þjóðminjasafninu*

Ævintýralega málþingið „Einu sinni var...“ er haldið á Þjóðminjasafni Íslands í dag. Þar munu fræðimenn úr fremstu röð koma fram og fjalla um ævintýri frá ýmsum hliðum. Málþingið er haldið í minningu Hallfreðs Arnar Eiríkssonar sem var sérfræðingur á Árnastofnun sem meðal annars safnaði og rannsakaði ævintýri. Samhliða málþinginu verður sett upp örsýning á munum sem tengjast ævintýrum.

Að málþinginu stendur Félag þjóðfræðinga í samstarfi við Árnastofnun og Þjóðminjasafn Íslands. Til máls taka Árni Björnsson, Rósa Þorsteinsdóttir, Kristín Unnsteinsdóttir, Roland Eyvindsson, Baldur Hafstað, Aðalheiður Guðmundsdóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir.

Málþingið hefst klukkan 13 og stendur til klukkan 16.45 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnisins. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS Ævintýralegt málþing er haldið í safninu í dag.



HVÍLIR SIG Á BÆNUM Þessi Íraki situr íhugull á bænateppinu í Imam Ali moskunni í borginni Najaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






ÍSA-317-1 – IDEA grafísk hönnun

# AGA Gasol®

**AGA Gasol** hylkin eru léttari, ryðga ekki og þú sérð innihaldið. Þú getur valið á milli tveggja hylkjastærða – 5 og 10 kílóa – allt eftir því hvað hentar þér.

Komdu til okkar að Breiðhöfða 11, heimsæktu umboðsmann okkar eða verslaðu **AGA Gasol** hylki og áfyllingar hjá BYKO, nýjum samstarfsaðila ÍSAGA.

Þú færð allar nánari upplýsingar um **AGA Gasol** hylkin, þrýstiminnkara, slöngur og sérlausnir hjá umboðsmönnum okkar og í þjónustuveri ÍSAGA í síma 577 3000.

Linde Gas AGA

Umboðsmenn ÍSAGA ehf.: *SELFOSS*: Vélaverkstæði Þóris, s. 482 3548 • *SAUÐÁRKRÓKUR*: Byggingavörudeild Kaupfélags Skagfirðinga, s. 455 4626 • *REYÐARFJÖRÐUR*: Heildverslunin Stjarnan, s. 474 1114 • *ÍSAFJÖRÐUR*: Þröstur Marsellíusson hf., s. 456 3349 • *AKUREYRI*: Sandblástur og málmhúðun hf., s. 460 1515.


30% Afsláttur
Krónu kryddað lambasteik
1.119 kr./kg.
25% Afsláttur
Krónu blandaðir kjúklingabitar
299 kr./kg.
30% Afsláttur
Goða Ostapylsur
794 kr./kg.
30% Afsláttur
Goða Bratwurst pylsur
724 kr./kg.
30% Afsláttur
Naggalínan Cordon bleu
370 kr./pk.
Líf safi 1 L. 3 tegundir
89 kr./stk.
Siesta 400g kaffi
199 kr./pk.
Rinaldi 745 ml spagettisósa 3 teg.
169 kr./stk.
Jarðaber 200g box
199 kr./stk.
Zendium barnatannburstar
159 kr./stk.
Kiwi
129 kr./kg.
Zendium barnatannkrem
159 kr./stk.
Meira úrval
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
Skeifan: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
Bíldshöfði: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Hringbraut: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Breiðholt: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Norðurbrún: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Hvaleyrarbraut: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
Mosfellsbær: Allir dagar 12-23
Selfoss: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
Vestmannaeyjar: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
Þorlákshöfn: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað



Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Krónu þurrkr. grísakótilettur 1.189 kr./kg.
30% Afsláttur
Krónu jurtakr. grísahnakki 1.154 kr./kg.
25% Afsláttur
Gríms Fiskibollur 299 kr./pk.
Grims Fiskibollur
Skyr.is 500 ml
Verð frá:
158
kr./stk.
Skyr.is og Smooth-eez gott saman í blandarann
McCain Smooth-eez frosin ber og ávextir
299
kr./pk.
32% Afsláttur
Gríms Fiskibuff 599 kr./pk.
KRÓNUBRAUÐ
STÓRT OG GRÓFT
Krónubrauð stórt og gróft
99
kr./stk.
Shop Rite heitt súkkulaði
239
kr./stk.
Clatronic hraðsuðukanna
898
kr./stk.
Súkkulaðikex 500g
199
kr./pk.
KRÓNUÍS
Krónís 2 L
199
kr./stk.
Hot Cocoa Milk Chocolate
25% Afsláttur
Shop Rite plastpokar, álpappír plastfilma
Sandwich Bags
Storage Bags
Foil Wrap
Bounty eldhúsrúllur 12 stk.
1.289
kr./pk.
Shop Rite kakómalt
397
kr./stk.
Instant Chocolate Flavor Drink Mix
Bounty
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## Þessum er spáð áfram

### Helstu keppinautar Silvíu 18. MAÍ

**1. BELGÍA Kate Ryan** er fulltrúi Belga. Hún syngur lagið „Je t'adore“ eða Ég dýrka þig. Hún er 25 ára gömul og hefur sungið fjölda vinsælla danslaga í heimalandinu. Hún sló í gegn alþjóðlega árið 2002 með útgáfu sinni af laginu „Désenchantée“. Lagið vermdi níunda sætið á Evrópulistanum. Hún hefur selt meira en milljón geisladiska á heimsvísu.





**2. SVÍÞJÓÐ** Svíar senda þaulreynda konu til keppninnar, **Carolu**. Hún sigraði í keppninni árið 1991. Lagið var Fångad av en stormvind. Carola keppti líka fyrir Svía árið 1983 við góðan orðstír. Carola er súperstjarna. Hún varð fyrsti norræni tónlistarmaðurinn til að gefa út plötu í Kína.

**3. BOSNÍA-HERSEGÓVÍNA Hari Mata Hari** mætir með lag eftir Zeljko Joksimovic, sem keppti fyrir Serbíu og Svartfjallaland í hittifyrra og varð í öðru sæti á eftirRuslönu. Hljómsveitin hefur verið þekkt í tvo áratugi í löndunum á Balkanskaga, spilað á yfir eitt þúsund tónleikum og gefið út tólf diska, sem selst hafa í fimm milljónum eintaka.



**4. RÚSSLAND Dima Bilan** fæddist á aðfangadag árið 1981. Hann er aðalpoppstjarnan í Rússlandi og flytur lagið Never Let You Go. Bilan hefur gefið út geisladiska á rússnesku og einn á ensku. Hann hefur einnig tekið þátt í raunveruleikaþáttum, meðal annars Fear Factor í Armeníu.



**5. PÓLLAND** Hljómsveitin **Ich Troje** hefur selt yfir tíu milljónir geisladiska og er ein sú vinsælasta í Póllandi. Hún keppti í Eurovision í Riga í Lettlandi árið 2003 og lenti þá í sjöunda sæti. Hljómsveitin á tíu ára afmæli. Af því tilefni syngja tvær fyrrverandi söngkonur bandsins með þeirri núverandi í laginu auk þess sem rapparinn O-Jay (Real McCoy) tekur nokkrar línur.



# Silvía Night er sigurviss

## *- Vinnur þó engin óskarsverðlaun í Eurovision, að eigin sögn.*

„Við vitum öll hvað gerist í Aþenu. Ég mun stjórna heiminum. Í Aþenu sér mig fleira fólk, fleiri munu hugsa um mig sem fyrirmynd og sem stjörnu, þú veist. Ég verð heimsfræg,“ svarar **Silvía Nótt**, eða Night eins og hún kallar sig núna, beðin um að meta afleiðingarnar af þátttöku sinni í Eurovison í höfuðborg Grikklands, Aþenu. Hún ræðir við *Gunnhildi Örnu Gunnarsdóttir* um undirbúninginn fyrir keppnina, kærastann og keppinautana.

Silvía er fulltrúi Sjónvarpsins, kosin af þjóðinni. Hún er eins tilbúin fyrir keppnina og hægt er. „Við gerum bara eitthvað flippað. Ég þarf ekki að skipuleggja neitt, þú veist, því allt sem ég geri er gull. Ég hef tekið ákvörðun um að láta atriðið flæða, láta fegurðina flæða um sálina á mér,“ segir Silvía á nær lýtalausri ensku, en hún hefur lagt íslenskuna til hliðar í bili: „Ég lít ekkert frekar á mig sem Íslending en annað. Ég er, þú veist, guðleg vera sem talar þá tungu sem fólk talar í kringum mig, þú veist.“

**Undankeppnin ekki hörð**

Silvía býst ekki við harðri keppni fimmtudagskvöldið 18. maí þegar undankeppnin í Eurovision fer fram. „Þetta verður rétt eins og að rífa sælgæti úr höndunum á barni,“ segir Silvía: „Það er vegna þess að lögin og keppendurnir eru ekki fyrsta flokks. Þetta er bara B-keppni, en ekki alvöru söngvakeppni, þú veist. Það er ekki hægt að vinna óskarinn í þessari undankeppni, þetta verður bara virkilega auðvelt; einhverjar rússneskar lesbíur og samkynhneigðir danskir gamlingar sem keppa. Þannig að það er augljóst hver er flottust,“ segir Silvía Night. Enginn skáki henni: „Þeir eru allir vondir, eða á ég kannski bara að segja að ég er svo fokking góð.“ Þarna segir Silvía orðið sem mörgum hugnast ekki og hefur hún að verið beðin um að sleppa orðinu úr textanum á sviðinu í Aþenu: „Einhverjir gamlir hommar kvarta undan textanum en ég mun aldrei breyta honum. Ég geri aldrei eitthvað sem aðrir segja mér að gera, þú veist,“ segir Silvía. Afleiðingarnar skipti þá ekki máli: „Ég stjórna þessu, þú veist. Ég stjórna öllu.“

**Silvía slær á spennuna**

Silvía heimsótti Danmörku á miðvikudaginn, fór til Finnlands og ætlar einnig að heimsækja Írland og Bretland. Hún segist vera að svara gríðarlegri eftirspurn aðdáenda sinna: „Ég hef farið víða um heiminn, fór meðal annars til Japan. Þegar fólk vissi að ég ætlaði að taka þátt í Eurovision voru allir að springa úr eftirvæntingu og ég ætla að slá á spennuna með þessari ferð.“ Hún ætlar sér að vera í Litháen í dag. Spurð um litháenska atriðið, þar sem keppendurnir syngja hástöfum; We are the Winners, svarar hún: „Þeir eru þroskaheftir. Við klöppum bara fyrir þeim og látum þeim líða vel.“

Silvía sendi á dögunum bréf til Svía þar sem hún biður um stuðning í keppninni. Hún segir í bréfinu að henni finnist lag Carolu það besta sem hún hafi heyrt. Pabbi hennar eigi símafyrirtæki. Hún ætli að sjá til þess að Carola fái tólf stig frá Íslendingum með hjálp símafyrirtækisins. Spurð um Carolu og keppanda Grikklands Önnu Vissi, sem báðar eru þaulreyndar í Eurovision, eru komnar á fimmtugsaldur og er spáð góðu gengi, sparar Silvía ekki stóru orðin. Silvía hefur litla trú á sænsku söngkonunni Carolu sem vann Eurovisionkeppnia árið 1991 og keppti einnig 1983. Hvað þá að hún telji að gríska gyðjan Anna Vissi geri góða hluti. Anna hefur tvívegis áður tekið þátt í Eurovisision, árið 1980 og 1982 fyrir Kýpur: „Er Britney Spears fimmtug? Þær munu aldrei meikaða. Kannski slá þær í gegn á elliheimilum í Slóvakíu, þú veist. Kannski fá þær extra pönnukökur, en þær verða aldrei fokking stjörnur, það eru bara draumórar.“

**Sækir stuðning í Rómaríó**

Silvía verður ekki ein á sviðinu í Aþenu og nýtur stuðnings þaulreyndra bakraddasöngvara og dansaranna Rómaríó og Estevez. Hún er, eins og alþjóð veit á föstu með Rómaríó: „Hann er dansari hjá mér. Eins og þú veist er hann atvinnudansari og fyrirsæta, þannig að hann mun styðja mig á sviðinu og utan, þú veist. Þegar ég er þreytt og einmana er hann sá heppni sem verður með mér og styður mig. Þú veist, horfir á DVD með mér og borðar dýran mat og allt.“

Spurningin er hversu mikinn tíma Silvía fær til að slaka á með kærastanum, stífar æfingar og kynningarherferðir fyrir undankeppnina eru framundan. Hún er stígandi stjarna og hefur því lítinn tíma til afslöppunar. ■



**SILVÍA NIGHT MEÐ DÖNSURUNUM SÍNUM** Hún ætlar að gera eitthvað flippað á sviðinu og segist ekki þurfa að æfa neitt sérstaklega, því allt sem hún geri verði að gulli. MYND/EUROVISION.TV

**EUROVISION 2006** GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

# *Uppselt á aðalkvöldið á tuttugu mínútum*

Enn eru lausir miðar í Ólympíuhöllina í Aþenu á undankeppnina 18. maí. Miðar á aðalkvöldið eru löngu uppseldir. Þeir seldust á tuttugu mínútum fyrr á árinu. Búist er við tvö þúsund blaðamönnum til Aþenu vegna Eurovision-keppninnar. Veffréttasíðan doteurovision.com greinir frá því að 1.600 þeirra séu erlendir en 400 heimamenn. Fréttablaðið sendir einn á vettvang.

Ísraelskir Eurovision-aðdáendur héldu á miðvikudagskvöldið upphitunarkvöld fyrir keppnina. Kvöldið hófst með því að Eddie Butler, sem keppir fyrir Ísraela í aðalkeppninni, ávarpaði aðdáendurna í salnum. Á esctoday.com segir að hann hafi þakkað þeim fyrir fjölda ábendinga sem hann hefði fengið, aðallega í gegnum tölvupóst, og gat þess að hann hefði breytt atriðinu eftir athugasemdirnar. Lítilsháttar breytingar hafi einnig verið gerðar á laginu.



Eddie er 34 ára og flutti með foreldrum sínum frá Chigaco í Bandaríkjunum til Ísrael sem barn. Hann vakti fyrst athygli í Ísrael sem söngvari í brúðkaupsbandi.

Hollensku stúlkurnar í Treble mættu á upphitunarkvöld aðdáendanna og tóku Amambandalagið sitt. Lagið er sungið á tilbúnu tungumáli sem og ensku. Hollensku stúlkurnar feta þar með í fótspor Belga. Þeir sungu á tilbúnu tungumáli í keppninni 2003 og lentu í öðru sæti; á eftir hinni tyrknesku Sertab Erener en á undan rússnesku TaTu-stúlkunum. Þær hollensku eru einnig óhræddar að nota trommur í atriði sínu, en keppnin í fyrra var full af trommuatriðum, í anda lags Russlönu sem vann 2004. Áberandi trommusláttur sést aðeins hjá Hollendingum í ár.



Aðdáendurnir í Ísrael kusu uppáhaldslagið sitt, utan þess ísraelska, á samkomunni á miðvikudag. Silvía Night var í topp tíu: Grikkland efst með 85 stig, Rúmenía með 80 stig, Belgía fékk 67 stig, Þýskaland 66 stig, Rússland og Svíþjóð með 60 stig, Ísland hlaut 59 stig, Finnland með 49 stig og Makedónía með 32 stig. Af þessum löndum keppa Grikkland, Rúmenía og Þýskaland í aðalkeppninni.

# Þessum er spáð áfram

## Helstu keppinautar Silvíu 18. maí



**6. TYRKLAND** Margir hefðu haldið að lag **Sibel Tüzün, Superstar**, væri ekki stór hindrun í undankeppninni, en því er spáð inn í aðalkeppnina af áhugamönnum á síðunni Esctoday.com. Sibel gaf út fyrsta geisladisk sinn árið 1998. Hún stofnaði eigin útgáfu og fyrir þremur árum samdi hún tíu lög og gaf út á disk. Sá þriðji kom út 2004, en eftir útgáfuna gaf hún sér tíma til að vera með nýfæddri dóttur sinni, Elaya. Fjórða platan kom út nú í september.

**7. EISTLAND** Í annað sinn senda Eistlendingar Svía til leiks í Eurovision. Stúlkan er 23 ára og heitir **Sandra**. Eistlendingar senda hins vegar í þriðja sinn lagahöfundana Pearu Paulus, Ilmar Laisaar, Alar Kotkas. Þeir lentu í fjórða sæti árið 2000 og 3.-4. sæti árið 2002.



**8. ARMENÍA** **Andre** verður fyrsti armenski flytjandinn í Eurovision. Hann hefur í tvígang verið valinn vinsælasti popptónlistarmaðurinn í Armeníu, bæði árið 2004 og 2005, og hlotið þann heiður á armensku tónlistarverðlaununum. Hann ætlar að reyna að koma sér á framfæri með þátttökunni í Eurovision, en hann var valinn til keppninar af sextíu manna dómnefnd.





**9. MAKEDÓNÍA** **Elena Risteska** samdi sjálf lagið Ninanajna, sem er framlag Makedóníu. Elena er tvítug. Hún stundar háskólanám í ítölsku og bókmenntum.

Fyrir fjórum árum vann hún stjörnuleitarkeppni í heimalandi sínu, eins og svo margir keppendur í Eurovision, og fékk þá plötusamning. Ári síðar gaf hún út plötuna Den i Nok, sem þýðir Dagur og nótt, og náði miklum vinsældum.



**10. FINNLAND** Finnum er nú spáð upp úr forkeppninni með laginu sínu Hard Rock Hallelujah. Hljómsveitin **Lordi** varð þekkt í Finnlandi fyrir fjórum árum þegar hún gaf út plötuna Get Heavy. Hún hefur átt tvö topplög og platan „The Monster Show" hefur verið gefin út í meira en tuttugu löndum.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson í rauninni sá sem keppir í Eurovision:

# *Söngstíll Silvíu meiri Lauper en Spears*

Silvía er fulltrúi Íslendinga í Eurovision. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson keppir hins vegar um sigurinn.

„Eurovision er lagakeppni. Lagahöfundurinn fer því út að keppa," segir Þorvaldur og hlær. Hann segir þó að hann geri sér fulla grein fyrir því að keppnin mæði á Silvíu: „Mínu hlutverki er í raun lokið hvað varðar að semja lagið og koma því frá mér í því formi sem ég vil."

Þorvaldur fer ásamt íslenska hópnum út til Aþenu um miðja næstu viku. Hans helsta hlutverk verður að fylgjast með æfingum úti og sjá til þess að lagið hljómi sem best: „Það verður að verja baklandið, því ef hljómurinn er ekki réttur fer allt í steik."



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Strax eftir sigurinn hér heima hófst Þorvaldur handa við að útsetja lagið fyrir lokakeppnina. Söngur Silvíu og bakraddir voru meðal annars aftur tekin upp; á ensku. Þorvaldur segir breytingarnar á laginu auðheyrðar, því þær séu töluvert miklar: „Áferðin á laginu er miklu poppaðari. Silvía syngur meira í svokölluðum kitsch-stíl, sem þýðir að hún er meira í Cindy Lauper-fílingnum en minna í Britney Spears." Hann er ánægður með lagið: „Það er eins og það á að hljóma með henni."

Þorvaldur segir að hann hafi samið lagið með Eurovision-keppnina í huga. Hann viðurkennir þó að vera pínulítið brenndur eftir síðustu keppni, þar sem lagið hans If I Had Your Love í flutningi Selmu komst ekki upp úr undankeppninni: „En eins og ég hef margoft sagt er lítið hægt að spá í úrslitin. Í fyrra var okkur spáð sigri í öllum engilsaxneskum veðbönkum, en annað kom á daginn. Þegar við fórum út með All Out of Luck árið 1999 þurftum við að fá 140 stig til að komast áfram. Við fórum ekki út með neinar væntingar en lentum í öðru sæti."

- gag





**MISHKIN OG TRYGGVI ÞÓR** Vonir standa til þess að skýrsla þeirra dýpki umræðu um efnahagslífið og fjármálakerfið og dragi úr hættu á því að hagkerfið verði talað niður af þeim sem lítið þekka til innviða íslenska hagkerfisins.

# Topphagfræðingur gefur góða einkunn

*Frederic* Mishkin kynnti skýrslu sína um fjármálastöðugleika á Íslandi í New York síðastliðinn miðvikudag. Niðurstaða hans er að íslenskt hagkerfi og fjármálakerfi standi traustum fótum. Hafliði Helgason fylgdist með kynningarfundi skýrslunnar.

Viðskiptaráð Íslands fól Frederic Mishkin, prófessor við Colombia-háskóla að kanna fjárlmálastöðugleika á Íslandi, ásamt Tryggva Þór Herbertssyni, forstöðumanni Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Niðurstaðan kom ekki mörgum hér heima á óvart. Efnahags- og fjármálakerfið er traust, þrátt fyrir tímabundið ójafnvægi og vaxandi þenslu. Þessu hafa íslenskir hagfræðingar haldið fram, en lítið mark verið tekið á þeim á erlendum vettvangi. Þar hafa neikvæðar skýrslur unnar af minni þekkingu á íslenska hagkerfinu haft meiri hljómgrunn.

**Bölvuð og blessuð athyglin**

Það er ekki sama hvaðan gott kemur. Frederic Mishkin er virtur hagfræðingur og á leiðinni inn í bandaríska Seðlabankann sem aðstoðarbankasstjóri. Mishkin er því afar virtur hagfræðingur og í hópi helstu þungavigtarmanna þegar peningamálastefna og fjármálamarkaðir eru annars vegar.

Þegar talað er fyrir daufum eyrum þarf að finna einhvern sem hlustað er á. Viðskiptaráð Íslands setti sig því í samband við Mishkin og bað hann um að rita skýrslu um íslenska hagkerfið og hættuna af óstöðugleika fjármálakerfisins. Meðhöfundur skýrslunnar er Tryggvi Þór Herbertsson.

Þeir kollegarnir segja í upphafi skýrslunnar. „Það hafa borist góðar og slæmar fréttir af íslenska hagkerfinu. Góðu fréttirnar eru að íslenska hagkerfið hefur vakið mikla athygli. Slæmu fréttirnar eru að íslenska hagkerfið hefur vakið mikla athygli.“

Athyglin getur í senn verið bölvun og blessun. Veldur á því hvernig á henni er haldið. Fundurinn í New York var tilraun til að nýta sér fremur blessun athyglinnar, en bölvun hennar. Mæting var góð á fundinn og fyrir utan þá sem tengjast Íslandi beint eða óbeint voru mættir fulltrúar helstu fjölmiðla sem skrifa um efnahagsmál og fulltrúar fjármálafyrirtækja. Áhuginn á þessu litla skrýtna hagkerfi sem hefur vaxið langt út fyrir sjálft sig virtist nægur. Hvergi var autt sæti í salnum.

**Geir má vel við una**

Erlendur Hjaltason, formaður Viðskiptaráðs setti fundinn og bauð gesti velkomna. Auk Mishkins ávörpuðu fundinn þeir Ólafu Jóhann Ólafsson sem er einn yfirstjórnenda Time Warner og Geir Haarde, utanríkisráðherra. Ólafur Jóhann gerði grein fyrir Mishkin og kynnti hann til sögunnar. Mishkin á að baki glæstan feril í bandarísku háskólasamfélagi og ritað fjölda bóka og greina um hagfræði.

Geir mátti vel una við fundinn og skýrsluna sem fyrrverandi fjármálaráðherra. Heima fyrir hefur Geir mátt þola meiri gagnrýni á stjórn ríkisfjármála, en finna má í skýrslu Mishkins. Í heildina tekið telur hann að á flestum sviðum hafi verið haldið skynsamlega á stjórn ríkisins og kerfisbreytingar undanfarinna ára leitt til úrbóta sem auki styrk íslensks efnahagslífs. „Ég tel að þetta hafi verið vönduð skýrsla,“ sagði Geir. „Við munum að sjálfsögðu skoða ábendingar í skýrslunni og horfa til þeirrar gagnrýni og tillögur af úrbótum.“

Hann sagði að á flestum sviðum stæðu Íslendingar framarlega. Við værum ofarlega á öllum listum um velsæld og samkeppnishæfni. „Ég er stoltur af þessum breytingum og fagna því að skýrsluhöfundar veiti þeim athygli,“ sagði Geir og bætti því við að þeir væru kannski tilleiðanlegir til að setja sig í samband við pólitíska andstæðinga sína til að útskýra þetta fyrir þeim.

**Ekkert að grunninum**

Niðurstaða skýrslunnar er skýr. Þrátt fyrir ójafnvægi í þjóðarbúskapnum um þessar mundir er hættan á alvarlegum áföllum ekki mikil. Fjármálakerfið og aðrar grunnstoðir efnahagslífsins standa traustum fótum og hafa styrk til þess að takast á við áföll. Mishkin vísaði á bug öllum samanburði um að Íslandi svipaði til Taílands og Tyrklands í aðdraganda kreppu. Ísland er minnsta hagkerfi heims með sjálfstæðan gjaldmiðil og fljótandi gengi. Viðskiptahallinn er mikill, en hagkerfið hefur áður aðlagað sig að slíku ójafnvæi og viðskiptahalli horfið á tiltölulega skömmum tíma.

Skýrsluhöfundar benda á að staða ríkisfjármála sé sterk og fjármálakerfið hafi verið leyst úr viðjum hafta og miðstýringar.

Forsendur fjármálalegs óstöðugleika eiga sér rætur í óskynsamlegri peningamálastefnu, ójafnvægi í ríkisfjármálum og skuldum ríkisins og alþjóðavæddu hagkerfi sem er með ófullkomið regluverk og veikt eftirlitskerfi. Hann bendir á að skuldasöfnun einkaaðila megi að stórum hluta skýra með mikilli erlendri fjárfestingu. Ekki sé ástæða til annars en ætla að sú fjárfesting sé vel ígrunduð og muni skila arði til framtíðar.

Ekkert af þessu á við að mati Mishkins. Hann er ekki einn um að benda á þessa þætti. Íslenskir kollegar hans hafa einmitt bent á að Ísland sé þróað hagkerfi með sambærilega innviði og stærri þróuð hagkerfi. Mishkin skrifar undir þetta og segir ekkert í stöðum hagkerfisins benda til hættu á fjármálakreppu.

**Umræðan ein veldur tæplega skaða**

Ef hættu er ekki að finna í grundvellinum verður að leita hennar annars staðar. Eitt af því sem menn hafa haft áhyggjur af er að umræða eins og sú sem íslenskt efnahagslíf og fjármálakerfi hafa mátt þola geti uppfyllt sjálfa sig og leitt til kreppu. Óttinn við slíkt var einmitt orsök þess að Viðskiptaráðið greip til þess að leita til virts og viðurkennds hagfræðings til að fjalla um kerfið. Menn töldu nokkuð ljóst að vönduð fræðileg úttekt myndi leiða í ljós að grunnurinn væri góður. Mishkin segir að þótt ekki sé hægt að útiloka slíkt sé afar ólíklegt að umræða leiði til kreppu ef undirstöðurnar séu jafn sterkar og raunin sé á Íslandi. Hættan sé því lítil.

Þetta eru góðar fréttir, en enginn horfir fram hjá því að hættur eru fyrir hendi og það þarf að stíga yfirvegað og varlega til jarðar á næstunni. Mishkin og Tryggvi benda á að nokkrar breytingar væru æskilegar til að tryggja enn betur góða stöðu hagkerfisins og fjármálakerfisins. Í fyrsta lagi telja þeir að Fjármálaeftirlitið ætti að snúa til baka í Seðlabankann. Bankarnir ættu að auka upplýsingagjöf sína og auka gagnsæi. Slíkt leiðir til þess að minna rýmir er fyrir neikvæðar getgátur um stöðu þeirra. Til framtíðar telja skýrsluhöfundar að taka eigi húsnæðislið úr vísitölu neysluverðs. Það verður þó tæpast gert fyrr en jafnvægi hefur skapast eftir núverandi hagsveiflu. Fjórða atriðið er að halda aftur af ríkisfjármálum og stefna að því að umsvif ríkisins vaxi ekki umfram það sem gera má ráð fyrir í langtíma hagvexti.

Þrjú fyrstu atriðin eru væntanlega auðveld viðureignar ef vilji er fyrir þeim. Hið síðasta er hins vegar eins og Geir Haarde benti á, auðveldara um að tala en í að komast. Þar veldur að pólitík lýtur stundum öðrum lögmálum en hagfræðin, hvað sem allri skynsemi líður.



**VEL MÆTT** Fulltrúar helstu fjölmiðla sem skrifa um viðskipti sendu fulltrúa á fundinn í New York . Hvert sæti var skipað í salnum í Skandinavina House.

## HYUNDAI SONATA

Reynsluakstur á Hyundai Sonata leiðir í ljós að um góðan bíl er að ræða sem gaman er aka í bæ og sveit.



BÍLAR. 2

## SUMAR OG SÓL Í TÝRÓL

Týról er töfraorð í eyrum þeirra sem til þekkja. Heimsferðir bjóða ferðir á þessar fallegu slóðir í sumar.



FERÐIR 6

allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[BÍLAR, FERÐIR OG HEIMILI]**

**Fræðsla** um fugla og gróður verður í Grasagarði Reykjavíkur í Laugardal á sunnudaginn, klukkan 11. Steinar Björgvinsson, garðyrkjufræðingur og fuglaáhugamaður sér um fræðsluna og mun hann ræða um samspil fugla, skordýra og gróðurs og segja frá því hvernig hægt er að laða fugla að görðum með réttu plöntunum.



**Lögreglan** víða um land hefur staðið fyrir sérstöku umferðarátaki að undanförnu og hafa tugir ökumanna verið teknir fyrir of hraðan akstur eða önnur umferðarlagabrot. Vonandi verður þetta til þess að enn fleiri ökumenn hægi á sér.

**Meðlimir** í Netklúbbi Icelandair geta nú tryggt sér flug til Mílanó og Manchester á sérstöku tilboðsverði. Í boði eru bæði flugsæti og pakkaferðir. Ferðirnar gefa allar vildarpunkta en um takmarkað sætaframboð er að ræða.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 6. maí, 126. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.43 | 13.24 | 22.08 |
| Akureyri | 4.14 | 13.09 | 22.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Bíllinn er með 12 ventla vél og skilar 313 hestöflum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# BMW – bíll ársins

***Ingi Þór Vöggsson er eigandi BMW 850 sem nýlega var valinn bíll ársins af meðlimum bílaklúbbsins BMW kraftur.***

Ingi eignaðist bílinn árið 2002 en þá var bíllinn 10 ára gamall. „Ég ætlaði ekki að fá mér svona bíl en þegar ég sá hann varð ég að kaupa hann,“ segir Ingi. „Ég var heppinn og fékk hann á 14 hundruð þúsund krónur en á þessum tíma voru svona bílar á 3 til 4 milljónir.“

Bíllinn var ekki í góðu ástandi og þurfti Ingi að gera við ýmsa hluti. Önnur tölvan í vélinni þarfnaðist viðgerða og rafmagnskerfið var illa laskað. „Þegar ég fékk hann eyddi hann meira en 40 lítrum á hundraðið áður en ég kippti öllu í lag,“ segir Ingi. Það kostar víst sitt að reka 5 lítra, 12 strokka, 131 hestafla vél sé hún illa stillt.

Ingi er ekki mikill viðgerðamaður að eigin sögn. „Þetta eru svo flóknar viðgerðir að ég ræð ekki við þær. Ég skipti í mesta lagi um kerti og olíu,“ segir Ingi og hlær. „Ég ákvað hins vegar að taka bílinn algjörlega í gegn eftir ferðalag sem ég fór í um Evrópu.“ Ingi fór þá með bílinn með Norrænu og keyrði, ásamt félaga sínum, vítt og breytt um Evrópu. Þegar hann var á heimleið í gegnum Þýskaland ofhitnaði bíllinn skyndilega á miðri hraðbrautinni. „Hitamælirinn toppaði allt í einu og við stoppuðum á svona „rest-stoppi“ sem er alls staðar við hraðbrautina. Það voru nokkrir kílómetrar í næstu bensínstöð svo við vorum í vondum málum.“ Það bullsauð á bílnum og þegar þeir athuguðu af hverju þetta hefði gerst kom í ljós að smá stykki, spoiler-skófla undir stuðaranum, hafði dottið af og því fékk vélin ekkert loft inn á sig til kælingar. „Við vorum á nokkur hundruð kílómetra hraða þegar stykkið brotnaði og bíllinn þoldi einfaldlega ekki álagið. Við skriðum inn á næstu bensínstöð og keyptum bensli og gátum bjargað þessu með því,“ segir Ingi.

Ingi er eins og áður kom fram meðlimur í bílaklúbbnum BMW kraftur. Þar er á ferð félagsskapur eigenda BMW og áhugamanna og eru meðlimir nokkur hundruð. Árlega velja meðlimir klúbbsins bíl ársins og að þessu sinni varð bíll Inga fyrir valinu. „Þetta er skemmtilegur klúbbur og góður félagsskapur,“ segir Ingi en hann hvetur alla til að kynna sér starfsemina á www.bmwkraftur.is.



Tryggvi Ólafsson
Sýnir málverk í Gallerí Fold
LISTMUNASALA fold
Opið virka daga kl. 10–18,
laugardaga kl. 11–16, sunnudaga kl. 14–16
Rauðarárstíg 14, sími 551 0400

TOYOTA-þjónusta
BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Tjónaskoðun
Nútíma verkstæði og fullkominn tækjabúnaður
Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
Sérþjálfaðir starfsmenn
Fljót og góð þjónusta
CABAS Verkstæði



Réttum og málum allar tegundir bíla
Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510 · www.bilasprautun.is · bilasprautun@bilasprautun.is

**Spyrnukeppni** á umferðargötum er eitt það vitlausasta sem hægt er að taka þátt í. Bílar eru töff, dauðir ökumenn ekki.




★ WWW.ABVARAHLUTIR.IS ★
EIGUM ÁVALLT Á LAGER VARAHLUTI Í FLESTAR GERÐIR BÍLA
BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - SLÍTHLUTIR - VATNSKASSAR OG FLEIRA
ERUM YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM
Bíldshöfða 18 - Sími: 567 6020 - ab@abvarahlutir.is - www.abvarahlutir.is   Opið virka daga 8-18

Sláttuvélarnar eru komnar í hús
Flottar vélar – frábær verð
SENTINEL
Allir þekkja hina landsfrægu vara-hluta- og viðgerðaþjónustu okkar.
HVELLUR.com
... í einum grænum
G. Tómasson ehf • Súðarvogi 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

Gabriel höggdeyfar, AISIN kúplingssett, TRISCAN spindilkúlur, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nef-hjól á kerrur. Bílamottur.
GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is
Varahluta- og verkstæðisþjónusta
Viðurkennd varahluta- og verkstæðisþjónusta fyrir eftirtaldar tegundir bifreiða
Mercedes-Benz
Chrysler
Jeep
Mazda
Dodge
Mantra 4x4
Verkstæði Ræsis er opið á **laugardögum** frá kl. **9.00–13.00** og varahlutaverslunin frá kl. **10.00–14.00.**
Verkstæði Ræsis er jafnframt opið frá kl. **7.30–18.00** og varahlutaverslun frá kl. **8.00–18.00** alla virka daga.
Tímapantanir í síma 540 5432/33 eða á verkst@raesir.is
Sala fólks- og atvinnubíla er opin alla virka daga kl. **9.00–18.00**
Himinn og haf / SÍA




Hyundai Sonata er fyrirtaksbíll innanbæjar sem utan.

# Góður bíll á góðu verði

***Hyundai Sonata er nú fáanlegur hér á landi með 2 lítra vél. Hér er mjög stór og rúmgóður bíll á ferð sem er frábært að aka.***

Hyundai kynnti til sögunnar fimmtu kynslóð Sonötu á síðasta ári, nýtt útlit og stærri bíl. Sá bíll hefur fengist með 2,40 lítra vél síðan á síðasta ári hér á landi en er nú fáanlegur með 2 lítra vél, jafn þungur og stór bíll. Þann bíl fékk Fréttablaðið til reynsluaksturs og til að gera langa sögu stutta þá var undirrituð afar hrifinn af bílnum sem reyndist mjög lipur í akstri innanbæjar þó stór væri en alveg frábær á þjóðveginum. Vélin skilaði svo sannarlega sínu, var hljóðlát, kraftmikil og bíllinn steinliggur á veginum. Ökuferð austur í sveitir leið á örskotstundu og undirrituð hefði vel getað hugsað sér að halda áfram og taka allan hringinn.

En byrjum á byrjuninni. Hyundai Sonata hefur hefðbundið fólksbílsnið, svona eins og er á undanhaldi í dag en var eitt sinn ráðandi á götunum. Að útliti er bíllinn einfaldur og stílhreinn. Stærðin á honum gerir hann samt glæsilegri og veglegri en venjulegan fólksbíl. Bíllinn er mjög rúmgóður þegar inn er komið. Mjög vel fer um bílstjóra sem hefur mikið rými til að athafna sig. Bilið á milli bílstjóra og farþega er mikið. Gott pláss er líka fyrir farþegana. Það er þó rétt að taka fram að bíllinn er ekki eiginlegur lúxusbíll, innréttingar eru einfaldar og sætin með tauáklæði – enginn leðurlúxus á ferð. Enda verðið hagstætt, beinskiptur kostar bíllinn rúmar 2 milljónir en sjálfskiptur tæpar 2,2 milljónir. Á það skal þó bent að Sonata fæst í lúxusútgáfu og kostar þá töluvert meira.

Það er ekki mikið verð fyrir svona stóran og góðan akstursbíl. Því góður er hann í akstri eins og fram hefur komið. Hann er algjör draumur á venjulegum þjóðvegaakstri og hafði ekkert fyrir því að halda 100 km hraða í brekkum. Hann er líka hljóðlátur sem er mikill kostur á ferðalögum.

Farangursrýmið er mjög stórt, 462 lítrar. Fyrir fjölskyldufólk með lítil börn eru venjuleg farangursrými ekki endilega þau bestu fyrir vagna og annað barnadót, þó stór séu. En plássið er gott fyrir venjulegan farangur og golfsettin komast auðveldlega mörg fyrir eins og undirritaðri var bent á. Þannig að fólk með stálpuð börn, uppkomin eða engin er kannski frekar í markhóp bílsins.

Stærð bílsins getur auðvitað flækst fyrir þegar verið er að snúast í 101 þar sem bílastæði eru af skornum skammti, það segir sig sjálft. En stærðin gerir bílinn ótrúlega veglegan og góðan á vegi. Bíllinn eyðir ekki sérlega miklu, framleiðandi segir eyðsluna vera 8,9 l á hundraði í blönduðum akstri þegar um stærri bílinn er að ræða, þessi útgáfa er sparneytnari sem er auðvitað kostur.

Hyundai Sonata er fyrirtaksbíll, ekki sá íburðarmesti á markaðnum, en á góðu verði og fínn í akstri sem gerir hann að góðum kosti fyrir þá sem vilja fólksbíla í stærri kantinum.

**sigridur@frettabladid.is**



Umhverfi bílstjóra er stílhreint og einfalt.

| | |
|---|---|
| **Vél:** | 2000 |
| **Hestöfl:** | 145 |
| **Verð, beinskiptur.** | 2.040.000 |
| **sjálfskiptur** | 2.190.000 |
| **Eldsneytistankur:** | 70 lítrar |
| **Lengd:** | 4.800 mm. |
| **Breidd:** | 1.832 mm. |
| **Hæð:** | 1.475 mm. |
| **Farangursrými:** | 462 l |



Sportleg framljós.



Ágætt rými er milli bílstjóra og farþega.



Bíllinn er rennilegur á að líta.



Farangursrými er stórt.



## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

# Bílskúrsdrama - 3. hluti

Eitt af því sem við félagarnir gerðum við nýuppgerðan ferðabíl okkar var að ryðbæta nítján ára gamla yfirbygginguna. Eftir óteljandi kvöld með sandpappír, sandblæstri, slípirokkum, blikksuðum, trefjaplasti, sparsli og límkítti var dómurinn loks kveðinn upp: „Þetta hlýtur að duga önnur nítján ár í viðbót!“

Og þá var komið að því að sprauta. Liturinn var ákveðinn dökkrauður, ekki síst til að fela það ryð sem gæti á næstu árum ákveðið að sýna sig. Þar sem viðgerðin hafði verið æði kostnaðarsöm ákvað ég í sparnaðarskyni að sprauta bílinn sjálfur. Hversu erfitt gæti það svo sem verið?

Stig eitt, kaupa lakk. Það tók reyndar drjúgan tíma sökum þess að dökkrauður er til í um það bil nítjánþúsund litbrigðum, svo ég fékk nettan valkvíða.

Stig tvö, hreinsa húsnæðið og líma fyrir glugga og dyraop. Af því síðara hafði ég nokkra reynslu, en fáum sögum fer hins vegar af afrekum mínum á hreingerningasviðinu. Vatni, sprautað á veggina með loftpressu, var ætlað að hylja þá staðreynd. Stig þrjú, sprauta grunni. Gekk nokkuð vel. Verst að það þarf að pússa grunninn með vatnspappír á eftir til að slétta hann undir lakkið.

Stig fjögur, sprauta lit. Öndunargríma sem minnti á Star-Wars-mynd hélt í mér lífinu á meðan skúrfélagin fór heim með hausverk. Lakkgufa og -ryk settust í öll önnur vit og ég var rauðleitur í nokkra daga á eftir.

Stig fimm, sprauta glæru. Þegar hér var komið sögu var ég nánast blindur af lakkgufunum og táraðist út í eitt. Ég sá ekki milli veggja í skúrnum fyrir þykkum mekki og undir það síðasta sprautaði ég með lokuð augun, sem er ekki mjög góð hugmynd, nema bíllinn eigi að enda á nýlistasafni.

Stig sex, meta verkið. Þar sem gjöfin á lakkinu var of mikil hafði það runnið. Þar sem hún var of lítil var lakkið hamrað. Allt í allt eru um níu fersentimetrar á bílnum vel sprautaðir svo ég reikna með að eftir tuttugu bíla í viðbót verði ég búinn að ná tökum á þessu. Engu að síður er bíllinn nú ryðvarinn og það er fyrir öllu. Ég þekki orðið hvern blett á honum og veit nákvæmlega hvar hann lítur vel út og hvar hann þolir varla sólarljósið. Og ég er bara sáttur. Það er allt í lagi þó að einn og einn bíll sé ekki með fullkomna lakkáferð. Í versta falli eru líka bara nítján ár þangað til þarf að sprauta hann aftur.







VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU
Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk
Vortilboð!
31" heilsársdekk
kr. 11.900
(31x10.50R15)
Aðrar stærðir:
27" 215/75R15, kr. 7.900
28" 235/75R15, kr. 8.900
30" 245/75R16, kr. 10.900
32" 265/75R16, kr. 12.900
ALORKA
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur"
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

DRÁTTARBEISLI
TILBOÐ
20% AFSLÁTTUR
af dráttarbeislum fyrir flestar gerðir bifreiða
bosal
Bílanaust
535 9000
Akureyri • Egilsstöðum • Hafnarfirði • Höfn • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfoss


SsangYong Kyron-jeppinn verður frumsýndur í Bílabúð Benna í dag milli klukkan 12 og 16.

# Kyron frumsýndur í dag

***SsangYong Kyron er nýr jeppi sem Bílabúð Benna frumsýnir í dag.***

Kyron er heiti á nýjum jeppa frá SsangYong sem Bílabúð Benna frumsýnir í dag. Um er að ræða stóran jeppa með túrbó díselvél, ættaða úr smiðju Mercedes Benz. Jeppinn er með stærri jeppum í þessum flokki, hann er 1880 mm á breidd 4660 mm á lengd. Hann er þess vegna eins og gefur að skilja mjög rúmgóður og farangursrými stórt, allt að 1222 lítrar. Vélin er fjögurra sílindra með tveggja lítra slagrými, hún er 141 hestafl við 4000 snúninga á mínútu. Hámarkstog er 310 Nm.

Tveggja lítra vél hljómar ekki sérlega sannfærandi í svo stórum bíl en blaðamaður getur staðfest eftir stuttan prufuakstur að togið í vélinni er gott, bíllinn er fljótur að ná góðum hraða þó viðbragðið sé ekkert meiriháttar. Hann er þægilegur í stýri og virkaði lipur í prufutúrnum. Stærðin á vélinni gerir það að verkum að á hann leggjast lægri tollar en á jeppa með stærri vél, það skýrir hagstætt verð. Fullbúinn kostar bíllinn um 3,490.000 sjálfskiptur, beinskiptur 3.190.000 kr.

Vélarstærðin gerir það að verkum að bíllinn er sparneytnari fyrir vikið, tölur frá framleiðanda segja 8,4 l á 100 km í blönduðum akstri sem telst ekki mikið fyrir jeppa. Jeppinn er afgreiddur frá umboði með 31 tommu dekkjum en til þess að fá undir hann stærri dekk þarf að fara í breytingar á bílnum með tilheyrandi aðgerðum.

Talsvert hefur verið lagt í hönnun á bílnum, hann er hannaður af Kan Greenley, þeim er hannaði Musso-jeppann en Kyron er arftaki hans hjá Ssang Yong. Réttilega er bent á af umboðinu að síðan Mussoinn koma á markað, 1993 hefur mikil tækniþróun átt sér stað í bílaiðnaðinum og ekki beinlínis hægt að bera þessa tvo bíla saman. Þeir eiga það þó sameiginlegt að vera með vél úr Mercedes Benz, millidrif frá Borg-Warner, burðarmikla stigagrind, stífa Dana-Spicer- afturhásingu og gormafjöðrun.

Þess má geta að millikassinn í bílnum er gerður fyrir hlutadrif, í venjulegum akstri er drifið einungis á afturhjólum. Fjórhjóladrifið er valið með hnappi í mælaborði og hægt að velja það á fullri ferð, lága drifð er einnig valið með hnappi. Sjálfvirkar rennilokur í nöfum framhjólanna tengja framhjólin öxlunum þegar fjórhjóladrifið er valið.

Bíllinn er ríkulega búinn, meðal staðalbúnaðar er sjálfvirkur hraðastillir, kælikerfi, upphitun í framstólum og fleira.

*sigridur@frettabladid.is*

**Verð sjálfskiptur** 3.490.000 kr.
**Beinskiptur** 3.190.000 kr.
**Lengd** 4660 mm.
**Breidd** 1880 mm.
**Hæð** 1740 mm.
**Slagrými,** sm2 2000.
**Hámarksafl,hö/sn/mn** 141/4000.
**Hámarkstog Nm/sn/mn** 310/1800-2750.
**Hámarkshraði** 167 km.
**Snerpa** 0-100 km 13,9 sek.


Hinn „sanni andi BMW" kom 3 línunni í fyrsta sæti hjá dómnefnd 46 bílablaðamanna.

# BMW 3 línan alheimsbíll ársins

***Hlutskarpastur hjá dómnefnd, sem lagði mat á 20 atriði.***

BMW 3 línan hefur verið kjörin World Car of the Year eða alheimsbíll ársins 2006. Í ár voru 27 bílar tilnefndir til þessara eftirsóttu verðlauna og keppnin því afar hörð. Í öðru og þriðja sæti urðu Mazda MX-5 og Porsche Cayman S.

Sigurvegarinn er valinn af dómnefnd 46 bílablaðamanna. Hver einstakur bíll er metinn með hliðsjón af 20 viðmiðum, þar á meðal hönnun, frammistöðu, svörun, þægindum og notagildi. Í niðurstöðu dómnefndarinnar segir meðal annars að 3 línan hafi, sem ótrúlega heilsteyptur og sportlegur bíll, hinn sanna anda BMW, líkt og hún hefur gert um þriggja áratuga skeið.

Hönnun línunnar er enn fremur sögð endurspegla sjaldséð jafnvægi á milli frammistöðu og stíls annars vegar og notagildis hins vegar. Þá sé hún fáanleg í mörgum mismunandi útgáfum, þar á meðal með xDrive-aldrifinu, í M-útgáfu, sem langbakur eða með öflugum dísilvélum. Fjölbreytnin í útgáfunum sýni þann mikla styrk sem grunnhönnunin búi yfir.

Mazda MX-5 og Porsche Cayman S urðu að láta sér lynda að deila öðru og þriðja sæti.




Ford Galaxy er ekki bara notadrjúgur, heldur líka ofnæmisprófaður. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL

# Ofnæmisvottaðir Ford

***Fjórir bílar lausir við ofnæmisvalda.***

Nýjar Ford S-MAX og Ford Galaxy bifreiðar stóðust fyrir skömmu ströngustu kröfur sem þýsku TÜV samtökin gera við ofnæmisprófanir á innréttingum bifreiða. Engum öðrum bílaframleiðanda hefur tekist að framleiða bíla sem uppfylla ströngustu skilyrði TÜV. Áður hafa Ford Focus og Ford Focus C-MAX náð þessum árangri.

Við rannsóknir sínar prófar TÜV yfir 100 mismunandi hluta innréttinga bílanna í leit að þekktum ofnæmisvöldum. Auk þess eru rannsakaðir sérstaklega innviðir sem eru í stöðugri snertingu við húð ökumanns eða farþega, til dæmis stýri og sætisbelti. Jafnframt er andrúmsloft bifreiðanna mælt ítarlega og rannsakað með tilliti til ofnæmisvalda.

Ofnæmissamtök Bretlands hafa jafnframt veitt Ford S-MAX, Galaxy, Focus og C-MAX sérstaka viðurkenningu fyrir hönnun sem tekur tillit til þeirra sem eiga við ofnæmi að stríða.



Á vélhjólasýningu Rafta er að finna allar gerðir af mótorhjólum.

# Vélhjól í Borgarnesi

*Frítt er inn á Vélhjólasýningu Rafta í dag.*

Raftar, vélhjólafélag Borgarfjarðar, stendur fyrir mikilli vélhjólasýningu í Íþróttahúsinu í Borgarnesi í dag. Þetta er í fjórða sinn sem Raftar halda sýningu af þessu tagi og til sýnis verða um 70 hjól. Auk þess er von á 150 hjólum öðrum sem verður lagt til sýnis fyrir utan húsið.

Sýningar Rafta hafa verið feikivinælar og laðað að á milli tvö og þrjúþúsund gesti. Á sýningunni eru allar gerðir vélhjóla og má þar finna torfæruhjól, „hippa“, „krúsera“ og keppnishjól. Einnig verða á svæðinu fjórhjól og mótorhjól með hliðarvagni.

Sýningin stendur frá kl. 13 til 17 í dag og aðgangur er ókeypis.



Eftir einn ei aki neinn. Nema um sé að ræða góðan lúr. LJÓSMYND/GETTY IMAGES

# Þreyta er hættuleg

*Svefnleysi er jafnvel verra í umferðinni en ölvun.*

Ökumenn sem eru ósofnir og dauðþreyttir undir stýri eru jafn hættulegir eða jafnvel hættulegri sjálfum sér ög öðrum í umferðinni en ölvaðir ökumenn. Rannsókn sem vísindamaður við Háskólann í Umeå í Svíþjóð hefur gert bendir til þessa.

Vísindamaðurinn rannsakaði áhrif ýmissa þátta á vinnu og afkastagetu fólks. Hann segir við Aftonbladet í Svíþjóð að ökumenn sem aki þjáðir af þreytu og svefnleysi séu stórhættulegir. Hann bendir því til staðfestingar á að evrópskar slysarannsóknir sýni að þreyta og svefnleysi ökumanna séu stór þáttur í fimmta hverju umferðarslysi. Hans eigin rannsókn sýni að þreyttir og svefnvana ökumenn getir verið háskalegri í umferðinni en ölvaðir ökumenn. Viðbrögð ökumanns sem sé illa sofinn eða ósofinn séu sambærileg viðbrögðum manns með 0,8 prómill áfengis í blóðinu. (Af www.fib.is)

**nýtt }**



## Nýr Porsche-vefur

NÝTT OG FERSKT EFNI Í BLAND VIÐ ELDRI UPPLÝSINGAR.

Fyrir skemmstu var opnaður nýr Porsche-vefur á slóðinni www.porsche.is. Í fréttatilkyningu kemur fram að mikið hafi vantað upp á upplýsingar um Porsche-bifreiðar hérlendis en nú hafi verið bætt úr því. Stefnt er að því að bjóða upp á nýtt og ferskt efni en það er starfsfólk Bílabúðar Benna sem heldur vefnum úti.

# Ford GT á leið til Brimborgar

***Sérsmíðaður fyrir Brimborg og verður til sýnis næstu mánuði.***

Ford GT, ein mesta goðsögn bílasögunnar, kemur til Brimborgar í þessum mánuði. Ford Motor Company hefur tryggt Brimborg eintak af þessum magnaða bíl og verður hann til sýnis hjá Brimborg við Bíldshöfða næstu mánuði.

Bíllinn gæti ekki verið nýrri. Hann var framleiddur nú í apríl og sérsmíðaður fyrir Brimborg. Þetta ótrúlega eintak kostar yfir tuttugu milljónir króna, enda er ekkert til sparað. Brimborg sérpantaði bílinn með öllum þeim aukabúnaði sem fáanlegur er. Ford GT er 550 hestöfl, beinskiptur 6 gíra og tekur það hann aðeins 3,6 sekúndur að ná 100 km hraða.

Ford GT er magnað dæmi um þá djörfung sem Ford hefur lagt í gerð sportbíla í gegnum tíðina og ljóst að þetta eintak mun auðga íslenskan sportbílamarkað. Jafnframt er þetta hvalreki fyrir íslenska bílaáhugamenn, sem geta á næstu mánuðum virt fyrir sér hluta af bílasögunni í sýningarsal Brimborgar við Bíldshöfða.



Fallegur og rennilegur. Ford GT er væntanlegur til Brimborgar í þessum mánuði.




**Ferðalag** þarf ekki að vera langt. Bláa lónið, Þingvellir og Hvalfjörður eru allt fallegir áfangastaðir í nánd við höfuðborgarsvæðið.




## Golfbílar.... Golfbílar....

„Ný sending“



Lexa býður uppá golfbíla frá Bandaríkjunum, Bílarnir eru uppgerðir af fagmönnum.

Lexa býður einnig uppá yfirbyggingar með rennihurðum á allar tegundir Golfbíla, Kerrur fyrir golfbílinn og mikið úrval aukahluta

Lexa veitir alla almenna þjónustu fyrir Golfbílinn þinn,, s.s. Skipta um olíu, reimar, kerti,þrif og fl.

E-Z-GO.....Club Car…..Yamaha…..Melex…..City Car

LEXA

Sími 897 1100
www.lexa.ws










allt tíska
Alla fimmtudaga



Falleg fjöll og friðsæld einkenna Týról.

# Sumar og sól í Týról

*Kýr með bjöllur og blómum skrýdd hús, hattar og jóðl eru meðal þess sem í hugann kemur þegar minnst er á Týról.*

Týrol er töfraorð í eyrum þeirra sem til þekkja, nafnið kallar fram í hugann mynd af einstakri náttúrufegurð, fjöll, engi og fallegar gönguleiðir, kýr í haga með bjöllur um hálsinn, þjóðbúninga, Týrólahatta, góðan mat og síðast en ekki síst ljúft viðmót fólksins, lífsgleði og friðsæld. Týról skiptist í annars vegar hérað í Austurríki með Innsbrück sem höfuðborg og hins vegar Suður-Týról sem er hérað nyrst á Ítalíu og nær langleiðina suður að Gardavatni.

Heimsferðir bjóða upp á ferð á þessar fallegu slóðir í sumar. Í slíkri sérferð eru að öllu jöfnu tuttugu til fjörutíu manns og íslenskur fararstjóri er með hópnu. Flogið verður til München í Þýskalandi að kvöldi 22. júní og dvalið í fimm nætur í hinum einstaklega fallega fjallabæ Seefeld í Austurríki í fimm daga. Þar gefst fólki kostur á að slaka á og njóta þeirra lystisemda sem staðurinn býður upp á eða taka þátt í kynnisferðum með fararstjóra. Til boða stendur að fara í ferð um Alpana, meðal annars til Berchtesgaden þar sem Arnarhreiður Hitlers er að finna, til Innsbruck, í Swarovsky-kristalsveröldina, á ekta Týrólakvöld og í gönguferðir.

Eftir dvölina í Austurríki er haldið yfir Brennerskarðið til Ítalíu, ekið um Suður-Týról og Trentino og niður að hinu undurfagra Gardavatni þar sem dvalið verður í hinum líflega og fallega vínbæ Bardolino í fimm daga. Þar mun hægt að velja um að slaka á eða fara í kynnisferðir, til dæmis siglingu um vatnið, í gönguferðir eða til hinnar rómantísku borgar Verona. Í Verona er hin heimsfræga Arena og eru fluttar þar á þessum árstíma óperusýningar á heimsmælikvarða. Það er einstök upplifun að hlýða á fallega tónlist í hlýju kvöldmyrkrinu undir stjörnubjörtum himni.

Eftir dvölina við Gardavatn er farið til hinnar einu sönnu drottningar hafsins, Feneyja, og dvalið þar í tvo daga áður en flogið er heim frá Bologna. Feneyjar eru einstakar í sinni röð, síkin, gondólarnir, glæsibyggingar með Markúsarkirkjuna fremsta meðal jafningja, sagan, kristallinn, fólkið og stemningin. Þessi ferð til Austurríkis og Ítalíu stendur yfir í þrettán daga, frá 22. júní til 5. júlí.

Allar nánari upplýsingar eru hjá Heimsferðum, www.heimsferdir.is

**Vefslóðir:**
**http://www.seefeld.at**
**http://www.gardalake.com**
**http://www.arena.it**

HÓTEL SÓLEY

Þann 1. júní verður nýtt 25 herbergja hótel opnað á Dalvík.

- Hótel Sóley -

Rými fyrir 50 manns í 2ja manna herbergjum, með baðherbergi og sturtu - fallegt útsýni til sjávar og sveita. Dalvík sem er í um 30 mínútna akstusfjarlægð frá Akureyri, er m.a. þekkt er fyrir Fiskidaginn mikla. Kjörinn staður til að stunda hvers kyns útvist, svo sem; hvalaskoðun, gönguferðir, hjólreiðaferðir, kajaksiglingar á Svarfaðardalsá, golf, fiskveiðar, hestamennsku o.fl. Sundlaug og heilsurækt er við hliðina á hótelinu.

Kynningarverð í júní
Nánari upplýsingar í síma:4663395
með tölvupósti á info@hotel-soley.com
eða á heimasíðu www.hotel-soley.com

Láttu sjá þig fyrir norðan!
Verið velkomin til Dalvíkurbyggðar!

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Ferðalag í náttúruperluna Heiðmörk

*Ekki þarf alltaf að fara marga kílómetra til að komast í fallega náttúruna.*

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur tekið sig til og býður til spennandi göngu og fræðsluferða í Heiðmörk í maí og júní. Ferðirnar henta sérlega vel fjölskyldufólki og öllum þeim sem gaman hafa af fallegu umhverfi og stutt er að komast á staðinn frá höfuðborginni.

Í dag verður fyrsta ferðin farin og mun Jón Kristjánsson líffræðingur ganga um með náttúruunnendum og fræða um Elliðavatn og lífríki þess. Göngugörpum er velkomið að taka veiðistöngina með þar sem börn og unglingar í sveitarfélögum sem tengjast Heiðmörk fá ókeypis veiðileyfi.

Um næstu helgi, hinn 13. maí, mun Einar Þorgeirsson fuglafræðingur kynna fuglalífið í skóginum og við vatnið.

Þann 20. maí verður farin vinsæl og skemmtileg ganga en þá mun Valdór Bóasson vera leiðsögumaður í svokallaðari tálgunargöngu sem er sérstaklega sniðin fyrir börn. Gengið er um skóginn og efniviði safnað. Að því loknu mun Valdór leiðbeina við að tálga úr viði. Síðustu helgina í maí ætla Erla Stefánsdóttir sjáandi og Freysteinn Sigurðsson jarðfræðingur leiða þátttakendur um álfa- og hulduheima Heiðmerkur.



Framundan eru skemmtilegar gönguferðir um Heiðmörk á vegum Skógræktarfélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORVALDUR

Ókeypis er í allar ferðirnar og þær opnar öllum. Ferðirnar hefjast klukkan ellefu við gamla Elliðavatnsbæinn.

Frétt fengin af www.utivera.is.

# Undraveröld Namibíu

***Bændaferðir halda til Namibíu í lok nóvember í spennandi ævintýraferð.***

Namibía er ekki klassískur áfangastaður hjá íslenskum ferðamönnum og þegar tækifæri gefst til að heimsækja jafn framandi stað er vert að gefa sér tíma til að skoða málið.

Bændaferðir ætla að halda til Namibíu dagana 26. nóvember til 8. desember. Margt er hægt að sjá og upplifa í Namibíu. Þar má meðal annars finna elstu eyðimörk í heimi, stærsta viðkomustað sela, stærstu sandöldurnar og svæði með flestum villtu dýrunum í Afríku svo fátt eitt sé nefnt.

Í Namibíu má njóta þess að vera undir stjörnubjörtum himni í víðáttumikilli náttúru, sólarlagið málar landið rautt að kvöldi og að degi má sjá nashyrninga og fíla við vatnsbólin.

Í ferðinni er höfuðborgin Windhoek skoðuð, þjóðgarðar og dýraverndunarsvæði heimsótt, náttúrufyrirbrigði eins og loftsteinar verða skoðuð og hægt er að fara í sérstakar sólarlagsferðir. Farin er hringferð um landið og gist á hótelum allan tímann.

Ferðin kostar 298.700 krónur. Nánari ferðalýsingu má sjá á www.baendaferdir.is.



Íslendingum gefst nú kostur á að heimsækja undraveröld Namibíu sem er eitt fallegasta land Afríku.



Farþegum á leið til landsins fjölgaði um 15,6 prósent á fyrsta ársfjórðungi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fleiri til landsins

***Enn fjölgar ferðamönnum til landsins. Mest var aukningin milli ára í apríl á þessu ári, tæp þrjátíu prósent.***

Samkvæmt tölum frá Keflavíkurflugvelli hefur farþegum um flugvöllinn fjölgað töluvert á fyrsta ársfjórðungi. Miðað við sama tímabil í fyrra fjölgaði farþegum um tæp ellefu prósent. Sé apríl mánuður þessa árs borinn saman við apríl í fyrra kemur í ljós að farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fjölgaði um 29,6 prósent.

Frá ársbyrjun til enda apríl fóru alls 418.485 farþegar um Keflavíkurflugvöll. Farþegum á leið til Íslands fjölgaði um 15,6 prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Frétt fengin af www.ferdamalastofa.is.



Nýhöfn í Kaupmannahöfn.

# Kastrup lokar á hvíluna

***Hvíluherbergjunum á Kastrupflugvelli hefur verið lokað.***

Lengi vel hefur verið haldið úti svokölluðum hvíluherbergjum á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn. Herbergin nýttust vel þeim sem voru á löngu ferðalagi því þar var bæði hægt að leggja sig og komast í sturtu.

Margir Íslendingar hafa nýtt sér þessa aðstöðu á ferðum sínum en nú er svo komið að starfsemin leggst niður. Því eru engin hvíluherbergi lengur í boði og þeir sem hafa hugsað sér að nota sturtuna fyrir viðskiptafund eða ná einum blundi áður en haldið er áfram í aðra álfu verða því að gera aðrar ráðstafanir.

Þá er bara að taka þvottapokann með í handfarangri, nota salernisvaskinn og leggja sig á nærliggjandi bekk.



**Náttsloppur** er besti vinur nautnaseggsins. Fátt er betra en að liggja nýbaðaður í þægilegum sloppi uppi í sófa og lesa góða bók.



# Vegleg húsgögn í garðinn

***Garðhúsgögn fyrir vandláta finnast víða.***

Þegar vorar vilja flestir geta haft það huggulegt úti í garði í góða veðrinu. Sífellt fleiri eru farnir að kaupa sér vegleg og falleg garðhúsgögn sem endast lengur og líta betur út en plasthúsgögnin. Í fjölda verslana er hægt að finna hentug húsgögn og ættu flestir að geta fundið það sem þeir leita að því úrvalið er mikið.



Legubekkur frá Exó. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Borð með fjórum stólum frá Habitat. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Lítið borð með tveimur stólum frá Habitat. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Stóll frá Exó. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Sófi frá Exó. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Lágt borð frá Exó. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Veglegt borð úr Rúmfatalagernum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Við erum 1. árs í dag



Lene Bjerre®
Scandinavian Country Collection

Bæjarlind 6, Kóp. • s. 5347470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 10-16



Evíta

Stærri búð, full af fallegum vörum á betra verði



Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma.

Hárgreiðsla og gjafavörur
Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 www.evita.is



M-AUDIO®
Kynning



Wayne Davies
„Product specialist“
kynnir Projectmix i/o og
Pro Tools M-powered
í verslun Tónabúðarinnar
Skipholti 21
Þriðjudaginn 9. maí kl. 16.00

TÓNABÚÐIN
tonabudin.is
Sunnuhlíð 12, Akureyri s.462-1415
Skipholt 21, Reykjavík s.552-4515



## GOTT ATHVARF
*Nauðsynlegt fyrir vinnuþjarka*
SJÁ BLS. 10



## MIKIÐ LAGT UPP ÚR HÖNNUN OG GÆÐUM
*Ný íslensk vefverslun* SJÁ BLS. 8

[ SÉRBLAÐ UM HÚSGÖGN OG HÚSBÚNAÐ – LAUGARDAGUR 6. MAÍ 2006 ]

# hús & heimili


NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## EFNISYFIRLIT



ENDALAUSIR MÖGULEIKAR
*Hönnunarforrit hjá INNX*
BLS. 2

HÚSGÖGN MEÐ SÖGU
*Antíkbúðin við Hlemm*
BLS. 4

FORRÆKTUN MATJURTA
*Heimaræktun*
BLS. 4



GAMALT MÆTIR NÝJU
*Flottar ljósakrónur*
BLS. 8

LEIÐANDI AFL Í MÍNIMALISMA
*Shiro Kuramata*
BLS. 8





SUMARIÐ ER KOMIÐ
*Sumarvörur IKEA*
BLS. 10


# LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið á morgun, 7. maí,
kl.19.00 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 110 verk,
þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í
Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14,
í dag kl. 11.00–17.00, á morgun kl. 12.00–17.00

Hægt að nálgast uppboðsskrána á netinu: www.myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is



Helgi Þorgils Friðjónsson


Jóhannes S. Kjarval


Ásgrímur Jónsson

# Varnir gegn óboðnum gestum

Það lifnar ekki bara yfir mannfólkinu á sumrin, heldur skordýrunum líka. Ekki eru allir jafn ánægðir með það, enda leita skordýr gjarnan inn í híbýli manna. Húsflugan er eitt þeirra kvikinda sem það gera og margir telja til meindýra, enda sýna rannsóknir að þar er á ferð einn helsti sýklaberi sem til er. Vilja sumir því gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að halda þessum óboðna gesti í skefjum.

Þar sem húsflugan er lífseigt kvikindi, er langbest að kalla til meindýraeyði sem eitrar fyrir henni. Það er gert með því að bera eitur á þá staði sem hún sækir mest í, svo sem glugga, gluggakarma og ljós. Það ætti að tryggja að heimilismenn verði ekki eins varir við




Húsflugan birtist á frímerki árið 2005. Ekki finnst öllum hún eiga þann virðingarsess skilinn og vilja sem minnst af henni vita. FRETTABLADID/LJÓSM: ©ÍSLANDSPÓSTUR

## við fáum ekki nóg...

...af þessari fallegu bókahillu eftir danska húsgagnahönnuðinn Bruno Mathsson. Mathsson var hvað afkastamestur í hönnun sinni á fjórða og fimmta áratugnum og þótt húsgögnin séu klassísk er enn eitthvað nýtt og ferskt við þau. Einfaldleikinn er í fyrirrúmi og formið fær að njóta sín. Bókahilluna hannaði Mathsson árið 1941 en hún gæti allt eins verið glæný.







7,6 M 157,5 m2
Verð á byggingarsettum
6,4 M 90 m2 + 23 m2 svefnl. 33 m2 sólpallur
Hús & Tæki ehf
Hin vönduðu og vinsælu Norsku hús.
Íbúðarhús - Heilsárshús. Margar gerðir. Gott verð!!!
www.hthus.is S - 540 9600 / 896 1081 Hjörtur / 863 6062 Þorkell





pgv
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...
- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is




Á þessari mynd sést Signý lengja borð, sem hefur hitaþolna álplötu í miðjunni. Borðið sem kostar 77.900 kr. stendur á miðjufæti, þannig að fólk getur setið þétt upp við borðið og síður hætta á að reka tærnar í. Stólarnir á myndinni kosta 12.900 kr. stykkið og eru einnig til í brúnu og svörtu.

# Endalausir möguleikar

Innx innréttingar, að Faxafeni 8, eru með sniðuga lausn í húsgagnahönnun.

„Fólki getur komið með teikningar af eigin húsnæði í verslunina til okkar," segir Signý Guðbjartsdóttir, verslunarstjóri Bo Concept hjá Innx. „Við notum sniðugt forrit sem við erum með til að koma með tillögur að húsgögnum sem passa inn á heimilið. Það er mjög fullkomið, þar sem í því er meðal annars hægt að teikna upp heimili viðkomandi aðila, setja húsgögn frá okkur inn á myndina og reikna út hver kostnaðurinn yrði í íslenskum krónum."

„Svo er líka hægt að nálgast forritið gjaldfrjálst af heimasíðunni boconcept.com. Fólk getur því verið búið að vinna ákveðna forvinnu áður en það kemur til okkar. Það er boðið upp á svipaða þjónustu í hönnun eldhúsinnréttinga, en ég veit ekki til þess að það þekkist hjá húsgagnaverslunum hérlendis," bætir Signý við.

„Hugsunin sem liggur að baki forritinu er sú að finna út handhægar lausnir handa viðskiptavinum okkar, sem eru oft með mjög ólíkar þarfir," bendir Signý á. „Það hjálpar til að hvert húsgagn hjá okkur hefur ótal útfærslumöguleika. Í einum sófa leynast til dæmis ótal möguleikar, það er hægt að fá hann tveggja eða þriggja sæta, með mismunandi áklæði, fótum og með eða án arma. Viðskiptavinurinn hefur því ótrúlegt frelsi til að hanna húsgögn að eigin vali. Verslunarhúsnæðið okkar þyrfti að vera margfalt stærra, ef við vildum sýna alla þá möguleika sem eru fyrir hendi hjá okkur í þessum einingahúsgögnum", segir hún loks og hvetur alla til að kynna sér þessa þjónustu.



Hvíti stóllinn á myndinni kostar 119.000 kr. og fæst líka án arma, með mismunandi fætur og hægt að velja milli margra áklæðagerða. Hann er stillanlegur og má nota sem ruggustól. Stállitaða einingin er á 103.000 kr., viðarskápurinn undir henni á 67.633 kr., standandi viðarskápurinn kostar 53.000 kr. og veggskápurinn er á 79.962 kr.



Grár sófi sem má útfæra á ýmsa vegu og kostar 174.000 kr. Hann getur verið tveggja til þriggja sæta. Hægt er að velja um mismunandi fætur, arma og 60 tegundir áklæða á sófann. Svarta sófaborðið á myndinni er á 20.000 kr.



Samstæða fáanleg í mörgum viðartegundum. Sjónvarpsskápurinn kostar 67.333 kr. og fæst með öðruvísi skúffum. Viðarplatan sem flatskjárinn hangir á kostar 23.579 með festingum. Skápurinn til vinstri er á 33.500 kr. og spónlögðu vegghillurnar á 8.999 kr. stykkið, en þær þola 15 kg.



Hér sést kringlótt glerborð með snúningsdiski undir meðlæti, sem kostar 77.567 kr. Disknum má líka snúa á hvolf, þannig að velja má um viðarhlið eða hitaþolna álhlið. Brúnu leðurstólarnir eru á 30.000 kr. stykkið og eru til í fleiri gerðum.

# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum húsgögnum á góðu verði





Vandaðir hvíldarstólar og sófar m/borði

sófi verð kr. 139.000.-
Stóll verð kr. 54.000.-













Hvíldarstólar
Nettur og vandaður hvíldarstóll með leðri og skemli.
Litir: Beige, brúnt og grátt
2ja ára ábyrgð
Verð kr. 58.500-






Fagmennska í 45 ár

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

**Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16**

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

## við fáum aldrei nóg...

...af þessum klassíska og fallega stól eftir Hans Wegner. Stóllinn, sem var hannaður árið 1960, kallast „Ox-chair“ enda er hann sterkur og stæðilegur eins og naut. Hann þótti þó helst til framúrstefnulegur þegar hann kom fyrst fram á sjónarsviðið og var framleiðslu hans hætt árið 1962. Rúmum tuttugu árum síðar var heimurinn tilbúinn að taka á móti uxanum og framleiðsla hófst á ný árið 1985.


FRETTABLAÐIÐ/NETIÐ

## trjágrein }


NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Brátt fara laufin að springa út á trjánum og áður en við vitum af verður allt grænt í kringum okkur. Margir rjúka til á þessum árstíma og klippa tré og runna niður. Mikið af þeim trjágreinum sem klipptar eru af eru þegar farnar að bruma. Í stað þess að skófla öllum trjágreinunum í endurvinnsluna er tilvalið að nota þær til að skreyta heimilið. Bæði eru þær fallegar og einnig gefa þær góðan ilm. Vorið kemur því snemma innandyra og yndislegt að njóta þess til hins ýtrasta. Smart er að hafa greinarnar í háum vösum og er jafnvel hægt að blanda þeim saman við afskorin blóm. Margt skemmtilegt er hægt að gera við trjágreinarnar og því um að gera að láta hugmyndaflugið bara ráða. Jafnvel er hægt að flétta þær saman á meðan þær eru enn mjúkar og búa til litlar körfur eða einhvers konar listaverk fyrir heim-


# Geymslu-
og dekkjahillur



í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið og
fyrirtækið

Þessar hillur geta allir
sett saman. Skrúfufrítt
og smellt saman.

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

www.isold.is



Þetta fallega skatthol var í eigu fyrsta þjóðminjavarðar Íslands, en sagan segir að hann hafi séð J.R.R. Tolkien fyrir íslenskum barnfóstrum. Jónas segir það vera eitt af sínum helstu dýgripunum. Skattholið er frá um 1840 og kostar 150.000 kr. með afslætti.


Þetta fallega borð, hlaðið diskum, er líka úr eigu sendiráðsins. Borðið kostar 60.000 kr. með afslætti.
FRETTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Húsgögn með sögu

Margar perlur leynast í Antíkbúðinni við Hlemm.

Antíkbúð Jónasar Halldórssonar er um þessar mundir að flytja starfsemi sína úr Bæjarhrauni 10b í Hafnarfirði á neðri hæðina á Laugavegi 118, enda segist eigandinn Jónas hvergi annars staðar vilja vera en í miðbænum.

Í Antíkbúðinni eru margir eigulegir gripir og inni á milli leynast sannkallaðir fjársjóðir, sem hægt er að fá á góðu verði enda er þar útsala í fullum gangi. Jónas samþykkti að sýna lesendum nokkur falleg húsgögn sem hann hefur dálæti á.


Gangskenkur með númerinu 84, frá einu sendiráðinu hérlendis. Númerið er tilkomið af því að sendiráðin halda alltaf tölu yfir öll sín húsgögn. Skenkurinn er frá um 1930 og kostar 30.000 kr. með afslætti.


Borgúndarhólmsklukka frá miðri 19. öld, sem fannst í hlöðu á Vatnsleysuströnd. Í fyrstu stóð til að eyðileggja klukkuna, en þegar í ljós kom um hvers konar grip var að ræða var hætt við það. Klukkan kostar 80.000 kr. með afslætti.


Hér sést Jónas Halldórsson með handmálaðan franskan skáp frá 1800, svokallaðan englaskáp. Skápurinn er m.a. sérstakur fyrir þær sakir að skrúfurnar í honum eru handgerðar og eru því með þeim fyrstu sem búnar voru til. Skápurinn er frátekinn en kostar mörg hundruð þúsund krónur.

# Forræktun matjurta

Fyrir þá sem vilja eignast fallegan matjurtagarð í sumar, eða hafa matjurtir í glugga eða úti á svölum, er þetta tilvalinn árstími til að skella fræjum í potta innanhúss. Sumar matjurtir, til dæmis salöt, brokkólí og ýmsar kryddjurtir, vaxa nefnilega illa nema ákveðin veðurskilyrði séu fyrir hendi. Þá getur verið sniðugt að koma vexti af stað með forræktun áður en plantað er úti. Fræin eru sett í blómapotta, sem geta verið á stærð við eggjabikara eða jógúrtdollur, alveg háð því hvað verið er að rækta. Þeim er komið fyrir rétt undir yfirborði moldarinnar og þess gætt að hún sé passlega rök. Plast er sett yfir á meðan fræin spíra, en tekið af um leið og vöxtur verður sýnilegur. Plöntunni er síðan komið fyrir á björtum stað, enda birta nauðsynleg í ræktun planta.


Brokkólí er ein þeirra matjurta sem gott getur verið að forrækta áður en plantað er úti.


Betra
Form
fyrir sumarið
casall
ÁRANGUR
8 vikna námskeið fyrir konur
Njóttu lífsins til hins ítrasta, í þínu besta formi í sumar!
Þúsundir kvenna hafa náð frábærum árangri á Betra form-námskeiðunum.
Vertu með!
Skráðu þig strax í síma 414 4000 eða með tölvupósti á hreyfing@hreyfing.is
Morgunhópar
Daghópur
Kvöldhópar
Framhaldshópar
Barnagæsla
Innifalið:
• Þjálfun 3-5x í viku
• Fræðslu- og kynningarfundur með Ólafi G. Sæmundssyni næringarfræðingi
• Fitumælingar og vigtun
• Matardagbók
• Vandað fræðsluefni
• Lögmálin 9 um megrun - nýútkomin bók sem veitir allar upplýsingar um hvernig þú kemst varanlega í gott form.
Gott aðhald, mikill stuðningur og fræðsla
Hefst 8. maí
HREYFING
Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is
FABRIKAN 2006 Ljósmynd: K.Maack







## MIKIÐ ÚRVAL

Fjöldinn allur af stillanlegum- jafnt sem flötum rúmum í mörgum útfærslum og gerðum. Fáanlegar í öllum stærðum.

## DÝPSTA SLÖKUN, HVÍLD OG SVEFN SEM VÖL ER Á

ÁÐEINS FRÁ TEMPUR®

ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmun, öxlum og höndum. Þar af leiðandi helst blóðstreymi óheft og stirðleiki og verkir láta ekki á sér kræla.

Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.



CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG SKJALFEST AF GEIMFERÐA-STOFNUN BANDARÍKJANNA

**Betra BAK**

***Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is***
***Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16***

# STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT







## TEMPUR® TILBOÐSDAGAR Í MAÍ





### HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsu-koddanum, þar á meðal á Íslandi.





### HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á
Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.





### STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er.
Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

## EITT LÍF - NJÓTUM ÞESS




# Mikið lagt upp úr hönnun og gæðum

Stöllurnar Lilja Marteinsdóttir og Rósa Viggósdóttir reka saman vefverslunina Y-D-Design. Þar eru meðal annars seldar fallegar vörur fyrir heimilið sem ekki fást annars staðar.

Lilja og Rósa eru báðar garðyrkjufræðingar að mennt og kynntust þegar þær unnu saman í Blómavali. „Við höfðum lengi gengið með þá hugmynd að stofna saman fyrirtæki og gera eitthvað saman,“ segir Lilja. „Fyrir ári síðan stofnuðum við heildsölu og fórum að flytja inn ýmsar barnavörur, meðal annars Bumbo-stólinn sem hefur verið afar vinsæll. Síðan byrjaði boltinn að rúlla og í mars síðastliðnum opnuðum við vefverslunina.“

Vefverslunin hefur farið vel af stað og þar má finna ýmsa fallega hluti fyrir heimilið. „Þetta eru flottar vörur. Við erum ekkert að reyna að vera með það ódýrasta heldur leggjum við mikið upp úr hönnun og gæðum. Við viljum vera með háklassa netverslun sem selur vandaða vöru,“ segir Lilja og bætir því við að vörurnar komi víða að. „Við erum til að mynda með mikið af norrænni hönnun, til dæmis svokallaða Cult-línu en það eru skemmtilegar sænskar heimilisvörur.“



Heimasíða Y-D-Design er aðgengileg og viðskiptavinir ættu ekki að eiga í nokkrum vandræðum með að versla þar. Tíminn frá því varan er keypt og þar til hún er afgreidd er ekki nema tveir til þrír virkir dagar. Allar nánari upplýsingar er að finna á: www.yd.is



# Leiðandi afl í mínimalisma

Japaninn Shiro Kuramata (1934-1991) var leiðandi í mínimalískri hönnun á níunda áratugnum. Verk hans eru sérstæð fyrir þær sakir að í þeim blandar hann saman abstrakt og mínimalískum þáttum. Japanskur uppruni Kuramata réði líka nálgun hönnuðarins á verk sín, þannig að í þeim gætir bæði aust- og vestrænna áhrifa. Sum verka hans virðast nánast vera efnislaus, þar sem hann notaði mikið af gleri í hönnun þeirra, og oft engu líkara en að þau hangi í lausu lofti eða séu föst í einhverju ástandi. Það á til dæmis við um glerstól sem hann hannaði og fyllti með rauðum rósum, þannig að útlit er fyrir að þær séu síblómstrandi. Ljóst er að Kuramata var áhugaverður hönnuður og arfleifð hans merkileg.



Glerstóll fullur af rauðum rósum eftir Shiro Kuramata.



Einfaldara verður það varla.



Þessi skemmtilega og nútímalega ljósakróna heitir Ginetta og kemur frá Slamp.



Stílhrein hönnun eftir Tom Dixon.

# Gamalt mætir nýju

Kristalsljósakrónur í nýjum búningi.

Kristalsljósakrónur þykja alltaf glæsilegar. Þær hafa á sér hátíðlegt yfirbragð og glitra svo skemmtilega þegar ljósið skín. Það er ekki óalgengt að nútíma hönnuðir sæki í þessar hefðbundnu ljósakrónur eftir innblæstri. Nú er hægt að fá ljósakrónur sem eru nýstárlegar og frumlegar en minna þó á gamlan glæsileika.

Hér eru nokkur dæmi um skemmtilegar ljósakrónur.



Hér hefur mynd af gamaldags ljósakrónu verið prentuð á látlausan hvítan skerm.



Glæsileikinn í fyrirrúmi.




*Við viljum gera heimilið þitt eins fallegt og þú átt skilið. Þess vegna vinnur Slippfélagið með fremstu stílistum landsins við litasamsetningar.*

*Komdu og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og saman finnum við draumalitasamsetningu fyrir heimilið þitt.*

*Bett innanhúsmálning er til í öllum heimsins litum, mjúk og meðfærileg og þekur svo miklu, miklu betur...*





# Góð athvörf eru nauðsynleg fyrir vinnuþjarka

Innlit hjá Ólafi Agli Egilssyni leikara

Ólafur Egill Egilsson leikari hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hann er að leika í Pétri Gaut í leikstjórn Baltasars Kormáks í Þjóðleikshúsinu, sem fengið hefur frábærar viðtökur, og í Hundrað ára húsi eftir Jón Atla Jónasson í leikstjórn Hafliða Arngrímssonar, sem sýnt er í Nauthólsvíkinni. Svo æfir hann af fullum krafti í Þjóðleikhúsinu fyrir Fagnað eftir Harold Pinter í leikstjórn Stefáns Jónssonar.

Þegar mikið er að gera í vinnunni er nauðsynlegt að hafa gott athvarf þar sem maður getur slakað á. Heima hjá Ólafi eru nokkur slík athvörf, þar sem leikarinn lætur þreytuna líða úr sér og sækir innblástur fyrir þau ólíku verkefni sem hann tekur sér fyrir hendur.

Ísskápurinn á heimilinu er í miklu uppáhaldi hjá Ólafi, en hann leitar gjarnan í hann á næturna. Ólafur segir að afi hans hafi haft svipaðan hátt á og gjarnan vaknað á nóttinni til að fá sér undanrennu, matarkex og sykur. Ólafur segir þetta sýna að næturbröltið gangi augljóslega í erfðir.

FRETTABLADID/GVA



Þegar mikið er að gera er gott að eiga góðan stól. Ólafi finnst þægilegt að halla sér út af í Lazy Boy stól, sem hann fékk í gjöf frá ömmu sinni Herdísi Þorvaldsdóttur leikkonu. Gjöfina fékk hann með þeim mögnuðu orðum að í stólnum myndi hann hugsa upp og vítt og komast í tengsl við himinhvolfin.


Vönduð rúm í sumarhúsið



20% afsláttur.

**Hanson, svæðaskiptar pokafjaðradýnur** ásamt yfirdýnu með hrosshárum.
Verð á rúmi á mynd 160x200 kr. 116.800.- (án höfðagafls).
Einnig fáanleg í öðrum breiddum.

rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900 • www.rumco.is
Opið: Virka daga kl. 11–18 og laugardaga kl. 11–14


# Sumarið er komið

Sumarvörurnar eru komnar í IKEA og er þar mikið af húsgögnum og ýmiss konar smávöru.

Sennilega hefur það ekki farið framhjá þeim sem átt hafa leið um Holtagarðana að sumarvörurnar eru komnar í IKEA. Mest ber þar á sumarhúsgögnun, enda virðist úrvalið af þeim fara vaxandi með hverju árinu. Viðarhúsgögn af öllum stærðum og gerðum eru þar í broddi fylkingar. Mikið er til af stólum, bekkjum, sólbekkjum og borðum sem henta vel í garðinn eða á svalirnar. Húsgögnin eru meðal annars smíðuð úr akasíuviði, sem er harður og endingargóður viður og hentar mjög vel til notkunar utanhúss. Auk húsgagnanna er heilmikið af skemmtilegri smávöru eins og flugnaspöðum, óróum, kertastjökum, luktum og fleiru. Sérstaklega ber að minnast á hengirúmin sem eru hluti af sumarvörunum í ár, en þau eru framleidd í nokkrum litum og ættu aldeilis að hressa upp á garðinn, eða jafnvel letiherbergi heimilisins.



TULLERÖ-sett úr gegnheilum akasíuviði, olíuborið. Verð 16.900 kr.



VÄSMAN-stóll sem er til í fjórum litum og er eftir hönnuðinn Niels Gammelgaard, 1.990 kr.



STORÖN-stóll úr elri. Hægt er að stilla bakið á fimm vegu eftir þörfum. Verð kr. 9.900.



LAXÖN-bekkur úr gegnheilli furu, 200x39 cm, á 8.990 kr.



ÄPPLARÖ-borð úr gegnheilum akasíuviði. Stækkanlegt með tveimur fellanlegum plötum á hvorri hlið. Sæti fyrir 4-10 við borðið. Verð 13.900 kr. Hönnuðir: K. Hagberg/M. Hagberg.



ÄPPLARÖ-sólbeddi úr gegnheilum akasíuviði á 9.900 kr, með BRÄMÖN á 2.490 kr. og GRENÖ, keilulaga púða á 1.490 kr.


1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN Í LJÓSUM LIT
LANGUR LAUGARDAGUR
LÁGT VERÐ
Tilboð einnig í versluninni Draumalandi Keflavík og í versluninni Í tilefni dagsins Árborg
Veggkertastjaki KR. 2.500 NÚ 1.900
Hornsófaborð m/ hillu og skúffu 60x60x47cm KR. 15.500 NÚ 7.900
Sófaborð með hillu og skúffu 1200x600x470 cm KR. 24.500 NÚ 9.900
Funkistóll KR. 29.900 NÚ 19.900
Skammel 5.900
Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu. 54x43x70cm KR. 12.900 NÚ 9.900
Glerskápur 47x5x35,5x190cm KR. 29.900 NÚ 23.000
Bókaskápur m/ skúffu 80x39x187cm KR. 39.900 NÚ 31.000
Sófaborð m/blaðahillu og skúffu 81x43x55cm KR. 13.900 NÚ 11.000
Kommóða 52,5x36x95cm KR. 29.900 NÚ 23.000
Náttborð m/skúffu og blaðahillu 55x39x76cm KR. 19.700 NÚ 15.900
Náttborð 40x38x64cm KR. 15.700 NÚ 12.900
Kommóða 89x42x90cm KR. 39.000 NÚ 31.000
Náttborð 34x30x76cm KR. 15.000 NÚ 12.000
Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu 83,5x35x76cm KR. 15.900 NÚ 12.900
Kollur/blómaborð 36x30x46,5cm KR. 6.900 NÚ 5.500
Innskotsborð 3 saman L 52x45x51cm M 39x39x47cm S 27x33,5x43cm KR. 17.000 NÚ 9.900
Gangaborð/ Snyrtiborð 85x42x78cm KR. 23.000 NÚ 19.000
80x99x55cm KR. 11.500 NÚ 9.000
94,5x61x18cm KR. 16.900 NÚ 13.500
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnun • Mán.-fös. 10-18 • Laugard. 11-17 • Sunnud. 13-15


Maí tilboð
Office1
33.900,-
17" HP LCD skjár
Vörunúmer: 0kpx849aa
• HP L1706 17" TFT LCD
• Stærð: 17" TFT Active Matrix flatur skjár
• Upplausn: 1280x1024 60/75Hz
• Sjónarhorn: 140°lárétt, 130°lóðrétt
• Punktastærð: 0.264mm
•Anti-Glare/Anti-Static
• Plug and play
• Ábyrgð: 3ja ára
Office1
Akka bréfabindi
Vörunúmer: 0073214/0073218
Vönduð plasthúðuð bréfabindi frá Akka með vasa fyrir merkingu á kili.
Aðeins
199,- stk.
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Tímaritabox
Vörunúmer: 671e4
Tímaritabox úr pappa fáanleg í 11 litum.
Aðeins
149,-
Office1
Flettistandur á borð
Vörunúmer: 415558737
Fárbær flettistandur frá Durable.
Flott hönnun með mikið notagildi.
Hægt að hreyfa standinn á alla vegu.
Aðeins
9.900,-
DURABLE
ÓTRÚLEGT VERÐ
PAPERMATE
20 stk. í pakka
Office1
Kúlupennar
Vörunúmer: 690p0685800
Bláir Papermate kúlupennar.
495,-
pakkinn
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Minnislyklar
Vörunúmer: 94147181
256MB
2.990,-
Vörunúmer: 94147182
512MB
4.490,-
Vörunúmer: 94147183
1GB
7.890,-
ÓTRÚLEGT VERÐ
Verbatim
Office1
Peach borðreiknivél
Vörunúmer: 707PR671
• 12 stafa gluggi
• Rautt og svart letur
• Mjög góð fyrir heimilið og skrifstofuna
Aðeins
4.995,-
Office1 Superstore
Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16



Mitsubishi Colt árg. '92, skoðaður '06. S. 824 9999.



Daewoo Lanos 11/00' sjálfsk. Ekinn 65.000km. sparneytinn tilboð 290.000kr s:6945037



Toyota Carina '94 2,0l vél, ek. 162 þús. Sk. til júlí '07, allt nýyfirfarið, nýjir demparar. Verð 250 þ. S. 616 8442.



MMC Pajero túrbó Diesel, árg. '88. Tilboð óskast. Uppl. í s. 843 0561.



Opel Corsa 1400 árg. '98, 3 dyra, ekinn aðeins 87.000 km. Mikið endurnýjað svo sem ný tímareim. Bíll í toppstandi. Nýskoðaður 07. Verð aðeins 200.000 stgr. S. 893 5201.



Til sölu Corolla DX, árg. '95, nýsk. '07, ssk., 1800cc, þjófavörn+fjarstart, ásett verð 290.000, fæst á 180.000, sjón er sögu ríkari, nánari uppl. í s. 847 5478.



Subaru Impreza 1,6, bsk. 07/'97 ek. 173 þ. Skoðaður sept. '07, mikið endurnýjaður, ný tímareim, CD ofl. Verð 250 þ. stgr. S. 899 1983 e. kl. 16.



Til sölu Subaru Outback Limited árg. 2003, vél 2.5, 5 gíra, hátt og lágt drif, leður, toppl. + toppbogar, upphækkaður. V. 2.350 þ. Ek. 50 þ. Mögul. á yfirtöku láns, 100%. S. 861 3790.



Toyota Corolla '93 til sölu. Ekinn 186 þús. 4ra dyra. Verð 220 þús. Uppl. í s. 892 8585.



Subaru Legacy 4WD 2,0 stw, sjálfsk., árg. 1992. Skoðaður. Vetrardekk á felgum fylgja. Km 186.000. Tilboð. S. 892 3800.



Nissan Patrol. Gamall með mikla reynslu, er mikið breittur og er á "40 tommu dekkjum, gott kram en þreytt boddí, árgerð '86, tilboð. Upplýsingar í síma 660 2349.



Daihatsu GranMove '97, ek. 120 þús., ssk., rafm. í rúðum, s og v dekk. Dæld á afturhlera. Verð 75 þús. stgr. S. 897 8519.



Nissan Sunny STW 4WD, árg. '95. Ekinn 195 þús. Uppl. í s. 660 1811.



**Tilboð 195 þ.**

Daewoo Nubera station árg. '98, dr.kr. Ásett v. 430 þ. Tilboð 195 þ. S. 691 9374.



Renault Express bitabox árg. '90, nýsk. S. 896 2552.

Toyota Corolla 1.6 GLI árg. '92, ekinn aðeins 133.000. Nýsk. án athugas. 2 naglad. fylgja. V. 140.000 kr. stgr. S. 690 3336.

Subaru Legacy árg. '93, ek. 160 þ. á vél, nýsk., ný kúpling og ný tímareim. Verðh. 180 þ., uppl. í s. 897 9252.

VW Golf '95, rauður, nýskoðaður, ekinn 150 þús. Verð 100 þús. kr. Sími 690 0855.

Til sölu Nissan Primera árg. '91, ssk., ek. 214 þús., sk. '06, góð sumardekk og nagladekk fylgja, nýtt púst o.fl., litur vel út. Verð 190 þús. Uppl. í s. 847 2684.

Til sölu Hyundai Accent árg. '97, ek. aðeins 80 þús., góður og þægilegur bíll. Uppl. í síma 862 8551. Verðtilboð.

MMC Galant Gsli '92 með krók. Ek. 230 þ., í mjög góðu ástandi. Verð 100.000. S. 557 9056 & 897 9056.

Micra '94, ek. 128 þ., sk. '07, góður og sparneytinn bíll í toppstandi. V. 140 þ. S. 659 8238.

Hyundai Elantra '96 ek. 140 þús. Biluð sjálfskipting en annars í góðu standi. V. 60 þús. Sími 691 2085.

Toyota Corolla GTI '88, 1 eigandi. Örlítið skemmd, ek. 150 þús. 5 dyra. Verð tilboð. S. 692 0003.

Nizzan Vanette 8 manna dísel til sölu. Tilboð óskast. Uppl. í s. 892 8376.

Til sölu Mazda 323 '94. Nýjar legur, allt nýtt í bremsum, ný dekk og nýjar álfelgur. Verð 120 þús. stgr. Uppl. í s. 894 7878.

Skoda Felicia Combi árg. '98, ek. 74 þús., í góðu ástandi, nýtt pústkerfi, ryðblettir, 4 góð vetradekk fylgja, sk. feb '06. Ásett verð 200 þús. S. 551 3275.

Til sölu Volvo 740 turbó árg. '85, ek. 205 þús., til niðurrifs eða uppgerðar. S. 856 4550.

Accent '95, ek. 170 þ., 5 gíra, 1500 vél, sk. '07, 4ra dyra. Mikið yfirfarinn. V. 115 þ. S. 820 3286.

**Tilboð 95.000 !**

Hyuundai Accent árg. '95, nýsk. '07. s. 691 9374.

VW Golf station árg. '97, 5 gíra, rauður, ek. 162 þús. Verð 200 þús. Uppl. í s. 663 7211.

Til sölu Coleman Tao 8 fet, árgerð 1998, gott eintak, sólarsella, fortjald, tveir gaskútar, vatnsdæla og fleira. Verð 550 þús. Uppl. í síma 825 1015.

Toyota Corolla '91, 4ra dyra, ssk., ek. 178 þús. Verð 60 þús. Uppl. í s. 846 6046 Bjarki.

Suzuki Sidekick 33", þarfnast lagfæringa. Myndir á: www.fotki.com/sidekick. Selst ódýrt. Uppl. í s. 844 4231 eða snorrih@ru.is

## 250-499 þús.



Til sölu Hunday Coupe árg. '99, ek. 118 þús. Mjög góður bíll. Uppl. í s. 898 9494.



Til sölu. Toyota Corolla árgerð 99. Ekinn 140þ. Verð 380þ. Sími 8986838.



Subaru Legacy GL'97 ek. 205.000 smurbók, dráttarkúla, rafm. í rúðum, kastarar, smá beygla að framan Verðhugmynd 290.000 uppl. 849-0300



Til sölu Subaru Legacy árg. '97, ek. 185 þ., sk. '06. Verð 450 þ. Áhv. 250 þ. S. 821 7444.



VW Golf 1.6 Comfl. 98' beinsk. ek.110.000km. grínverð 430.000kr sími 6945037 Máni



Toyota Carina '96, nýsk. gott ástand, ssk., ek. 280 þús. km. 2 eigendur, verð 330 þús. S. 895 8956.



VW Golf árg. '97, ek. 104 þús. km, allur nýyfirfarinn, sk. '07, sumar og vetrardekk. Verð 350 þús. Uppl. í s. 663 5325.



Toyota Carina E 1998, ekinn 171 þús. Verð 470 þús. Uppl. í s. 849 1756.



Nissan Almera árg. '97, ek. 119 þús., ssk., CD, ný sumardekk, snyrtilegur, sk. '07, engin skipti. Ásett v. 390 þ. S. 693 4684, Maggi.



VW Polo 1.4. Ek. 98 þús. 5 dyra. Beinskpt. Vel með farinn. Góðar græjur. 450 þúa. S. 891 9795.



Peugeot 206 '99, ek. 115 þús. Sk. '07. Álf., CD, smurbók frá upphafi. Sumar/vetrard. Verð 390 þús. S. 691 2287.



Honda Civic 1600 '92, sk. '07, 16" Low Profile, 3 10" keilur, 2 magnarar, CD. Ásett verð 350 þús. Fæst á 300 þús. stgr. S. 662 3499.



Benz 190E árg. '91, ek. 190 þús., mikið endurnýjuð vél + felgur + dekk. Uppl. í s. 845 7417 e.kl. 13.00.



4x4 MMC Lancer '98. Tilbúinn í ferðalagið. Dráttarkúla. Ekinn 132 þ. Tilboðsverð 460 þ. S. 844 2062.

Silfur grár Opel Astra árg. 2000. Ek. 79 þús. Ásett verð 480 þús. eða tilb. Uppl. í s. 864 6585.

Mitsubishi Lancer stw. árg. '98, sjálfsk., ek. 195 þús., nýskoðaður, gott eintak. Staðgr. kr. 350.000. Uppl. í síma 898 6167.

**Mazda 323 1997**

Gullmoli ek. aðeins 63 þ. km. 4 d., sjálfsk., central l, rafm. r, spoiler, sum.+vetr. dekk, nýsk., dekurbíll. Verð 430 þ., engin skipti. S. 898 0227.

Til sölu Honda Civic esi 1600 '93. Mjög gott eintak! Verð 390 þ. Uppl. í síma 847 8006.

WV Golf STW 1400, 5 gíra, 1998. Ek. 90 þús. Ný tímar. 320 þús. Uppl. í s. 896 3407.

Peugeot 406 árg. '97, ek. 91 þús., lítill og sparneytinn, blár, selst á 350 þús. Uppl. í s. 846 3964.

Subaru Impressa GL2.0 '98, 4x4, sk. '07, ek. 136 þús., ný tímareim, ný kúpling, nýr geymir, rafm. í öllu, sumar og vetrardekk á felgum, vel með farinn, dökkblár, ásett verð 570 þús. Tilb. óskast. Uppl. í s. 863 3076.

Ford Fiesta árg. 2000, ek. 90 þús. 2ja dyra. Í toppstandi. Verð 380 þús. S. 856 5521.

Fiat station '98, ek. 93 þús. Ný tímareim, dráttarkrókur. Verð 300 þús. Tilboð óskast. Ath skipti á tjaldvagn eða fellihýsi. S. 847 2444 & 466 1185.

Toyota Yaris Sol, árg 2000, fimm dyra. Ekinn 140.000 Uppl. í síma 843 9637.

## 500-999 þús.



Mercedes Benz E220 "94 ekinn 185.000km Verð: 890.000kr S: 8471709, 5667366



Dótakassi til sölu. (útsala) Ski-Doo 800 MXZ "01 og Polaris Indy 700 SPX "99. Topp standi. Verð í báða 799 þús kr uppl. 8403022



Gullfalleg Mazda 323 árg. '99, ek. 97 þús., nýsk. Verð 550 þús. Uppl. í s. 863 3224.



VW Golf '99, ek. 71 þús., sjálfsk., 17" low profile. V. 780 þús. Uppl. í s. 899 1275.



Galant '98, ek. 90 þ.km, ssk, sk' 07. Verð 990 þ. Góður bíll, uppl. s. 8697054.



Plymouth Grand Voyager árg. '96, sk. '07, vel með farinn, ek. 140 þús. Uppl. í s. 895 0168 & 899 0168.



Til sölu Toyota Yaris árg. 2000, ek. 40 þús. km. Verð 700 þús. S. 562 4645 & 847 9293.



Dodge Stealth "94 sk.07 leður CD 18" króm verð 790 þús ATH ÖLL SKIPTI 6935053



Til sölu M. Benz 300D árg. '92. Toppbíll, allur nýuppgerður. Uppl. í s. 895 3774.



Peugeot 406 '01, ek. 90 þús. km, ssk., 2 gangar af álf. Gott viðhald. Uppl. í s. 898 6859.



Alfa Romeo '99, 2.0 160 hö, ekinn 107 þ. Tímareim í 98 þ. Lán 400 þ. afb. 18 þ. 18" felgur. Uppl. í s. 867 7704.

Avensis '98. Ek. 182 þús. Nýskoðaður '07, nýyfirfarinn hjá umboði. Sumar og vetrard. Góður bíll. Verð 630 þ. S. 693 3041.

**Ath. skipti.**

M. Benz 220 CE nýskr. 1/1994, ekinn 226 þ. km, sk. '07, sjálfskiptur, topplúga, rafm. í rúðum, 18" orginal, AMG álfelgur, mjög mikið endurnýjaður. Verð 990.000, ath. skipti. Uppl. í síma 899 3939.

Til sölu Honda CRV , árg. '98, ek. 76 þús. Verð 950 þús. Topplúga, dráttarkúla, sjálfsk. Gott eintak. Uppl. í s. 690 6001.

Til sölu M. Benz 220 E vegna flutninga árg. '95, ek. rúml. 200 þús., sk. '07. Verð 600 þús. Uppl. í s. 898 8080 & 863 5678.

Toyota Corolla Station 1600 árg. '98, beinsk. Ek. 123 þús. Gott viðhald. Ljósgrár. Verð 590 þús. S. 692 0003.

Alfa Romeo 156 árg. '99, ek. 97 þ., ásett verð 860 þ., engin skipti. S. 616 6444.

## 1-2 milljónir

**SUMARTILBOÐ**
**1.490 þús 100% lán**
Hyundai Santa Fe árg. 2001, ek. 87 þús. Sjálfskiptur. 2700 V6. Glæný nagladekk.Ekker út og 43 þús á mán. S. 848 0944.

100% lán engin útborgun G.Cherokee limitid '00 ekinn 97.000 öll skipti skoðuð óska eftir tilboði s:6166678

Toyota Rav4 10/2000 ekinn 88 þús., ssk., krókur og vetrardekk. Bíll í toppstandi. Ásett 1.450 þús. áhv. 1.250 þús. S. 866 0019.

Toyota Corolla St. 2003, ek. 46 þ. CD. Sumar og vetrard. Ásett verð 1.400 þ. Uppl. í s. 693 2113.

**Verð aðeins 1.590 þús.**

Subaru Impreza WRX árg. 2001, ek. 89.000 km, 2000cc, 218 hö, AWD. Ný heilsársdekk. Þjófavörn. Góðar græjur. Toppeintak og mjög vel með farinn. Verð aðeins 1.590 þús. Uppl. í s. 892 0734 og á www.simnet.is/anykey.

VW PASSAT VR6 2,8V6 4X4 193hö 8/2000 ek.95.þús 17"Felgur og nýleg dekk, sóllúga, cruise, Ssk, fjarstart, 2falt púst og fl. Áhvíl. lán S:8694705

Til sölu Toyota Corolla árg. '02, ek. 38 þús. Sjálfskiptur. Pottþéttur bíll. V. 1.350 þ. Engin skipti. Uppl. í s. 692 8615.

Til sölu BMW 328 IA árg. '01, ek. 172 þús. Verð 1.790 þús. Uppl. í s. 898 4848.

Nissan Maxima QX 3.0 V6 ssk., árg. '00, ek. 43 þús. km, 2 eig. Rafm. og leður í öllu. Dekurbíll. Verð 1.550 þús. S. 694 5322.

BMW 318i S/D, E 46 1900cc, 4ra dyra, bensín, sjálfsk. Skráður 1.11.'98. Ekinn 119.000. V. 1.200 þ. Uppl. í s. 898 4255 & 561 3669.

Toyota Avensis station árg. 2002. Ek. 69 þ. km. 1800, ssk. Verð 1350 þús. S. 699 6698.

Lexus IS 200 árg. '02. ek. 85 þús. Í toppstandi. Verð 1850 þús. S. 863 7779.




Til leigu og sölu mikið úrval af Vinnulyftum í öllum stærðum. Vinnulyftur ehf. Sími 544 8444.



Til leigu og sölu mikið úrval af Skotbómulyfturum í öllum stærðum. Vinnulyftur ehf. Sími 544 8444.



Til sölu JCB 3CX traktorsgrafa. árg. 2005. Uppl. í síma 861 5577.



Til sölu flutningavagn, árg. 2000. Heilopnun á báðum hliðum og vörulyfta. Uppl. í síma 861 5577.

Til sölu vinnulyfta. Lyftihæð 10 m. Stór pallur. Hagstætt verð. Uppl. í s. 557 7667 & 862 7667.

## Lyftarar




## Bátar



Þessi fallegi og mikið breytti Shetland bátur er til sölu. Verð 750 þús. S. 659 0752.



22ja feta flugfiskur til sölu. Uppl. í s. 467 3125.



Til sölu vatnabátur TERHI FUN 405 með 20 hestafla Suxuki mótor. Góð kerra fylgir með. Verð krónur 300.000. Upplýsingar í síma 898 5878.



Til sölu Fjord Dolphin 775. Vél 260 hestafla Volvo Penta Dísel. Radar, GPS, dýptarmælir, heitt og kalt vatn, sturta, svefnaðstaða fyrir ca 6-7 og margt fleira. Upplýsingar í síma 893 6404.



Til sölu þessi glæsilegi Gáski 1000. Glæsilega innréttaður sem sportbátur en skráður sem fiskibátur. Uppl. 893 3985. addiat@islandia.is

## Flug




Flugklúbbur Íslands ehf. Áhugavert tækifæri í flugi á Íslandi. www.fly.is.

## Bílaþjónusta

### Bíla og innréttingasprautun

JG þjónustan, Miðhrauni 14, 210 Garðabæ. S. 534 3670.

## Hjólbarðar

Til sölu tæplega hálf slitin BF Goodrich vetrardekk án nagla. 30" dekk fyrir 15" felgur. 30x9.50 R15 LT. Kosta ný 14.300 pr. stykki fást öll á 26 þúsund. Uppl. í s. 840 0100, Bergþór.

Til sölu sumardekk á stálfelgum, sem ný, stærð 195/60 R15. Passar unrdir Toyota Corolla '05. Uppl. í s. 424 6621 & 891 6321.

DEKK TIL SÖLU ný 14" á nýjum felgum 5/100 verð 35 þ og 13" notuð á 20 þ S:8684611

4 álfelgur, 6 gata 10"x15. 3 dekk 35x12,5x15. Uppl. í s. 896 7101.

32" jeppadekk BFGoodridge (11.50 R15 LT) þ.e. fyrir felgustærð 15". Dekkin eru nýleg (ekin 3-4 þúsund). Verð kr. 35 þús. Upplýsingar í síma: 664 8180.

Til sölu hálfslitin 15" sumardekk á álfelgum undan Carinu e. Uppl. í síma 867 3110.

Tveir dekkjagangar. 31"jeppadekk á 6 gata Pajero álfelgum. Verð 16.000 kr. og 14" fólksbíladekk. S. 893 5201.

Til sölu dekk 29" ónotuð continental 235/70 R16. Verð. 20.000 kr. Uppl. í s. 864 8866.

Til sölu dekk og álfelgur 275/65 x 17, undir Toyota Land Cruiser. Uppl. í s. 892 0600.

## Varahlutir

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15.

### Bílapartar ehf S.587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9:00 -18:00. www.bilapartar.is bilapartar@bilapartar.is

### Partasalan Sími 557 7740.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

### Japanskar Vélar

Eigum varahluti í flesta japanska og kóreska bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns megin, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

6cyl. díselvél og 6cyl. bensínvél úr Oldsmobile til sölu. Uppl. í s. 892 8376.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Til sölu Stannah stólalyfta í stiga. Lyftan er með beinni braut sem er 4.10 m löng. Selst á staðnum á 75 þús. kr. Upplýsingar í síma 554 0308 kl. 17-19.



"Be Wilde" Postman Bag Gazelle Kulusukart.com. S. 893 6262.

### Til sölu vegna flutnings.

ísskápur, uppþvottavél, eldhúsborð+3 stólar, leðursófi+sófastóll, lítil frystikista og lítið borð. Verð samkomulag. Sækja verður hlutina. Upplýsingar í síma 891-8604. **Upplýsingar í síma 891-8604.**









### Skrifborð til sölu

Lækkað verð. Skrifborð úr INNX, stillanlegt á hæð, með tveimur skúffuskápum á hjólum. Kostar nýtt ca. 150.000. Selst á 50.000. Uppl. í síma 897 4583.



### Hillur Hillur

Til sölu hillukerfi frá Ísold fyrir verslun, sýningar eða heildsölu ofl. Hver eining 120x2m samtals 14m á lengd. Hert gler í hillum. Verð tilboð. S. 897 2681, Ásgeir.



### Nú er hver að verða síðastur.

Gerðu samanburð öryggisins vegna. Amerísk trampolín. Frábær sumargjöf fyrir fjölskylduna. Síðustu eintökin. S. 565 0313 & 848 7632. Trampolínsalan.



### Plast-X

Heitir pottar 3 gerðir, margir litir og vatnabátar og viðgerðir. Uppl í s. 869 6696.

Ný 400w 12 volt vindmylla. Á sama stað til sölu steinolíuofnar annar nýr en hinn lítið notaður. S. 564 4476 & 694 3202.

29" United sjónvarp til sölu, 1,5 árs. Verð 15 þús. Uppl. í s. 845 7711.

Til sölu Fálkinn og rjúpurnar eftir Guðmund frá Miðdal. Uppl. í s. 698 8778.

Bílskúrssala verður haldin að Birtingarhvísl 11 í dag milli kl. 13-17. Til sölu er m.a. íssk., frystiskápur, skrifborð, fataskápur, sófi, bókahillur, hundagrind í jeppaog ýmislegt fl.

Til sölu vinnulyfta. Lyftihæð 10 m. Stór pallur. Hagstætt verð. Uppl. í s. 557 7667 & 862 7667.

### Hárgreiðsla

Til sölu 3 vaskastólar. Tilboð óskast. Uppl. í s. 565 4424, 692 2765 & 820 3221.

Til sölu 2 galvaniseruð hlið fyrir sumarbústaði eða bændabýli, tveir 1000 lítra vatnstankar, mjög vönduð plötusög, 1 keðjuborvél fyrir tré, 2 kaffiborð fyrir vinnuskúra, 1 stór frystikista, 2 sagir til að kljúfa stórgripaskrokka, 3 m færiband, hentugt fyrir kartöflubónda, lítill kjarnabor og pallvigt. Uppl. í s. 895 7588, 852 1011 & 557 4378, Kristinn.

Kvennfatalegar til sölu. Buxur, skyrtur, nærföt og fleira. Uppl. í síma 896 2896.

Til sölu fallegur ferkantaður rauður stóll og 2 nýleg reiðhjól 26" & 20", selst á mjög góðu verði. Uppl. í s. 587 2084 & 690 2084.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Þvottavél á 10 þ. Uppþvottavél á 8 þ. Nýtt baðkar á 10 þ. 20" sjónv. á 3 þ. Olíuofn á 5 þ. Ryksuga á 2 þ. 3ja sæta sófi og sófaborð á 8 þ. Stólar á 1 þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

Óska eftir vel með. eða nýju krakkahúsi í garðinn. Uppl. í síma 554 6602 & 862 4218.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Verð frá 9950 kr. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

Trommusett. Til sölu mjög vel með farið Pacific trommusett. Eins og nýtt. Aðeins einn notandi við tónlistarnám. Verð kr. 30.000. Uppl. í síma 822 4205.

## Tónlist

Til sölu 4 miðar á Rolling Stones í París 3 júní nk Seljast á kostnaðarverði. Uppl í síma 896 3406.

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

### Ódýrar tölvuviðgerðir.

Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. S. 695 2095.

## Vélar og verkfæri



Sambyggðir þykktarheflar og afréttarar í mörgum stærðum, bandsagir, hjólsagir. Hefilbekkir með og án hækkunarbúnaðar í mörgum stærðum og gerðum. HJ Hönnun s.824-0561

Iðnaðar þvottavél og þurrkari til sölu. Waskator Fle 220 22ja kg þvottavél. Waskator TD 900 25 kg þurrkari, nýyfirfarið í toppstandi. Uppl. í s. 898 4848.



Bandsög, sagar 35cm þykkt, 3ja fasa, auka blöð, 2 rúllubúkkar. Hentar í rekatré. Topp stand. Tilboð. S. 867 2647. Er í Fjarðabyggð.

Til sölu sambyggð trésmíðavél ca 15 ára gömul. Uppl. í s. 897 4951.

Höfum til afgreiðslu strax, Weelu C32 járnaklippur, Weelu E320 beygjuvél og Bendof DBD 25 beygjuvél. Nánari upplýsingar : 544 4490 Mót ehf., Bíldshöfða 16

## Til bygginga




Eigum á lager þakull 200 mm á góðu verði. Uppl. í síma 555 6888.

### Birkikrossviður

Úrvals birkikrossviður tilvalinn til klæðninga innanhúss. 12 mm. Uppl. í s. 895 6594.

Til sölu 90 Lm af ABM handflekamótum í góðu lagi. Einnig til sölu álbitar fyrir loftaundirslátt og z-ur fyrir breiðfjörðstengi. Uppl. í síma 892 2221.

Vantar lóð sem er tilbúin til bygginga á stór Reykjavíkursvæðinu eða nágreni. S. 822 7299.

Gler. 130 ónotaðar K-Gler rúður. Ýmsar stærðir. 6.800 kr. m2 nýjar. Þessar á 50% afslætti. Sendu póst á sjbref@yahoo.com til að fá stærðirnar. S. 867 2647.

## Verslun






Frostþolnu pottarnir komnir aftur. Athugið takmarkað magn. Opið virka daga frá 10 til 18 og 11-14 laugard. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

## Fyrirtæki

### Til sölu hárgreiðslustofa

Salon Reykjavík í hjarta Árhúsaborgar í Danmörku. Frábært tækifæri fyrir duglegan aðila. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. í s. 0045 86379702.

## Heildsala

Lagersala á valinni gjafavöru og húsgögnum hjá His Heildsölu að Miðhrauni 14, Garðabæ. Laugardaginn 6 Maí frá 13-18. S. 661 2845.

## Ýmislegt




# ÞJÓNUSTA

## Vöruflutningar




## Hreingerningar

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér að bónleysa, bónun og pússun, einnig teppahreinsun .Uppl í s. 659 9448.

Óska eftir manneskju til að þrifa einbýlishús í Hafnarfirði. S. 692 5133.

## Ræstingar

Við þrifum heimili, fyrirtæki, nýbyggingar og fl. frábær þjónusta og gott verð. Gæðabón Ármúli 17a S: 568-4310 og 899-4443 gaedabon@gaedabon.is

## Garðyrkja




Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla viðhaldsþjónustu á einum stað fyrir garðinn. Garðlist s. 554 1989, www.gardlist.is.




Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna. Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.

## Skipamiðlunin Bátar & Kvóti

Eggert Sk. Jóhannesson. Jóhannes Eggertsson. Ólafur Thoroddsen hdl.
Löggilt fasteigna, fyrirtækja og skipasala. Síðumúli 33. Sími: 5 888 111

# 40-50 fiskibátar óskast til kaups.

40-50 fiskibátar úr plasti óskast til kaups. Allar gerðir og stærðir koma til greina.

Aðeins bátar sem eru í ágætu lagi og á mjög hagstæðu verði koma til greina.

Vinsamlega sendið upplýsingar um bát og verðhugmynd á ***skipamidlun@simnet.is***

Einnig er hægt að skrá bátinn til sölu á www.skipasala.com

Skipamiðlunin Bátar & Kvóti

Sími 5-888-111. Fax 5 888 114.
Skipamiðlunin ehf, Bátar & Kvóti.
Sími: 5 888 111. www.skipasala.com
Síðumúla 33. 108 Reykjavík.

AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

TILKYNNINGAR

HRINGSJÁ Starfsþjálfun fatlaðra

## HRINGSJÁ
## Náms- og starfsendurhæfing

Hringsjá veitir endurhæfingu til náms og starfa. Hún er ætluð einstaklingum eldri en 18 ára, sem vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla þurfa að endurmeta og styrkja stöðu sína.

**Fullt nám,** 3 annir
Inntaka í fullt nám fer fram tvisvar á ári
**Umsóknarfrestur fyrir haustönn er til 15. maí.**

Kennd er tölvunotkun, bókfærsla, stærðfræði, íslenska, enska, samfélagsfræði, tjáning, myndlist og námstækni.

Veitt er náms- og starfsráðgjöf, kennd gerð starfsumsókna, þjálfuð atvinnuviðtöl og unnið að sjálfsstyrkingu.

**Tölvunámskeið**
Inntaka á námskeið fer fram allt skólaárið

- Grunnnámskeið í tölvunotkun, 30 kennslustundir
- Excel- og bókhaldsnámskeið, 60 kennslustundir

HRINGSJÁ, Hátúni 10 d., s: 552-9380/562-2840, www.hringsja.is

ATVINNA

## Netamann og háseta
**vantar á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði**
**Upplýsingar í síma 659-3593.**

VERKTAKAR MAGNI

## Vantar vana vélamenn og búkollustjóra til starfa strax.

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805.**

STÁL & SUÐA

**Óskum eftir járniðnaðarmönnum við vinnu úr svörtu og riðfríu stáli á virkjanasvæði Orkuveitu reikjavíkur og í smiðju uppl í síma 693-5454.**

PÓSTURINN allur pakkinn

# Sumarstarf
## Bílstjórar með meirapróf

Útkeyrsludeild Íslandspósts óskar eftir að ráða bílstjóra með meirapróf í vaktavinnu í sumar.

Hæfniskröfur:
- Meirapróf
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

Gott væri að viðkomandi gæti byrjað sem fyrst.

Umsóknum skal skilað til:
Íslandspósts hf. Póstmiðstöð, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík. Merkt: Sumarstarf bílstjórar meirapróf. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

FASTEIGNIR

nýtt fasteignasala www.nytt.is

hamraborg 10 | 200 kópavogur | sími 414 6600 | fax 414 6601
kolbrún s gudmundsdottir lögg. fasteignasali | nytt@nytt.is

**Opið hús, Naustabryggja 4 – 110 Rvk**
**í dag kl. 14 – 16, Bjalla merkt 204**




## Naustabryggja 4 - 110 Reykjavík

Falleg 134,8 fm 4ra - 5 herb. íbúð á 2. hæð í viðhaldslitlu lyftuhúsi, ásamt sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Sérlega snyrtileg, björt og rúmgóð íbúð, stórar stofur, tvennar svalir. Sameign fyrsta flokks. **Ásett verð 31,5 millj.**

Frum

ÁRBORGIR
Guðjón Sigurjónsson lögg. fast.





**Opið hús í dag frá kl 16-17**

**Dverghólar 29 Selfossi**

Vandað 140 m² parhús á góðum stað á Selfossi. Eignin telur; forstofu, eldhús, stofu, gang, 4 svefnherbergi baðherbergi og þvottahús. Innangengt er úr þvottahúsi í rúmgóðan bílskúr. Búið er að setja herbergi í enda bílskúrsins. Parket er á herbergjum en flísar á öðrum gólfum. Góð innrétting er í eldhúsi og á baði. Hiti í öllum gólfum. Fataskápar eru í herbergjum. Búið er að setja sólpall við suðurhlið hússins.

**Verð 25.900.000**

## LÓÐIR TIL SÖLU

Til sölu tvær glæsilegar rúmlega 900 m2 einbýlishúsalóðir á Álftanesi.
Lóðirnar afhendast með púða og með eða án teikninga.

Tilboð óskast.

Upplýsingar í síma 693-4704
DRANGAHRAUN ehf.




PÓSTURINN allur pakkinn

# Framtíðarstörf
## móttaka og afgreiðsla

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Starfið felst í móttöku og afgreiðslu á pósti. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 580-1263.

Umsóknum skal skilað til: Íslandspóstur hf, Stórhöfða 29, 110 Reykjavík, merkt „afgreiðslustarf“. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is



Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir,
löggiltur fasteignasali og hdl.



Pálmi B. Almarsson,
löggiltur fasteignasali



Linda B. Stefánsdóttir,
sölu- og markaðsstjóri

domus
FASTEIGNASALA

# Sölusýning laugardaginn 6. maí og sunnudaginn 7. maí kl. 15:00–17:00

## Glæsileg heilsárshús til sölu í Grímsnes- og Grafningshreppi í Kerhrauni ll



78,1 m² heilsásrhús, auk 33,5 m² svefnlofts og 12 m² útigeymslu. 2 svefnherbergi, stór stofa, eldhús og baðherbergi. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu frá „HTH“. Keramikhellur, ofn, örbylgjuofn, háfur, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Fullbúið baðherbergi með nuddsturtuklefa, þvottavél og þurrkara. 97 m² verönd með heitum potti.



114,6 m² heilsárshús á einni hæð auk 12 m² útigeymslu. 3 svefnherbergi, stór stofa, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Eldhús með fallegri viðarinnréttingu frá „HTH“, keramikhellur, ofn, örbylgjuofn, háfur, ísskápur og uppþvottavél fylgja. Þvottahús með þvottavél og þurrkara. Fullbúið baðherbergi ásamt sturtuklefa með nuddbúnaði. 97 m² verönd með heitum potti.

Frum





- Um 70 km frá Reykjavík
- 5000-6500 m² eignarlóðir með hverju húsi
- 97 m² verönd með heitum potti
- Þrefalt gler í gluggum og tvöfalt hitakerfi
- Einangrun þeirra er mun meiri en almennt gerist
- Fyrstu húsin verða tilbúin til afhendingar í maí n.k.
- Lánsfyrirgreiðsla til staðar fyrir þá sem þess óska
- Svæðið er skipulagt með þjónustumiðstöð og útileikjaðstöðu
- Framtíðareign í sumarparadís

**Leiðarlýsing þegar ekið er austur í Grímsnes:**
*Beygt er til vinstri á 2. afleggjara eftir að ekið er framhjá Kerinu. Þar er skilti við þjóðveginn. Ekið er áleiðis upp að Seyðishólum og síðan beygt til vinstri hjá skilti auðkennt Kerhólum og niður í dalverpið og þar til hægri.*

Halldór Jensson
Sölufulltrúi
halldor@domus.is
sími 840 2100/440 6014



Domus fasteignasala • Laugavegi 97 • 101 Reykjavík • Sími 440-6000 • www.domus.is

# BÚGARÐABYGGÐ Í ÁRBORG

Vegna mikillar sölu og stöðugrar eftirspurnar er 2. áfangi nú einnig til sölu.

## Opið um helgina !

*Dagana 6. og 7. maí, milli klukkan 11 og 17 geta áhugasamir komið og kynnt sér aðstæður á svæðinu.*




Fjóra km frá Selfossi hefur verið skipulögð búgarðabyggð sem er nýjung í íslensku skipulagi. Tjarnabyggð er skipulögð á um 600 ha af frjósömu og góðu byggingarlandi og þar verða í boði 1-6 ha lóðir með öllum þægindum og þjónustu þéttbýlisins.

ÁRBORGIR · FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf · FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN · LÖGMENN SUÐURLANDI

Nánari upplýsingar á www.tjarnabyggd.is eða í síma 898-0343

## VISSIR ÞÚ...

...að fyrstu kúrekarnir voru uppi á Spáni á miðöldum?

...að þeir kölluðust vaquero?

...að þar sem hestar voru dýrir og yfirleitt aðeins drengir fengnir í verkið (cow-boys) voru flestir kúrekarnir fótgangandi?

...að hugtakið kúreki breiddist út til Ameríku með Spánverjum á landvinningatímunum?

...að hinir villtu mústangar (villihestar) eru afkomendur hestanna sem Spánverjar komu með?

...að fyrir þann tíma voru engir hestar í Ameríku?

...að kúrekahefðin náði fótfestu í Mexíkó?

...að kúrekarnir í Mexíkó voru kallaðir charro?

...að samhliða fótfestunni í Mexíkó gerðist það sama í Kaliforníu?

...að kúrekar þar voru kallaðir buckaroo?

...að þegar vestrið var sigrað blönduðust þessar tvær kúrekahefðir og í dag er nær enginn munur á þeim?

...að menning kúrekanna var blanda af menningu landnema, og viktorí-anskra gilda?

...að megin inntakið var sjálfstæði og að vera engum háður?

...að árið 1890 var gullöld kúrekanna að mestu lokið?

...að þá var hætt að reka nautgripi frá Texas til Kansas?

...að annað gullaldartímabil kúreka hófst upp úr 1930?

...að þessu sinni var það ekki á sléttum Bandaríkjanna heldur á hvíta tjaldinu?

...að út frá myndum, sem sagnfræðilega voru rangar, runnu byssan og kúrekinn saman í mann eins og Roy Rogers?

...að allt að 25% kúreka í Suðurríkjunum voru af afrískum uppruna?

...að 15% kúreka voru Mexíkanar?

...að nær allir kúrekarnir í kvikmyndunum eru af hvíta kynstofninum?

...að jafnvel indíánar fengu vinnu sem kúrekar?

...að það þótti lítt eftirsóknavert að vera kúreki?

## SJÓNARHORN



Sólin skein glatt á þessa gönguskíðagarpa á ferð þeirra um Landmannalaugar á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







# Ljósheimadagur
## - opið hús
### Á morgun sunnudag 7. maí
**milli 13 og 18 í Ljósheimum, Brautarholti 8**

Tarotlestur, stjörnukort, prufutímar gegn vægu gjaldi í nuddi, heilun, pólun, bowen, cranio og heilunar-pýramída. Kristallasýning– og sala, fyrirlestar um kristalla, leidd hugleiðsla, fræðsla og kynning á egypskum ilmolíum og notkun þeirra, kynning á Ljósheimaskóla, sneisafullt tehús. Í verslun okkar er úrval af nýjum vörum frá Egyptalandi s.s. hágæða papýrus, silkiklútar, bómullarklútar og ilmolíur.

Verið hjartanlega velkomin!

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hvernig varð fyrsta konan eða maðurinn til?

Stutta, einfalda svarið er að það var aldrei til nein fyrsta kona eða fyrsti maður; slíkt er ekki hægt að skilgreina eða afmarka.

**Maðurinn hefur orðið til við þróun**

Samkvæmt vísindum nútímans (þróunarkenningunni) hefur tegundin maður eða nútímamaður, Homo sapiens, orðið til við þróun á sama hátt og aðrar tegundir lífs á jörðinni. Hugsum okkur að einhvern tímann í fyrndinni hafi verið til einhver tegund lífvera sem við köllum X. Þetta merkir að ákveðinn stofn eða hópur hefur myndað eina heild að því leyti að einstaklingar innan hans hafa getað æxlast innbyrðis og átt frjó afkvæmi. Þannig hafa þeir getað viðhaldið og jafnvel fjölgað í stofninum ef aðstæður hafa verið nógu hagkvæmar til þess. Einstaklingar í stofninum X geta hins vegar ekki átt frjó afkvæmi með einstaklingum af öðrum tegundum.

**Umhverfið eitt og sér veldur ekki breytingum**

Ef stofninn er vel lagaður að umhverfi sínu, það breytist ekki verulega og ekkert annað sérstakt kemur fyrir, þá er líklegt að það gerist ósköp lítið með þennan stofn. Það fjölgar eða fækkar í honum eftir aðstæðum á hverjum tíma, en einstaklingar í stofninum taka litlum breytingum ef á heildina er litið. Breytist aðstæður hins vegar verulega getur það gerst að einstaklingar með tiltekna eiginleika hverfi úr stofninum og aðrir standi eftir. Þeir hafa þá sömu eiginleika og hluti stofnsins hafði áður, en nýir eiginleikar verða ekki til við breytingar á umhverfi einar og sér.

**Stökkbreytingar og náttúruval**

Til þess að nýir arfgengir og þar með varanlegir eiginleikar verði til í stofninum þurfa að koma til stökkbreytingar eða endurröðun erfðaefnisins í einstaklingi. Flestar stökkbreytingar eru að vísu óhagstæðar þannig að einstaklingurinn deyr eða á ekki frjó afkvæmi. Engu að síður verða öðru hverju hagstæðar stökkbreytingar sem haldast í stofninum og breiðast út, meðal annars af því að einstaklingarnir sem bera þær eru á einhvern hátt „hæfari“ sem kallað er, en það nefnist náttúruval. Þessar hagstæðu stökkbreytingar mega ekki vera of miklar því að þá er líklegt að einstaklingurinn verði ófrjór. Þess vegna þurfa venjulega að verða margar stökkbreytingar til þess að ný tegund verði til, það er að segja nýr stofn Y sem aðskilur sig þannig frá gamla stofninum X að einstaklingar af stofni Y og X geta ekki átt saman frjó afkvæmi.

**„Fyrsti maðurinn“ var ekki til**

Á þennan hátt hefur nútímamaðurinn sem tegund orðið til og er nú talið að það hafi gerst fyrir um það bil 130.000 árum, það er að segja löngu, löngu áður en nokkrar sögur hófust. Jafnvel þótt þeir sem þá voru uppi hefðu kunnað skil á tegundarhugtaki og þróunarkenningu nútímans hefðu þeir ekki getað bent á einhvern tiltekinn einstakling, karl eða konu, og sagt: „Þú ert fyrsti maðurinn“. Og þó svo að við gætum til dæmis horft á einhvers konar kvikmynd af því sem var að gerast í náttúrunni þegar tegundin maður varð til, þá mundum við heldur ekki geta tilgreint hver var fyrstur. Til þess eru skrefin í þróuninni alltof smá eins og áður var lýst.

**Hvað þarf mörg sandkorn í eina hrúgu?**

Þess eru mörg dæmi í umhverfi okkar og talsmáta að við getum ekki sagt til um hver sé fyrstur, stærstur, minnstur eða bestur. Dæmið um fyrsta manninn er kannski líkast því þegar við hellum úr sandpoka og spyrjum hvenær verður til hrúga. Við getum þá ekki bent á tiltekið sandkorn og sagt að hrúgan hafi orðið til þegar þetta sandkorn bættist við.

*Þorsteinn Vilhjálmsson,*
*prófessor í vísindasögu og eðlisfræði*



Enginn fugl ferðast eins langt á milli árstíðabundinna heimkynna og krían.

## Hvað er krían lengi að fljúga frá Íslandi til Suðurskautslandsins?

Enginn fugl í heiminum ferðast jafnlanga leið á milli varp- og vetrarstöðva og krían (Sterna paradisaea). Flugleiðin frá varpstöðvum á norðurhjaranum suður að ísbreiðunum við Suðurskautslandið getur verið rúmlega 15 þúsund km og þessa vegalengd fer fuglinn tvisvar á ári. Krían eltir því í raun sumarið og birtuna þar sem hún heldur í sumarið á Suðurskautslandinu þegar vetur er hér og kemur svo aftur í vorið á norðurhveli þegar haustar á suðurhveli jarðar.

**Ferðalög í 5 mánuði á ári**

Fuglafræðingar hafa rannsakað þetta langa ferðalag kríunnar, bæði farleiðina og hversu langan tíma ferðalagið tekur. Að vori er ferðatíminn um 60 dagar. Hún leggur upp í byrjun mars og kemur hingað til lands um mánaðamótin apríl/maí. Haustfar kríunnar er hægara og tekur um 90 daga. Hún fer þá héðan í lok ágúst og er venjulega komin til Suður-Afríku í nóvember eða desember. Þannig ver krían samtals 5 mánuðum á ári í ferðalög.

**Ferð í mörgum áföngum**

Krían fer þessa löngu leið hægt og bítandi og leitar fæðu á leiðinni. Flughraði hennar í logni er einhvers staðar á bilinu 50-60 km á klukkustund. Ferðin til og frá Suðurskautslandinu er hins vegar í mörgum áföngum og því verður meðalhraði ferðalagsins lágur.

Höfundur þakkar Guðmundi A. Guðmundssyni fuglafræðingi aðstoð við gerð þessa svars.

*Jón Már Halldórsson,*
*líffræðingur*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Af hverju fær maður prófkvíða og hvernig getur maður losnað við hann, getið þið sagt mér eitthvað um beltisþara, hvaða áhrif hafa berserkjasveppir á mann, af hverju varpast skuggar ekki í lit, hver er munurinn á trölli, jötni og risa, hvað er módernismi og úr hverju er augað? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is





**BRANDENBORGARHLIÐIÐ** Hið tilkomumikla kennileiti Berlínar var lýst upp í þýsku fánalitunum í janúar síðastliðnum í tilefni grænu vikunnar sem haldin var þá. NORDICPHOTOS/AFP

# Berlín er borgin

Maður þarf ekki að vera múraður til að njóta lífsins í Berlín. Hér er ódýrt að borða, gista og versla og borgin iðar af lífi, enda eru sennilega hvergi jafn margir listamenn á ferkílómetra og í höfuðborg Þýskalands um þessar mundir. *Kristján Sigurjónsson* tók stöðuna á borginni.

Endurbygging Berlínar er ansi mögnuð. Nokkur ár á milli heimsókna og nýjar byggingar hafa skotið upp kollinum og engar tvær eins. Hér blandast saman ljótar kommablokkir, amerísk háhýsi og nútímaleg glerhýsi. Allt á litlum svæðum. Reyndar hefur kappið við endurreisnina reynt á buddu borgarinnar og það skýrir að hluta til hversu ódýrt er að búa hér. En borgin er vinsæl um þessar mundir og brátt hefja bæði Iceland Express og Icelandair flug þangað.

Potzdamer platz er nýbyggði hluti borgarinnar og sá hæsti. Hér fá vegfarendur það á tilfinninguna að þeir séu hluti af teikniforriti á arkitektastofu enda er ekkert gamalt hér að sjá og allt úr takti við það sem maður á að venjast, nema kannski í sumum borgum vestanhafs. Að ganga niður Karl-Marx-Allee er sérstök upplifun og tilvalið að taka lestina þangað frá Potsdamer Platz og fá öfgarnar beint í æð. Napurlegar íbúðarblokkir standa hér við risabreiðgötu og erfitt að ímynda sér að nokkur hafi sjálfviljugur valið sér búsetu í þessu hverfi. Reyndar er spennandi að sjá hvernig tíminn mun taka á Potsdamer Platz. Öllu notalegra er hinum megin við Alexanderplatz, nánar tiltekið við Alte Schönhauser Strasse. Þar blómstrar nefnilega mannlífið. Fjölda lítilla verslana er þar að finna innan um skemmtilega veitingastaði og bari. Síðar hafa svo erlendir tískusalar tryggt sér pláss í götunni. Þeir sem vilja dansa í kringum gullkálfinn finna eflaust skemmtilegri takt til þess hér en í risabúðunum við Kurfürstendamm. Eða kannski ekki.

En borgin er stór og fjölbreytt og því er um að gera að gefa sér tíma í að rölta um hverfin. Til dæmis er ljúft að setjast niður á einu af hinum óteljandi kaffihúsum á Bergmannstrasse í Kreuzberg-hverfinu eða virða fyrir sér nágrennið við Kollwitzer Platz í Prenzlauer Berg, sem þykir víst fínasta fínt um þessar mundir.

Ógerningur er að ætla sér að gera söfnum borgarinnar góð skil á fáum dögum. Hér er næstum allt í boði og mörg klassíkin til sýnis. Sögunni eru líka gerð skil og það er lágmarkskrafa til þeirra sem eru í sinni fyrstu heimsókn í borginni að kíkja við á Checkpoint Charlie. Þegar rölt er um borgina vakna margar spurningar og því er þjóðráð að kynna sér sögu Berlínar áður en lagt er í hann. Það mun án efa auka á upplifunina. ■

## GÓÐIR ÁNINGARSTAÐIR



**Kampavín hússins**
103 bar er skemmtilega staðsettur á horni Kastanienallé og Zionkirchеplatz. Hér er ekkert sjálfsagðara en að skála í kampavíni dægrin löng og sennilega vita fastagestirnir meira um Dietrich en Beckenbauer. Mælt er með morgunmatnum og hér er líka nóg af tímaritum fyrir lesþyrsta.

**Ekkert Coca-cola**
Barinn við Karl-Marx-Allee 36 selur ekki vörur heimsþekktra framleiðenda. Hér fá gestirnir því Afri-Cola út í rommið sitt. Staðurinn er beint á móti hinu fræga Kino International. Gestirnir geta því virt þá byggingu fyrir sér úr salnum enda ná gluggarnir frá gólfi og alveg upp í loft. Staðurinn er opnaður klukkan sex á daginn og fjörið er mest í kringum miðnætti. Ef að þér læðist hungur er létta rétti að finna á barnum.



**Framúrstefnuhótel**
Ef þú leggur meira upp úr skringilegheitum en þægindum er hótelið Propeller Island Lodge málið. Hér eru engin tvö herbergi eins og hvert innréttað í takt við ákveðið þema; spegla, kjúklinga, liti og í einu er allt á hvolfi. Listamaðurinn sem á og hannaði hótelið samdi líka sérstaka tónlist fyrir herbergin og geta gestirnir hlustað á alls kyns hljóð og óhljóð sem passa við stemninguna. Þetta er því fín tilbreyting frá hinu staðlaða hótelherbergi.
Propeller Island er við Albrecht Achilles Strasse 58 í Charlottenborg.



**Hótel í hringamiðjunni**
Lux er ekki bara sápa heldur fínt og að sjálfsögðu hreint hótel mitt í Mitte. Ekki svo dýrt ef miðað er við smartheitin og staðsetningu. Hótelið hefur hlotið hrós ferðatímarita og óhætt að mæla með því.

**Holly**
Sumir vita ekkert verra en að rekast á fólk úti á götu í alveg eins fötum. Líkurnar á að þetta gerist eru næstum engar ef þú verslar í búð eins og Holly. Fötin eru svolítið í anda stríðsáranna og eldrauður varalitur nauðsynlegur fylgihlutur við kvenfötin. Karlarnir geta líka fengið sitt hér. Þótt þú hafir ekki áhuga á fötunum er það þess virði að kíkja inn enda hefur mikið verið lagt í innréttingar og útlit búðarinnar.

**Samgöngur**
Það tekur tíma að ferðast um stórborg eins og Berlín þó að almenningssamgöngur séu mjög góðar. Bestu kaupin sem ferðamenn gera eru dagspassar sem gilda í allar lestar, strætó og sporvagna og kosta 5 evrur og 80 sent. Ekki galið að finna sér hótel í nálægð við S-Bahn enda keyra þær lestar títt.



**Lítur vel út**
Það er fínt að hafa yfirsýn yfir hlutina og í Berlín er það mjög auðvelt, enda teygir sjónvarpsturninn við Alexanderplatz sig 368 metra upp í loft og útsýnispallurinn er opinn fyrir ferðamenn langt fram á kvöld. Útsýnið úr glerhýsinu ofan á þinghúsinu er einnig eins og best verður á kosið. Reikna má þó með biðröðum við báða þessa útsýnisstaði.



NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**Ástargangan og heimsmeistaramótið**
Berlín er vettvangur tveggja stórviðburða í sumar. Heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í landinu og verður úrslitaleikurinn leikinn í Berlín hinn 9. júlí. Síðan munu tugir þúsunda ganga um götur borgarinnar vopnaðir flautum og danstónlist hinn 15. júlí í hinni árlegu og annáluðu ástargöngu (Love Parade). Vissara að hafa þetta í huga þegar ferð til borgarinnar er skipulögð.

# Sófa dagar

# 15-60% afsláttur

## Af öllum sófasettum

Yfir 100 tegundir í boði

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



Gildir til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# Margur er knár þótt hann sé smár

Frá árinu 1971 hafa með reglulegu millibili komið fram smáflokkar sem hafa gert íslensk stjórnmál litríkari.



Árið 1971 ákváðu nokkrir nemar í Háskóla Íslands að vekja athygli á því að ungt fólk hefði skoðanir á því sem var að gerast í samfélaginu, rétt eins og málsvarar hinna grónu stjórnmálaflokka sem þá höfðu einokað svið íslenskra stjórnmála um áratuga skeið. Nemarnir kölluðu sig O-flokkinn eða Framboðsflokkinn. Þessi félagsskapur gerði góðlátlegt grín að íslenskum stjórnmálum en þó á þann hátt að þung undiralda var í spauginu. Framlag þeirra til íslenskra stjórnmála er ekki að finna í sögubókum en áhrif framboðsins skyldi þó enginn vanmeta. Þau sýndu fram á að hver sá sem hefur áhuga á málefnum dagsins eða á sér hugsjón sem þarfnast farvegs getur látið til sín taka.

Síðasta aldarfjórðunginn hefur fjöldi fólks stofnað stjórnmálahreyfingar sem hafa á einn eða annan hátt vakið athygli. Sumar á hliðum þjóðfélagsins sem ekki hafði verið sinnt, en rík ástæða hefði verið til að fjalla um á öllum tímum. Aðrar höfðu aðeins það háleita markmið að láta okkur hlæja. En hvað er það sem hvetur fólk til að stofna pólitískar hreyfingar? Hver var aðdragandinn að stofnun þeirra og hverju vildu menn vekja athygli á eða breyta? Trúir fólk enn á málstaðinn þó hreyfingin sem honum tengdist sé ekki lengur til? *Svavar Hávarðsson* leit til baka og spurði nokkra þeirra sem vörðu kröftum sínum í þágu þessara sérstöku flokka þessara spurninga. Fólkið sem á margan hátt hefur gert litróf íslenskra stjórnmála fjölbreyttara, vakið fólk til umhugsunar og breytt stjórnmálunum þó það sé ekki alltaf auðvelt að koma auga á það.

**BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR 1986–2002**

| | 1986 | 1990 | 1994 | 1998 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| Flokkur mannsins | 1.036 | 594 | | | |
| Grænt framboð | | 565 | | | |
| Húmanistar | | | | 392 | |
| Launalisti | | | | 371 | |
| Húmanistaflokkur | | | | | 126 |
| Vinstri-hægri-snú | | | | | 246 |
| Höfuðborgarsamtökin | | | | | 397 |
| Prósent af heild | 2,0% | 2,1% | | 1,2% | 1,1% |

**ALÞINGISKOSNINGAR 1979–2003**

| | 1979 | 1983 | 1987 | 1991 | 1995 | 1999 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sólskinsflokkurinn | 92 | | | | | | |
| Hinn flokkurinn | 158 | | | | | | |
| Flokkur mannsins | | | 2.434 | | | | |
| Samtök um jafnrétti og félagshyggju | | | 1.893 | | | | |
| Þjóðarflokkur | | | 2.047 | | | | |
| Grænt framboð | | | | 502 | | | |
| Heimastjórnarflokkur | | | | 975 | | | |
| Verkamannaflokkur | | | | 99 | | | |
| Öfgasinnaðir jafnaðarmenn | | | | 459 | | | |
| Þjóðarflokkur – Flokkur mannsins | | | | 2.871 | | | |
| Kristileg stjórnmálahreyfing | | | | | 316 | | |
| Náttúrulagaflokkur Íslands | | | | | 957 | | |
| Húmanistaflokkur | | | | | | 742 | |
| Anarkistar | | | | | | 204 | |
| Nýtt afl | | | | | | | 1.791 |
| Prósent af heild | 0,2% | | 2,9% | 4,3% | 1,9% | 0,8% | 1,4% |



Hagvöxturinn þarf stærri skó

Ásta Ragnheiður

## Framboðsflokkurinn
(1971)

Við vorum þarna hópur í háskólanum og tilheyrðum ´68-kynslóðinni sem var gagnrýnin á samtímann. Þetta var því framboð háskólanema og var ákveðið ádeiluframboð þar sem frambjóðendur tóku þátt í allri kosningabaráttunni og fór eftir öllum settum reglum en gerðu um leið grín að gömlu flokkunum. Við gerðum margt í sama stíl og gömlu flokkarnir, vorum til dæmis með gömul hjól í happdrættisvinning þegar þeir voru að selja happdrættismiða með glæsibifreiðar í vinning.

Við hittumst á kaffihúsum og líka í Norræna húsinu. Þar var setið yfir því að semja stefnuskrá og semja ræður fyrir framboðsfundi. Eitt málið hjá okkur var að hafa hringveg í hverju kjördæmi af því að það minnti á listabókstafinn okkar O en þá voru hinir flokkarnir með á stefnuskrá sinni að ljúka við hringveginn. Ég var í þriðja sæti eða kvennasætinu af því að þá komust engar konur hærra á lista hjá gömlu flokkunum.

Margir kynntust vel í þessu starfi og þetta var mjög gaman. Ég kynntist manninum mínum til dæmis.

Gömlu flokkarnir voru alveg skjálfandi því þeir vissu ekkert hvað var þarna á ferðinni. Þetta var alltaf mjög alvöruþrungið hjá okkur þó við værum að gera grín. Þeir hringdu meira að segja og báðu okkur að koma í gömlu flokkana.

Í sjónvarpinu voru allir svo hræddir um að við myndum syngja en í staðinn fórum við með þulu sem endaði svona: „Þó þjóðarskútan sé næstum sokkin, það bjargast er kýstu Framboðsflokkinn.“

Helgi Friðjónsson

## Hinn flokkurinn (1979)

Ekki kjósa okkur, kjósið hinn flokkinn



Þetta var annað tveggja framboða sem komu í kjölfar O-listans sem var fyrsta eiginlega grínframboðið. Þetta var nokkuð sundurleitur hópur; frá menntaskólum, ég var í myndlistarskólanum og þetta var allt til gamans gert. Pælingin var þó að hrista aðeins upp í þessu staðlaða kerfi sem hafði verið við lýði. Verndari framboðsins var Jörmundur Ingi, fyrrverandi æðsti goði, sem var langelstur. Ég held meira að segja að það hafi verið fólk á listanum sem var ekki orðið löglegt, hafði ekki aldur.

Prófkjör flokksins var vítaspyrnukeppni. Það vildi svo til að ég hitti ekki markið í minni spyrnu en var samt í efsta sætinu. Þetta var til að minna á það að í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins var búið að ákveða hver yrði fyrstur á lista, óháð úrslitum prófkjörsins.

Þetta var mjög gaman því Sjónvarpið þurfti að úthluta okkur tíma, sem þeir gerðu ekki fyrr en við fórum í hart. Þeir vildu meina að við værum ekki alvöru framboð. Í útsendingunni gáfum við Steingrími Hermannssyni 25 kerta ljósaperu í þeirri von að það myndi kvikna á henni og Sjálfstæðisflokkurinn notaði slagorðið „leiftursókn“, svo ég gaf Geir Hallgrímssyni hjálm með nefhlíf. Nefhlífina hafði ég jafn stóra hjálminum sjálfum.

Stefnumál: Íslenska hestinn heim, gefa bændum rétt til þess að rækta gras, mótmæla útþenslustefnu Færeyinga.

FRAMHALD VERÐUR Á MORGUN SUNNUDAG



Valgarður Guðjónsson

## Sólskinsflokkurinn
(1979)

Hugmyndin að Sólskinsflokknum er frá þeim Hákoni Gunnarssyni og Hauki Hannessyni í Menntaskólanum í Hamrahlíð. Sagt er að þeir hafi verið að drekka Tropicana á Matgarði haustið 1978.

Hákon sagði okkur nokkrum félögum úr Kópavogi frá hugmyndinni og þegar boðað var til kosninga 1979 æstum við okkur upp í þetta. Hákon og Haukur voru reyndar báðir erlendis, mig minnir að við höfum borið þetta undir Hákon og hann gefið grænt ljós – en mig grunar að Haukur hafi ekki verið eins hrifinn af framtakinu, sérstaklega í ljósi þess hvernig við klúðruðum þessu!

Starfið var svo sem ekki mikið, við mættum í upptöku hjá Sjónvarpinu, gekk svo sem allt í lagi í fyrstu atrennu – en bitum í okkur að gera betur og ákváðum að fá að endurtaka kynninguna. Í þetta sinn vöfðust okkur tungur um tennur, mundum ekki hvað við höfðum sagt í seinni upptökunni og hverju við höfðum komið að í þeirri fyrri og röfluðum eitthvað óljóst — komum sem sagt ekki vel fyrir.

Ætli hápunktur starfseminnar hafi ekki verið að líkja eftir atriði úr sjónvarpsþætti um Nixon sem við vorum nýbúnir að sjá. Þar var lagt til að hann færi í göngutúr með hundinn niður á strönd til að mýkja almenningsálitið. Við reyndum að semja við köttinn minn um að vera með Stefáni Karli Guðjónssyni, sem var oddviti listans, í myndatöku niðri við Skítalækinn í Kópavogi. Við náðum myndinni á endanum en hún náði sem sagt jafn lítilli samúð með Stebba eins og Nixon hafði fengið úr sínum æfingum.

Stefnumálin gengu út á að bæta hag þjóðarinnar með betra veðurfari, og við verðbólgunni, sem var þá í einhverjum tugum prósenta, lögðum við til að leyfa henni að fara alla leið í 100% og skera svo tvö núll af, eins og gert var með krónuna.

Sólskinsflokkurinn var auðvitað stórmerkilegt framboð, sagan hefur sýnt að við höfðum lög að mæla – veður hefur farið hlýnandi á landinu og aldrei hefur efnahagur landsmanna blómstrað sem nú.



Maðurinn í öndvegi

Pétur Guðjónsson

## Flokkur mannsins
(1985-2006)

Áður en flokkurinn varð til var Sameiningarflokkurinn. Sá hópur hélt ráðstefnu á sínum tíma undir heitinu „Er fátækt á Íslandi.“ Út úr þessum samtökum kom sú vissa að við yrðum að hafa áhrif á stjórnmál. Við reyndum fyrst að hafa áhrif í gömlu flokkunum en fórum þaðan með hausverk og leiðindi. Árið 1985 var ákveðið að stofna flokk sem myndi byggja á hugmyndum húmanismans. Þetta var eðlileg framvinda af því sem við vorum að gera fyrr. Húmanistaflokkurinn upphaflegi varð að Flokki mannsins og svo aftur Húmanistaflokknum.

Innra starfið hjá okkur var ofboðslega virkt. Það var farið með bílalestir um landið með fána og það var mikið tekið eftir þessu. Við tókum þátt í borgarstjórnarkosningum fyrst og höfðum þá sem aðalbaráttumál að fólk gæti lifað af laununum sínum. Síðan var það áhersla á íbúalýðræði sem hafði áhrif seinna. Flokkurinn er ennþá til og ég tel það líklegt að hann bjóði fram fyrir næstu Alþingiskosningar.

fatboy® the original

# Á ÍSLANDI

**Ný verslun opnar á Laugavegi 51**
**í dag kl. 14:00**

Baunapoki 21. aldarinnar



Framsækin leið til þæginda

marimekko®

• FLOTTIR LITIR • SESTU Í HANN • LEGGSTU Í HANN
• MARGAR GERÐIR • FRÁBÆR HÖNNUN
• ÞÆGILEGIR • PASSA HVAR SEM ER



Nýjungar í Nóatúni
Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Nýtt í Nóatúni!
GRÍSAHNAKKI
BEIKONMARINERAÐUR
1.598 kr. kg
Nóatún – bestir í kjöti
Úr Kjötborði Nóatúns
Nýtt í Nóatúni!
DUCHESS KARTÖFLUR
BEINT Í OFNINN
998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Nýtt í Nóatúni!
NAUTAFILLET
RAUÐVÍNSPIPARMARINERAÐ
2.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Gómsæt grillspjót
Sýrður rjómi
15% afsláttur
3 FYRIR 2
3 FYRIR 2
BRAZZI
290 kr. 3l
JOHN WEST
JOHN WEST
SJÁVARRÉTTIR
149 kr. pk


Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
2.698 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBAFILLET
MEÐ FITURÖND
2.998 kr. kg
KLAUSTURBLEIKJA
ÚR FISKBORÐI
1.398 kr. kg
2 FYRIR 1
MÓA KJÚKLINGUR
2 FYRIR 1 TILBOÐ
350 kr. kg
Sprengjuverð
á Sterling grillum
verð 14.900 kr.
Kaupauki!
Allt þetta fylgir með
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
SPERGILKÁL
299 kr. kg
EPLI, GRÆN
169 kr. kg
NÁTTÚRU SPÍNAT
249 kr. 300 g
VATNSMELÓNA
129 kr. kg
KANTALÓPA
199 kr. kg
=
5 á dag
Mundu Chester Fried
NÓATÚN
OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



**GAMALL DRAUMUR** „Ég held að innst inni langi alla í mótorhjól,“ segir Ari, sem gaf sjálfum sér mótorhjólaprófið í þrítugsafmælisgjöf. Hann segir að ef bensínlítrinn fari upp í 150 kr. setjist hann glaður á hjólið, sem eyðir miklu minna en bíll. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Vorboðinn hrjúfi

Þegar mótorhjólin vakna af vetrardvala og fara að sjást á götum borgarinnar er það augljóst merki þess að sumar sé í nánd. Drunurnar þeirra eru eins ómissandi og suðið í húsflugunni, kvakið í lóunni og lambakjötslykt úr grillunum. *Snæfríður Ingadóttir* ræddi við nokkra riddara götunnar sem taka hækkandi sól fagnandi á háværum fákum.

Það er sama hvernig viðrar, svo lengi sem ekki er hált bregður Friðgeir Axfjörð, tæknistjóri á RÚV, sér á bak á hjólinu sínu, Honda Shadow 1100. „Ég er með hjólið á heilsárstryggingu og er lítið fyrir að standa í einhverri bónkeppni eins og sumir og vil frekar nota hjólið eins mikið og ég get,“ segir Friðgeir, sem segir það afar hressandi að bruna frá heimili sínu í Hafnarfirði og upp á RÚV á morgnana. „Maður kemur ferskur, frjór og stundum blautur til vinnu.“ Friðgeir, sem er 47 ára, fékk mótorhjóladelluna sem unglingur á Húsavík og man vel þá tíð þegar menn voru í skíðagöllum á hjólunum. „Fram á áttunda áratuginn var ekkert framboð af mótorhjólafatnaði á landinu enda var manni alltaf skítkalt,“ segir Friðgeir, sem hefur ekki átt mörg hjól um dagana. Hans fyrsta hjól var Kawasaki 350 en síðan þá hefur hann átt um tíu hjól. „Hjólið er vinur manns og það er kannski þess vegna sem maður skiptir sjaldan. Það má líka líkja hjólum við konur, núverandi er alltaf draumakonan,“ segir Friðgeir, sem er sáttur við hinn kolsvarta og krómaða fák sinn. Í sumar hyggur hann á sína fyrstu hringferð í kringum landið á hjólinu.

Að sögn Friðgeirs hefur ímynd mótorhjólamanna verið að breytast á undanförnum árum og hún er að verða mýkri og vingjarnlegri. „Það er vegna þess að meira af fullorðnu fólki er komið í sportið. Þetta er fólk sem á allt, hús, jeppa og fjölskyldu, en kaupir sér svo mótorhjól til að bóna og keyra um á sunnudögum þegar sólin skín. Þetta eru náttúrlega ekki raunverulegir mótorhjólamenn en það er þó betra að fá þá í sportið heldur en enga. Ég vil auðvitað bara sjá sem flesta á mótorhjólum.“

**Með alvöru mótorhjóladellu**

Arnar Snær Rafnsson, bakari hjá Café Konditori Copenhagen, hefur verið með dellu fyrir öllu sem lyktar af bensíni síðan hann var smápolli. „Ætli ég hafi ekki fyrst tekið í hjá bróður mínum þegar ég var átta ára en þá bjó ég á Dalvík,“ segir Arnar Snær. Ekki minnkaði mótorhjólaáhuginn við það að flytja til Danmerkur en þar tók hann mótorhjólaprófið átján ára gamall. Hans fyrsta hjól var enduro-hjól, Yamaha Dt 175, en í dag keyrir hann um göturnar á Mv Agusta 1000. „Þetta er ítölsk framleiðsla og það eru einungis þrjú hjól af þessarri tegund á landinu en engin þeirra eru þó eins. Hjólið er kraftmesta 1000 kúbika götuhjólið á markaðnum í dag en það er einungs framleitt í 300 eintökum. Ef við líkjum þessu við bíl þá er þetta eins og að keyra Ferrari,“ segir Arnar Snær, sem á reyndar þrjú önnur hjól. „Já ég er með alvöru dellu,“ viðurkennir Arnar Snær, sem er 26 ára gamall. Plön sumarsins fela ekki í sér lengri ferðalög á fáknum enda segir Arnar Snær að það sé alltaf rigning og rok á Íslandi og ekki spennandi veður til ferðalaga, hann ætli hins vegar að einbeita sér að mótorkrossinu í sumar. Þegar Arnar bjó í Danmörku fór hann hins vegar oft í lengri ferðir, til dæmis niður til Þýskalands, enda gaman að gefa í á þýskum hraðbrautum. „Hér heima finnst mér gaman að keyra Hvalfjörðinn. Þar er lítil umferð og nóg af beygjum, hæðum og hólum.“

**Þrítugsafmælisgjöf á tveimur hjólum**

„Ég verð þrítugur í sumar og gaf mér mótorhjólaprófið í afmælisgjöf,“ segir Ari Steinarsson, trommuleikari í hljómsveitinni Kung Fu, sem lét gamlan draum um mótorhjólapróf rætast fyrir tæpu ári síðan. Konan hans bætti um betur og gaf honum Yamaha Virago 525 hjól í vetur og á því hefur Ari undanfarið þeyst um





**HRESSANDI RÚNTUR** Friðgeir kemur ferskur, frjór og stundum blautur til vinnu á RÚV en hann keyrir hjólið sama hvernig viðrar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

Vorsýning
Kvöldskóla Kópavogs
2006
verður sunnudaginn 7. maí
kl. 13 til 17
í Snælandsskóla v/ Furugrund

Bókband Tungumál
Íkonagerð Matreiðsla
Tölvur Silfursmíði
Crazy Quilt Trésmíði
Fatasaumur Útskurður
Frístundamálun Baldering
Garðyrkja Skattering
Lopapeysuprjón Haustkransagerð
Rímnakveðskapur Þjóðbúningagerð

Allir velkomnir!





**EINS OG FERRARI** Arnar Snær keyrir um á Mv Agusta 1000 sem hann segir að sé kraftmesta 1000 kúbika götuhjólið á markaðnum í dag. Hann á þrjú önnur hjól og segist vera með algjöra mótorhjóladellu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

götur borgarinnar. „Tíðin er orðin svo góð að það hefur vel verið hægt að vera á því í vetur.“ Ari segist alltaf hafa verið mikill bílakall, hann hafi verið að skellinaðrast sem unglingur og þegar vélsleðinn bræddi úr sér í vetur hafi legið beint við að fara á hjólið. „Mótorhjól eru mjög spennandi fyrirbæri og fólk horfir mikið á þau í umferðinni. Ég held að innst inni langi alla í mótorhjól en ég held að margir setji samasemmerki á milli mótorhjóla og bílslysa og hræðist þau þar af leiðandi,“ segir Ari, sem býst við að fá sér kraftmeira hjól næsta sumar. Þegar hann er beðinn um að skýra út hvað sé eiginlega svona frábært við það að vera á hjóli stendur ekki á svari. „Að keyra um á hjólinu veitir hugarró því hjólið er einn af fáum stöðum sem maður getur verið algjörlega einn með sjálfum sér en þeim stöðum fer stöðugt fækkandi. Það kemst enginn annar inn í hjálminn, þar er maður algjörlega einn með sjálfum sér.“ ■

**KÚBUÆVINTÝRI** TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ HAVANA

# *Rússneska rullan*

Hér á heimilinu er fornfáleg rússnesk rulla sem á að heita þvottavél. Hennar helsta markmið í lífinu virðist ekki vera að þvo, heldur að flækja fötin manns rækilega saman og teygja þau vel í leiðinni. Hér á Kúbu er mögnuð búrókrasía. Kerfið hér virðist vera til þess hannað að gera mann geðveikan. Nú er ég nýverið búin að fá kúbönsku skilríkin mín aftur. Það tók mig ekki nema tvo mánuði að endurnýja þau í þetta skiptið. Fyrst er að fara með háskólapappírana og láta undirita þá hér og þar og síðan uppí útlendingastofnun þar sem maður bíður klukkutímum saman til að láta taka af sér fingrafar. Eftir mánaðarbið og engin svör er mér tilkynnt að það vanti passamynd. Það er mér hulin ráðgáta hvað þau gerðu við hinar þrjár sem ég lét þau hafa. Núna átti þetta hinsvegar ekki að taka nema örfáa daga, það eina sem þurfti að gera var að plasta kortið. Kemur þá ekki í ljós að plöstunarvélin var biluð! Eftir tæpa tvo mánuði var ég orðin svo örvæntingarfull að ég tók ráði kúbanskra vina minna og ákvað að reyna að múta konunni sem sér um málið. Ég æfði mig heima, verandi óreyndur íslenskur kjáni, en engu að síður klúðraði ég málunum. Hvenær hefur maður nokkurn tímann reynt að múta einhverjum? Þegar ég var komin inná skrifstofuna með rommflöskuna í töskunni byrjaði ég á að roðna öll og svitna. Þvínæst tafsaði ég einsog bjáni hvort þetta væri nokkuð tilbúið og hrökklaðist síðan öfug út án þess svo mikið að taka flöskuna upp. Það eina jákvæða sem útúr þessu mútunarmáli kom var að ég gat þó drekkt skilríkjasorgum mínum það kvöldið með rommflöskunni góðu. Þegar ég fékk loksins skilríkin í hendurnar bjóst ég allteins við að þau yrðu útþvæld, blaut og teygð. Því á endanum virkar kerfið hérna einsog rússneska rullan, það gerir ekkert nema flækja málin og teygja lopann.



**RÚSSNESKA ÞVOTTAVÉLIN** Hönnuð til að flækja saman fötum.


MPM
MASTER OF PROJECT MANAGEMENT



UMSÓKNARFRESTUR
Rennur út 15. maí



TVEGGJA ÁRA NÁM SAMHLIÐA STARFI

Nýr og spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.

Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).



| MEÐAL NÁMSEFNIS Á 1. ÁRI | MEÐAL NÁMSEFNIS Á 2. ÁRI |
|---|---|
| • Stefnumótun | • Ferli og ferlisvæðing |
| • Áætlanagerð | • Hópurinn og hópdýnamík |
| • Leiðtoginn og sjálfið | • Stjórnandinn og skipulag |
| • Samningar og deilur | • Fjármál verkefna |
| • Upplýsingatækni | • Fjölþjóðleg verkefni |



ÞÁTTTÖKUSKILYRÐI:

- BA/BS/B.ed. eða sambærilegt.
- Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu.
- Reynsla við verkefnavinnu æskileg.



www.mpm.is

VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hommar ekki velkomnir í hópíþróttum

**Fordómar eða jafnvel hatur í garð samkynhneigðra hefur lengi verið viðloðandi hópíþróttir. Heit umræða hefur átt sér stað í Svíþjóð um þessi mál. Fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta segir heim íþróttanna vera barnalegan og ekki í takt við raunveruleikann. *Kristján Hjálmarsson* kynnti sér málið.**



**KÆRUSTUPARIÐ** Íshokkíleikmennirnir Per Ledin og Emil Kåberg brugðu á leik eftir að stuðningsmenn andstæðinganna kölluðu þá kærustupar. Mynd þessi birtist í Aftonbladet daginn eftir að þeir unnu meistaratitilinn. Þeir eiga báðir unnustur. MYND/AFTONBLADID

Staða samkynhneigðra í hópíþróttum hefur talsvert verið í umræðunni í sænskum fjölmiðlum síðustu vikurnar. Upphafið má rekja til úrslitaviðureignar Färjestad og Frölunda í sænsku íshokkídeildinni. Stuðningsmenn Frölunda kölluðu þá leikmanninn Per Ledin kærasta Emils Kåberg, samherja hans hjá Färjestad. Leikmennirnir brugðust við með því að láta birta heilsíðumynd af sér í Aftonbladet, daginn eftir að þeir unnu sænska meistaratitilinn. Á myndinni sjást þeir þaktir gylltum lit og Ledin smellir kossi á kinn Kåbergs sem heldur á stórri kampavínsflösku. Á milli þeirra er svo sjálfur bikarinn.

### Myrtur vegna kynhneigðar

Myndin og köll stuðningsmanna Frölunda hafa á ný vakið upp umræðuna um stöðu samkynhneigðra í hópíþróttum. Fyrir ellefu árum var íshokkíleikmaðurinn Peter Karlsson stunginn til bana eftir að hann kom út úr skápnum og fyrir fjórum árum var handboltadómarinn Peter Mattias Jansson barinn til óbóta en skömmu áður hafði hann stofnað samtökin Samkynhneigðir íþróttamenn.

Daginn eftir að Jansson var misþyrmt birtist stuðningsyfirlýsing við hann og samtökin frá öllum helstu íþróttamönnum Svíþjóðar í dagblöðum þar í landi. Í kjölfarið töluðu forystumenn hinna ýmsu íþróttahreyfinga um að þeir myndu berjast með kjafti og klóm gegn fordómum. Mörgum finnst þó lítið hafa unnist á þeim fjórum árum sem liðin eru.

### Lítið aðhafst

„Mikið er rætt um að berjast gegn fordómunum hjá íþróttahreyfingunni en enginn tekur þetta alvarlega,“ segir Sören Andersson, formaður RFSL samtakanna, sem barist hafa fyrir því að má burt öll tabú í kringum samkynhneigð. „Að sjálfsögðu finnast samkynhneigðir í íþróttum eins og annars staðar. Við höfum rætt við forsvarsmenn íþróttahreyfingarinnar um hvaða ráðum þeir beiti til að létta undir með samkynhneigðum en það er fátt um svör. Íþróttahreyfingar fá opinbera styrki og þess vegna hefðum við talið að allir væru velkomnir. En því miður er það ekki svo.“

*Það eina sem má ræða um í búningsherberginu eru bílar, stelpur, bíómyndir og fótbolti. Það er allt og sumt. Menn í hópíþróttum eru ekki í neinu sambandi við raunveruleikann.*

### Einangraður heimur

Magnus Hedman, fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu, hellti sér af fullum krafti í umræðuna fyrir skömmu. „Þú lifir ekki af sem hommi í hópíþróttum,“ sagði Hedman í viðtali við sjónvarpsstöðina TV4, þar sem hann vinnur jafnframt sem fótboltaþulur. Hedman telur að íþróttaheimurinn sé einangraður og í engu sambandi við raunveruleikann. „Það er ekki til neitt sem heitir umburðarlyndi í íþróttaklefanum og það er ógnvekjandi. Það er fyrst núna, eftir að ég hætti, sem ég átta mig á því hvað það er lítill og einangraður heimur sem íþróttamennirnir lifa í. Í sannleika sagt hef ég ekki enn náð að jafna mig,“ sagði Hedman.

### Barnalegur heimur

Hedman þekkir íþróttaheiminn að eigin raun en hann var um tíma atvinnumaður með Coventry á Englandi og Celtic í Skotlandi. „Þetta er svo ótrúlega barnalegur heimur. Það eina sem má ræða um í búningsherberginu eru bílar, stelpur, bíómyndir og fótbolti. Það er allt og sumt. Menn í hópíþróttum eru ekki í neinu sambandi við raunveruleikann.“

Hedman segir samkynhneigða ekki þá einu sem þjást. „Við eigum allir okkar leyndarmál en það má ekki ræða þau. Það má í raun ekki ræða um neitt annað en það sem flokkast sem normið í búningsklefanum.“

Hedman segir að ef hann hefði verið samkynhneigður hefði hann aldrei þorað að segja frá því í búningsklefanum. „Að vita til þess að það gæti verið notað gegn manni seinna meir hefði orðið til þess að ég hefði aldrei sagt frá því.“

### Hvar eru þeir samkynhneigðu?

Hedman segist aldrei hafa vitað af samkynhneigðum manni í búningsklefanum. „Ef við miðum við hvernig samfélagið er samsett þá finnst mér þetta mjög ógnvekjandi staðreynd. Hvað varð um alla samkynhneigðu mennina? Hættu þeir allir í íþróttinni eða þora þeir ekki að tala um hana?“

Hedman telur að það sé kominn tími til að íþróttahreyfingin opni nú augun og líti út fyrir hinn einangraða heim. „Ef enginn bregst við heldur þetta áfram á sömu nótum. Fótboltamenn gera bara eins og þeir hafa alltaf gert – kynslóð eftir kynslóð. Heimurinn fyrir utan finnst ekki.“ ■

## ÉG ER EKKI HOMMI

Fredrik Ljungberg, sænski landsliðsmaðurinn í knattspyrnu og leikmaður Arsenal, hefur oft verið kallaður hommi af stuðningsmönnum annarra liða. Ástæðan? Ljungberg er mikið tískufrík og þykir oft fara ótroðnar slóðir þegar tískan er annars vegar. Þar að auki er Ljungberg aðal nærfatamódel Calvin Klein. „Ég er ekki hommi en væri ég það myndi ég alveg þora að segja frá því. Ég á fjöldann allan af vinum sem eru hommar,“ sagði Ljungberg í viðtali við tímaritið Attitude sem stílar inn á samkynhneigða lesendur. Ljungberg var fyrir skömmu valinn kynþokkafyllsti maður heims af lesendum Attitude.




Réttu tækin í þrifin
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur á tilboðsverði
Vortilboð RV
Nilfisk-ALTO háþrýstidælur



26.888 kr.
Nilfisk-ALTO E 140 X-TRA
Þrýstingur: 140 bör
Vatnsmagn: 500 l/klst.

6.888 kr.
Nilfisk-ALTO C 100
Þrýstingur: 100 bör
Vatnsmagn: 440 l/klst.

48.888 kr.
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA
Þrýstingur: 150 bör
Vatnsmagn: 610 l/klst.

Bjarnþór Þorláksson
bílstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006
eða meðan birgðir endast.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6206A



Mulningsvélin
19"
Dual Core örgjörvi
1024MB minni
GeForce 6800GS skjákort
MEDION V10
6114IS
MEDION V10 P920
• Intel Pentium 920 - Dual Core
• MS7187 (i945P 800 -1066 FSB)
• nVidia GeForce 6800GS 256MB DVI
• 1024 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
• 250 GB 7200 rpm SATA 8 MB Cache
• DVD drif 16x
• DVD Skrifari 16X
• IEEE1394/Firewire - DV Ready
• WiFi / Þráðlaust netkort - 54MPbs
• Medion Media Bay
• Lyklaborð og mús
• Microsoft Windows XP Home Edition
POWERED BY DDR MEMORY
DVD R/RW
VERÐLAUNATÖLVUR FRÁ ÞÝSKALANDI
CERTIFIED
Dual Core
Ný bylting í heimilistölvum - Tveir öflugir örgjörvar í einum og sama kubbnum. Allt að tvölföld afköst í mörgum forritum. Nú getur þú gert meira á styttri tíma.
nVidia GeForce 6800GS
Eitt hraðasta skjákortið í leikina. Öll nýjasta tæknin; PCI-Express, DirectX 9.0, Shader Model 3.0, CineFX og fleira. Hægt að tengja við 2 skjái.
64 bita örgjörvi
Með nýjustu Intel EM64T tækninni getur þú keyrt 64bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða! Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.
Risa minni!
1GB vinnsluminni tryggir að það er ekkert hökt í vélinni, þú keyrir allt á fljúgandi hraða. Láttu ekki bjóða þér minna.
DV Ready
Firewire tengi fyrir videovélar og annan háhraðabúnað. Notaðu tölvuna sem klippistúdíó
DIGITAL VIDEO READY
Þráðlaust netkort
Tölvan er með innbyggðu þráðlausu netkorti. Hafðu tölvuna hvar sem er í húsinu, Fækkaðu köplunum!
JARHEAD
FYLGIR
MEDION
24.000kr. lækkun
4.583*
Þú velur greiðsluform sem hentar þér
4.583* Tölvukaupalán 48 mán.
12.999** Vaxtalaust 12 mán.
155.988 Staðgreitt
Fótboltamyndir
GERMANY 2006
PANINI
Aðeins í BT
399
Mappa
Myndir
149
5 myndir saman í pakka
Vinningar!
Safnaðu myndum af heilu liði og þú gætir unnið:
• Miða fyrir 2 á enska boltann með hóteli og flugi
• 2 x PSP tölvur
• 3 x PS2 tölvur
• Tölvuleikir, bíómiðar DVD myndir ofl.
Dregið út á www.bt.is í lok sumars
Stafræn tökuvél
Panasonic
NVGS27B
PANASONIC MINIDV TÖKUVÉL
• 800.000 pixla CCD myndflaga
• 30x optical Zoom (1000x total)
• 2.5" Litaskjár • 36mm Wide Angle
• Ljósnæmi 2 Lux (Colour Nigthview)
• Pure Colour Engine • DV tengi út
• Virkar sem vefmyndavél
• 410gr á þyngd
3x miniDV spólur fylgja
FYLGIR
3.597
Taska
FYLGIR
4.999
2.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988 Staðgreitt
DV tengi út
Tengdu vélina við tölvuna og klipptu til fjölskyldumyndbandið þitt á auðveldan hátt.
30X Optical Zoom
Þú nærð að öllum atburðum þrátt fyrir að vera í fjarska.
LCD skjár
Bjartur 2,5" skjár með öllum hugsanlegum aðgerðum auðveldar upptökuna.
Stafræn myndavél
SONY
DSCW50S
SONY CYBERSHOT W50
• 6.0 Megapixels effective Super HAD CCD myndflaga
• Carl Ceiss Vario-Tessar linsa
• 3x optical aðdráttur (6x Precision digital)
• 2.5" LCD litaskjár
2.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988 Staðgreitt
Sony Memorystick 256MB fylgir!
FYLGIR
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

## PERSÓNUR OG LEIKENDUR



**Tom Hanks leikur Robert Langdon**
Langdon er virðulegur fræðimaður sem er í skáldsögunni sagður minna á Harrison Ford í tweed-jakka. Hann er prófessor í trúarlegri táknfræði við Harvard háskóla en lendir í bráðri lífshættu þegar hann leitar sannleikans um Krist.

Hanks hefur áður unnið undir stjórn Rons Howard, í Splash! frá 1984 og Apollo 13 árið 1995.



**Audrey Tautou leikur Sophie Neveu**
Aðlaðandi sérfræðingur hjá dulmálsdeild rannsóknarlögreglunnar í París. Hún heillar Langdon með ólífugrænum augum sínum og þau snúa bökum saman eftir að faðir hennar, safnvörðurinn í Louvre, finnst myrtur.

Tautou heillaði áhorfendur upp úr skónum í myndinni Amalie og gerði það einnig gott í A Very Long Engagement.



**Jean Reno leikur Bezu Fache**
Guðrækinn en harðsnúinn lögreglufulltrúi sem rannsakar morðið safnverðinum. Trú hans er svo sterk að Guð á það til að hvísla í eyra hans. Reno er þekktastur fyrir leik sinn í Luc Besson-myndunum La Femme Nikita og Leon.



**Ian McKellen leikur Sir Leigh Teabing**
Vellauðugur breskur sagnfræðingur sem hefur sérhæft sig í hinu heilaga grali og býr yfir mikilvægum upplýsingum sem gætu gagnast góðkunningja hans, Langdon.

McKellen er leikari í sérflokki sem hefur komið við sögu í vinsælum myndum á borð við X-Men og Lord of the Rings-þríleiknum þar sem hann fór á kostum í hlutverki Gandálfs.



**Paul Bettany leikur Silas**
Albínóamunkurinn sem drepur í nafni Guðs fyrir Opus Dei. Honum er lýst sem „draugi með augu djöfulsins“ í bók Browns. Silas er þjakaður á sálinni og refsar sér ítrekað með hnútasvipunni sinni. Einkunnarorð hans eru „sársauki er góður“.

Bettany er rísandi stjarna sem gerði það gott með Russell Crowe í A Beautiful Mind og Master and Commander. Þá gerir hann Harrison Ford lífið leitt í Firewall.



**ROBERT LANGDON OG SOPHIE NEVEU** Það renna tvær grímur á þetta ólíklega par þegar þau komast að því að kirkjunnar menn hafa í 2.000 ár haldið því leyndu að Jesús eignaðist börn og buru með Maríu Magdalenu.

# *Da Vinci lykillinn að velgengni*

Kvikmyndin The Da Vinci Code verður frumsýnd um víða veröld hinn 19. maí. Myndin byggir á einni vinsælustu og umdeildustu skáldsögu síðustu ára og blandast fáum hugur um að hún muni mala aðstandendum sínum gull. *Þórarinn Þórarinsson* og *Bergsteinn Sigurðsson* skyggndust bak við leiktjöld Da Vincis.

Það er sannkallað stórmyndasumar framundan í kvikmyndahúsum og venju samkvæmt munu nokkrar stórmyndir takast á um hylli áhorfenda. Auk The Da Vinci Code mun líklega bera mest á Mission: Impossible III, Superman, Pirates of the Caribbean: Dead Man's Chest og X-Men: The Last Stand, þriðju myndinni um stökkbreyttu myndasöguhetjurnar sem berjast fyrir tilverurétti sínum í fordómafullum heimi.

Superman þekkja auðvitað allir og X-Men, Mission: Impossible og Pirates of the Caribbean eiga sér allar forvera sem hafa gert stormmandi lukku í miðasölunni á liðnum árum. Það spillir ekki fyrir að allar skarta þær stórstjörnum sem er lagið að draga fólk í bíó og nægir þar að nefna Tom Cruise, Johnny Depp, Orlando Bloom, Keiru Knightley, Hugh Jackman og Halle Berry.

**Almættið eitt getur stöðvað Da Vinci**

Aðstandendur Da Vinci Code eru þó hvergi bangnir og óttast síður en svo samkeppnina við þessar kanónur. „Ég myndi ekki vilja frumsýna eina einustu mynd um svipað leyti og Da Vinci Code,“ sagði Amy Pascal, stjórnandi hjá Sony sem dreifir myndinni, í samtali við Newsweek á dögunum. Hún hefur fulla ástæðu til þess að vera kokhraust enda þarf sjálfsagt ekkert minna en guðlega íhlutun til þess að stöðva sigurgöngu Da Vinci lykilsins. Skáldsagan hefur selst í um 60 milljón eintökum úti um allan heim og deilurnar um hana hafa hvarvetna vakið athygli og orðið til þess að vekja enn frekari áhuga á skáldverkinu og nú kvikmyndinni.

Þá fengu eigendur kvikmyndaréttarins leikstjórann Ron Howard til þess að koma bókinni á hvíta tjaldið en sá kann upp á sína tíu fingur að gera stórsmelli og nægir í því sambandi að nefna A Beautiful Mind, Ransom, Apollo 13 og Far and Away.

Ekki spillir svo fyrir að sjálfur Tom Hanks fer með aðalhlutverkið en hann nýtur gríðarlegrar lýðhylli og er jafnvel gæddur enn meiri miðasöluþokka en nafni hans Cruise.

**Sagan sem allir þekkja**

Það þarf líklega ekki að fara mörgum orðum um söguþráð Da Vinci lykilsins. Íslensk þýðing bókarinnar hefur selst í um það bil 20 þúsund eintökum og hún hefur verið áberandi í umræðunni hér heima undanfarin misseri.

Myndin hefst rétt eins og bókin á því að roskinn safnstjóri Louvre-safnsins í París finnst myrtur í einum sýningarsala safnsins. Allt umhverfis líkið leynast torræð tákn og skilaboð sem verða til þess að bandaríski táknfræðingurinn Robert Langdon blandast í málið. Langdon er býsna glöggur og með aðstoð dóttur hins myrta, dulmálssérfræðingsins Sophie Neveu, kemst hann á snoðir um stórfenglegt samsæri dularfullra leynifélaga um að leyna ættarsögu Jesú Krists. Verk Leonardos Da Vinci eru lykilatriði í fléttunni en hann virðist hafa verið meðlimur í samtökum sem bjuggu yfir vitneskju um að Kristur hefði ekki dáið á krossinum, heldur gengið að eiga Maríu Magdalenu og getið með henni börn og eigi því afkomendur sem fara huldu höfði.

Þetta viðkvæma leyndarmál er vitaskuld til þess fallið að kollvarpa öllum viðteknum hugmyndum um kristindóminn og um leið kippa stoðunum undan burðarbitum vestrænnar siðmenningar. Útsendurum kaþólsku kirkjunnar er því mikið í mun að halda þessu leyndu og þeir gera munkinn Silas út af örkinni með þau fyrirmæli að koma öllum þeim fyrir kattarnef sem gætu mögulega komist að sannleikanum.

Vísbendingarnar varpa að vísu illu heilli grun á Langdon sem fær lítinn frið til þess að ráða í tákn Da Vinci þar sem hann er hundeltur bæði af lögreglunni og Silasi.

**Vanir menn, vönduð vinna**

Ron Howard hefur í gegnum tíðina unnið náið með framleiðandanum Brian Grazer og þeir félagar hafa áður unnið með Tom Hanks með góðum árangri en leiðir þremenninganna lágu fyrst saman árið 1984 þegar þeir gerðu gamanmyndina Splash!.

Flest sem Grazier kemur nálægt verður að gulli en hann er einn framleiðenda sjónvarpsþáttanna 24 og Arrested Development. Hann reyndi að eignast kvikmyndaréttinn á Da Vinci Code og hafði hugsað sér að leggja söguna til grundvallar þriðju þáttaröðinni af 24. Grazer



**MORÐINGINN SILAS** Meinlætamunkurinn og albínóinn Silas hikar ekki við að drepa í Guðs nafni á milli þess sem hann beitir hnútasvipunni á sjálfan sig.

## DVL – STAÐREYNDIR OG VILLUR



■ **Opus Dei:** Kaþólskt trúfélag sem spænski presturinn ***Josemaría Escrivá de Balaguer*** stofnaði árið 1928. Markmið reglunnar var að stuðla að því að fólk væri nær guði í daglegu lífi, þjónaði öðrum og léti gott af sér leiða.

Opus Dei, sem er latína og þýðir Guðs verk, telur um 85 þúsund félaga af báðum kynjum í 61 landi. Um 98 prósent eru leikmenn, flestir í hjónabandi, en afgangurinn er prestar.

***Í Da Vinci lyklinum*** eru félagar í Opus Dei látnir leggja stund á sjálfspyndingar með því að binda gaddaól um ofanvert læri sitt og hýða sjálfa sig með hnútasvipu.

Escrivá lést árið 1975 en Jóhannes Páll II páfi tók hann í dýrlingatölu árið 2002.

■ **Hið heilaga gral:** Í kristinni dulspeki er hið heilaga gral diskur eða bolli sem Jesús Kristur notaði við ***síðustu kvöldmáltíðina***. Í mörgum sögum segir að þegar Kristur hékk á krossinum hafi ***Jósef frá Arímaþeu*** látið blóð hans drjúpa í gralið. Hann hafi svo farið með það til Bretlandseyja og stofnað þar riddarareglu sem skyldi gæta gralsins.

■ **Musterisriddarar:** Regla stofnuð í kjölfar fyrstu krossferðarinnar 1096. Upphaflegu bækistöðvarnar voru í einu ***musteranna helgu*** í Jerúsalem. Með tíð og tíma fjölgaði félögum í reglunni og auður þeirra og völd fóru vaxandi. Áður en yfir lauk urðu Musterisriddarar helstu bankamenn Evrópu. Árið 1328 var reglan leyst upp með valdi eftir að það kastaðist í kekki milli hennar og ***Filipusar IV Englandskonungs***, en ***Robert af Bruce*** veitti þeim hæli í Skotlandi. Samkvæmt þjóðsögunni fundu riddarar reglunnar hið heilaga gral í einu af musterunum helgu í Jerúsalem.







■ **Bræðralag Síons:** Félagasamtök stofnuð í Frakklandi árið 1956 af ***Pierre Plantard*** (til hægri) og ***André Bonhomme***. Ári síðar voru samtökin leyst upp.

■ **Séra Bérenger Sauniere:** Þótt hann komi ekki við sögu í Da Vinci lyklinum fær Dan Brown ættarnafn hans lánað í bókina. Sauniere var skipaður sóknarprestur í franska smáþorpinu ***Rénnes-le-Chateu*** árið 1885. Þótt hann hafi verið fátækur varði hann háum fjárhæðum í að endurbæta kirkjuna í þorpinu og reisti ***Magdalenuturninn*** svonefnda.

Eftir að hann lést árið 1917 komust ýmsar sögur á kreik um hvernig hann hefði fjármagnað endurbæturnar og voru fjársjóðir Musterisriddaranna meðal annars nefndir í því sambandi.

■ **Gabb Plantards:** Á 7. áratug síðustu aldar kom Pierre Plantard fyrir fölsuðum skjölum í ***Landsbókasafni Frakklands*** í París. Skjölin ganga undir nafninu ***Les Dossiers leyndarmálin*** og í þeim má finna nöfn ýmissa manna sem áttu að hafa verið félagar í Bræðralagi Síons. Þeirra á meðal voru ***Sir Isaac Newton, Viktor Hugo, Botticelli*** og ***Leonardo Da Vinci.***



Plantard hélt því líka fram að hann væri kominn af konungsætt Mervíkinga og sagði að Bérenger Saunier hefði fundið forn skjöl sem sönnuðu fulllyrðingar sínar.

Sagan var síðar skreytt með staðhæfingum þess efnis að Jesús Kristur hefði kvænst Maríu Magdalenu og átt með henni barn. Samkvæmt sögunni leituðu María og barnið skjóls í Gallíu, þar sem niðjar Krists giftust að lokum inn í konungsætt Mervíkinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP - GRAPHIC NEWS

hafði þó ekki erindi sem erfiði og það kemur því í hlut Tom Hanks að leysa Da Vinci gátuna án þess að leyniþjónustumaðurinn Jack Bauer komi þar nærri.

Grazer og Howard eru ekki vanir því að taka að sér verkefni fyrir aðra en stóðust ekki mátið þegar handhafar kvikmyndaréttarins leituðu til þeirra þannig að Grazer komst að lokum með puttana í bók Browns. Da Vinci Code kostaði 125 milljónir dollara í framleiðslu en mun væntanlega ná þeim kostnaði inn á örfáum sýningardögum. Howard lagði mikinn metnað í að koma sögunni sem best til skila á hvíta tjaldið og lagði upp með að áhorfendur ættu að geta horft á bókina í bíó.

Saga Browns gerist í rauntíma á 20 klukkustundum og það segir sig því sjálft að mörgu þurfti að sleppa til þess að koma henni fyrir í tæplega þriggja tíma bíómynd.

Howard fullyrðir þó að allt sem skipti máli fyrir heildina sé í myndinni og Brown er á sama máli. „Ég held að þessi mynd muni hrista verulega upp í áhorfendum og ég er þess fullviss að fólk muni ganga út úr kvikmyndahúsinu og finnast það hafa verið að horfa á skáldsöguna," sagði hann í yfirlýsingu sem hann sendi Newsweek.

**Kvikmyndað í Louvre**

Lovre-safnið í París kemur mikið við sögu í Da Vinci lyklinum. Safnið hefur að geyma margar af helstu perlum listasögunnar og það var því síður en svo hlaupið að því að fá að kvikmynda þar. Howard gat þó ekki hugsað sér að nota tilbúna sviðsmynd þar sem slíkt myndi draga úr trúverðugleika myndarinnar og linnti því ekki látum fyrr en hann fékk inni í Louvre.

Jaques Chirac, forseti Frakklands, blandaði sér í málið og boðaði Howard og Grazer á sinn fund. Hann bauð þeim félögum upp á kaffi og sagði þeim að hika ekki við að hafa samband við sig ef stjórnendur Louvre yrðu til vandræða. Þá notaði hann tækifærið til þess að reyna að fá þá til þess að ráða dóttur góðs vinar síns í hlutverk Sophie og fór þess á leit að þeir greiddu franska leikaranum Jean Reno meira fyrir að leika kögreglufulltrúann Bezu Fache. Forsetanum varð þó ekki að óskum sínum. Audrey Tautou hreppti hlutverk Sophie og Reno var þegar búinn að skrifa undir og því ekki ástæða til að bera á hann meira fé.

The Da Vinci Code verður frumsýnd með viðhöfn á kvikmyndahátíðinni í Cannes þann 19. maí og þann sama dag byrjar hún að rúlla í kvikmyndahúsum úti um allan heim og krónur, dollarar, evrur, jen og pund munu streyma í vasa aðstandendanna sem vita upp á sína tíu fingur að Tom Cruise, sjóræningjar og stökkbreyttar myndasöguhetjur mega sín ekki mikils gegn Tom Hanks í risamynd sem gerð er eftir skáldsögu sem hefur verið á milli tannanna á heimsbyggðinni um árabil.

# *Ófarsæll tónlistarmaður sem sneri sér að skriftum*

Bandaríski rithöfundurinn Dan Brown fæddist 22. júní í New Hampshire og ólst þar upp elstur þriggja systkina. Móðir hans var organisti en faðir hans stærðfræðikennari í virtum einkaskóla, sem Brown nam sjálfur við og fékk kristilegt uppeldi. Faðir hans mun líka hafa vakið áhuga sonar síns á dulmálslyklum og táknfræði sem setja sterkan svip á bækur Browns.



**DAN BROWN** Faðir hans vakti áhuga hans á dulmálslyklum. NORDICPHOTOS/ GETTY IMAGES

Brown ætlaði að leggja tónlistina fyrir sig. Hann samdi á hljóðgervil og gaf út þrjá geisladiska á árunum 1990 1994 við lítinn orðstír. Sá þriðji heitir Angels and Demons og skartar sömu myndskreytingu á umslagi og kápa samnefndar bók hans, sem kom út á Íslandi í þýðingunni Englar og djöflar.

Eiginkona Browns heitir Blythe Newlon og er tólf árum eldri en hann. Hún lagði mikið af mörkum til tónlistarferils eiginmanns síns og ekki síður til ritstarfa hans. Í formála bókarinnar Blekkingarleikur þakkar Brown eiginkonu sinni til dæmis fyrir ötula rannsóknarvinnu og mikilvægt framlag við gerð bókarinnar. Árið 1994 fór Brown að kenna ensku við gamla menntaskólann sinn í New Hampshire og um svipað leyti byrjaði hann á sinni fyrstu bók, Digital Fortress. Hann sneri sér alfarið að skriftum árið 1996 og tveimur árum síðar kom Digital Fortress út. Hún vakti ekki mikla athygli frekar en næstu bækur hans, Englar og djöflar (2000) og Blekkingaleikur (2001), en í fyrri bókinni kemur táknfræðingurinn Robert Langdon fyrst til sögunnar. Brown sló hins vegar í gegn með Da Vinci lyklinum árið 2003. Hún fór í efsta sæti metsölulista New York Times viku eftir útgáfu og hefur síðan farið sigurför um heiminn. Í kjölfarið hafa fyrri bækur Browns tekið kipp í sölu. Hann vinnur nú að nýrri bók sem heitir Salómons lykillinn. Hún gerist í Wasington borg í Bandaríkjunum og fjallar um leyndardóma Frímúrarareglunnar. Útgáfudagur hennar hefur ekki verið ákveðinn.


allt
ferðir
Alla miðvikudaga
og laugardaga







Komið
í garðinn
okkar

# Garðhátíð
# í Skútuvogi

## opnum nýjan garð





36.900

**Gasgrill** Hunter EX
Grillflötur 60x50 sm.11,8 KW
3000237
Kaupauki:
Tangasett





**Gasyljari**
13 KW. Þrýstijafnari
fylgir ekki með
2999717
24.900

1.290
~~2.990~~

**Vöfflujárn**
Estate m/hitastilli
1840842

**Sumarbústaður**
Kynning á garðhúsum í
Skútuvogi frá kl 11-16 í dag, laugardag

Grillaðar pylsur,
í nýja garðinum
kl. 12-15
Ókeypis pylsur og gos

Emmess gefur
ís frá kl. 12-14

Hoppukastali
fyrir börnin

*Gildir meðan birgðir endast*







395
~~1.295~~

**Malarskófla**
5082503

999
~~1.750~~

**Garðslanga**
1/2" 25 m.
5087000

Kaupauki:
Slönguhengi fylgir
5087593



3.999
Hjólsög
DWT
5245289
Kaupauki:
Klaufhamar
5003069
Claber ruslavagn
með loki, á hjólum
5081642
Kaupauki:
Claber níðsterkir
ruslapokar, 10 stk
2.995
4.995
Kraftklippur, Aligator 12.999
Black&Decker, 550W, klippir 10 sm.
5083593
Sláttuvél, Texas 46 19.999
3,5HP, 55 ltr. safnari, sláttubreidd 41 sm.
5085231
Svalasett 7.990
Borð og tveir stólar
Prímúlur
10 kr
Takmarkað magn
2 stk. á mann
Gildir í Skútuvogi
Hansarósir 599
14.900
Reiðhjól 24”
3899970
25.900
Reiðhjól 26”
3899970
Kaupauki: Sýpris 100 sm.
Blómakassi, Rose
60x60 sm.
604005
2.990
3.990
5.990
8.078
Sandkassi með loki
150x150x240.
600249
2 stk
Sýpris
999
Aðeins
þessa helgi
Frosþolnir pottar
3 stærðir 690, 990 og 1790
HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind




# FRÉTTAVEITAN

## Fréttirnar koma fyrst til þín_

**Fréttaveitan beint í farsímann eða tölvupóst!**

**Þeir sem skrá sig fyrir þjónustunni fá daglega sendar helstu fréttir dagsins. Þú velur hvort þú vilt fá fréttir sendar í farsímann þinn þegar þær berast eða einu sinni á dag með tölvupósti.**

**Þú velur hvaða fréttaflokka þú vilt fá senda til þín og stillir þannig þína eigin fréttaveitu.**

**Þeir sem skrá sig fyrir 1.júní geta unnið 150.000 kr. gjafabréf frá Úrval Útsýn.**




_skráðu þig á
vísir
Fréttirnar koma til þín

vísir FRÉTTABLAÐIÐ NFS



## STUÐ MILLI STRÍÐA Til hamingju Ísland

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** Á AFMÆLI Í DAG.



Fyrir 27 árum síðan, akkúrat í dag, klukkan 12:50, fæddist ég í þennan heim. Ég get ekki sagt að ég muni svo gjörla eftir deginum sem ég fæddist en mamma segir mér að það hafi verið nokkuð góður dagur og fuglarnir hafi sungið af gleði yfir því að ég væri loksins kominn í heiminn. Og ég stend í þeirri trú að þeir hafi sungið stöðugt síðan.

Ég man ekki heldur vel eftir fyrstu afmælisdögunum mínum en hinsvegar man ég, þegar ég var kannski fjögurra ára gömul, þegar mamma sagði við mig á virkum degi „þú átt afmæli í dag“. Ég gapti nú bara í undrun og skildi ekki ruglið í henni móður minni þar sem vegleg afmælisveisla hafði verið haldin helgina áður, sem fyrir mér þýddi að afmælisdagurinn hefði verið þá. Fjögurra ára gömul sálin mín skildi illa hvernig hægt væri að eiga afmæli tvisvar í sömu vikunni. Ég reyndi að útskýra þetta fyrir vinkonu minni á róluvellinum en hún skildi þetta ekki heldur.

En ég skil þetta í dag. Maður á afmæli einn dag og heldur kannski upp á það annan. En í dag er ég nú aldeilis heppin enda á ég afmæli í dag og held upp á það í dag. Því verða engar heimspekilegar vangaveltur um afmælisdaga í sandkassanum á róluvellinum í framhaldinu. Þar að auki er megrunarlausi dagurinn í dag og ég skal nú bara segja ykkur að það spillir ekki fyrir.

Í dag mun ég því hlæja og brosa og dansa og djúsa í tilefni af afmælisdeginum í góðra vina hópi með köku í annarri hendi og pakka í hinni. Þið sem verðið á vegi mínum megið endilega staldra við og taka þátt í gleðinni. Að lokum vitna ég svo í prinsessu Íslands og segi „til hamingju Ísland með að ég fæddist hér“.

Gerið þennan dag góðan, hvort sem þið eigið afmæli eða ekki.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Överli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og Pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

3 4 5 **6** 7 8 9

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

- 13.00 **Nína Margrét Grímsdóttir** og **Sólveig Anna Jónsdóttir** leika píanótónlist fyrir tvo flytjendur í **Salnum** í **Kópavogi**. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð **Tónlistarskóla Kópavogs**.
- 15.00 **Lillukórinn** heldur tónleika í **Grensáskirkju**. Stjórnandi er **Ingibjörg Pálsdóttir** og meðleikari **Guðjón Pálsson**.
- 16.00 Vortónleikar **Tónlistarfélags Reykjanesbæjar** verða haldnir í **Listasafni Reykjanesbæjar**. **Bjarni Thor Kristinsson** bassasöngvari og **Eteri Gvazava** sópransöngkona koma fram ásamt **Jónasi Ingimundarsyni** píanóleikara.
- 20.00 **Guðný Jónasdóttir** sellóleikari heldur útskriftartónleika í **Salnum í Kópavogi**. Meðleikari er **Richard Simm**. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.
- 22.00 Hljómsveitirnar **Ourlives**, **Gavin Portland** og **Oak Society** spila á **Grand Rokk**. 20 ára aldurstakmark

#### OPNANIR

- 14.00 **Gunnar Kristinsson** opnar sýninguna **Sigurliðið** í **Café Karolínu** á Akureyri.
- 14.00 **Marlies Wechner** opnar sýningu í **Grafíksafni Íslands** - sal íslenskrar grafíkur, **Tryggvagötu 17**, hafnarmegin, opið fim-sun frá 14-18 til 21. maí.
- 14.00 **Anna Sigríður Sigurjónsdóttir** opnar sýningu í **Listsýningasal Saltfiskseturs Íslands**. Sýningin stendur til 21. maí og er opin frá 11-18.
- 15.00 **Örn Þorsteinsson** myndhöggvari opnar sýningu á verkum sínum í **Hafnarborg**. Sýningin ber heitið **Kvika úr búri - höggmyndir** og stendur til 29. maí.
- 20.00 **Magnús Árnason** opnar sýningu í **Gallerí Dverg** á **Grundarstíg 21**. **Magnús** flytur gjörning á opnuninni ásamt **Stefáni Halli Stefánssyni** leikara.
- **Sigrún Huld** og **Þorgrímur Sveinsson** opna sýningu á Sólon Íslandus. Sýningin er liður í listahátíðinni **List án landamæra.**

#### SKEMMTANIR

- 22.00 **Danshljómsveit Friðjóns** leikur fyrir dansi í **Vélsmiðjunni** á **Akureyri**. Húsið opnar kl. 22.
- **Hljómsveit Geira Sæm og Tryggva Hubner** verða með dansleik á **Kringlukránni**

#### FUNDIR

- 11.30 **París**, félag þeirra sem eru einir/einar verður haldinn á **Kringlukránni**.
- 14.00 Aðalfundur **Vináttu og menningarfélags Miðausturlanda** - **VIMA** - verður í **Kornhlöðunni** í Bankastræti.

#### UPPÁKOMUR

- 14.00 Fjölskylduhátíð til styrktar fórnarlömbum flóðanna í **Tékklandi** verður haldin í **Loftkastalanum**. Yfir 100 tónlistarmenn koma fram. Þeirra á meðal **Bubbi Morthens**, **Ragnheiður Gröndal**, **Snorri Idolstjarna** og yfir 100 félagar úr **Stúlknakór Reykjavíkur**, **Gospelsystrum** og **Vox Feminae**.
- 12.00 **Geðveikt kaffihús** á vegum **Hugarafls** og **Vesturports** í **Hinu húsinu.** Uppákomur, klikkaðar kökur og geggjuð karnival stemmning með þunglyndislegu ívafi. Handverkssýning og sala í kjallara.

#### MÁLÞING

- 13.00 Málþing um ævintýri á vegum **Félags þjóðfræðinga á Íslandi** verður haldið í fyrirlestrarsal **Þjóðminjasafnsins**. Fjölbreytt erindi, allir velkomnir.

#### LEIKLIST

- 20.00 **Skagaleikflokkurinn** sýnir **Hlutskipti**, nýtt leikrit eftir **Kristján Kristjánsson**. Sýnt er að Suðurgötu 126.





LAGERSALA

FULLT AF NÝJUM VÖRUM !

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !

OPIÐ 11-19 Í FELLSMÚLA 28 (GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

H&M ROWELLS

**! Kl. 13.00**

*Nína Margrét Grímsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir halda tónleika í Salnum og leika pianótónlist fyrir tvo flytjendur eftir Fauré, Debussy og Milhaud. Tónleikarnir eru fimmtu og síðustu tónleikarnir í TKTK-röð-inni (Tónleikaröð kennara Tónlistar-skóla Kópavogs).*

# menning

menning@frettabladid.is

# Hjartahlý fjölskylduhátíð



Yfir hundrað listamenn munu koma fram á sérstakri fjölskylduhátíð sem efnt verður til í Loftkastalanum í dag. Hátíðin er haldin til styrktar fólki sem misst hefur heimili sín í flóðunum sem orðið hafa í Tékklandi á undanförnum mánuðum. Anna Kristine Magnúsdóttir stofnaði góðgerðarfyrirtækið Neyðarhjálp úr norðri þegar flóð brutust út í Tékklandi fyrir níu árum en frá þeim tíma hafa tvívegis orðið alvarleg flóð í landinu og hefur sama fólkið misst heimili sín í þrígang á stuttum tíma. Nafn fyrirtækisins var síðan lánað tímabundið þegar safnað var fyrir fórnarlömb flóða í Asíu.

Meðal þeirra sem koma fram í dag eru Ragnheiður Gröndal, Rósa Guðmundsdóttir, Bubbi Morthens, Hjörleifur Valsson fiðluleikari, Snorri Snorrason, South River band og félagar úr Stúlknakór og Gospelsystrum Reykjavíkur.

Miðaverð á hátíðina er 1.500 krónur og hefst miðasalan í Loftkastalanum á hádegi en ágóðinn rennur óskertur til hjálparstarfsins.

**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Syngur á tónleikum til styrktar bágstöddum í Tékklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

## > Ekki missa af...

Geðveiku kaffihúsi á vegum Hugarafls og Vesturports í Hinu húsinu frá kl. 12. Klikkaðar kökur og geggjuð karnivalstemning með þunglyndislegu ívafi. Meðal þátttakenda verða Ingvar E. Sigurðsson og Nína Dögg Filippusdóttir.

Hljómsveitunum Ourlives, Gavin Portland og Oak Society á Grand Rokki í kvöld kl. 22.

Leik- og söngverkinu Tenórnum sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu í kvöld í tilefni af Hláturtíð.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
FAGNAÐUR
Frumsýning sun. 14/5 uppselt, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Í kvöld lau. 6/5 örfá sæti laus, fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5. Síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Aukasýningar í kvöld lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5 örfá sæti laus.
Aðeins þessar 2 sýningar eftir.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld lau. 6/5 uppselt, sun. 7/5 uppselt, lau. 13/5 uppselt. Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
Í dag lau. 6/5 kl. 13:00 nokkur sæti laus og kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 7/5 kl. 13:00 uppselt og 15:00 örfá sæti laus, lau. 13/5 kl. 15:00 nokkur sæti laus.
Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í dag kl. 14 UPPS. Su 7/5 kl. 14 UPPS.
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 UPPS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 UPPS. Lau 13/5 kl. 20 UPPS.
Má 15/5 kl. 20 UPPS. Þri 16/5 kl. 20 UPPS.
Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 7/5 KL. 14 Su 14/5 kl. 14
AÐEINS ÞESSAR SÝN. MIÐAVERÐ 1.900

MARLENE DIETRICH-Íd
Má 15/5 kl. 20 Þr 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

BELGÍSKA KONGÓ
Í kvöld kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

HUNGUR
Su 14/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Í kvöld kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Lau 27/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR Í MAÍ

Fi 11/5 kl. 22:30
PÖRUPILTAR OG DRAGDROTTNINGAR
Pörupiltarnir troða upp ásamt óvæntum gestum.
Þeir sem mæta í "dragi" fá frítt inn!
MIÐAVERÐ 1.000

Fi 18/5 kl. 22:30
LEiKTU FYRIR MIG
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.
MIÐAVERÐ 1.000.

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti
MIÐAVERÐ 1.000.

Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.
MIÐAVERÐ 1.000

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



**AÐALHEIÐUR OG RÓSA** Aðalheiður ætlar að fjalla um álög í sínu erindi en Rósa talar um ævintýri og sagnafólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA

# Ótal hliðar ævintýranna

**Álfar, álög og tröll verða í forgrunni á málþinginu Einu sinni var... sem er haldið í dag. Þingið er helgað minningu Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og verða þar flutt fjölmörg erindi sem bregða ólíku ljósi á heim ævintýranna.**

Félag þjóðfræðinga á Íslandi stendur fyrir málþinginu í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. „Okkur langar til að sýna fólki hvað er hægt að nálgast ævintýrin frá mörgum ólíkum sjónarhornum, þannig við reynum að hafa fyrirlestrana sem fjölbreyttasta,“ segir Aðalheiður Guðmundsdóttir, íslenskufræðingur og einn skipuleggjenda málþingsins.

Í ævintýrum kennir ýmissa grasa og Aðalheiður segir að á málþinginu verði reynt að koma inn á flest svið. „Það er hin félagslega hlið og sú sálfræðilega, við komum inn á þýðingar og svo er mjög spennandi erindi um kynjahlutverk í ævintýrum.“ Allir fyrirlesarar hafa lagt fyrir sig ævintýrarannsóknir á Íslandi og Aðalheiður segir það hafa legið beint við að helga dagskrána minningu Hallfreðar Arnar Eiríkssonar, fyrrum sérfræðings á Árnastofnun, sem lést í fyrra. „Hann safnaði um 300 ævintýrum sem eru aðeins til á segulböndum hér á Árnastofnun. Þetta er mikill fjársjóður og sem dæmi má nefna að Rósa Þorsteinsdóttir þjóðfræðingur, sem heldur meðal annarra fyrirlestur í dag, vinnur nánast eingöngu úr þessum segulbandsupptökum.“

Sjálf ætlar Aðalheiður að fjalla um álög. „Þau eru óvenju algeng í sögum okkar sem segir okkur að álög hafi átt erindi við Íslendinga. Þá vakna merkilegar spurningar á borð við hvað bjó að baki; trúði fólk að aðrir gætu ráðskast með hug þeirra og hvernig eru álög lögð á?“

Málþingið fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnins og stendur frá klukkan 13 til 16.45. Í tengslum við málþingið verður sett upp örsýning á munum sem tengjast ævinýrum á einhvern hátt, skráningu þeirra, útgáfu og rannsóknum. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á vef Félags þjóðfræðinga: akademia.is/thjodfraedingar.

bergsteinn@frettabladid.is

"Afrek" - DV "Höfðar jafnt til barna sem fullorðinna" - Morgunblaðið "ákaflega falleg" - Fréttablaðið



HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ
Sun 07.05 kl: 13.30
Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700
IsMedia

Skuolfi
– samísk joikópera.
Einstök upplifun í leikhústjaldi í sal Norræna hússins.
Laugardag 6. maí og sunnudag 7. maí kl 17:00 báða dagana.
Aðeins þessar tvær sýningar.
Miðaverð 2000 kr / stúdentar og eldri borgarar 1000 kr.
NORRÆNA HÚSIÐ

# Hljómræn fegurð

Guðný Jónasdóttir sellóleikari heldur útskriftartónleika í Salnum í Kópavogi í kvöld og leikur verk eftir Bach, Dvorák, Debussy og Paul Hindemith.



**GUÐNÝ JÓNASDÓTTIR** Flytur lýríska svítu eftir Bach. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðný útskrifast úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands og eru tónleikarnir þeir síðustu í útskriftartónleikaröð deildarinnar. Guðný hóf nám í LHÍ árið 2003 og lærði hjá Gunnari Kvaran. Hún hafði áður lært hjá honum í Tónlistarskóla Reykjavíkur en Guðný hefur einnig verið skiptinemi við Listaháskólann í Berlín.

Meðleikari á tónleikunum verður Richard Simm sem leikur á píanó. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. - khh

GERÐUBERG



Verið velkomin á opnun sýninga í Gerðubergi í dag kl. 15

Jón Ólafsson
Kvunndagsfólk

Ketill Larsen
Andblær frá öðrum heimi

Guðjón Stefán Kristinsson
Sagnir og seiðmenn

Félagar úr Kvæðamannafélaginu Iðunni koma fram
Hilmar Hjartarson leikur á harmoniku
Árni Ísleifsson leikur á píanó

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

www.gerduberg.is

Hlutskipti
eftir Kristján Kristjánsson

SÝNING LAU. 6. MAÍ KL. 20.00
SUN. 7. MAÍ KL. 20.00
ÞRI. 9. MAÍ KL. 20.00
FIM. 11. MAÍ KL. 20.00

Miðapantanir: 431-3360
Verð kr. 1.500



SÝNT AÐ SUÐURGÖTU 126
AKRANESI

Skagaleikflokkurinn

Nína og Geiri
söngbók
Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
6. maí.
AUKASÝNING
Allra síðasta sýning
☎ 5331100
Netfang: midasala@broadway.is
BROADWAY
Aðeins þessar sýningar

Nú skyldi ég hlæja,
væri ég ekki dauður

Sýnt í dag kl. 13:00 og 15:00!



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·
Nemendaleikhúsið
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA



Vegna fjölda áskorana
ÞRJÁR AUKASÝNINGAR Í MAÍ

AUKASÝNINGAR Í MAÍ:
föstud. 12.05 **75. sýning!** UPPSELT
laugard. 13.05 **Næst síðasta sýning**
föstud. 19.05 **Síðasta sýning**

MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur og Margréti Pétursdóttur
laugardagur 6. maí
*allra síðasta sýning*
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti

*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.*
*Sýnd í Óperunni í maí og júní.*
*Miðasala hafin*

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!



SENDU SMS SKEYTIÐ JA HOF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO • DVD MYNDIR • TÖLVULEIKIR • VARNINGUR TENGDUR MYNDINNI OG MARGT FLEIRA
RAUÐHETTA
FRUMSÝND 28. APRÍL
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
BÍÓ.IS
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

Kringlukráin
Hljómsveit Geira Sæm og Tryggvi Hubner með dansleik um helgina



Stór og fjölbreyttur sérréttaseðill ásamt tilboðsseðli öll kvöld.

MARGMIÐLUNARSKÓLINN
INNRITUN STENDUR YFIR

Grafísk hönnun
Hreyfimyndagerð
Þrívíddarteikning
Kvikmyndun
Eftirvinnsla
Vefsíðuhönnun

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað eru á vef Margmiðlunarskólans: www.mms.is

Nám í Margmiðlunarskólanum er lánshæft hjá **LÍN**. Skólagjöld á haustönn 2006 eru um 34.000.- kr. Miðað er við að umsækjendur hafi lokið tveggja ára námi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, hafi sveinspróf í bókagerðargreinum, hafi lokið námi af listnámsbrautum, tölvubrautum, stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

MARGMIÐLUNARSKÓLINN, IÐNSKÓLANUM Í REYKJAVÍK.
*Framsækið nám á traustum grunni*



LÁNSHÆFT NÁM!



**> Skokkar...**

*eru hrikalega heitir þessa dagana og því um að gera að finna sér einn sætan fyrir sumarið. Þessi á myndinni er úr smiðju Luellu Bartley.*

**útlit**
utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN LENA VIDERØ SKARTHÖNNUÐUR OG AFGREIÐSLUDAMA

# Skór, skart og dökkt súkkulaði

**Spáir þú mikið í tískuna?** Ég spái í tískuna en elti hana ekki. Um að gera að hafa bara gaman af þessu og taka sig ekki of alvarlega í fatavalinu.
**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Litaglaður og þægilegur. Þó á ég mína svörtu daga.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Ég er mjög hrifin af Preen og Erotokritos enda er ég umvafin fötum frá þeim á degi hverjum. Mér finnst Alexander McQueen frábær og fleiri og fleiri.
**Flottustu litirnir?** Rafblár og eldrauður.
**Hverju ertu veikust fyrir?** Skóm, skarti, dökku súkkulaði og lakkrís.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Svartan bol með marglitri mynd í Spúútnik.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Tímaleysið.
**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Fallegan kjól sem er á leiðinni í Trilogiu og mig langar í skó sem fást í Kron. Svo kaupi ég mér einhverja skemmtilega tónlist til að koma mér í rétta sumarskapið.
**Uppáhaldsverslun?** Það er svo margt skemmtilegt að gerast í verslunarmálum á Laugaveginum og nágrenni en ef ég nefni nokkrar þá eru það Trilogia, Kron, KronKron, Spúútnik, Mál og menning og Hjálpræðisherinn.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Mjög misjafnt. Stundum ekki eyri en stundum alveg ágætis summu.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ullarsokkanna minna. Mér er nær alltaf kalt á tánum.
**Uppáhaldsflík?** Hjólajakkinn minn sem ég keypti í Barcelona... ekki það að ég hjóli mikið.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** London en svo langar mig ansi mikið til New York og Tókýó.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Shelly's-skór sem ég keypti í London fyrir mörgum árum. Notaði þá tvisvar, kannski þrisvar.





## MÓÐUR VIKUNNAR
### > BORGHILDUR FER YFIR MÁLIN

# Flökurleiki og fataveiki

Ég er í svo miklum vandræðum núna. Þau felast aðallega í skorti á girnilegu innihaldi í fataskáp mínum. Ég er ekki að segja að ég eigi ekki nóg af fötum því ég á alveg TROÐfullan fataskáp og meira til. Hins vegar er ég orðin svo endemis leið á innihaldinu að mér verður næstum flökurt af tilhugsuninni um að klæðast fötunum mínum einn dag í viðbót. Þetta er hin reglulega fataveiki tískufórnarlambsins.

Ég er búin að nota öll fötin mín svo mikið að ég á orðið erfitt með að finna nýjar samsetningar. Tilfinningin er sú sama og þegar maður fær æði fyrir einhverjum tilteknum mat og borðar hann alveg þangað til að tilhugsunin um að láta þennan mat inn fyrir varirnar fær gubbuna til að skríða upp í háls.

Alltaf þegar ég er að fara út þessa dagana þá stend ég fyrir framan úttroðinn fataskápinn og væli. „Ééég á eeeengiiin fööööt!!“ Svo húki ég og horfi og horfi....ímynda mér hinar ýmsu samsetningar af fötum en ekkert virðist vera nógu gott. Máta svo 6-13 mismunandi fatasett þangað til ég loksins kemst að einhverri glataðri niðurstöðu og er svo í mínus yfir lúðaútlitinu á mér allt kvöldið. Þetta hefur þann fylgifisk að ég mæti seint á gjörsamlega alla tónleika, öll matarboð, öll partý, allar bíóferðir. Allt. Ég botna ekkert í því hvað það er sem ég er búin að vera svo ofsalega sátt við að spóka mig um í síðustu mánuði. Ég virðist allavega vera komin með leið á því öllu.

Augljósa lausnin hér er verslunarferð. Í hana kemst ég þó ekki fyrr en í ágúst og ég geeet ekki beðið! Það versta er að ég er algjör nirfill og tími aldrei að kaupa mér neitt dýrt. Og það er allt dýrt á þessu guðsvolaða landi. Lausnin er því sú að ég fari í ódýra, íslenska verslunarferð. Kíki í Rauða Krossinn, Hjálpræðisherinn og þræði svo vefnaðarvörubúðir, prjónabúðir, breyti gömlum fötum og gerist aktífur fatasmiður. Eða þá bara að bíða þangað til ágúst en ég er ansi hrædd um að það verði búið að leggja mig inn á spítala, græna af bullandi fataveiki fyrir þann tíma.








**EMILY MORTIMER** Leikkonan fagra er hér í skyrtu í sjóliðastíl.





**ÞVERRÖNDÓTT** Dökkblátt og hvítt, mjög sjóaralegt. Úr Oasis.

**HVÍTT VESTI** Flott á skipstjórann og fæst í Centrum. Ahoy!



**KRÚTTLEGAR** Litlar stelpur í sjóliðakjólum.



**HNÉBUXUR** Flottar buxur úr Oasis.



**GLINGUR** Gyllt glingur passar dásamlega við sjóarastílinn. Þessar hálsfestar eru úr Centrum.

# Allir um borð!

Sjóliðastíllinn er eitt af því sem virðist aldrei fara úr tísku og í sumar er margt í tískunni sem hægt er að tengja við þennan klassíska stíl. Stíllinn einkennist af hvíta litnum, dökkbláa, rauða og stundum dökkgræna litnum og svo eru ýmsir fylgihlutir vinsælir með. Það eru efst á lista klútar með myndum af akkerum, björgunarhringjum og hnútum, siglingaskór, þverröndóttar flíkur og jafnvel bolir eða kjólar í sjóliðastíl.

Þessi stíll er þó eins og aðrir (kúrekastíllinn og indjánastíllinn) að því leyti að það er ekki vænlegt að drekkja sér gjörsamlega í honum. Varast ber að hylja sig algjörlega með flíkum í sjóliðastílnum því ætlunin er ekki að líta út eins og maður sé genginn í sjóherinn. Best er að nota kannski einn eða tvo hluti í sjóliðastíl með venjulegu fötunum sínum og poppa þau þannig skemmtilega upp. Prófaðu að nota siglingaskó við þröngu svörtu gallabuxurnar þínar eða sjóaraklút við fallega notaða kjólinn. Ekki vera feimin því það er allt leyfilegt í ástum og tísku.

hilda@frettabladid.is



**RÖNDÓTT** Flottur bolur úr Centrum.



**KLÚTUR** Sætur og sjóaralegur.



**SIGLINGASKÓR** Gaman væri að spóka sig um í þessum á hafnarbakkanum. Fæst í Shoe Studio.



**HVÍTAR BUXUR** Nauðsynlegar fyrir hvern skútueiganda og tískudrós sem vill prófa sjóliðastílinn. Úr Centrum.



**SKÓR** Sætir skór sem væru flottir við þröngar gallabuxur. Úr Shoe Studio í Kringlunni.



**TOMMY HILFIGER** Naomi Campbell sýnir hér matrósakjól frá Hilfiger.



**BOLUR** Sætur kóngablár bolur úr Oasis.

# Hæfileikaríkur hönnuður

Phoebe Philo kom óvænt inn í tískuheiminn. Hún hefur hannað fyrir Chloé síðustu fimm ár en hætti nýlega til þess að eyða meiri tíma með nýfæddu barni sínu.



**VETRARLÍNA 2004** Phoebe er alltaf frekar hversdagslega klædd þegar hún kemur fram á tískupallinum eftir sýningu en þó er hún alltaf afar svöl á mjög afslappaðan hátt.

Hún tók við af Stellu McCartney en hafði aðstoðað hana í mörg ár. Það þekktu hana því fáir þegar hún tók við þessu stóra tískuhúsi og margir í tískuheiminum gagnrýndu yfirmenn Chloé fyrir þessa ákvörðun. Þær raddir þögnuðu þó um leið og Phoebe kynnti sína fyrstu línu því ljóst er að hér er afar hæfileikaríkur hönnuður á ferð og margir grétu það sárt þegar hún sagði af sér.

Phoebe, sem útskrifaðist frá Central Saint Martins árið 1996, er að sjálfsögðu með afar smekklegan stíl og ávallt flott til fara. Hún er einnig falleg á náttúrulegan hátt og stíllinn hennar einkennist af klassík í bland við smávegis töffaraskap.



**PHOEBE PHILO** Hér er hún árið 2004 á „Óskarsverðlaunum breska tískuiðnaðarins" – sem eru bresku tískuverðlaunin. Smart með bumbuna sína.



**Á TÍSKUPALLINUM** Hér er hún eftir að hafa kynnt sumarlínu Chloé árið 2006.



**BAFTA-VERÐLAUNIN** Í partíi eftir Bafta-verðlaunin í dásamlega fallegum svörtum kjól.



**RAUÐ SÓLGLERAUGU** Alveg hreint dásamlega smart.



**HVÍT SÓLGLERAUGU** Halda velli í sumar.

# Rautt og hvítt

Nicole Richie og Paris Hilton eru ekki alltaf til fyrirmyndar, en það hendir að þær að hitti tískunaglann á höfuðið. Reyndar gerist það sjaldnar hjá hótelerfingjanum en hjá Nicole, sem oft er afskaplega smart. Þær virðast eiga heilu bílfarmana af flottum sólgleraugum og í hvert sinn sem þær yfirgefa heimilið eru ný gleraugu á nefinu. Yfirleitt eru sólgleraugun þeirra í stærra lagi enda þykir það hrikalega smekklegt.

Í sumar munu bæði hvít sólgleraugu og rauð þykja sérlega töff og hér má sjá Simple Life-skvísurnar, sem sumir elska að hata, lífga upp á tilveruna hvor með sínum lit. Nicole sýndi sig nýlega með þessi sætu rauðu og Paris faldi sig bak við hvítu sólgleraugun.



**NICOLE RICHIE** Skartar hér fallega rauðum og risastórum sólgleraugum, mjög flott.



**PARIS HILTON** Hún er alls ekki alltaf smart en hún á þó allnokkur sæt sólgleraugu. Hér er hún með ein hvít.













**ÝMISLEGT TIL** Stykki úr hornsófa, verkfæri og sjónvörp eru meðal þess sem boðið verður upp hjá lögreglunni í Reykjavík

# Reyfarakaup á reiðhjólum

Hið árlega voruppboð óskiladeildar lögreglunnar í Reykjavík verður haldið á laugardag. Að venju er nóg af hlutum sem hægt verður að bjóða í en uppboðið byrjar kl. 14.30 í portinu við Borgartún 7. „Við erum með um 230 reiðhjól og 170 hluti,“ segir Benedikt H. Benediktsson, yfirmaður rekstrardeildar lögreglunnar. Að hans sögn er þetta svipað magn af hjólum og síðustu ár en reiðhjólin eru af öllum stærðum og gerðum. „Þá verður boðið upp stykki úr hornsófa, þetta er svona hornstykki úr leðri og hefur líklega dottið af vörubíl sem hefur verið að flytja sófann á milli staða. Síðan erum við með mikið af verkfærum, hjólbörðum, felgum, sjónvörpum og bílaútvörpum, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Benedikt. Einnig er eitthvað um óskilafatnað sem skilinn hefur verið eftir á hótelum borgarinnar og skartgripir eru einnig nokkrir.

Hvað verðið á þessum hlutum varðar er það svo gott að það er aldrei neinn afgangur. „Nei, á uppboðum selst alltaf allt upp,“ segir Benedikt. Rétt er að minna þá sem sakna einhvers á það að síðasti séns er að leita eigna sinna hjá lögreglunni því allir þeir týndu hlutir sem eru í vörslu lögreglunnar eignast nýja eigendur á laugardaginn.

- snæ






# Þjóðleikhúsið var innblásturinn fyrir kjólana

Í húsnæði Marels í Garðabæ er nú í gangi sýning á lokaverkefnum nemenda í fata- og textílhönnun og myndlist við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Verk eftir hina tvítugu Elísabetu Sveinbjörnsdóttur, sem gengur dagsdaglega undir nafninu Lísa, hefur þar vakið mikla athygli en hún sýnir þrjá kjóla sem hannaðir eru með Þjóðleikhúsið að fyrirmynd. „Þema lokaverkefnisins var arkitektúr á Íslandi og áttum við að leita innblásturs í einhverri ákveðinni byggingu og hafa bæði innra og ytra rými að leiðarljósi fyrir fatalínu,“ segir Lísa en glöggt má sjá hvernig útlit leikhússins speglast í línum kjólanna sem og litavalinu. „Kjólarnir minna líka á leikhúsið á þann hátt að þeir eru ögrandi eins og leiklistin sjálf og þannig endurspegla þeir einnig lífið í byggingunni,“ segir Lísa en bendir jafnframt á að kjólanrnir séu samt varla nothæfir þar sem þeir eru mjög skúlptúrlegir og ýktir. Aðrar byggingar sem nemendurnir völdu sér voru t.d. Orkuveituhúsið og Gamla Eimskipshúsið.

Sjálf stefnir Lísa á áframhaldandi nám í fatahönnun á danskri grund en fyrst ætlar hún að taka sér árs frí og vinna sér inn smá pening.

„Ég hef lengi haft mikinn áhuga á hönnun svo það kemur ekkert annað til greina en að ég fari í áframhaldandi nám á þessu sviði,“ segir Lísa sem hefur gaman af því að setja fötin sín saman á óvenjulegan hátt. „Vinir mínir kalla mig oft Silvíu Nótt í gríni þar sem ég hef í mörg ár klætt mig mjög flippað. Mér leiðist að ganga í venjulegum fötum,“ segir Lísa en segist þó ekki vera alveg eins ýkt í fatavalinu og Silvía Nótt. Fatnað Lísu og verk hinna nemendanna má sjá fram á sunnudag en sýningin er opin frá kl. 10-16.

- snæ


**EFNILEGUR HÖNNUÐUR** Lísa leitaði innblásturs í Þjóðleikhúsið í lokaverkefni sínu í fata- og textílhönnun við FG. Línur og litir kjólanna minna óneitanlega á Þjóðleikhúsið og þeir eru einnig ögrandi eins og leiklistin sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Supergrass mætir til leiks á Reykjavík Trópik

Breska hljómsveitin Supergrass kemur fram á tónlistarhátíðinni Reykjavík Trópík sem fer fram 2. til 4. júní í Skeifunni fyrir framan Aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Supergrass hefur allt síðan fyrsta plata hljómsveitarinnar, I Should Coco sem kom út árið 1995, átt sér tryggan samastað í hugum tónlistaráhugamanna um heim allan. Nú rúmum tíu árum síðar hefur nýjasta plata þeirra, Road to Rouen, átt góðu gengi að fagna.

Hermigervill, The Foghorns og Flís & Bogomil Font hafa einnig bæst í hóp þeirra sem munu koma fram á hátíðinni.

Áður höfðu staðfest komu sína: Apparat Organ Kvartett, Bang Gang, Benni Hemm Hemm, Cynic Guru, Daníel Ágúst, Dr. Spock, ESG, Forgotten Lores, Ghostigital, Girls In Hawaii, Jakobínarína, Jan Mayen, Jeff Who?, Kimono, Leaves, Nortón, President Bongo (GusGus DJ Set), Skátar, Stillupp-steypa og Úlpa.

Miðasala á tónlistarhátíðina hefst eftir helgina á midi.is.


**SUPERGRASS** Hljómsveitin Supergrass spilar á Íslandi í byrjun næsta mánaðar.




# Kátt í Höllinni

Manchester-tónleikar verða haldnir í Laugardalshöll á laugardaginn frá klukkan 17.30 til miðnættis og er búist við miklu stuði.

Fram koma Badly Drawn Boy, Echo and the Bunnymen, Elbow, Andy Rourke, Trabant, Benni Hemm Hemm og Foreign Monkeys. Eftir tónleikana í Höllinni heldur gleðin áfram á Nasa. Þar munu Andy Rourke og Óli Palli þeyta skífum en einnig mun gleðisveitin Rass troða upp. Ókeypis verður inn á Nasa og munu erlendu listamennirnir sem koma fram í Höllinni sletta þar úr klaufunum.

Miðasala er enn í fullum gangi á tónleikana í Höllinni og má enn fá sæti í stæði. Miðaverð í stæði er 2.600 kr. Miðasala fer fram á midi.is og í verslunum Skífunnar.

**DAGSKRÁ MANCHESTER-TÓNLEIKA**

| | |
|---|---|
| 17.30 | Húsið opnar |
| 18.00 | Foreign Monkeys |
| 18.30 | Benni Hemm Hemm |
| 19.30 | Trabant |
| 20.05 | Andy Rourke DJ |
| 20.30 | Echo and the Bunnymen |
| 21.45 | Elbow |
| 22.35 | Andy Rourke DJ |
| 23.00 | Badly Drawn Boy |



**BADLY DRAWN BOY** Tónlistarmaðurinn Badly Drawn Boy kemur fram í Laugardalshöll annað kvöld. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Miðasala að hefjast

Miðasala á viðhafnarforsýningu kvikmyndarinnar A Prairie Home Companion eftir leikstjórann Robert Altman hefst á mánudaginn.

Hinn þekkti leikari John C. Reilly, sem hefur m.a. leikið í Magnolia og Chicago, verður viðstaddur sýninguna. Er hann einn af fjölmörgum stórstjörnum sem leika í myndinni, sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur.

Miðasalan hefst klukkan 10.00 á midi.is í Skífunni í Reykjavík og verslunum BT úti á landi Miðaverð er 800 krónur. Forsýningin verður í Háskólabíói þann 14. maí.



**JOHN C. REILLY** Leikarinn þekkti verður viðstaddur forsýningu á kvikmyndinni A Praire Home Companion.



**HJÁLMAR** Reggísveitin Hjálmar spilar á Reykjavík rokkar í Höllinni í sumar.
MYND/EGILL BJARNASON

# Hjálmar bætast við

Hljómsveitin Hjálmar hefur bæst í hóp þeirra sem koma fram á tónlistarhátíðinni Reykjavík rokkar sem verður haldin í Laugardalshöll dagana 29. júní til 1. júlí.

Þær hljómsveitir sem höfðu áður staðfest komu sína eru Motörhead, The Darkness, David Gray, Ham, Mínus, Trabant og Ampop.

Forsala aðgöngumiða á Reykjavík rokkar hefst fimmtudaginn 18. maí kl. 11.00 í verslunum Skífunnar, BT Akureyri og Selfossi og á midi.is. Miðaverð er á bilinu 4.900 til 12.900 krónur.




SAMBÍÓIN KRINGLUNNI ER EINA STAFRÆNA DIGITAL BÍÓIÐ Á ÍSLANDI



## Riðlar fyrir EM í handbolta

Á Evrópuþingi EHF í gær var samþykkt að hafa riðlakeppni fyrir EM 2010 en slíkt er alþekkt til að mynda í knattspyrnu. Alvöru handboltalandsleikjum á Íslandi mun því fjölga í kjölfarið þar sem leikið verður heima og heiman. Úrslitakeppni EM 2010 fer síðan annaðhvort fram í Austurríki eða Grikklandi.

# sport

sport@frettabladid.is

SUNDKAPPINN ÖRN ARNARSON ÚR SH: FÓR Í HJARTAAÐGERÐ SEM HEPPNAÐIST EKKI NÓGU VEL

# *Læt ekki svona vitleysu stoppa mig*

Örn Arnarson, sundkappi úr Sundfélagi Hafnarfjarðar, fór í sína aðra hjartaaðgerð í fyrradag. Hjartatruflanir hafa plagað Örn í heil sjö ár og sér ekki fyrir endann á vandamálinu.

Örn var kominn heim í algjöra afslöppun þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „Þetta hefði getað heppnast betur. Rásin sem þeir brenndu fyrir í aðgerðinni í nóvember var í fullkomnu lagi, annað en læknarnir héldu. Það var líklegast að hún hefði byrjað að leka aftur en svo var ekki og því er enn verið að skoða hvað það er sem hefur verið að valda þessum truflunum,“ sagði Örn. „Það hefur enginn hugmynd um hvað þetta er sem er alls ekki þægilegt, að vita ekki hvað amar að, en það er lítið að gera annað en að bíða,“ sagði Örn sem ætlar að hefja æfingar strax á nýjan leik eftir helgi.

„Þetta hefur valdið mér miklum óþægindum undanfarið auk þess sem manni stendur ekki á sama þegar eitthvað amar að hjartanu. Þetta hefur aldrei háð mér neitt af viti, ekki fyrr en ég var keyrður með sjúkrabíl upp á spítala,“ sagði Örn.

„Þetta háir mér ekkert dagsdaglega en það gerir það við áreynslu. Það er erfitt að útskýra hvað gerist en þessi óreglulegi hjartsláttur veldur óþægindum og hjartað tekur aukakippi,“ sagði Örn en það hvarflaði aldrei að honum að hætta að synda.



„Ég hugsaði aldrei um að hætta, enda er það algjör óþarfi. Ég hætti ekkert að synda fyrr en ég fæ nóg, og þá verður það á mínum forsendum. Ég gefst ekkert upp fyrir einhverri svona vitleysu,“ sagði Örn sem býst við að æfa mikið í sumar. „Ég verð á ferð og flugi um Evrópu, bæði að æfa og keppa. Ég verð lítið á Íslandi og ferðast meira en undanfarin ár,“ sagði Örn Arnarson, brattur að lokum.

## > Fram dró kæruna til baka

Handknattleiksdeild Fram dró kæru sína eftir fyrri leik félagsins og Fylkis í deildarbikarnum til baka eftir yfirlýsingu dómaranefndar HSÍ. Þar kemur fram að dómaranefndin hafi ekki gert sér grein fyrir því að sonur annars dómarans væri leikmaður hjá Fylki þegar dómarapar leiksins var ákveðið. Er atvikið því harmað og mun slíkt ekki endurtaka sig. Þess utan er ekkert sem segir að faðir megi ekki dæma hjá syni og því spurning hvernig málið hefði endað en það er vissulega óheppilegt.





**EKKI ÞETTA RÖFL** Guðjón Valur Sigurðsson segir hér Bogdan Wenta til syndanna í landsleik Íslands og Póllands í Höllinni.

Handboltalið Magdeburg:

## Ræður Wenta sem þjálfara

**HANDBOLTI** Þýskir netmiðlar greindu frá því í gær að Pólverjinn Bogdan Wenta myndi taka við Magdeburg í sumar. Wenta er landsliðsþjálfari Póllands og aðstoðarþjálfari Flensburg en forráðamenn Flensburg voru ekki par hrifnir af því að hann færi frá félaginu og því hefur það tekið Wenta langan tíma að fá sig lausan.

Með Wenta frá Flensburg kemur landi hans Marcin Lijewski og því verða fjölmargir Pólverjar hjá Magdeburg næsta vetur.

**- hbg**



**BALLIÐ BÚIÐ** Atli farinn úr Krikanum eftir stutt stopp.

Atli Hilmarsson:

## Hættur að þjálfa FH

**HANDBOLTI** Atli Hilmarsson hefur látið af þjálfun karlaliðs FH en undir hans stjórn mistókst liðinu að tryggja sér sæti í úrvalsdeildinni sem var félaginu mikil vonbrigði.

Fram kemur í yfirlýsingu frá FH að Atli skilji í góðu við félagið og að enginn ágreiningur hafi verið milli hans og stjórnar félagsins.

**- hbg**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**MAÍ**

3 4 5 **6** 7 8 9

### Laugardagur

**SJÓNVARP**

- ☐ 11.50 **Formúla 1** á Rúv. Bein útsending frá tímatöku í Þýskalandi.
- ☐ 15.50 **NBA** á Sýn.
- ☐ 16.05 **Deildarbikarinn í handbolta** á Rúv.
- ☐ 17.50 **Spænski boltinn** á Sýn.
- ☐ 19.50 **NBA** á Sýn.
- ☐ 00.00 **Box** á Sýn. Oscar de la Hoya gegn Bernard Hopkins í beinni.

# Náði samkomulagi um nýjan samning á tíu sekúndum

**Ólafur Stefánsson segist ákveðinn í því að enda ferilinn með Ciudad Real en formsatriði er að ganga frá nýjum samningi. Ólafur segir að dyrnar standi opnar hjá Gummersbach og hann geti hæglega farið þangað í dag ef hann vilji.**

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson á eitt ár eftir af samningi sínum við Ciudad Real og hann hefur tekið þá ákvörðun að vera áfram í herbúðum liðsins. Samningaviðræðurnar tóku ekki langan tíma og aðeins er spurning hvort hann lengi samninginn um eitt eða tvö ár.

“Við Talant Dujshebaev þjálfari vorum að labba saman upp tröppurnar eftir æfingu og hann spyr mig út í samningamálin. Ég held við höfum verið búnir að ná samkomulagi tíu sekúndum síðar. Það er eiginlega mér að kenna að ekki er búið að skrifa undir því ég hef ekki gefið mér tíma til þess. Ég mun fara í það fljótlega eða um leið og ég get gefið mér tíma til þess. Stefnan í dag er sú að spila þrjú ár á fullu áður en ég hætti,” sagði Ólafur sem hefði getað fengið sig lausan frá Ciudad síðasta sumar og líka í sumar ef hann vildi.

Ólafur er ekki að flækja hlutina mikið þegar kemur að samningamálunum og verður seint talinn glerharður samningamaður. Hann játar það fúslega að hann sé enginn nagli þegar kemur að samningamálum. “Ef maður hefur það fínt þá er maður ekkert að stressa sig á einhverjum smáhlutum. Stóru hlutirnir skipta máli en ekki hvort maður fái aukaristavél eða ekki. Ég hef alltaf verið þannig og er í raun dapur samningamaður miðað við marga aðra. Fyrir mér skiptir mestu að vera í rétta liðinu og með rétta þjálfarann. Ég tel mig vera á réttum stað.”

Lengi vel var sterkur orðrómur í gangi þess efnis að hann væri á leið til Gummersbach þar sem hans gamli lærimeistari, Alfreð Gíslason, tekur við stjórnartaumunum sumarið 2007 en nú er talað um að hann taki við strax í sumar.

“Þessi orðrómur átti vissulega við rök að styðjast og í raun gæti ég farið þangað í dag ef ég vildi þar sem ég er ekki búinn að skrifa undir nýja samninginn hjá Ciudad. Það var búið að vera lokað á Gummersbach lengi fyrir mig en svo opnaðist glugginn aftur. Ég var fljótur að loka honum á ný þar sem ég er mjög sáttur hér á Spáni í dag og bjartsýnn á framtíðina. Alfreð er búinn að spjalla aðeins við mig en hann getur gleymt því að fá mig því ég er glerharður á að vera hér áfram,,” sagði Ólafur en hann telur Gummersbach hafa gert mikil mistök með því að láta Kóreumanninn Yoon fara en Grikkjanum Alvanos er ætlað að fylla hans skarð.

Ítarlegt viðtal við Ólaf Stefánsson verður birt í Fréttablaðinu á morgun.

**henry@frettabladid.is**



**SÁTTUR Í CIUDAD** Ólafur Stefánsson er mjög ánægður með lífið og tilveruna hjá Ciudad Real. Hann mun að öllum líkindum ljúka ferli sínum hjá félaginu. Hann hefur ekki áhuga á að spila með Gummersbach þó dyrnar standi opnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EKKI TIL HAUKA** Þrátt fyrir áhuga beggja þá mun Stefán ekki þjálfa kvennalið Hauka á næsta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stefán Arnarson:

## Tekur ekki við Haukastúlkum

**HANDBOLTI** Stefán Arnarson, landsliðsþjálfari kvenna í handknattleik, mun ekki taka að sér þjálfun kvennaliðs Hauka eins og honum stóð til boða. Haukar eru í leit að nýjum þjálfara eftir að Guðmundur Karlsson hætti með liðið.

„Til þess að ég gæti tekið að mér félagsþjálfun þyrftu ákveðnir hlutir að ganga upp. Þeir gerðu það ekki að þessu sinni og því mun ég ekki taka við Haukum. Ég hafði samt sem áður mikinn áhuga á starfinu, þetta var spennandi kostur,“ sagði Stefán við Fréttablaðið í gær en hann sinnir starfi íþróttafulltrúa hjá KR, þjálfar kvennalandsliðið og er auk þess í fjarnámi. „Ég reikna ekki með að skoða önnur lið, það kitlar samt alltaf að þjálfa félagslið en eins og staðan er í dag er það bara mjög erfitt,“ sagði Stefán.

Þorgeir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar Hauka, sagði við Fréttablaðið í gær að þjálfaramál karla og kvennaliðsins myndu skýrast í næstu viku. „Það eru miklar líkur á því að Páll Ólafsson þjálfi karlaliðið áfram. Í það minnsta mun Viggó Sigurðsson ekki taka við liðinu aftur, það get ég staðfest,“ sagði Þorgeir en orðrómur þess efnis að Viggó væri á leiðinni aftur í Hafnarfjörðinn hefur verið á kreiki undanfarð.

**- hþh**

Sverrir Björnsson, nýbakaður Íslandsmeistari með Fram, er á leiðinni til þýska stórliðsins Gummersbach:

# Ég er jafn hissa á þessu og hver annar

**HANDBOLTI** Framarinn Sverrir Björnsson mun að öllum líkindum ganga frá málum sínum við þýska stórliðið Gummersbach í næstu viku. Liðin eru nú að ræða um kaupverðið sem ætti að klárast nú um helgina, eitthvað sem Sverrir býst fastlega ráð fyrir að gangi hratt fyrir sig.

Landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason tekur við Gummersbach árið 2007 en hann spurði Sverri hvort hann hefði áhuga á að spila í Þýskalandi, þegar Sverrir var í æfingabúðum þar í landi með landsliðinu á dögunum.

„Við Alfreð tókum léttan fund og síðan vatt þetta upp á sig. Ég hef ýtt nokkrum liðum frá mér sem hafa sýnt mér áhuga í Þýskalandi en þetta er einfaldlega of stórt dæmi til að hunsa. Það er leiðinlegt að fara á þessum tímapunkti en maður er ekkert að yngjast. Það gæti verið of seint að fara eftir ár, það er því nú eða aldrei,“ sagði hinn 29 ára gamli Sverrir.

„Svona tækifæri kemur kannski einu sinni á lífsleiðinni. Það er varla hægt að sleppa þessu, sérstaklega í ljósi þess hvað á undan hefur gengið. Handboltinn hefur verið á smá uppleið hjá mér undanfarið,“ sagði Sverrir án þess að taka djúpt í árina en hann sneri heim síðasta sumar eftir þriggja ára dvöl í Bandaríkjunum þar sem hann spilaði lítinn handbolta.

„Þetta er óvænt, ég viðurkenni það. Ég er jafn hissa á þessu og hver annar, en maður verður að njóta þess á meðan það varir. Ég held að ég sé búinn að vinna mér fyrir þessu,“ sagði Sverrir sem var einn allra besti leikmaður Íslandsmótsins í ár, og lykilmaður í Íslandsmeistaraliði Fram.

**- hþh**



**NAUTSTERKUR** Sverrir er tröll að burðum og hefur bundið saman Framvörnina af stakri prýði í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**OSCAR DE LA HOYA** Berst í beinni á Sýn upp úr miðnætti í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hörkubardagi í kvöld:

## De la Hoya snýr aftur

**BOX** Einn besti og vinsælasti hnefaleikamaður veraldar, Oscar de la Hoya, snýr aftur í hringinn í kvöld þegar hann mætir Ricardo Mayorga í bardaga sem vafalítið verður mjög tvísýnn og skemmtilegur.

Gulldrengurinn, eins og De la Hoya er iðulega kallaður, hefur verið fjarverandi um nokkra hríð og óttuðust margir að hann myndi aldrei stíga aftur í hringinn.

Bardaginn komst reyndar í uppnám í vikunni þegar Mayorga hótaði að sniðganga bardagann þar sem hann var ekki sáttur við launatékkann sinn en hann er ansi langt undir því sem de la Hoya fær. - hbg



**MEISTARAR** Valsmenn urðu VISA bikarmeistarar í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

VISA og KSÍ:

## Framlengja um fjögur ár

**FÓTBOLTI** KSÍ og VISA skrifuðu í gær undir fjögurra ára samning um að bikarkeppni sambandsins bæri nafn VISA. Að auki munu nú bikarkeppnir KSÍ í 2. og 3. flokki karla og kvenna heita VISA-bikarinn. Þá verður verðlaunafé í VISA-bikar karla og kvenna jafnað til muna.

Verðlaunafé í VISA-bikarnum samkvæmt samningnum er alls tæpar sex milljónir króna á ári hverju. Sigurvegararnir, í karla og kvennaflokki, fá milljón krónur í sinn hlut, liðin í öðru sæti fá 500 þúsund krónur, og fyrir að komast í undanúrslit fá lið 300 þúsund.

Fyrstu leikir VISA-bikars karla í ár eru 11. maí, en VISA-bikar kvenna hefst 9. júní. - hþh

Kvennalið KR í knattspyrnu:

## Sankar að sér leikmönnum

**FÓTBOLTI** Kvennalið KR hefur fengið til liðs við sig þrjá erlenda leikmenn sem munu leika með liðinu í Landsbankadeildinni í sumar. Emma Wright og Alicia Wilson hafa þegar fengið leikheimild og Ciara McGuinness bætist í hópinn innan skamms.

Emma Wright er 25 ára Englendingur og getur leikið á miðjunni og í miðri vörninni. Alicia Maxine Wilson er 25 ára og er landsliðskona Jamaíku en hún hefur leikið fimmtán leiki fyrir hönd þjóðar sinnar. Hún er fjölhæfur leikmaður sem getur spilað hvar sem er á vellinum.

Ciara McGuinness er 23 ára Íri sem hefur leikið á miðjunni og í sókninni. - hþh



**ROBBIE FOWLER** Sáttur við að fá nýjan samning. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Stuðningsmenn Liverpool kættust mikið í gær:

# Robbie Fowler fær nýjan samning hjá Liverpool

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Liverpool hafa beðið spenntir síðustu daga enda var framtíð Robbie Fowler í lausu lofti, en hann er í guðatölu hjá stuðningsmönnum félagsins enda einn mesti markahrókur í sögu Liverpool.

Stuðningsmennirnir fögnuðu síðan ákaft í gær þegar Liverpool staðfesti að það ætlaði að framlengja samninginn við Fowler, sem oft er einfaldlega kallaður Guð á Anfield, um eitt ár en hann hefur leikið vel síðustu vikur og skorað nokkuð reglulega og sum mörkin hafa verið að skila stigum fyrir liðið.

„Þetta eru frábærar fréttir. Robbie hefur staðið sig mjög vel og á skilið að fá nýjan samning,“ sagði Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, við breska fjölmiðla í gær. „Hann hefur skorað mikilvæg mörk og lagt mjög hart að sér. Ég er mjög sáttur við að hafa hann í hópnum hjá mér næsta vetur. Hann er mikilvægur hlekkur í keðjunni.“

Fowler hefur spilað fimmtán leiki fyrir Liverpool í vetur, en hann kom frá Man. City skömmu eftir áramót, og hefur skorað fjögur mörk í þessum fimmtán leikjum. - hbg




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is



**GUNNAR ÞÓR GÍSLASON** Stjórnarformaðurinn hefur selt félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Enska liðið Stoke City:

## Íslendingar selja félagið

**FÓTBOLTI** Í gærkvöldi var gengið frá því að Stoke City er ekki lengur í eigu Íslendinga. Samkomulag náðist á milli íslensku hluthafanna og Petar Coates um yfirtöku þess síðarnefnda á félaginu.

„Í kjölfar viðræðna milli Stoke Holding SA og Peter Coates, stjórnanda Stoke City, hafa aðilar komist að samkomulagi um að herra Coates eignist meirihluta Stoke Holding SA í Stoke City,“ sagði í yfirlýsingu félagsins í gærkvöldi en viðræðurnar hafa staðið um nokkurn tíma.

Hafin er vinna við að ganga formlega frá sölunni en á vefsíðu félagsins sagði einnig að báðir aðilar málsins gerðu sér grein fyrir hversu mikilvægt það væri fyrir félagið að ganga frá slíkum samningi innan nokkurra vikna. Íslensku stjórnendurnir munu nú segja af sér og Coates tekur við félaginu en sjö ár eru síðan Magnús Kristinsson leiddi hóp íslenskra fjárfesta til kaupanna á Stoke. - hþh

# Haukar knúðu fram oddaleik

**Haukar báru sigurorð af Valsmönnum í hörkuleik liðanna í deildabikar HSÍ í Laugardalshöll í gærkvöldi. Þrátt fyrir að Pálmar Pétursson ætti stórleik í marki Vals tókst Haukum að innbyrða tveggja marka sigur í lokin, 29-27.**

**HANDBBOLTI** Valsmenn byrjuðu leikinn mun betur á heimavelli sínum í gær og greinilegt að þeir höfðu áhuga á því að klára einvígið í Höllinni. Þeir höfðu öll völd á vellinum og náðu fjögurra marka forskoti á auðveldan hátt. Markvarsla Hauka var skelfileg og sóknarleikurinn í molum.

Þeir náðu þó að taka sig á og eftir klaufagang Valsmanna náðu þeir að jafna leikinn. Í hálfleik var staðan jöfn, 13-13, og æsispennandi síðari hálfleikur fór í gang.

Jafnt var á öllum tölum, en í stöðunni 20-20, skildust leiðir. Haukar náðu þá mjög góðum kafla og röðuðu inn mörkunum, á meðan Valsmenn horfðu á Hafnarfjarðarliðið leika við hvern sinn fingur. Valsmenn réttu úr kútnum undir lok leiksins, en náðu ekki að brúa fimm marka forskot Hauka nema niður í tvö mörk. Lokatölur urðu 27-29 og liðin mætast í oddaleik á sunnudaginn um það hverjir mæta Fylki í úrslitum keppninnar.



**TEKINN FÖSTUM TÖKUM** Valsmaðurinn Ægir Jónsson kallar ekki allt ömmu sína. Hér er hann í hörkubaráttu í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við byrjuðum leikinn mjög illa, sérstaklega í sókninni þar sem við náðum ekki að nýta færin okkar. Við vorum óákveðnir og hreinlega hræddir, við hvað veit ég ekki en okkur tókst smám saman að vinna okkur inn í leikinn,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn en hann var mjög ánægður með baráttuna í liðinu. „Við náðum góðum kafla í síðari hálfleik og eftir það var ekki spurning hvor megin sigurinn lenti. Ég var orðinn nokkuð sigurviss undir lokin og strákarnir náðu að sýna hvað í þeim býr,“ sagði Páll sem prísaði sig sælan yfir sigrinum því að markmenn Hauka vörðu aðeins níu skot í leiknum, en Pálmar varði 24 í Valsmarkinu.

„Markvarslan var skelfileg allan leikinn, það er gott að vinna leik með svona markvörslu. Það sýnir bara hversu vel við náðum að leika gegn Valsliðinu. Við ætlum okkur klárlega sigur í þessu móti, eins og öllum þeim mótum sem við tökum þátt í,“ sagði Páll Ólafsson.

hjalti@frettabladid.is



**MAGNAÐUR** Henry hefur enn og aftur sannað að hann er meðal bestu leikmanna heims. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Thierry Henry:

## Valinn bestur í úrvalsdeildinni

**FÓTBOLTI** Thierry Henry hefur bætt enn einni skrautfjöðrinni í safnið sitt en hann var í gær útnefndur besti leikmaður tímabilsins í Englandi. Það var aðalstyrktaraðili deildarinnar, Barclays, sem útnefndi þennan magnaða leikmann Arsenal sem besta leikmann mótsins, og skal engan undra.

„Henry hefur sett magnaðan svip á síðasta tímabil Arsenal á Highbury. Hann sameinar snilld og skemmtun með mörkum sem hafa úrslitaáhrif í leikjum liðsins. Það er engin furða að knattspyrnustjóri sem stýrði liði sínu gegn Arsenal skyldi segja um Henry að hann væri óviðráðanlegur,“ sagði Matt Appleby, formaður dómnefndar um Henry.

Frakkinn hefur skorað 24 mörk í 30 leikjum fyrir Arsenal á tímabilinu, 17 af þeim hafa komið á Highbury. - hþh

Línurnar farnar að skýrast hjá Sigfúsi Sigurðssyni, leikmanni Magdeburg:

# Mun að öllum líkindum semja við Nordhorn

**HANDBOLTI** Sigfús Sigurðsson er líklega á leiðinni til þýska úrvalsdeildarliðsins Nordhorn. Framtíð Sigfúsar hefur verið í lausu lofti undanfarið, eftir að ljóst var að hann myndi fara frá Magdeburg. Í það minnsta tíu lið sýndu Sigfúsi áhuga en hann hitti forráðamenn Nordhorn í gær og ber söguna vel.

„Það sem þeir buðu var í rauninni betra en ég bjóst við. Þeir voru að skoða hvernig landið liggur hjá Magdeburg, hvað starfslokasamning minn varðar og slíkt. Mér líst mjög vel á Nordhorn, þeir missa báða línumennina sína og því vantar menn í þá stöðu auk þess sem þeir fá Borge Lund, sterkan miðjumann frá Noregi,“ sagði Sigfús, sem einnig er spenntur fyrir spænska liðinu Aragon sem hefur verið í sambandi við hann.

„Það er annar mjög spennandi kostur. Gamla kempan Carlos Ortega er að þjálfa liðið sem ætlar sér stóra hluti á Spáni. Þeir eru að sanka að sér leikmönnum og eru mjög sterkir fjárhagslega. Ég bíð bara og athuga hvað þeir segja. Ég heyri líklega í þeim í næstu viku, það væri gaman að fá gott sumarfrí auk þess sem það væri spennandi að prófa nýjan vettfang,“ sagði Sigfús.



**SIGFÚS** Býst ekki við því að neitt mál verði að losna frá Magdeburg, sem gæti reynt að krunka út einhverjar krónur fyrir kappann. FRÉTTBLAÐIÐ/PJETUR

„Ef mér líst ekkert á það sem Spánverjarnir hafa að segja þá sem ég bara við Nordhorn. Ekki þá nema Magdeburg verði með eitthvert vesen sem ég býst reyndar ekki við. Þeir gætu tekið upp á því að fara að heimta pening fyrir mig sem gengur auðvitað ekki. Ef svo er þá sit ég bara hérna út samninginn minn og læt þá borga mér laun,“ sagði Sigfús en framtíð hans ætti að skýrast á næstu vikum.

Sigfús var í viðræðum við danska liðið Tvis Holstebro en þær viðræður fuku út í veður og vind. Sigfús var ekki alls kostar sáttur við framkomu félagsins sem bauð honum þrisvar samning, og alltaf lækkuðu þeir launin auk þess að ljúga að Sigfúsi hvað skatta og fleira varðaði. - hþh

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Deildarbikar HSÍ - Karlar*

| VALUR-HAUKAR | 27-29 |
|---|---|

**Mörk Vals:** Hjalti Pálmason 9, Fannar Friðgeirsson 6 (3), Elvar Friðriksson 3, Mohamadi Loutoufi 4, Ingvar Árnason 2, Ægir Jónsson 1, Atli Rúnar Steinþórsson 1.

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 24.

**Mörk Hauka:** Jón Karl Björnsson 8 (4), Gísli Jón Þórisson 6, Árni Þór Sigtryggsson 5, Andri Stefan 4, Kári Kristján Kristjánsson 3, Halldór Ingólfsson 2, Ólafur Björnsson 2.

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 7, Björn Viðar Björnsson 2,

| FYLKIR-FRAM | 32-22 |
|---|---|

**Mörk Fylkis:** Arnar Jón Agnarsson 8, Heimir Örn Árnason 6, Ingólfur Axelsson 6, Eymar Kruger 5, Arnar Sæþórsson 3, Sigþór Hauksson 2, Ásbjörn Stefánsson 1, Pétur Þorláksson 1.

**Mörk Fram:** Jóhann Gunnar Einarsson 4, Sergey Serenko 3, Þorri Gunnarsson 3, Haraldur Þorvarðarson 3, Guðjón Drengsson 2, Grétar Steinþórsson 2, Rúnar Kárason 2, Björgvin Björgvinsson 2, Sigfús Sigfússon 1, Gunnar Harðarson 1.








**DUGIR EKKI TIL** Haraldur Þorvarðarson skorar hér eitt af þremur mörkum sínum í leiknum. Það var engan veginn nóg fyrir Safamýrarpilta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fylkir burstaði Fram, 32-22, í Árbænum í gær:

# Fylkismenn í úrslit

**HANDBOLTI** Fylkismenn unnu öruggan sigur á Íslandsmeisturum Fram á heimavelli sínum í Árbænum í gær. Lokatölur í leiknum urðu 32-22, en það þýðir að Fylksmenn spila til úrslita í deildarbikar HSÍ, við Val eða Hauka.

Leikurinn byrjaði fjörlega en fljótlega tókst Fylkismönnum að stinga Framarana af. Þeir náðu þægilegu forskoti sem þeir héldu út fyrri hálfleikinn, en eftir hann var staðan 16-12 fyrir Fylki.

Árbæingar spýttu enn í lófana í síðari hálfleik og gengu frá Íslandsmeisturunum sem var kippt niður á jörðina af ferskum Fylkismönnum sem ætla ekki að ljúka tímabilinu titilslausir.

Fylkismenn eiga hrós skilið fyrir frábæran leik sem þeir sýndu í gær, það skal alls ekki tekið af þeim, en Framliðið var engan veginn að sýna sitt rétta andlit. - hþh




# FRÉTTAVEITAN

## Fréttirnar koma fyrst til þín_

**Fréttaveitan beint í farsímann eða tölvupóst!**

Þeir sem skrá sig fyrir þjónustunni fá daglega sendar helstu fréttir dagsins. Þú velur hvort þú vilt fá fréttir sendar í farsímann þinn þegar þær berast eða einu sinni á dag með tölvupósti.

Þú velur hvaða fréttaflokka þú vilt fá senda til þín og stillir þannig þína eigin fréttaveitu.

Þeir sem skrá sig fyrir 1.júní geta unnið 150.000 kr. gjafabréf frá Úrval Útsýn.

_skráðu þig á

vísir

Fréttirnar koma til þín




vísir FRÉTTABLAÐIÐ NFS

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You realize we're all going to go to college as virgins. They probably have special dorms for people like us.“**

Svar: Jim úr American Pie frá 1999

# dagskrá

**Í TÆKINU STEVE BUSCEMI LEIKUR Í FARGO Í RÍKISSJÓNVARPINU KL. 22.30**

# *Var stunginn þrisvar sinnum*

Steven Vincent Buscemi fæddist í Brooklyn-hverfinu í New York-borg árið 1957. Faðir hans var af ítölsku bergi brotinn og hafði hann meðal annars barist í Kóreustríðinu en móðir hans var af írskum ættum. Í New York ólst Buscemi upp og eftir menntaskóla fékk hann ingöngu í hinn virta leiklistarskóla Lee Strasberg. Áður en Buscemi náði hins vegar inn á hvíta tjaldið hafði hann starfað við hin ýmsu störf. Má þar til dæmis nefna að Buscemi hefur starfað sem barþjónn, ökumaður í ísbíl og sem slökkviliðsmaður. Hið síðastnefnda er það starf sem Buscemi er stoltastur af og enn í dag býður Buscemi sig oft fram sem sjálfboðaliði í slökkviliðsstarfi. Tók hann meðal annars þátt í björgunarstarfi eftir árásirnar á World Trade Center.

Fyrsta hlutverk sitt í kvikmynd fékk Buscemi árið 1986 þegar hann lék í myndinni Parting Glances og síðan þá hefur stjarna Buscemis hækkað jafnt og þétt.



**ÞRJÁR BESTU MYNDIR STEVES BUSCEMI:** Reservoir Dogs 1992, Fargo 1996, The Big Lebowski 1998

Hefur Buscemi sem dæmi leikið í fimm kvikmyndum Cohen-bræðra og þar af hafa þrjár af persónum hans dáið í myndunum. Í dag er Buscemi líka einn afkastamesti leikari Hollywood en hann kemur oftast fram í um fimm kvikmyndum á hverju ári. Reyndar eru mörg hlutverkin afar smá og sem dæmi hefur honum oft brugðið fyrir í kvikmyndum Adams Sandler. Buscemi á þó einnig að baki margar stórmyndir og má þar sem dæmi nefna Armageddon, 28 days, Reservoir Dogs og Desperado.

Árið 2001 lenti Buscemi í skelfilegu slysi þegar ráðist var á hann eftir knæpuslagsmál og var hann stunginn þrisvar sinnum, í hausinn, hálsinn og hendina. Vince Vaughn tók einnig þátt í slagsmálunum og var hann meðal annars ákærður fyrir að berja einn ódæðismann Buscemis til óbóta. Buscemi hlaut hins vegar stórt ör og þarf hann yfirleitt standa í miklu förðunarstússi fyrir hverja mynd til þess að fela örið.



▶ 19.40 *Evróvisjón*

SÖNGVAKEPPNI EVRÓPSKRA SJÓNVARPSSTÖÐVA



▶ 19.35 *Gaman*

OLIVER BEENE



▶ 19.00 *Gaman*

FRIENDS



▶ 18.35 *Gaman*

EVERYBODY HATES CHRIS



▶ 10.10 *Dægurmál*

HELGIN MEÐ EIRÍKI JÓNSSYNI

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (1:26) **8.08** Bú! **8.19** Lubbi læknir **8.32** Arthúr **8.59** Sigga ligga lá (10:52) **9.13** Matta fóstra og ímynduðu vinir-nir hennar **9.35** Glómagnaða **10.00** Skoppa og Skrítla (1:10) **10.10** Ástfangnar stelpur (6:13) **10.45** Stundin okkar **11.15** Kastljós **11.50** Formúla 1

**13.15** Íshokkí **13.50** Íþróttir **15.35** Ístölt í Laugardal 2006 **16.05** Deildabikarinn í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (50:51) **18.25** Kokkar á ferð og flugi (3:8)

**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.40 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (3:4)**
**20.45 Æði í Alabama** (Crazy in Alabama) Bandarísk bíómynd frá 1999. Myndin gerist árið 1965 og segir frá konu frá Alabama sem fer til Kaliforníu og ætlar að verða kvikmyndastjarna.
**22.30 Fargo** (Fargo) Bandarísk bíómynd frá 1996. Maður í kröggum í Norður-Dakóta ræður menn til að ræna konu sinni og ætlar að krefja föður hennar um lausnargjald en ófrísk lögreglukona reynist honum erfið viðureignar. Leikstjóri er Joel Coen og meðal leikenda eru William H. Macy, Frances McDormand, Steve Buscemi og Peter Stormare. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**0.10** Stúlkan á brúnni **1.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (William's Wish Wellingtons, Engie Benjy, Kærleiksbirnirnir, Myrkfælnu draugarnir, Tiny Toons, Barney, Með afa, Leðurblökumaðurinn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Peter Pan) **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Bold and the Beautiful

**12.40** Bold and the Beautiful **13.00** Bold and the Beautiful **13.20** Bold and the Beautiful **13.45** Life Begins (3:8) **14.35** Nálægð við náttúruna **15.20** Idol – Stjörnuleit **16.15** Meistarinn (19:22) (e) **17.10** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 George Lopez (18:24)**
▶ **19.35 Oliver Beene (3:14)** Bernskubrek Olivers Beene koma öllum í gott skap. Það hefur alltaf verið erfitt að vera lítill en aldrei svona skemmtilegt. (2:16) Á leiðinni í skólann missir Oliver súpuna sína á sig en enginn trúir því þegar hann segir frá atvikinu.
**20.00 Bestu Strákarnir**
**20.30 Það var lagið**
**21.35 Little Black Book** (Svarta bókin) Rómantísk gamanmynd með Brittany Murphy í hlutverki ungrar forvitinnar konu sem skilur ekki afhverju kærasti hennar vill aldrei tala um sínar fyrrverandi.

**23.30** Owning Mahowny **1.15** Touch of Frost: Another Life **2.55** The Truth About Charlie (Bönnuð börnum) **4.35** George Lopez (18:24) **5.00** Oliver Beene (3:14) (e) **5.25** Fréttir Stöðvar 2 **6.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.00** Fashion Television (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**18.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
▶ **19.00 Friends (19:24) (e)**
**19.30 Friends (20:24) (e)**
**20.00 „bak við böndin“ (5:7)** Ellen og Erna munu skyggnast „bak við böndin“.
**20.30 Sirkus RVK (e)**
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**21.00 American Idol (32:41) (e)**
**21.50 American Idol (33:41) (e)** (Bandaríska stjörnuleitin) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims.
**22.20 Clubhouse (1:11)** (Pilot) Heitasta ósk Petes Youngs rætist þegar hann fær draumavinnuna sína, sem kylfusveinn hjá hafnaboltaliðinu New York Empires.

**23.05** Supernatural (12:22) (e) (Bönnuð börnum) **23.50** Þrándur bloggar **23.55** Extra Time – Footballers' Wive **0.20** Splash TV 2006 (e)

## SKJÁREINN

**10.30** Dr. Phil (e)

**12.45** Yes, Dear (e) **13.15** According to Jim (e) **13.40** Top Gear (e) **14.30** Game tíví (e) **15.00** One Tree Hill (e) **16.00** Dr. 90210 (e) **16.30** Celebrities Uncensored (e) **17.15** Fasteignasjónvarpið **18.10** Everybody loves Raymond (e)

▶ **18.35 Everybody Hates Chris (e)**
**19.00 Family Guy (e)**
**19.30 The Office (e)**
**20.00 All of Us** Fjölmiðlamaðurinn Robert James er nýskilinn við eiginkonu sína og barnsmóður, Neesee, en hann er staðráðinn í að afsanna þjóðsöguna um að skilnaður útiloki að hægt sé að láta sér lynda við þá fyrrverandi.
**20.25 Run of the House**
**20.50 The Drew Carey Show**
**21.10 Dr. 90210** Í þáttunum Dr. 90210, frá E sjónvarpsstöðinni, er fylgst með lýtalæknum fína og fræga fólksins.
**21.45 The Dead Zone**
**22.30 Rockface** Frábærir breskir þættir sem segja frá hugrökku fólki sem hættir lífi sínu til að bjarga mannslífum í fjöllunum.

**23.20** Stargate SG-1 (e) **0.05** Boston Legal (e) **0.55** Wanted (e) **1.40** Ripley's Believe it or not! (e) **2.25** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.55** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**10.00** Fréttir ▶ **10.10** Helgin – með Eiríki Jónssyni **11.00** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **12.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.15** Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss **14.00** Fréttir

**14.10** Helgin – með Eiríki Jónssyni **15.00** Vikuskammturinn **16.00** Fréttir **16.10** This World 2006 **17.05** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **17.20** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **18.00** Kvöldfréttir/íþróttir/Veður

**19.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**19.45 Helgin – með Eiríki Jónssyni**
**20.35 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss**
**21.25 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**22.00 Veðurfréttir og íþróttir**
**22.30 Kvöldfréttir**

**23.10** Síðdegisdagskrá endurtekin **9.10** Fréttavikan með Þorfinni Ómarss

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** Laws of Attraction (Bönnuð börnum) **8.00** Something's Gotta Give **10.05** Big Fish **12.10** Serendipity **14.00** Something's Gotta Give **16.05** Big Fish **18.10** Serendipity **20.00** **Laws of Attraction** (Lögmál ástarinnar) Rómantískt réttardrama með gamansömu ívafi. Bönnuð börnum. **22.00** **The Matrix Reloaded** (Matrix 2) Bönnuð börnum. **0.15** Swimfan (Bönnuð börnum) **2.00** Real Women Have Curves (Bönnuð börnum) **4.00** The Matrix Reloaded (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Extreme Close-Up **13.00** 10 Ways **13.30** Gastineau Girls **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Eva Longoria: The Interview with Ryan Seacrest **17.00** 10 Ways **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News Weekend **19.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **21.00** Dr. 90210 **22.00** The E! True Hollywood Story **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape **2.00** Wild On Tara

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.30** Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (e) **13.30** Upphitun (e) **14.00** Man. City – Arsenal frá 05.05 **16.00** Bolton – Middlesbrough frá 03.05 **18.00** Blackburn – Chelsea frá 29.04

**20.00 Man. Utd. – Middlesbrough frá 01.05** Leikur sem fór fram síðast liðið mánudagskvöld.
**22.00 Dagskrárlok**



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

### Hvíta-Rússland – Ísland, Ríkissjónvarpið kl. 13.50

*Landsleikur í knattspyrnu*



Fáir gera sér almennilega grein fyrir þeim frábæra árangri sem íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu hefur náð á undanförnum árum. Eru þær sem dæmi mjög ofarlega á styrkleikalista FIFA og tvisvar sinnum hafa þær verið nálægt því að komast í Evrópu- og heimsmeistarakeppnina. Landsliðið berst nú hart fyrir sæti í lokakeppni HM 2007, og á þar í harðri baráttu við Svía og Tékka, auk Hvít-Rússa og Portúgala. Leikurinn gegn Hvít-Rússum er aðeins sá þriðji á erlendri grund sem er í beinni útsendingu hjá kvennalandsliðinu og í fyrsta sinn sem leikur utan Norðurlandanna er sýndur hér beint en leikurinn fer fram í Minsk.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 1 | 6 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 7 | 2 | 3 | 5 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 4 | 1 | 7 |
| 2 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 |
| 1 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | | 7 | 2 | | | | |
| | 5 | 7 | | | 1 | 9 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 5 | | | | |
| | | 4 | | | | 7 | | |
| | | | | 6 | 2 | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 9 | 8 | | | 1 | 4 | |
| | | | | 3 | 9 | | 8 | 7 |



▶ **24.00**

*Box*

OSCAR DE LA HOYA-B.HOPKINS

**10.30** Ítölsku mörkin **11.00** Ensku mörkin **11.30** Spænsku mörkin

**12.00** Gillette HM 2006 sportpakkinn **12.30** US PGA í nærmynd **13.00** Sænsku nördarnir **13.50** Súpercross **14.50** Motorworld **15.20** Kraftasport 2006 **15.50** NBA **17.50** Spænski boltinn (Spænski boltinn 05/06)

**19.50 NBA Greatest Games**
**21.50 Box (Floyd Mayweather vs Zab Judah)**

**23.00** Hnefaleikar (Felix Trinidad – Ricardo Mayorga) ▶ **0.00** Hnefaleikar (B. Hopkins – Oscar de la Hoya) **1.00** Box – Fernando Vargas vs. Shane Mosley (Box – Arturo Gatti vs. Thomas)

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Andi Andalúsíu **11.00** Vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Blessað glamrið **15.00** Til í allt **16.10** Er einhver frá Fairwood hérna inni? **17.05** Til allra átta

**18.26** Leikhúsmýslan **19.00** Ópera mánaðarins: Fidelio **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Flakk **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ **22.10** Næturvörðurinn **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gulli Helga

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** Ragnar Már

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður






## HRÓSIÐ

*...fær myndasögubúðin Nexus sem tók þátt í „Free Comic Book Day" á laugardaginn og gaf yfir eitt þúsund blöð fyrir börn og fullorðna.*

## NÚNA

Með tilkomu hækkandi sólar er vert að fólk fari að dusta rykið af grillinu og bjóði til allsherjar matarveislu.





Að taka hárið frá andlitinu með marglitri og skemmtilegri hárspöng, þær fást í mörgum stærðum og gerðum og eru skemmtileg höfuðföt.

Að sitja úti. Í stað þess að sitja inni eins og venjulega drífðu þig út með kaffibollann og andaðu að þér frísku lofti.





Að klæðast svörtu. Verslanir bæjarins eru stútfullar af margvíslegum litum sem menn ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

## BÚIÐ

Skíðaiðkun. Nú er vert að pakka saman skíðagræjunum og taka jafnvel fram gönguskóna í staðinn.



Bílar fara að detta úr tísku enda bensínverðið hækkað svo um munar. Ódýrast að ferðast um á tveimur jafn fljótum.





**LÁRÉTT:**
**2** vandræði **6** skammstöfun **8** keyra **9** bein **11** klafi **12** erfiði **14** hindrun **16** í röð **17** tal **18** enþá **20** tveir eins **21** velta.

**LÓÐRÉTT:**
**1** erindi **3** samtök **4** skotskífa **5** draup **7** markvís **10** af **13** angan **15** slæma **16** húðpoki **19** á líðandi stundu.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT: 2** basl, **6** eh, **8** aka, **9** rif, **11** ok, **12** strit, **14** tálmi, **16** hi, **17** mál, **18** enn, **20** ll, **21** snúa. **LÓÐRÉTT: 1** vers, **3** aa, **4** skotmál, **5** lak, **7** hittinn, **10** frá, **13** ilm, **15** illa, **16** hes, **19** nú.

## VEISTU SVARIÐ

1. Zacharias Moussaoui.
1. Starfsmenn 27 leikskóla.
1. Heimir Örn Árnason.




allt tíska
Alla fimmtudaga




**SAMNINGURINN Í HÖFN** Bubbi, Bjarni Ármannsson og Árni Pétur Jónsson handsala samninginn vegna stórtónleikanna í Laugardalshöll á afmælisdegi Bubba, sjötta júní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BUBBI MORTHENS: ÞRIGGJA TÍMA AFMÆLISTÓNLEIKAR 6. JÚNÍ

# Dauðlegur en þakklátur

Konungur íslenskrar rokksögu, Bubbi Morthens, verður fimmtugur þann sjötta júní og ætlar af því tilefni að halda þriggja tíma tónleika í Laugardalshöllinni þar sem hann mun koma fram ásamt öllum þeim hljómsveitum sem hann hefur spilað með í gegnum tíðina.

Um er að ræða Utangarðsmenn, Egó, Das Kapital, MX21 og GCD. Einnig mun Bubbi koma fram einn með gítarinn og flytja bæði ný og gömul lög.

Bubbi segist hlakka mikið til tónleikanna. Upphaflega ætlaði hann ekki að vera á landinu á fimmtugsafmælinu en umboðsmaður hans, Páll Eyjólfsson, kom þá fram með hugmyndina um tónleikana sem Bubba leist strax vel á.

Bakhjarlar tónleikanna eru OgVodafone og Glitnir og voru forstjórar fyrirtækjanna, þeir Árni Pétur Jónsson og Bjarni Ármannsson viðstaddir blaðamannafund í gær þar sem samningur við Bubba var undirritaður. Einnig tóku þeir lagið með Bubba, hið sígilda Stál og hnífur.

„Það er alveg magnað að stærstu fyrirtækjum landsins finnist akkur í því að vinna með mér. Það sýnir breytt landslag hjá listamönnum á Íslandi að viðskiptafyrirtæki og listamenn geta slegið saman í púkk og báðir notið góðs af," segir Bubbi. „Þetta er ekkert nýtt og þekkist ef við skoðum listasöguna. Þetta er kannski dálítið nýtt hérna heima en er komið til að vera. Þetta samstarf við OgVodafone og Glitni um þessa tónleika á sér enga hliðstæðu. Kostnaðurinn er óheyrilega hár og greiðslan sem ég fæ er að sama skapi mjög há og á sér enga hliðstæðu heldur í íslenskri tónlistarsögu," segir Bubbi. „Ég vil meina að ég sé að einhverju leyti brautryðjandi í þessu."

Bubbi hefur á ferli sínum gefið út 35 sólóplötur og alls tekið þátt í gerð 169 platna af öllum stærðum og gerðum. Á afmælisdeginum kemur enn ein sólóplatan út sem nefnist einfaldlega 06.06.06. „Þetta eru lög af ferlinum sem mig langaði að spila," segir Bubbi. Þetta er mín einhvers konar „best of" plata, bara með kassagítar og munnhörpu."

Eitt nýtt lag verður á plötunni sem nefnist Grafir og bein þar sem Bubbi stiklar á stóru á viðburðaríkri ævi sinni. Önnur plata eingöngu með nýjum lögum kemur síðan að öllum líkindum út fyrir næstu jól.

Bubbi segist eiga mjög auðvelt með að semja lög og hafi í raun lítið fyrir því. „Fyrst tekur maður þessu með hroka og telur þetta vera sjálfsagðasta hlut í heimi. Svo fara árin að líða og þetta heldur áfram og áfram. Þá fer maður að hugsa: „Kannski hefur mér verið gefið eitthvað sem öðrum er ekki gefið." Ég er kominn á þá niðurstöðu að ég hef notið mikillar blessunar. Þegar ég uppgötva að að menn séu aðströggla við að semja og allt það, þá hef ég á sama tíma eiginlega ekkert fyrir því. Það er alveg með ólíkindum," segir hann.

„Ég er fullur þakklætis og auðmýktar gagnvart því hvernig mér hefur vegnað og það er ótrúlegt þegar ég hugsa til baka og skoða ævi mína. Þetta lífshlaup mitt er auðvitað bara eitt stórt ævintýri."

Hann segir það æðislegt að verða fimmtugur. „Að sama skapi finnur þú fyrir því að þú ert dauðlegur en um leið breytast gildi og áherslur. Maður nýtur dagsins í dag í miklu ríkari mæli og miklu dýpra en maður gerði áður fyrr," segir Bubbi sem æfir tvisvar á dag og segist vera í betra formi en fyrir tuttugu árum.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tískuspekúlantinn og bloggarinn **Diane Pernet** kom hingað til lands í gær og fylgdist með fatahönnuðum framtíðarinnar á útskriftarsýningu Listaháskólans í gærkvöldi og mun hún vera hér fram á sunnudag. Það er ekki beint hægt að kalla Pernet Íslandsvin eftir komu hennar á Icelandic Fashion Week í fyrra. Pernet fór ekki fögrum orðum um íslenska tísku og kom meðal annars fram í tímaritinu Sirkus undir yfirskriftinni, „Pernet slátrar íslenskri tísku!". Henni hefur því verið boðið hingað til að bjarga orðspori landans og mun skrifa um þennan viðburð á bloggsíðunni sinni, www.ashadedviewonfashion.com. Pernet er mikill áhrifavaldur í tískuheiminum og er bloggið hennar víðlesið. Fleiri blaðamenn eru hér samankomnir um helgina og eru þeir frá helstu tískusneplum heims svo sem Harpers Bazar, V- magazine, American Elle og i-D magazine. Verður því forvitnilegt að fylgjast með þessum blöðum á næstunni.



Ný stjarna fæddist í Meistaranum á fimmtudaginn þegar **Jónas Örn Helgason** lagði **Illuga Jökulsson** í magnaðri viðureign. Framganga þessa unga verkfræðinema hefur vakið mikla athygli úti í þjóðfélaginu enda hafði Illugi farið á kostum í keppninni hingað til. Næst mætast **Erlingur Sigurðsson** og **Inga Dóra Ingvarsdóttir** og eftir þann þátt kemur í ljós hverjir keppa um fimm milljónir íslenskra króna. Aðdáendur þáttarins höfðu velt vöngum yfir hvort úrslitin yrðu 18. maí en þættirnir hafa verið vikulega hingað til. Þeir þurfa þó engu að kvíða því aðstandendur þáttarins gerðu sér fyllilega grein fyrir því að undankeppnin í Eurovision myndi ræna allri athygli og því hefur úrslitaþátturinn verið settur fimmtudaginn 25. maí. Fyrir þá sem geta ómögulega hugsað sér að horfa á **Silvíu Nótt** og félaga geta þeir huggað sig við að sérstakur upprifjunarþáttur verður á dagskrá þá.

- fgg/áp




GRILLPINNAR
KRYDDLEGINN LAX
LÚÐA, STEINBÍTUR,
KEILA, LANGA OG
SILUNGUR
SIGNA GRÁSLEPPAN ER KOMIN

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14


# Vilja útrýma mismunun

Megrunarlausi dagurinn er í dag en hann er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskunum og fordómum í garð feitra. Það eru þær Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur, Guðrún Beta Mánadóttir í Femínistafélagi Íslands, Edda Ýrr Einarsdóttir og Alma Dröfn Geirdal sem standa fyrir deginum.

„Dagurinn var stofnaður af Mary Evans Young, breskri konu sem átti við átröskun að stríða," segir Edda. „Deginum er ætlað að minna fólk á að virða líkamann og hætta að gagnrýna hann í öllu þessu heilsuæði sem ríkir í samfélaginu," segir Edda.

Megrunarlausi dagurinn var stofnaður árið 1992 og síðan þá hefur skipulögð dagskrá verið haldin víða um heim árlega til þess að vekja athygli á þeim miklu þjáningum sem hljótast af þráhyggju um grannan vöxt og almennri andúð á fitu. „Við bjóðum upp á dagskrá í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskólans, sem hefst klukkan 13.00 í dag. Þar sýnum við áhugaverða heimildarmynd og bjóðum upp á fræðandi fyrirlestra um málefnið."



**EDDA ÝRR EINARSDÓTTIR OG SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR** Þær eru í hópi þeirra sem standa að Megrunarlausa deginum. Í Öskju munu þær bjóða upp á áhugaverða dagskrá tengda málefninu.

„Við viljum fagna margbreytilegum líkamsvexti og draga úr fituhræðslunni. Það er alltaf verið að tala um offitu og það að börnin séu alltaf að verða feitari en þetta gerir það að verkum að pressan á fullkomið útlit verður meiri. Þetta getur jafnvel valdið því að fólk fær átröskun. Aðalmarkmiðið er að stuðla að hamingjuríkum lifnaðarháttum fólks og útrýma mismunun vegna holdafars." Nánari upplýsingar er að finna á www.likamsvirding.is.


*Dolby digital AC3
*Digital Theatre Sound (DTS)
*NTSC afspilun yfir í Pal
*Scart með RGB, RCA
og Component (Y, Pb, Pr) tengi
*Coaxial tengi *Fjarstýring
*Barnalæsing
DivX
FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
5998 KR.
Kommir aftur!
JDV DVD
2 Channel/DVD/CD/CDR
CDRW/VCD/SVCD/JPEG
MP3 spilari
Spilar öll kerfi (multi region)
Dolby Digital, AC3 Digital
Theatre Sound (DTS)
Valmyndakerfi NTSC
Afspilun yfir í Pal RCA, Scart,
Coax og Optical tengi
Fjarstýring
Spilar öll kerfin!
DVD D-421
spilarinn
SÉRVÖRU VERSLANIR
4598 KR.
SÉRVÖRU VERSLANIR
Fjölkerfa DVD spilari
FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.
COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/CD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD
Digital Direct Progessive Scan
bonus.is
BAÐKÚLUR
fyrir ungana
Fútt í helgina!
EKKERT BRUÐL
LESGLERAUGU
799 KR.
Sólgleraugu
GÓÐ Í GARÐINN!
FULLORÐINS SÓLGLERAUGU
799 KR.
Fín garðhúsgögn
Engir penslar!
Nú má nota tímann vandræðalaust til að stökkva til og úða á einn og einn stól meðan brakar í grillinu!
TEKKOLÍUBRÚSI
699 KR.
Olía á úðabrúsa
BAÐKÚLA
79 KR.
NEON KÖRFUBOLTINN
Hann lýsir í myrkri!
NEON KÖRFUBOLTI
1299 KR.
LÝSIR Í MYRKRI
BADEN ENDURSKINSBOLTI
Garðhanskar
398 KR.
GARÐHANSKAR
Klárir í slaginn...
KREMBAÐ
79 KR.
KREMAÐ
FREYÐIBAÐ
(Butter therapy)
Góð útiker
3 LEIRKER Í SETTI
A: 29x29x24 sm
B: 23x23x18 sm
C: 17x17x14 sm
UNDIRSKÁLAR
FYLGJA
AK LEIRKER
Pottur 18x18x15sm
Undirskál 16x16x1,5 sm
ÚRVAL
LITA
SÁPUKÚLUR SEM
HÆGT ER AÐ GRÍPA!
As seen on TV
SÁPUKÚLUR
259 KR.
MÁ GRÍPA!
LEIRKER
399 KR.
MEÐ SKÁL
LEIRKER
999 KR.
3 STK.
SÉRVÖRU VERSLANIR
ÍSKRANDI HÁFLEYG
BLÖÐRUPYRLA
BLÖÐRUPYRLA
259 KR.
MEÐ ÍSKRI
As seen on TV
FLÝGUR SÝNIFLUG Á bonus.is
Mikið úrval
td. SPIDERMAN OG BARBIE
VELJIÐ SJÁLF!
LEIKFANGAFATA
399 KR.
Sumarleikföng
BOLTI 9"
359 KR.
www.bonus.is
ERAN/Landlist

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Verðtrygging*

Ég er enginn hagfræðingur eða neitt slíkt og ég vinn ekki í banka, nema kannski ef menn vilja líta svo á að í nútímanum sé hver einstaklingur gjaldkeri í sínum einkabanka, sem er ekki fjarri lagi. Látum það liggja milli hluta. Ég er semsagt ekki sérfræðingur á sviði hagvísinda. Mér finnst hins vegar ágætt að hafa fyrirsögnina „verðtrygging“ á þessum pistli – táknar ákveðinn þunga og alvörugefni sem er gott – en jafnframt finnst mér þá að ég verði að taka það fram, að það sem ég ætla að segja um þetta fyrirbrigði er mögulega algerlega út í loftið.

**SJÁUM** nú til. Verðtrygging. Það fyrsta sem kemur upp í hugann er eftirfarandi hugsun: Mikið afskaplega gæti það verið þægilegt fyrir mig, sem þjóðfélagsþegn, að vera verðtryggður. Það myndi væntanlega þýða, að alveg sama hvað verð á hlutum myndi hækka í samfélaginu myndi ég alltaf hafa efni á þeim og fá pening í vasann sem nemur þeim hækkunum. Ég veit ekki hvaðan þeir peningar ættu að koma, en segjum bara að þeir kæmu samt. Ég væri gulltryggður. Bensín myndi hækka, en mér væri alveg nákvæmlega sama. Ég ætti alltaf fyrir því. Húsnæðisverð hækkaði, en það skipti mig engu máli. Byggingarvörur? Lítið mál.

**ÞAÐ** er deginum ljósara að ef þetta væri svona í mínu tilviki eingöngu, að þá nyti ég ákveðinnar sérstöðu í efnahagslífinu. Ég væri að vissu leyti eyland. Ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af sömu hlutum og aðrir. Umræður um efnahagsmál og verðlagsþróun og svoleiðis yrðu bara eitthvað innantómt gjálfur í mínum eyrum. Þær myndu ekki varða mig. Menn mættu hækka vexti hingað og þangað, þvers og kruss, til þess að reyna að stemma stigu við verðbólgu og þenslu, en það væri bara eitthvað sprikl í mínum augum. Kannski myndi ég taka þátt í kaffihúsaspjalli um þessi mál sem áhugamaður, en lítið meira. Ég fengi alltaf pening í vasann, sama hvað aðrir strögluðu.

**ÞAÐ** er líklegt að ég kæmist ekki upp með þessa sérstöðu lengi. Smám saman yrði sú krafa ansi sterk að þessi ungi maður, sem er ég, axlaði líka þungann af verðhækkunum á nauðsynjavörum eins og aðrir, en fengi ekki bara pening í vasann eins og eitthvað viðundur um leið og þessir hlutir hækkuðu.

**NÚNA** sýnist mér að spurningin sem blasir við á Íslandi sé sú hvort ekki sé kominn tími til að bankarnir hætti að vera svona eyland í íslensku efnahagslífi, eins og ég hef lýst sjálfum mér í hinu ímyndaða dæmi, og axli líka þungann af verðlagshækkunum og þensluáhrifum eins og aðrir; hækkandi bensíni og húsnæði. Spurningin í þeirra tilviki er aðkallandi: Þegar svona sterkt afl í samfélaginu er gulltryggt hvað varðar verðbólgu – græðir bara á henni – sér það þá nokkra ástæðu til þess að beita sér gegn henni? Er bönkunum kannski bara, skiljanlega, alveg sama? Og hvað verður þá um okkur hin?


